

# SAGA NETAGERÐAR Á ÍSLANDI



SIGURGEIR GUÐJÓNSSON







SAGA  
**NETAGERÐAR**  
Á ÍSLANDI

© VM, 2021. Sigurgeir Guðjónsson.

Ritstjórn: Ágúst Ingimarsson,  
Guðmundur Gunnarsson og Lárus Þór Pálmason.

Öll réttindi áskilin. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Hönnun kápu: Janus Sigurjónsson

Hönnun og umbrot: Janus Sigurjónsson

Myndaritstjóri: Valgeir Ómar Jónsson

Prófarkalestur: Uggi Jónsson

ISBN: 978-9935-24-961-6

SIGURGEIR GUÐJÓNSSON

SAGA  
**NETAGERÐAR**  
Á ÍSLANDI



*2021*

## AÐFARAORÐ

Þessi bók er um fiskveiðar og veiðitækni við Ísland frá landnámi til vorra daga.

Netaveiðar hafa verið stundaðar hér við land frá upphafi byggðar. Selveiðar fyrst í stað, og síðar einnig fiskveiðar. Upp úr miðri 18. öld var farið að veiða í þorskanet. Hófst sú veiði í Skagafirði en síðar í Faxaflóa. Það var Skúli fógeti sem kom með fyrstu þorskanetin frá Noregi. Um aldamótin 1900 hófust síldveiðar í nótt, og fljótlega upp úr aldamótum komu togarar og hófust þá veiðar í troll. Um það leyti var einnig farið að veiða í snurvoð og ýmiss konar gildirur, einkum við Norðurland og á Austfjörðum.

Skiptar skoðanir voru um þessa þróun netaveiða, sumir óttuðust ofveiði með þessum stórtæku veiðarfærum, aðrir voru á öndverðri skoðun.

Um aldir lærðu menn hver af öðrum listina að ríða net, synir lærðu af feðrum sínum o.s.frv. Það var svo árið 1927 sem netagerð varð löggild iðngrein. Þá var farið að stofna netaverkstæði víða um land þar sem ungt fólk gat komist á samning og fengið starfsheitið netagerðarmaður.

Bylting varð í netagerð þegar farið var að framleiða net úr gerviefnum. Var Hampiðjan frumkvöðull í þeirri framleiðslu hér á landi. Eftir að netagerð varð að iðngrein var stofnað Sveinafélag netagerðarmanna, sem nefnt var Nótt. Sá félagið um samningagerð o.fl. fyrir félagsmenn á landsvísu. Með tilkomu fjölbrautaskólanna á áttunda áratug síðustu aldar voru settar fram námskrár sem gerðu kennslu í netagerð hnitmiðaðri.



Þá ber þess að geta að Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur var m.a. áhugasamur um alls kyns veiðarfæri og veiðiaðferðir, en hann var ásamt fleirum ötull við að skrifa námskrá fyrir netagerðarmenn, og einnig skrifaði hann bækur og greinar sem voru nytsamlegar við kennslu í framhaldsskólum sem vildu kenna netagerð. Þeir skólar eru Fjölbautaskóli Suðurnesja í Reykjanesbæ, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem kenndi í eina önn, og síðast Fisktækniskólinn í Grindavík en hann sér um kennsluna í netagerð þegar þetta er skrifað. Hjá Fjölbautaskóla Suðurnesja var smíðaður tilraunatankur sem er notaður við tilraunir með veiðarfæralíkön, en hluti af náminu er líkanagerð sem nemar vinna að í skólanum. Einnig voru skrifaðar nýjar kennslubækur um netagerð sem nýtast vel við fjarnám en stór hluti námsins fer fram í fjarnámi.

Þessi bók getur nýst sem kennslubók við netagerð, og einnig við ýmsa skóla þar sem kennt er ágríp af veiðarfærasögu. Einnig hafa veiðarfærasalar eflaust gagn af ritinu, sem og ýmsir aðrir sem áhuga hafa á sjávarútvegi á Íslandi.

Félag vélstjóra og málmæknimanna er útgefandi þessarar bókar og fær kærar þakkir fyrir framtakið og sömuleiðis Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur sem tók að sér að vinna þetta efni; einnig fá aðrir sem komu að verkinu bestu þakkir.

*Lárus Þór Pálmason*  
framhaldsskólakennari og netagerðarmeistari.



# EFNISYFIRLIT

1. hluti. Árin fram til 1900 .....	11
2. hluti. Þróun netagerðar .....	47
3. hluti. Saga nótar .....	109
4. hluti. Menntun netagerðarmanna .....	155
Stjórnir Nótar .....	176
Heimildaskrá .....	197
Myndaskrá.....	207
Nafnaskrá .....	217
Um höfundinn .....	225



I. HLUTI

Árin fram  
til 1900

SAGA  
NETAGERÐAR  
Á ÍSLANDI

## Upphafið

Í *Kristinna laga þætti* var bannað að veiða fisk í net eða á öngla á stórhátíðum. Þessi veiðarfæri voru því þekkt á þjóðveldisöld.<sup>1</sup> Netaveiðar tíðkuðust þó helst í ám og vötnum. Frá því á 14. öld þegar skreiðarútlutningur frá Íslandi jókst, og áfram þegar Englendingar og Þjóðverjar komu á Íslandsmið, treystu menn eingöngu á handfæri til veiða í sjó.<sup>2</sup> Einn öngull var á hverju handfæri en smám saman komust landsmenn upp á lag með að nota lóð eða margra öngla færi. Framtakssamir bændur uppgötvuðu að það væri hentugt að vinnumenn fengju ákveðna öngla á lóðirnar eða svonefnda marköngla. Með því móti urðu vinnu-mennirnir duglegri við veiðiskapinn. En markönglarnir voru umdeildir og þótti það geta raskað jafnvæginu í samfélaginu ef sumir fengju meira en aðrir fyrir ákveðin verk og bönnuðu fedgarnir og sýslumennirnir, Magnús Jónsson og Ari Magnússon í Ögri, marköngla í dómum sínum á 16. öld. Marköngla er hvergi getið á 18. öld.<sup>3</sup>

## Um þorskanet

### 1.1 Frumkvöðlar

Kláus Nielsen var fyrstur til að nota lagnet á Sunnmæri í Noregi árið 1665.<sup>4</sup> Ólafur Olavíus sagði frá því að um 1730 hefðu aðilar sem tengdust kaupversluninni á Hofsósi notað lagnet til þorskveiða og mikill ábati orðið af því.<sup>5</sup> Ekkert fréttist af því að notuð væru lagnet víðar hér við land. Veturinn 1750–1751 voru Skúli Magnússon og Niels Horrebow á Bessastöðum og ræddu um það hvernig hægt væri að rétta við hag Íslands.<sup>6</sup> Í kjölfarið voru Innréttungarnar svonefndu stofnaðar. Skúli Magnússon kynntist netaveiði á Sunnmæri árið 1752. Fiskveiðar á vegum Innréttunganna hófust sama ár og héldu tvær húkkortur fyrirtækisins á fiskimiðin undan Jökli. Skipstjórnarnir voru útlendir en sex Íslendingar voru hásetar á hvorri húkkortu. Þar lærðu Íslendingarnir meðal annars að nota lagnet og þegar leið á áratuginn breiddist notkunin út. Skúli Magnússon gat þess í lýsingu Gullbringusýslu að þau hefðu fyrst verið reynd að sinni tilhlutan í Hafnarfirði 1753.<sup>7</sup>



Vinnumenn fengu ákveðna öngla á lóðir sínar eða svonefnda marköngla.

1 *Kristinna laga þáttur, Grágás*, bls. 29.

2 Björn Þorsteinsson, *Íslandssaga til okkar daga*, bls. 131-178. Helgi Þorláksson, *Sjórán og siglingar*, bls. 30-31.

3 Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 253-254.

4 *Fjallkonan* 25. október 1892, bls. 169.

5 Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 322.

6 Björn Þorsteinsson, *Íslandssaga til okkar daga*, bls. 237-239.

7 Skúli Magnússon, 1935, „Lýsing Gullbringusýslu“, *Landnám Ingólfs I*, bls. 61-62.

Síðan hefði notkunin breiðst út til Njarðvíkur og Keflavíkur og norður í Kollafjörð. Einnig hefði útbreiðslan leitt til þess að menn í Gullbringusýslu væru byrjaðir að leggja net fyrir hrognkelsi og hefði séra Árni Þórarinsson einkum verið forystumaður í því efni.<sup>8</sup>



Reykjavík,  
málverk eftir  
Jón Helgason.  
Dómkirkja var  
vígð 1796.

Kaðlagerð á vegum Innréttinganna hófst árið 1752. Starfsemi var á sjávarkambi austan Aðalstrætis en híbýli fyrir kaðlagerðarmenn voru við norðurenda Tjarnarinnar. Vitneskja um netaeign Innréttinganna bendir til þess að gerðar hafi verið tilraunir með notkun lagneta á þilskipum eða árabátum fyrirtækisins á árunum 1754–1760.<sup>9</sup> Varðveitt er skrá yfir þær vörur sem framleiddar voru úr innfluttum hampi 1758. Skráin er dagsett 16. júní 1759 og undirrituð af Árna Jónssyni kaðlagerðarmanni. Árið 1758 voru framleiddir 143 lóðastrengir, 12 sextug færi, 12 skipstjórafæri, fjögur stjórafæri, 20 línuhankir og fimm fléttur (trossur), 26 snærishempur, tvö pund og þrjár snúrur af tjörugarni, átta og hálf pund af



Kaðall gerður  
úr hampi.

<sup>8</sup> Ólafur Olavius, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 62.

<sup>9</sup> Lýður Björnsson, *Íslands hlutafélag. Rekstrarsaga Innréttinganna*, bls. 59–60.

venjulegu seglgarni, fjögur og hálf hundruð af hespugarni, sex hundruð af tólf garns línunum og tvö hundruð af níu garns línunum, tvö hundruð netagarnshespur, eitt og hálf pund af fingerðum snúrum og 14 stykki af merling (seglasnæri).<sup>10</sup>

Frá 5. júní 1760 má finna úttekt frá kaupmönnum Ottó og Röns. Það voru tuttugu önglar með línunum og taumum, fimm þorskanet, þrjú gömul og tvö ný, og tvö síldarnet.<sup>11</sup> Starfsemin hélt áfram fram á árið 1764 en lítið var unnið eftir 1761, því innflutningur á hampi minnkaði eftir 1760. Það ár voru flutt inn 1872 kg en ekki nema 288 kg árið eftir og 96 kg árið 1762.<sup>12</sup> Fyrir vikið var mikill veiðarfæraskortur í landinu. Það átti sér nokkurn aðdraganda, því árið 1757 hafði verið sett nefnd til að leysa deilu Skúla Magnússonar og kaupmanna svo nógur hampur fengist til netagerðar.<sup>13</sup> Rekstur Innrétttinganna gekk ekki sem skyldi eins og þekkt er.

Þann 20. mars 1770 var skipuð þriggja manna nefnd sem skyldi kanna landshagi á Íslandi og leggja fram úrbótatillögur til að bæta ástandið í landinu. Nefndin fékk síðar nafnið Landsnefndin fyrri. Hana skipuðu eftirtaldir: Andreas Holt, vararáðsmaður í Osló, Þorkell Fjeldsted, lögmaður í Færeyjum og síðar lögmaður í Kristjánssandi, og Thomas Windekilde, Íslandskaupmaður og síðar kansallíráð. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að gera úttekt á því hvar væri heppilegast að hefja þorskveiðar í lagnet.<sup>14</sup> Sama ár bauð konungur Almenna verslunarfélaginu að hlutast til um að senda hingað 20 menn frá Sunnmæri og kynna Íslendingum sjómennsku, þorskanetabrukun, seglabúnað og skipasmíðar. Mennirnir áttu að setjast að í Reykjavík, Grundarfirði, Patreksfirði og við Skutulsfjörð. Hverjum og einum sem vildi setjast að hér á landi var meðal annars heitið hampi í 24 þorskanet.<sup>15</sup> Þetta átti sínar skýringar. Árið 1760 hafði þegar legið fyrir konungsúrskurður um að senda norska bátasmiði til Íslands og einnig hjálpaði til að eftir að hafnfirskir útgerðarmenn fóru að nota lagnet hafði kaupverslunin aukist.<sup>16</sup> Samkvæmt erindisbréfi Landsnefndarinnar frá 22. maí 1770 átti að gera úttekt á því hvar væri heppilegast að hefja þorskveiðar í net.<sup>17</sup> Þann 24. júlí sendir Ólafur Stephensen síðan skipunarbréf nefndarinnar til allra sýslumanna landsins.<sup>18</sup> Áform Landsnefndarinnar spurðust út og ýmsir létu í sér heyra varðandi netaveiðarnar. Prestar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sendu frámar óskir um að netaveiðarnar lukkuðust og bættu hag þjóðarinnar til langframa.<sup>19</sup>

10 Lýður Björnsson, *Íslands hlutafélag. Rekstrarsaga Innrétttinganna*, bls. 78.

11 Lýður Björnsson, *Íslands hlutafélag. Rekstrarsaga Innrétttinganna*, bls. 59.

12 *Hagskinna*, bls. 436.

13 Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit“, *Saga Íslands*, VIII. bindi, bls. 143.

14 Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit“, *Saga Íslands*, VIII. bindi, bls. 178-179.

15 Þorkell Bjarnason, „Um fiskveiðar Íslendinga og útlendinga við Ísland að fornu og nýju“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags 1883*, bls. 200.

16 Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 59-60.

17 *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, I. bindi, bls. 82.

18 *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, I. bindi, bls. 86.

19 *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, II. bindi, bls. 297-300.



*Skúli Magnússon  
faðir Reykjavíkur,  
stytta er eftir  
Guðmund frá  
Miðdal.*

En þangað var langur vegur. Séra Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka í Hrútafirði skrifaði nefndinni og sagði að það vantaði net um allt Norðurland.<sup>20</sup> Annað sem einnig var nefnt var að það vantaði hamp til netagerðar eins og áður hefur komið fram.<sup>21</sup>

Eins og kom fram í *Kristinna laga þætti* höfðu landsmenn veitt lax og silung í ám og vötnum frá ómunatíð. Í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri bar nokkuð á því að skortur væri á netum til slíkra veiða. Einnig skrifuðu prestar í Austur-Skaftafellssýslu og óskuðu eftir því að valinkunnir menn fengjust til að kenna bændum að útbúa slík net.<sup>22</sup> *Ferðabók* Ólafs Olavíusar kom út 1780 eða tíu árum eftir að Landsnefndin fyrri var sett á laggirnar.<sup>23</sup> Hann nefndi að tilgangurinn með því að senda hingað til lands menn frá Sunnmæri hefði verið að kenna Íslendingum að nota segl og lagnet: „En þetta voru erlendir sjómenn, sem komu til ókunnugs lands, án þess að bera kennsl á fiskimið, straua, lendingar, veðurfar og landsháttu. Mál þjóðarinnar og allir hlutir voru þeim ókunnir.“<sup>24</sup> Eini hópurinn sem eitthvað kvað að settist að í Skutulsfirði. Bátar þeirra voru hins vegar of þungir fyrir íslenskar aðstæður. Í fyrstu notuðu þeir einungis lóðir og handfæri í stað þorskaneta, og töldu landsmenn sig ekkert geta lært af þessum útlendu fiskimönnum. Þriðja veturinn fór Norðmönnum hins vegar að ganga betur er þeir hófu að leggja net. En þá var ráðningartíminn liðinn og vildu þeir snúa heim aftur.<sup>25</sup>

## 1.2 Selveiðar



*Landselur.*

Landselurinn hópaði sig saman til að kæpa á vorin við voga landsins og hefur selveiði í net ugglaustr verið stunduð við Ísland frá landnámi. Venjan var að vinnufólk riði selanet yfir veturinn og notaði til þess nál og riðil. Eftir að lokið var við að riða netaslönguna var hún felld eins og nefnt var.<sup>26</sup> Ólafur Olavíus fjallaði um það í *Ferðabók* sinni hvernig Þingeyingar nýttu sér vöðusel. Selurinn kom til landsins í desember og hélt sig við nyrstu strandir. Hann hélt sig við landið fram í maí og fór þá á haf út. Olavíus nefndi að Þingeyingar hefðu verið iðnir að veiða vöðusel í landnætur.<sup>27</sup>

<sup>20</sup> *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, II. bindi, bls. 390.

<sup>21</sup> Sjá Árna Þórarinnsson, *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, II. bindi, bls. 148 og 150.

<sup>22</sup> *Landsnefndin fyrri 1770-1771*, II. bindi, bls. 459.

<sup>23</sup> Á dönsku nefndist bókin *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island*. Sjá formála, bls. xiii. *Ferðabók*, I. bindi.

<sup>24</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 210.

<sup>25</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 210-211.

<sup>26</sup> Sjá Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, bls. 344-348.

<sup>27</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, II. bindi, bls. 91-96.





*Nesstofa, aðsetur landlæknis frá því húsið var reist uns landlæknir fluttist til Reykjavíkur 1834.*

Algengast var síðar að nota fjögurra punda færi í næturnar. Færin voru rakin sundur og nótin riðin úr rakinu. Að jafnaði þurfti rak úr þrem færum í hvert stykki – 10 faðma – en sex í nótina, miðað við 25 möskva, en það var talin meðaldjúp nót.<sup>28</sup>

Óvíst er hvenær vöðuselsveiði í landnætur hófst í Þingeyjarsýslum. Þó má geta þess að í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* er sagt að slíkar veiðar hafi verið stundaðar í langan tíma.<sup>29</sup> Ólafur Olavius tók fram að á allri strandlengjunni frá Dýrafirði til Gjögurtáar létu menn það ganga sér úr greipum að ná í vöðusel þegar hann fór þar um árin 1775–1777.<sup>30</sup> Raddir komu upp um að breyta þessu. Á 19. öld reyndu stjórnvöld að efla veiðar á vöðusel í landnætur við norðan- og vestanvert landið. Í kjölfarið hófust veiðar við Siglunes, í Skagafirði, í Steingrímsfirði, Ísafjarðardjúpi og Breiðafirði. Næturnar voru nokkuð misjafnar eftir því sem staðhættir voru breytilegir á milli svæða.<sup>31</sup>

28 Sjá Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, bls. 359.

29 Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, bls. 364.

30 Ólafur Olavius, *Ferðabók*, I. bindi, formáli, bls. xiii, II. bindi, bls. 91.

31 Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, bls. 363–365. Einnig var fleiri aðferðum beitt við selveiðarnar, s.s. svokallaðri fyrirstöðuveiði í Skjálfafljóti og fyrirlhyppingu í Kúðaflljóti. Einnig má nefna selveiði í reknætur og lagnarveiði. Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, bls. 367–378.

### 1.3 Þorskanetin og fiskigöngur

Skúli Magnússon gat þess í lýsingu sinni á Gullbringusýslu að þorskanetum væri tekið af tortryggni og þau talin spilla handfæraveiði og jafnvel fiskigöngum.<sup>32</sup> Á 18. öld kvörtuðu ýmsir undan netabrukun. Reyndar hafði Bjarni Pálsson landlæknir eftir miðja 18. öld hrakið þá trú að net myndu stöðva fiskigöngur.<sup>33</sup> Það átti þó ekki eftir að breyta miklu. Eins og kunnugt er gengur þorskur úr kalda sjónum úti fyrir Norðurlandi í hlýrri sjó. Gangan hefst í upphafi árs vestur með landinu og er fiskurinn kominn í Faxaflóa í mars/apríl.<sup>34</sup> Með konungsbréfi 1782 var bannað að leggja net fyrr en 12. mars ár hvert og fyrirskipað að taka þau upp að morgni þegar þau voru lögð.<sup>35</sup> Árið 1793 kom út annað konungsbréf (dags. 18. sept.), þar sem kveðið var á um að ekki skyldi leggja net fyrir 14. mars.<sup>36</sup> Fyrir tíma gps-punkta og staðsetningartækja þurfti að gæta að ýmsu.

Í ákvæðinu frá árinu 1782 fólst að

með öllu var bannað, að leggja nokkru sinni net á Hrauni, frá Óttarsstöðum og inn að Hvaleyrarhöfða, né heldur í Lónakotsdjúpi, vestan frá miðju Hraunsnesi og austri á móts við Óttarsstaði, eða vestur frá Lónakotsdjúpi. Sunnanvert við þetta djúp mátti eigi leggja net lengra vestur en svo, að Hróðrakletta beri í Keili, og að norðanverðu við það eigi lengra suður á við en svo, að Höfðatá beri við Vífilfell, eigi lengra vestur eftir, en að Hlíð beri í Esjuháls, og eigi lengra norður eftir, en að Setberg beri í Vífilfell. Eftir þessu var svæðið, þar sem net mátti leggja, að eins 500 faðmar á lengd og 100 faðmar á breidd, og skyldi sá, er legði þorskanet, þar sem bannað væri, greiða, hver háseti 1 krónu og skipseigandi hið sama, og tvöfalt fyrir ítrekun brotsins. Auk þess skyldi netin aðeins liggja á næturnar, lögð á kvöldi en tekin upp og flutt í land á morgnum, en á laugardagskvöldum mátti eigi leggja þau, og var einnig sekt við lögð, ef út af var brugðið. Enginn bátur mátti hafa fleiri net en 3, hvert 30 faðma að lengd, eða 90 faðma alls, og 4-manna far í hæsta lagi 6 net. Að hve miklu leyti boði þessu hefir fylgt verið, getum vér eigi sagt, en eigi hefir á löngu liðið, að ný kvörtun hefur send verið stjórninni yfir því, að Suðurnesjabúar hefðu þorskanet allt of snemma, og spillti með því fyrir fiskigöngunum inn í flóann, og Álftnesingar legðu net sín allt umhverfis fyrir framan Vogastapa.

32 Skúli Magnússon, 1935. „Lýsing Gullbringusýslu“, *Landnám Ingólfs 1*, bls. 61-62. *Saga Íslands, 18. öldin, Upplýsingar og bókmenntir*. Bls. 193.

33 Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 62.

34 Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Ólafur Karvel Pálsson, *Sjávarmytjar við Ísland*, bls. 169.

35 *Þjóðólfur* 18. febrúar 1874, bls. 61.

36 *Þjóðólfur* 18. febrúar 1874, bls. 61.

Varðandi konungsbréfið frá árinu 1793 sagði:

eru þorskanet með öllu bönnuð í Garðinum og Leirunni, þó svo, að amtmáður geti leyft Leirumönnum að hafa 3 báta, með 6 net hvern, sinn á hverjum hinna 3 bæja, Gufuskálum, Stórahólmi og Hróðranesi, og leggja í Leirusjó. Fyrir framan Keflavík og Njarðvíkur var leyft að hafa net um nokkur ár, þó eigi fyr en 14. mars, og eigi lengra út á móts við Hólmsberg, og eigi lengra inn eftir, en á móts við Innra-Sker á Vogastapa; mátti þar hver bátur aðeins hafa 3 net, 30 faðma hvert, en 4-manna far 6, 5-manna far 7. Undir Vogastapa voru allar netalagnir bannaðar.<sup>37</sup>

Það hafði einnig komið fram í bréfunum til Landsnefndarinnar árið 1771 að ýmsir voru hræddir við mikla notkun þorskaneta. Hér má nefna séra Guðlaug Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi. Í bréfi til Landsnefndarinnar 1. maí 1771 nefndi hann að það þyrfti að koma á reglum um fjölda neta á hverju veiðisvæði.<sup>38</sup> Takmarkanirnar áttu við notkun þorskaneta á þeim tíma og miðast mest við Leirusjó til Hafnarfjarðar.<sup>39</sup> En hvernig átti þessu að vera varið til framtíðar eftir því sem fleiri notuðu þorskanet?

Eftirfarandi lýsingu á netum má sjá á Byggðasafninu á Akranesi, Görðum.


Við sjávarsíðuna sunnanlands var vinna við veiðarfæri og undirbúningur vetrarvertíðarinnar eitt fyrirferðarmesta starf heimilanna fyrri hluta vetrar og þar til róðratíminn hófst í febrúar. Auk eigin veiðarfæragerðar höfðu þurrabúðarmenn og húsmenn töluverða atvinnu af því að vinna hamp í veiðarfæri sem þeir seldu útgerðarmönnum og kaupmönnum. Þetta átti einkum við um verstöðvarnar við Faxaflóa og Suðurnesin fyrir og um aldamótin síðust. Hampurinn var tekinn út hjá kaupmanni á haustin til spuna. Var hann í stórum flókastykkjum. Rifin voru úr hampvísk og hún spunnin í garn á snældu. Að því unnu jafnt karlar sem konur. Í þorskanet var spunnið þrjár snældur og garnið af þeim síðan undið upp í hnykil og tvinnað saman á rokk eða snældu. Garnið í grásleppunet var tvíþætt. Nálega 5 pund af hampi fóru í þorskanet. Þá lá næst fyrir að ríða netið. Til þess verks voru notuð riðill og netanál. Riðillinn var nokkurs konar kvarði sem mældi stærð möskvanna. Á þorskaneti var stærð möskvans 4 tommur en 6 tommur á grásleppuneti. Fullriðið net mældist

<sup>37</sup> Þjóðólfur 18. febrúar 1874, bls. 61.

<sup>38</sup> Landsnefndin fyrri 1770-1771, II. bindi, bls. 188.

<sup>39</sup> Alþingistiðindi 1875, B-deild, bls. 10.

60 faðmar á lengd en dýptin 14–15 möskvar (þorskanet) og 9 möskvar á hrognkelsanetum. Riðið net nefndist slanga. Mestu afkastamenn luku við grásleppusnetalönguna á 4 dögum en allt að 10 daga tók að vinna þorsknetaslöngu. Þessu næst þurfti að fella netið, hnýta á báða jaðra þess s.k. teina, sem voru heimaunnin hamptóg. Við það verk notuðu menn hólk úr málmi, fellingarþípu og gjarnan einhverja mælistiku, fell-ingarmát, til að mæla bilið á milli hnýtinga. Á efri teininn voru festar flár (flotholt), eða korkur og netakúlur (á þorskanet) en í neðri teininn voru hnýttir netasteinar eða blýsökkur til þyngdar. Á sinn hvorn enda netsins var síðan fest færi með duffi, sem flaut á yfirborði sjávar. Í neðra horni voru hinsvegar bundnir stjórar (úr steini) eða drekar (úr járn). Við veiðar var vaninn að binda mörg net saman sem síðan mynduðu trossu. Yfirleitt var eitt net fyrir hvern hlut, þannig að 11 net voru á áttæringi og 9 net á sexmanna fari.<sup>40</sup>



*Hús kaupmanna í Hafnarfirði 1772. Þarna má sjá skútu til hægri og í fjörunni eru tveggja manna för.*

Árið 1865 fór hópur Íslendinga til Björgvinjar í Noregi á fiskveiðisýningu. Þar bar ýmislegt fyrir augu. Íslendingarnir lögðu eftirfarandi spurningu fyrir þá sem stóðu að sýningunni: „Halda menn, að mikill þorskanetafjöldi geti hindrað fiskinn að ganga að landinu eða vikið honum af þeirri leið sem hann upphaflega hefur gengið?“

<sup>40</sup> Bygðasafnið Akranesi, Görðum. Gunnlaugur Haraldsson samdi textann.

Svarið var svohljóðandi:

þykjast Norðmenn sannfærðir um, að mikil netastappa geti hindrað fiskinn að ganga á grunn, einkanlega séu netin lögð áður en fiskurinn er kominn á þær stöðvar hvar hann ætlar að leggjast og gjóta; þykir því skaðlegt að leggja mikil net fyrir fiskinn meðan hann er í göngu, því þeir hafa þá meiningu að netin gjöri það að verkum, að fiskurinn annaðhvort leggist við þau og fari ekki lengra en að netunum, eða hann taki aðra stefnu og gangi aðra leið en þá sem hann upphaflega hefir ætlað sér að ganga.<sup>41</sup>



*Haflíði Eyjólfsson, útvegsbóndi frá Svefneyjum, var einn af fimm Íslendingum sem sóttu fiskveiðisýninguna í Björgvin 1865. Einnig fór þangað Sumarliði Sumarliðason, gullsmiður frá Æðey, fyrir hönd Ísfirðinga.*

Þetta afdráttarlausu svar staðfesti grun margra Íslendinga og átti eftir að hafa mikil áhrif hér á landi næstu áratugina. Orðfærið „netastappan“ vekur athygli og bendir til þess að verulega mörg net hafi verið í notkun hverju sinni. Þetta orð hefur skýra merkingu og notkun þess bendir til þess hve alvarlegum augum viðkomandi litu vandamálið.<sup>42</sup> Fyrirnefnt konungsbréf frá 1793 átti að gilda til 2. febrúar 1874. Eitthvað töldu menn því að þyrfti að gera þegar ákvæðið frá árinu 1793 rann úr gildi.<sup>43</sup> Árið 1875 lagði Grímur Thomsen 1. þingmaður Gullbringusýslu fram takmarkanir á veiðum í þorskanet í Faxaflóa að tillutun Hilmars Finsen landshöfðingja. Frumvarpið var samþykkt og miðaði að því að takmarka netaveiðar á grunnslóð á vetrarvertíð.

1. grein. Hvergi má leggja þorskanet í Faxaflóa fyrir 14. marz mánaðar á ári hverju.

2. grein. Brjóti nokkur móti 1. grein skulu net og afli upptæk og skal sá sem tekur, eiga aflann, en net og flár, kúlur, dufl og dufffæri skal selja við opinbert uppboð, og rennur andvirðið í sjóð þess hrepps, sem sá býr í, er brotlegur hefur orðið gegn þessum lögum.<sup>44</sup>

Þeir voru ekki einráðir sem héldu því fram að netaveiðar trufluðu þorskgengd á grunnslóð. Í umræðunum á Alþingi árið 1875 nefndi Halldór Kr. Friðriksson að net stöðvuðu ekki fiskigöngur og vísaði hann þar í kenningar norska fiskifræðingsins Saars.<sup>45</sup>

41 „Skýrsla frá þeim Sunnlendingum, er fóru til Björgvínar-sýningsins 1865“, *Þjóðólfur* 20. desember, 1865, bls. 30.

42 Sjá einnig *Alþingistíðindi* 1875, B-deild, bls. 2.

43 *Alþingistíðindi* 1875, B-deild, bls. 7.

44 *Alþingistíðindi* 1875, B-deild, bls. 18.

45 *Alþingistíðindi* 1875, B-deild, bls. 4. Fleiri voru á sama máli: Jón Ólafsson, „Um fiskiveiðasamþykkt Suðurnesjanna“, *Þjóðólfur* 7. mars 1885, bls. 38-39.

Ekki þóttu lögin frá 1875 duga þegar til lengdar lét. Hinn 20. júní 1878 var haldinn lokaður fundur valinna útgerðarmanna að beiðni sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði um þorskanetalagnir.<sup>46</sup> Fundarmenn vildu takmarka enn frekar netalagnir í Faxaflóa. Fleiri létu heyra í sér þar sem meira hafði borið á því að menn legðu net djúpt úti í flóanum.

Að því, er snertir þorskanetabrukun hér í Faxaflóa, er líka margt athuga-vert. Hinar miklu netalagnir á djúp eru skaðlegar, þar flestir álíta, að þær hindri fiskigöngu á grunnmið. Jafnframt þessu eru net manna í meiri hættu sakir strauma og ofviðra, og um þann tíma er veðráttá þess utan oft svo stíð, að ekki er hægt, að vitja um net sín á djúpi, sem vel má gjöra á grunnni. Koma þar af skemmdir á netum og fiski úr þeim, sem er mikið óhappalegt, bæði fyrir netin sjálf, og þá ekki sízt vegna fiskjarins úr þeim netum, er á djúpi liggja, þar sjaldnar verður vitjað um þau, heldur en net, sem á grunnni liggja.<sup>47</sup>



*Grímur Thomsen  
og Halldór Kr.  
Friðriksson  
alþingismenn.*

Blöðin fluttu oft fréttir af því hve netin voru skaðleg. Lýsingarnar gátu verið skrautlegar enda veður oft válynd.

Fóru menn þá að leita neta sinna, sumir árangurslaust að öllu leyti, en sumir fundu þau í stærri og smærri hnútum, fleiri og færri trossur saman, fullar af morknum fiski. Netatjónið var stórkostlegt, því sumir hafa aldrei fundið einn möskva af netum sínum. Eptir þessa umhleypinga varð alveg fiskilaust í Garðs og Leiru-sjó, og þótti það að líkindum, þar allur sjórinn úði og grúði af netahnútum, fullum af úldnum fiski, svo brákina lagði með föllunum, eins og lýsi hefði verið hellt í sjóinn.<sup>48</sup>

Þrátt fyrir slíkar skráveifur héldu menn ótrauðir áfram og ýmsum þótti lögin frá 1875 gagnslítill.

Það er nú orðin venja, að menn leggja þorskanet langt vestur og norður af Skaga; hver þykist mestur maðurinn, sem kemst lengst til hafs með sín net; það eru engin takmörk sett fyrir netabrukun eða netalögnum, ekkert band eða haft eða reglur fyrir þessari veiði-aðferð, nema það eitt, að ekki megi leggja netin fyrri en 14. marz. Hvers vegna skyldi þetta tímatakmark hafa verið sett fyrir netalögunum? Mun ekki ástæðan vera sú, að menn

<sup>46</sup> Ísafold 5. september 1878, bls. 86-87.

<sup>47</sup> „Hellusteinn“, Þjóðólífur 15. febrúar 1879, bls. 19.

<sup>48</sup> Ísafold 2. júlí 1879, bls. 70.

hafi álitid, að fiskurinn mundi optast vera genginn til grunns um það leyti? Fyrir löggjafanum hefir vakað sá sannleiki, að þorskanetin fæli fiskigönguna, hamli henni frá að ganga inn á grunnmið, og breyti alveg stefnu hennar. Fiskimenn vorir vita vel, að fiskur er sjaldan genginn inn á grunnmið vor um miðjan marz; ef þeir ekki vissu þetta, þá mundu þeir ekki fara með net sín langt út fyrir flóann.<sup>49</sup>

Þessar takmarkanir fóru ekki vel í útgerðarmenn í Hafnarfirði (sunnanmenn) og töldu þeir þessar hugmyndir vega að atvinnufrelsi sínu. Samkvæmt frumvarpi sýslunefndarinnar átti að banna netalagnir fyrir utan Hraunsnes og Melshöfða. Það þýddi að aðeins í Hafnarfirði væri netaveiði á grunnmiðum bönnuð.<sup>50</sup> Allt kom fyrir ekki, álit sýslunefndar varð ofan á og fékk ný fiskiveiðasamþykkt fyrir Faxaflóa staðfestingu amtsins 9. júní 1885 og átti hún að taka formlegt gildi 14. mars 1886.<sup>51</sup>

Mikið var skrifað um netalagnir í Faxaflóa í landsmálablöðunum.

Þann 4. apríl mátti sjá eftirfarandi í *Þjóðólfi*:

Um netalagna málið berst oss sá urmull ritgjörða, að oss er ómögulegt að taka þær upp, ef ekki á að fylla blaðið fram á sumar með því eina máli og bægja öllu öðru frá; enda er því minni þörf á að taka þær allar upp, sem fátt eitt er það í neinni, sem ekki sé í öllum hinum og reyndar allt komið fram áður.<sup>52</sup>

Tímarnir voru að breytast. Árið 1892 gáfu nokkrir menn út ritling vegna ritdeilna Guðmundar Guðmundssonar í Landakoti á Vatnsleysuströnd og Guðmundar Einarssonar í Nesi um skaðann af netum. Í ritlingnum tóku þeir undir orð þess síðarnefnda og mótmæltu gömlum varnaðarorðum Magnúsar Stephensen í *Eftirmælum 18. aldar* gegn netum. Spyrðu þeir orð Magnúsar við skoðanir Guðmundar í Landakoti

og allir verði að þegja með orðum M. sáluga Stephensen þar sem hann hafi dæmt netin eigi aðeins skaðvæn á innmiðunum við sunnaverðan Faxaflóa, heldur dæmt þau algjörlega til dauða hér á Íslandi um tíma og eilífð sökum skaðsemi sinnar.<sup>53</sup>

49 Þorsteinn Egilsson, „Hin fyrirhugaða fiskiveiðasamþykkt við Faxaflóa“, *Ísafold* 25. febrúar 1885, bls. 34.


50 „Fiskveiðisamþykktin“, Nokkrir sjómenn í Hafnarfirði, *Þjóðólfi* 7. mars 1885, bls. 30-31.

51 *Þjóðólfi* 27. júní 1885, bls. 98.

52 *Þjóðólfi* 4. apríl 1885, bls. 56.

53 *Magnús konferenzráð Stephensen og Guðmundur bóndi Guðmundsson í Landakoti um þorskanetin*, bls. 1.

*Netalögn með þriggja neta trossu.*



Höfundar ritlingsins voru sannspáir um að netin ættu sem fyrr eftir að verða notuð við Ísland.

#### 1.4 Þróun í þorskanetagerð

Langt fram eftir 19. öldinni var öll veiðarfæragerð heimavinna og mjög lítið flutt inn af veiðarfærum. Á vertíðarbátum lagði hver fram eitt net með sínum hlut eða hlutum. Þannig voru 10 net með áttæringi, 8 með sexæringi. Þrátt fyrir að þetta væri almenn venja var oft bætt við netum ef það þótti eiga við. Netin voru ekki lögð í samhengi heldur í svonefnd tengsli, eða trossur, nokkrar á hverjum bát.<sup>54</sup>

Fyrir 1880 mátti vart heita, að Reykjavíkurborgmenn flyttu inn annað af því, er til veiðarfæra þurfti, en lóðar- og handfæraöngla og ítalskan og rússneskan hamp. Úr ítalska hampinum, sem var stórum mýkri en hinn, var unnið garn í þorskanet, lóðarása og öngultauma, en úr rússneskum hampi var spunnið garn í hrognkelsanet, handfæri, netjateina, bólfæri o.fl. Frá veturnóttum og fram undir byrjun vetrarvertíðar voru flestir landlegudagar notaðir til veiðarfæragerðar. Oft sátu karlmenn en þeir einir unnu við hamspuna við hamprokkinn, hvíldarlítið máltíða á milli frá kl 7 að morgni til 8–9 að kveldi. Hamprokkar voru af sömu gerða og vanalegir ullarrokkar en nokkuð stærri og viðameiri. Hverjum rokk fylgdu 7–9 snældur. Þegar búið var að spinna á meirihluta snældnanna var byrjað að tvinna saman af þeim í tví- eða þrítvinning, eftir því í hvað nota átti garnið. Vanalega gjörði það annar en spunamaður. Tvinnað var á hamprokka, sem farnir voru að ganga úr sér (skrjóða). Meðan tvinnað var af snældunum voru þær


<sup>54</sup> Þórður Ólafsson, „Fiskveiðar Reykvikinga á síðari helmingi 19. aldar“, þættir úr sögu Reykjavíkur, bls. 67.



láttnar leika á teini í snældustól, svo var samtvíningurinn undinn af snældunni í hnykla, sem þannig voru gerðir, að fyrst var gerð dálítil hönk úr garninu, 6–8 þumlunga löng og síðan undið utan um annan enda hennar og upp eftir henni, eftir því hnykillinn stækkaði, uns hann þótti hæfilega stór. Stóð þá um þumlungs lengd af hönkinni út úr honum. Þegar svo að því kom, að nota þurfti garnið í eitt eða annað veiðarfæri, var hönkin dregin út, og raktist þá garnið eins og úr venjulegri garnrjúpu.<sup>55</sup>

Oft létu kaupmenn vinnumenn vinna við að riða þorsk- og grásleppunet sem þeir seldu síðan hásetum. Á tíunda áratug 19. aldar voru uppi hugmyndir um láta þurfamenn riða net í meira mæli en áður. Umræðan fylgdi hugmyndum um endurskoðun fátækramála á Íslandi og voru uppi áætlanir um að reisa sérstakar vinnustofur eða vinnuhæli þar sem þurfamenn gætu meðal annars riðið net.<sup>56</sup> Valtýr Guðmundsson fylgdi hugmyndunum um stofnun sérstakra vinnuhæla eftir á Alþingi árið 1901.<sup>57</sup>

Í þorskanet var haft þrítvinnuð garn úr ítölskum hampi eins og áður segir. Möskvastærð var 4x4 þumlunga og netdýpt 15 möskvar og ófellt var netið 60 faðma. Netteinninn var níþættingur úr rússneskum hampi. Á fláateinunum voru hafðar 12–18 þumlunga langar flotholtsflár með álnar millibili. Hætta var á að flárnar brotnuðu þegar netin voru dregin en eftir 1870 var farið að flytja inn netakúlur sem komu í stað flánna.<sup>58</sup> Landsmenn fylgdust annars vel með nýjungum í veiðarfæragerð og veiðitækni í Noregi. Guðmundur Guðmundsson í Landakoti skrifaði grein í *Þjóðólf* þann 22. nóvember 1865 um ferð nokkurra Sunnlendinga á fiskisýninguna í Björgvin fyrr sama ár. Um þorskanet sagði hann eftirfarandi:



Valtýr Guðmundsson alþingismaður og Guðmundur Guðmundsson í Landakoti.

Þorskanet þau, sem við sáum, voru flest með rauðmagariðli, möskvinn var jafnaðarlega 3¼–3½ þuml. á hvern veg eða 6½–7 þuml., þegar hann var lagður tvöfaldur saman, og á að giska 8 pd. garn í þeim; hér að auki voru netin ekki felld meira en til þriðjunga, í staðinn fyrir að við fellum þau sjaldan minna en til helminga svo eftir því verður sú netaslanga sem er 60 faðma löng, þegar Norðmenn eru búnir að fella hana, 40 faðmar á lengd; aftur á móti eru þorskanet þeirra miklu djúp-

55 Þórður Ólafsson, „Fiskveiðar Reykvíkinga á síðari helmingi 19. aldar“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 67.

56 *Fjallkonan* 29. janúar 1896, bls. 18.

57 *Alþingistíðindi* 1901, B-deild, d. 585.

58 Þórður Ólafsson, „Fiskveiðar Reykvíkinga á síðari helmingi 19. aldar“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 68.

riðnari en hjá okkur, því þau eru vanalega höfð 40 möskva djúp, enda eru þau oft lögð þar á 100 faðma djúpi, og sumstaðar þar sem dýpra er. Aðferð sú, sem Norðmenn brúka við netin, virtist oss vera lík okkar að öðru en því, að þeir hafa aukatein, sem liggur með öllum steinateininum á netinu, svo þegar netin eru dregin inní skipið, þá dregur einn maðurinn þennan aukatein meðan hinir draga netið, og eru netaþyngslin látin liggja að mestu á þeim teini, svo netin með fiskinum eru tekin svo að segja laus eða með litlum þyngslum; þetta álíta þeir að hlífi netunum við sliti. Aukateinn þessi er festur við steinateininn með hér um bil 10 faðma millibili, og svo þegar netin eru dregin inní skipið, er hann dreginn sérstakur við netin.<sup>59</sup>

Guðmundur minntist einnig á glerkúlurnar sem Þórður Ólafsson nefndi hér að framan:

Til að halda þorskanetum uppi brúka þeir mestmegnis glerkúlur, en þó sáum við nokkur net með birkíflám. Utan um allar þær glerkúlur er riðið hampgarn, svo þær því síður brotni, og eru þær miklu kostnaðarminni en flotholtið; því 30 kúlur, sem búið er að binda utan um, kosta vanalega 3 rd. eptir því sem Norðmenn segja. Þegar kúlurnar eru festar á netin hafa Norðmenn 1 faðm á milli hverrar, en það er aðgætandi, að net þeirra eru meira en helmingi breiðari en okkar, og ætti því að vera 2 faðmar millum hverrar kúlu hjá okkur.<sup>60</sup>

Þann 1. apríl 1880 birti Ívar Helgason grein um fiskveiðar Norðmanna í Lófóten. Hann nefndi nokkur atriði sem væru öðruvísi en á Íslandi. Hann tók t.d. fram að þar væru net felld á annan hátt og lýsti hann því nákvæmlega. Einnig tók Ívar fram að netin í Lófóten væru djúpriðnari en á Íslandi og möskvarnir minni, því fiskurinn væri smærri. Slíkar greinar voru mikilvægar, því fleiri og fleiri reyndu fyrir sér við fiskveiðar og útgerð á þessum árum.<sup>61</sup> Atvinnubylting var framundan. Blöðin héldu vöku sinni. Þann 7. apríl 1894 birti *Ísafold* ítarlega grein um fiskveiðar Norðmanna og kom þar fram fróðleikur um veiðarfærin.

59 „Skýrsla frá þeim Sunnlendingum er fóru til Björgvínar-sýningsins“, *Þjóðólfur* 22. nóvember 1865, bls. 14.

60 „Skýrsla frá þeim Sunnlendingum er fóru til Björgvínar-sýningsins“, *Þjóðólfur* 22. nóvember 1865, bls. 14. Árni Thorsteinsson mælti síður með blásteinslitnum sem Íslendingar kynntust á fiskveiðisýningunni í Björgvín. Hann mælti með öðru litarefni. Litarefnið er viðarbörkur, er nefnist Catechu; hann gefur netinu frískan brúnan lit, garnið er mjúkt eptir sem áður og missir ekki styrkleik eins og við margan annan lit. Árni Thorsteinsson, „Sild og síldveiði“, *Tímarit Hins Íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 71-72.

61 Ívar Helgason, „Nokkur atriði viðvíkjandi veiðiaðferð í Lofoten“, *Ísafold* 1. apríl 1880, bls. 29-30.

Þorskanetin eru freklega 20 faðma löng og 2 faðma breið með 3 þumlunga breiðum möskvum. Hverju skipi fylgja 60 slík net, sem lögð eru öll í einu, og tengd saman, svo að 20 net verða í trossu. Eru þannig 3 trossur frá hverju skipi og mynda 2500 feta langan garð í sjónum.<sup>62</sup>

Þann 25. febrúar 1905 kynnti *Vestri* á Ísafirði nýjung sem Norðmenn höfðu tekið upp: blýteina.

Þeir eru nú allstaðar brúkaðir á net í staðinn fyrir steina, sem áður var, og reynast mætavel, — bæði halda þeir netunum jafnara að botninum en steinarnir, er oft detta úr, og þá leggst netið saman, en stundum slást þeir inn í riðilinn og þá rífa þeir netið vanalega og setja allt í flækju; oft festast þeir í hraunbotni og halda þá öllu föstu, unz allt er rífið og slitið, en blýteinarnir liggja jafnt, og halda netunum greiðum, hvernig sem viðrar, og hagnaðurinn af því er næstum ómetanlegur fyrir fiskimanninn, því bæði getur fiskurinn, sem kemur að netinu, ánetjast í því, og eins líka verður endingin á þeim margfalt betri. Vér Íslendingar þyrftum að reyna blýteinana sem allra fyrst, þar sem það er auðsjáanlega stór hagnaður við að nota þá.<sup>63</sup>

Eftir aldamótin 1900 jókst allur vélbúnaður við netagerð. Svona lýsti Einar Jónsson því sem hann sá á fiskveiðasýningunni í Þrándheimi 1908:

Fimmta deildin hafði inni að halda alskonar hamp og bómull í veiðarfæri (spunnin og óspunnin), sem og tilbúin veiðarfæri, vélar til að spinna með hamp, riða með net o.fl. Norsk tæki geta ekki keppt við skosk eða ensk hvað verð snertir, en eru sterkari og endingarbetri, svo vafasamt er, hvort ekki mundi borga sig, að fá færi frá Noregi. Nú á síðustu árum eru menn byrjaðir að fá norsk færi og mun reynslan brátt skera úr hvað er hentugast í þessu efni. — Það af verkfærum, sem mest vakti eftirtekt mína, var handvél til að riða með net. Vélin er fundin upp af norskum manni, sem heitir Cornelius Lie, og hefir hann eytt miklum tíma til að fá hana eins og honum líkaði. Hún er viðlíka stór og stærstu prjónavélar og er skrúfuð niður á borð. Vélinni er snúið með sveif líkt og saumavél, og hnýtir hún 80–100 möskva á mínútu.<sup>64</sup>

Eitt veiðarfæri sem notað var til þorskveiða er þó ónefnt eða botnvarpan. Það veiðarfæri átti eftir að hafa mikil áhrif á Íslandsmiðum og markaði upphafið að stórtækum veiðum við landið.

<sup>62</sup> *Ísafold* 7. apríl 1894, bls. 61.

<sup>63</sup> *Vestri* 25. febrúar 1905, bls. 67.

<sup>64</sup> Einar Jónsson, „Fiskveiðasýningin í Þrándheimi 1908“, *Vestri* 19. september 1908, bls. 185.

Svona lýsti Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur henni árið 1896:

Þessi veiðiaðferð, sem aðeins Englendingar stunda hér, er annars algeng í Norðursjónum, og aðeins gjörleg þar sem er sléttur og hraunlaus botn og ekki of djúpt. Í Norðursjónum stunda bæði seglskip og gufuskip þessar veiðar, en hjer eingöngu gufuskip (Steam-Trawlers). Af því að almenningi hjer mun varla kunnugt um hvernig botnvarpan er útbúin, þá ætla ég að fara hér nokkrum orðum um hana og hvernig hún er notuð: Bjálka-botnvarpan (the Beam-Trawl) er stór netháfur, sem dreginn er eftir botninum. Hún er víðust í framopið og hjer um bil 2½ lengri en hún er víð. Hún mjókkar mjög aftur og er opin í afturendann. Fyrir það op er bundið, þegar fiskað er, en leyst frá því, þegar tæma skal út um það veiðina. Inni í henni er net-milligerð, trektmynduð, með opi í botninum. Inn um það op fer fiskurinn og inn í afturenda vörpunnar og lokast þar hér um bil inni. Framopið er víðara en það er hátt, og til þess að halda því útpöndu, er hafður trébjálki og við hann er efra borð vörpuopsins fest. Bjálkinn hvílir í báða enda á eins og sleðakjálkum úr járni, er halda honum (og efra borði vörpuopsins) hér um bil 4 fet frá botni. Neðra borð vörpuopsins er fest við þunga keðju, eða digran, vafinn kaðal, sem til beggja enda er festur í járnkjálkana. Keðjan (kaðallinn) er slök og dregst með botninum þegar fiskað er, og sökum þyngdar sinnar sópar hún botninn, þannig að fiskurinn hröklast upp fyrir hana og inn í vörpuna. En af því að efri brún vörpuopsins (bjálkinn) nær lengra fram en sú neðri (sökum slakans á keðjunni), á fiskurinn verra með að forða sér upp fyrir vörpuna, þegar hann hrekkur undan keðjunni. Við hvern kjálka er festur strengur (kló) og koma þeir saman fram undan miðju vörpuopinu; er þar festur við þá strengur sá, er varpan er dregin á. Á stórum vörpum eru allir strengirnir úr járnvír, dragstrengurinn 3 þumbl., klærnar 2½ þumbl. að digurð. — Þegar varpan er innanborðs, er kjálkinn bundinn við borðstokkinn; þegar á að setja hana út, er vörpunni fyrst kastað útbyrðis þannig, að hún hangir niður með skipshliðinni, því næst er framendi kjálkans losaður og látinn síga, og svo afturendinn, þangað til varpan hangir lóðrétt í sjónum; er hún svo látin síga til botns og gefið út svo mikið af dragstrengnum, að nemi dýptinni 2–3 sinnum. Varpan er dregin inn með spili, er gengur fyrir gufu- eða handaflí. Þegar bjálkinn er kominn að borði, er hann strax settur á sinn stað og bundinn þar; því næst er varpan dregin inn og tæmd.<sup>65</sup>

65 Bjarni Sæmundsson, „Fiskveiðar útlendinga hér við land á síðustu árum“, *Andvari*, 1. töl., 21. árg., 1896, bls. 128-129.



*Arnardalur við Skutulsfjörð. Myndin er tekin um aldamótin 1900, þarna sést vel húsakostur Íslendinga á þeim tímum. Niður með hjallinum sést að búið er að hengja net til þerris.*

Botnvarpa hafði fyrst verið notuð á Íslandsmiðum árið 1889 þegar þýski togarinn President Herwig reyndi fyrir sér.<sup>66</sup> Það ár hafði Alþingi samið lög um bann við botnvörpuveiðum innan 3 mílna við Íslandsstrendur.<sup>67</sup> Ekkert samband var á milli veiða togarans og laganna. Lögín komu frá Kaupmannahöfn og voru alfarið sniðin að danskri löggjöf. Frá árinu 1891 hófu Bretar botnvörpuveiðar á gufuskípum á Íslandsmiðum og urðu brátt mjög heimaríkir við Íslandsstrendur. Á 19. öld höfðu Bretar reynt fyrir sér með slíkar veiðar á seglskipum í Norðursjó. Seglskipin hentuðu ekki á Íslandsmiðum vegna mikilla strauma og illviðra.<sup>68</sup> Í Faxaflóanum voru gufuskipin alveg upp við land eða á 6–7 faðma dýpi og út á 40 faðma dýpi sem var langt innan fyrrnefndra 3 sjómílna. Í kjölfarið voru lögín frá 1889 endursamin og má nefna að ákvæðum var bætt við um að veiðarfæri skyldu gerð upptæk en það fannst útgerðinni blóðugra en flest annað.<sup>69</sup>

<sup>66</sup> *Ísafold* 19. júní 1889, bls. 195.

<sup>67</sup> *Alþingistíðindi* 1889, C-deild, bls. 100. Eftir 1872 hafði danska strandgæslan miðað störf sín hér á landi við 3 mílna landhelgi sem hlaut staðfestingu með Norðursjávarsamningnum árið 1882. Björn Þorsteinsson, *Tíu þorskastríð 1415-1976*, bls. 164.

<sup>68</sup> Jón P. Þór, „Trollið markaði upphaf breytinga“, *Ægir*, 2. tbl., 103. árg., 2010, bls. 14.

<sup>69</sup> Björn Þorsteinsson, *Tíu þorskastríð 1415-1976*, bls. 167.

## Um Síldarnet

### 1.5 Vankunnátta



P.C. Knudtzon  
kaupmaður í  
Hafnarfirði.

Síldveiðar áttu sér þó nokkra forsögu á Íslandi. Bjarni Sæmundsson gat þess að ádráttarveiði hefði verið reynd við Oddeyri í Eyjafirði árið 1712.<sup>70</sup> Olavius var þar á ferð árið skömmu eftir 1770 og sagði að stundum veiddu menn ögn af síldinni í silunganet eða trog eða ausur, „en þó sáralítið af allri síldarmergðinni eða hjá því sem unnt væri að veiða með almennilegum veiðarfærum“.<sup>71</sup> Einnig hafði Ólafur Olavius nefnt í riti sínu *Oeconomisk Reise igiennem Island*, sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1780, að notuð hefðu verið síldarnet við Hofsós með miklum ábata.<sup>72</sup>

Árni Thorsteinsson nefndi að töluvert væri um að síld væri veidd í ádráttarnet í Hafnarfirði og á Pollinum við Akureyri skömmu eftir aldamótin 1800. Samkvæmt tilskipun frá 21. júlí 1808 áttu fangar að vinna net í afplánun sinni í fangahúsinu. Árni taldi að margir hefðu nýtt sér það og skýrist veiðin í ádráttarnet eftir 1800 af því.<sup>73</sup> Bjarni Sæmundsson bætti við þetta og sagði að snemma á 19. öld hefðu menn í Eyjafirði reynt að skutla síld með fuglajárnum, en síðan hefðu þeir komist upp á lag með að nota drífnet, þ.e. net sem róin voru út á bát kringum síldartorfuna.<sup>74</sup> Eftir 1830 veiddist áfram mikið af síld

í ádráttarnet á Akureyri og var það Liver kaupmaður sem stóð fyrir því.<sup>75</sup> Á sama tíma kynnti P.C. Knudtzon kaupmaður Hafnarfirðingum síldarnet.<sup>76</sup> Margt var þó skrykkjótt á þeirri leið Íslendinga að tileinka sér síldveiðar í net eins og Jón Sigurðsson nefndi í ritinu *Lítill fiskibók* sem kom út árið 1859. Norskur kaupmaður hafði skrifað Jóni og nefnt að hann hefði sent skip með ýmsum vörutegund-



Magnús  
Stephensen  
landshöfðingi,  
Árni Thorsteinsson  
alþingismaður  
og Bjarni  
Sæmundsson  
fiskifræðingur.



70 Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1900“, *Andvari*, 1. tbl., 26. árg., 1901, bls. 124. Annars er ádráttarveiði eldgömul veiðiaðferð og var notuð á fiskitorfur sem gengu á grunnt vatn. Yfirleitt voru notaðir bátar til þess að leggja netin. Til þess að netin héldust opin í drætti, voru þau þyngd að neðan og flotum komið fyrir á efri teini. Guðni Þorsteinsson, *Veiðar og veiðarfæri*, bls. 123.

71 Ólafur Olavius, *Ferðabók*, II. bindi, bls. 50.

72 Ólafur Olavius, *Ferðabók*, I. bindi, bls. 322.

73 Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 4.

74 Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1900“, *Andvari*, 1. tbl., 26. árg., 1901, bls. 124.

75 Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 81.

76 Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 5.



*Fortúna var línuveiðari sem gerður var út frá Vestmannaeyjum.*

um til Íslands, þar á meðal var garn í síldarnet og ætluðu kaupendurnir að nota garnið til að búa til þorskanet. Jóni Sigurðssyni sárnaði þessi vankunnátta Íslendinga og vísaði til þess, eins og Magnús Stephensen sagði hálfri öld fyrr, að Íslendingar þekktu varla síldarnet að neinu marki. Jón nefndi að slíkar veiðar væru ábatasamar og skiptu miklu fyrir framtíð landsins.<sup>77</sup>

## 1.6 Veiðar í landnætur

Norðmenn hófu síldveiðar við Austfirði í landnætur í lok sjöunda áratugar nítjándu aldar og jukust veiðarnar til muna á áttunda áratugnum. Norðmenn notuðu svokölluð nótalög við veiðarnar. Svona lýsir Matthías Þórðarson veiðarfærunum: Við nótalagið var skúta, 50-70 smálestir að stærð, og 3 nótabátar, sem tóku 70-90 tonnur hver, 1 vindubátur, sem tók um 15 tonnur og 2 litlir róðrabátar, 4 nætur voru vanalega hafðar með hverju nótalagi, 1 stór nót, 160-170 faðma löng og 20 faðma djúp, 1 millinót 120 faðma löng og 15 faðma djúp, 1 lásanót 70-80 faðma löng og 10-12 faðma djúp og 1 úrkastnót 25 faðma löng og 5 faðma djúp. Þar að auki tilheyrðu ýmis verkfæri og línur, þar á meðal sterk lína, á að gíska 300 faðma löng, til þess að draga að landi nótarendana.<sup>78</sup>

<sup>77</sup> Jón Sigurðsson, *Litil fiskibók*, bls. 6-8.

<sup>78</sup> Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 91-92.

*Landnót,  
teikninguna gerði  
Geir Hólm á  
Reyðarfirði 2019.*



Þetta er dæmigerð lýsing á veiðum með landnótum. Árið 1880 skrifaði Einar B. Guðmundsson þingmaður Skagfirðinga grein í *Norðling* sem hann nefndi „Síldveiði Norðmanna“. Þá höfðu þeir stundað síldveiðar um nokkra hríð við landið. Í greininni lagði höfundur mat á það hvernig einstaka firðir og flóar hentuðu til veiðanna.

Þegar maður nú fer að athuga, hve haganlegt land vort sé til síldarveiða með nót, einsog Norðmenn stunda hana, þá er það sjálfsagt, að á sumum fjörðum, er síldin þó gengur á, getur maður varla gjört ráð fyrir að veiða með nótarúthaldi, af því ekki er völ á nógu inniluktum vogum eða víkum, til þess að óhult sé fyrir síldarlás að standa í þeim, sérilagi þegar fer að hausta að, en margir eru þó þeir firðir sem vel eru lagaðir til þess. Eg tel víst, að nótaveiði mætti hafa á fleiri austfjörðum en þeim, sem Norðmenn nú þegar hafa tekið sér bólfestu á (Seyðisfirði og Eskifirði), og á vestfjörðum er án efa allvíða vel lagað til þess. En hér á Norðurlandi er það sérilagi hinn fengsæli Eyjafjörður, sem einsog býður sig fram til þess. Hið víða fjarðarmynni, sem þá heldur ekki vantar dýpið, leyfir svo miklu inngang þar, og mjódd fjarðarins þegar inn kemur, ýtir öllu saman, svo þar verður torfa þó ekki hafi verið nema strjálíngur í mynninu. Þau miklu og tíðu síldarhlaup, er koma á Eyjafjörð, nærri því á öllum árstímum, gefa líka nokkurn veginn vissu um, að nótarúthald mundi borga sig þar vel, þó fleiri væru en eitt, því þar er á ýmsum stöðum hentugt pláss til að veiða með nót, jafnvel þó Pollurinn sé bestur. Þó nokkuð kvíslist



til beggja hliða uppá víkurnar undan fiskum þeim sem elta síldina, þá heldur þó líklega oftastnær aðalstraumurinn inn, og er þá eðlilegt að torfan verði þéttust á Pollinum. Sjálfsagt er nú að gjöra ráð fyrir því, að hafsíldargangan ekki sé jöfn öll sumur, og að hún jafnvel geti brugðist ár og ár; en þá er spiksíldin, og þó að hún sé ætíð lægri í verði en hin, þá getur hún samt verið verzlunarvara og gefið mikið í aðra hönd, þegar mikið veiðist.<sup>79</sup>

Með þessum orðum vildi greinarhöfundur að Íslendingar tækju til hendinni við veiðarnar. Hann vissi samt sem áður að þar var við ramman reip að draga. „Vér stöndum sjálfsagt nokkru ver að vígi en Norðmenn af því oss vantar bæði „fólk og fé“ í samanburði við þá, efni í tunnurnar undir síldina, erum afskektari o.s.frv.; en þessu má flestu viðhjálpa.“<sup>80</sup> Þótt lítið breyttist í þessum efnun næstu misserin skiptu slík hvatningarorð miklu þegar til framtíðar var litið. Enn um sinn áttu Norðmenn þó sviðið.

Árið 1884 voru nótalögin orðin 150. Með þessum veiðum þótti við hæfi að gæta að réttindum landeigenda, því víða nýttu hinar norsku útgerðir sér landkosti og fjörur um landið.

1. grein. Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi, annars manns, og draga veiðina þar á land, svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgerðar og þerris og salta þar niður aflann, en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.<sup>81</sup>



*Einar B. Guðmundsson fór til Noregs á vegum Alþingis árið 1878 að kynna sér bátasmíðar og veiðar. Jón Sigurðsson forseti.*

79 Einar B. Guðmundsson, „Síldveiði Norðmanna“, *Norðlingur* 4. júní 1880, bls. 46.

80 Einar B. Guðmundsson, „Síldveiði Norðmanna“, *Norðlingur* 4. júní 1880, bls. 46.

81 *Lagasafn 1945*, Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði, 12. febrúar 1872, d. 1453.

Ýmislegt hafði reynslan kennt Norðmönnum heima fyrir þegar þeir hófu síldveiðar við Ísland. Síld sem komin var að hrygningu veiddist t.d. betur í landnætur fyrir got. Síldin rynni sjaldnar í netið eftir hrygninguna, því þá synti fiskurinn dýpra.<sup>82</sup> Árni Thorsteinsson nefndi hve rannsóknir Norðmanna á göngumynstri síldarinnar væru mikilvægar og því þyrfti að taka tillit til dýptar fjarða og lóna. Hvar væru hentugar rennur og/eða góður botn? Árni beindi þessum skrifum sínum að glöggum lesendum svo þeir gætu nýtt sér upplýsingarnar og reynt fyrir sér með síldveiðar í net.

Eftir viðlíku og þessu ættu þeir menn, sem farnir eru að veiða síld með lagnetum, að taka mjög vandlega, og ef menn gerði það, mundi verða meiri veiðivon en þegar menn, eins og t.d. hér í Reykjavík, leggja net sín á breiðu fláagrunni innar af skipalegunni. Þeim væri miklu nær að leggja net sín á þeim stöðum, er líkindi eru til að síldin fari um í hnappi, t.a.m. í Stofusundi, í Hólmasundi, vogunum við Grandann, og innar.<sup>83</sup>

Grein Árna er mjög ítarleg og lýsir vel hve miklu hann taldi skipta að kynna síldveiðar á Íslandi.




*Ásgeirsverslun  
á Ísafirði,  
Neðstikaupstaður,  
Turnhúsið.*

Netin eru annaðhvort úr baðmull eða hampi. Sitt sýnist nú hverjum um það, hvor betri sé, og sumir hafa netin skipt á víxl í trossum sínum. Baðmullarnet eru þræðisgrennri og liprari en hampnetin. Sagt er að betur ánetist í þeim. Hampnet eru optast handunnin, og þá riðin í strengi, sem eru lagðir á langveginn og festir saman, oftast 3 eða 4 á dýptina. Hampnet eru þyngri fyrir en baðmullarnetin og því ekki eins meðfærileg; möskvarnir líka stírdari. Aftur er það sagt, að meira sáldist úr baðmullarnetunum af síld, og að þráðurinn festist í fiskholdinu og skemmi það. Að þessu munu samt ekki vera mikil brögð, því annars væri þau ekki brúkuð svo mjög. Unnin net eru vanalega fyrst 82 al. á lengd, 13–14 al. á dýpt, 200 möskvar niður. Nú er neti þessu skipt í tvo hluti, 41 al. á lengd hvor og felt í tein, sem aðeins er 27½ al.; verður netið við það slakt í umgjörðinni, og gefur eftir þegar fiskurinn lendir á því. Af því að netið gefur eftir, þá heldur það fiskinum betur, en ef að það væri ófelt. Til endanna eða gaflanna og á efri teininum eru höfð sterkari bönd í umgjörð en á neðri teininum, sem ekki hefir aðra umgjörð en ífellufærið. Þetta er gert til þess, að netið því síður verði fast, ef að það

<sup>82</sup> Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. töl., 4. árg., 1883, bls. 40.

<sup>83</sup> Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. töl., 4. árg., 1883, bls. 41.



Lárus Á.  
Snorrason og  
Ásgeir Ásgeirsson  
verslunarmenn á  
Ísafirði.

er á grunnu og skyldi ná niður. Efri teinninn er með mjög stuttum smástúfum bundinn í fláteininn mjög þétt, svo aðeins fáir þumlungar verða á milli bandanna, og á honum eru flár úr korki eða flotvið, til þess að netið haldist uppi.<sup>84</sup>

Á vanalegum netum eru steinar til að halda netinu við botn, og flárnar hafðar þannig, að þær haldi netinu beint upp, en á reknetum þurfa flárnar að vera uppi í sjávarbrún, og verður því að haga þunga netsins eftir því, svo að það fljóti uppi, eða ef þörf er að hafa það dýpra, að það verði svo djúpt, sem að líkindum ræður að síldin sé fyrir. Að hitta nú rétt á þetta, er mjög vandasamt, og fara síldarmenn í því eftir svo mörgu, bæði veðráttu og öðrum atvikum, eða því sem þeim þykir líklegast, að eigi verður frá því skýrt. En hvernig sem þarf að leggja netin í sjó, verður að bóla þau upp, og til þess hafa menn dufl eða kagga, og er eitt af bólunum fest við hvert net með færi eða streng nógu gildum, og lengdinni hagað eftir því, hvað djúpt netið á að liggja, annaðhvort í sjávarbrún eða á fleiri föðmum. Menn hafa oftast ból þessi með ýmsum litum, til þess fljótt að geta áttað sig á hinum mörgu netum. Fyrsta netið hefir oftast hvítt ból, en hið fjórða þar frá litla hvíta veifu eða flagg á stöng, og svo hefir fjórða hvert net aftur alla röðina sitt einkenni.<sup>85</sup>

Eins og alkunna er, er síldin dyntótt. Árni nefndi að miklar síldartorfur hefðu gengið inn í Faxaflóann veturinn 1882 og veiddist mikið af henni í lagnet við Vogastapa.<sup>86</sup> Eftir 1890 var töluverð síld veidd á Pollinum í Skutulsfirði og áttu Ásgeirsverslun og verslun Lárusar Á. Snorrasonar sitt „nótabrúkið“ hvor.

84 Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 64.

85 Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 65.

86 Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 23.

Þrátt fyrir að landnótaveiðin væri gagnleg og leysti beituvandræði margra kom að því að hún dugði ekki til. Eftir því sem veiðarnar jukust keyptu nokkrir útgerðarmenn smáriðin síldarnet sem áttu eftir að reynast sérstaklega vel í Skötu-firði og Djúpinu og hjálpa útgerðarmönnum að fá beitu.<sup>87</sup> Í sjálfu sér voru það þó takmörkuð nýmæli. Beituvandræðin héldu áfram lengi fram eftir öldinni víða um land. En smám saman fjölgaði íshúsunum svo mögulegt væri að geyma beitu-síldina. Árið 1903 voru íshúsin alls um 40.<sup>88</sup> Nokkur tímamót urðu síðan þegar enski skipstjórinn Thomas Doodman útvegaði Vestmannaeyingum síldveiðibát árið 1896 svo þeir gætu nýtt sér síldina sem var allt í kringum eyjarnar.<sup>89</sup>

### 1.7 Reknetaveiðar

Árni Thorsteinsson nefndi í grein sinni í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1883 að landsmenn hefðu kynnst helstu veiðiaðferðum þegar síldarveiðar væru annars vegar, ádráttarveiði, lagnetaveiði og byrginótaveiði. Enn vantaði þó mikilvæga veiðiaðferð eða reknetaveiðar.




*Veiði að undirbúa reknetaveiðar.*

87 Árni Gíslason, „Kafli úr bréfi frá Ísafirði 6. mars 1906“, *Ægir*, 1. árg., 10. tbl., 1906, bls. 104-105.

88 Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Sjómannasaga*, bls. 534.

89 Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, bls. 64.




#### *Reknet, útskýringarteikning.*

Með reknetaveiðinni geta menn leitað veiðarinnar um stórt svæði, og farið svo langt og skammt sem þarf, ef aðeins þess er gætt, að skipið geti náð til lands í tækan tíma, svo að veiðin ekki spillist. Eg skal taka tvö dæmi, sem gera þennan mismun ljósan. Þilskip sem er útbúið til reknetaveiði frá Keflavík, Hafnarfirði eða Reykjavík, getur leitað til veiði í öllum Faxaflóa undan Mýrum og Jökli, og jafnvel austur að Þorlákshöfn. Ef skip hefir stöðvar t.a.m. á Siglufirði, sem er ein hin veiðihentasta höfn á öllu landinu, þegar íslaust er, getur það veitt við rek í öllum Skagafirði, Eyjafirði utarlega og austur að Skjálfaflóa. Af þessu dæmi má sjá, að reknetaveiðin getur náð yfir stórt svæði, mikið stærra en ef að eitt-hvert síldarfélag hefði fastar veiðistöðvar á einhverjum þessara staða, í Hafnarfirði, við Gufunes, Hvalfjörð, Siglufjörð eða Hrísey. Það getur jafnvel komið fyrir, að þó að næg síld sé fyrir utan síldarfjörðinn, en gangi ekki inn, þá geti ekki orðið veitt í byrginótum, en megi hafa mikla veiði með reknetum.<sup>90</sup>

Með þessu vildi Árna eggja landsmenn til að reyna fyrir sér með reknetaveiðar en Norðmenn höfðu vanrækt að kynna sér þá veiðiaðferð, ólíkt Skotum sem stóðu framarlega á því sviði.<sup>91</sup>

<sup>90</sup> Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 56.

<sup>91</sup> Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. tbl., 4. árg., 1883, bls. 61-62. Eitthvað höfðu þó Norðmenn reynt fyrir sér við stendur Noregs frá árinu 1887. Sjá: *Siglfirðingur* 6. ágúst 1955, bls. 1.



Tryggvi Gunnarsson  
alþingismaður og  
Geir Sigurðsson  
skipstjóri.

Bjarni Sæmundsson tók við keffinu í að kynna reknetaveiðar fyrir landsmönnum. Veturinn 1899 útskýrði hann veiðarnar fyrir útgerðarmönnum þilskipa í Reykjavík og hvatti þá til að reyna fyrir sér á þessu sviði.<sup>92</sup>

Sumarið 1899 reyndi Ísfélagið fyrir sér með reknetaveiðar í Faxaflóanum. Félagið leigði lítinn þiljubát til veiðanna og sá Benedikt Guðbrandsson um framkvæmdina. Hann hafði áður kynnst reknetaveiði í Skotlandi og fékk hann net og útbúnað þaðan, 60 net og 15 ból. Þessi fyrsta tilraun leiddi til þess að í júlí sama ár stofnaði Tryggvi Gunnarsson Reknetafélagið við Faxaflóa. Hann réð Geir Sigurðsson skipstjóra í Reykjavík til að hafa umsjón með útgerðinni. Félagið hafði keypt þiljubátinn Kristján, 24 smálestir, sem smíðaður var í Noregi. Að félaginu stóðu einnig Christian Zimsen konsúll og Jón Jónsson útgerðarmaður í Melshúsum. Félagið keypti veiðarfæri í Skotlandi. Netin voru 15 faðma löng, 250 möskva djúp, með 18–20 umför á hverja alin og var síldartrossan úr garni, 2–4 þuml. að gildleika.<sup>93</sup> Geir fann upp þá aðferð að sökkva netunum niður fyrir trossuna um 4 faðma og hafði svo aðra 4 faðma í kaggaböndunum sem mátti hnýta af ef það þurfti að sökkva netunum minna.<sup>94</sup> Útbúnaðurinn á Kristjáni var ekki eins og síðar varð venjan. Það má nefna að trossan var dregin í járngreip (kefa) framan á skipinu og varð alltaf að snúa spilinu með handaffi og gerðu það allt að þrír menn í einu eftir því hversu hvasst var. Netin

voru dregin inn á hlið skipsins fyrir aftan reiðann og þar sem engin netarúlla var á skipinu var tekið lausastykki úr öldustokknum og skjólbörðinu og netin svo dregin inn með höndunum á trérúllu sem sett var í skarðið rétt við þilfarsbrúnina. Þetta var erfitt verk ef netin voru full af síld eða sjógangur, því þá hætti þeim til að rifna.<sup>95</sup>



Thor E. Tulinius  
stórkaupmaður  
og Benedikt  
Guðbrandsson  
framkvæmdamaður.

Fleiri létu til sín taka. Sumarið 1901 reyndi Falck konsúll í Stafangri fyrir sér með reknetaveiðar hér við land. Hann gerði út tvö gufuskip, Albatross og Bremnæs og seglskipin Solo og Duo með fullkominn reknetabúnað. Umboðsmaður Falcks á Íslandi var Thor E. Tulinius stórkaupmaður og nefndi hann við blaðamenn *Ísafoldar* þann 18. desember 1901 að Falck hefði áður „liðsinnt ýmsum Íslendingum við netakaup og veitt þeim ýmsar upplýsingar um veiðina og meðferð aflans.“<sup>96</sup> Það var annars *Selskabet for de norske fiskeriers fremme* sem kynnti reknetaveiðina í Noregi. Fjöldi manna fór til Skotlands og

<sup>92</sup> Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1905“, *Andvari*, 1. töl., 31. árg., 1906, bls. 136.

<sup>93</sup> Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 175–176.

<sup>94</sup> Áður hafði Benedikt Guðbrandsson bundið netahálsinn um rektrossuna. Þetta hafði reynst óheppileg aðferð, því netin vildu flækjast um trossuna, einkum í miklum sjógangi. Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 176–177.

<sup>95</sup> Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 177.

<sup>96</sup> *Ísafold* 18. desember 1901, bls. 313.

Hollands, landanna sem náð höfðu hvað lengst á þessu sviði.<sup>97</sup> Fyrsta íslenska reknetaskipið sem gerði út frá Norðurlandi var Vega sem bræðurnir Sveinn og Jón Einarssynir á Raufarhöfn áttu árið 1901 og fljótlegu tóku fleiri við sér.<sup>98</sup>

Á næstu áratugum voru reknetaveiðar víða stundaðar á seglskútum:

Þá voru netin lögð í sjóinn og skipið látið hala á meðan, áfram meðan var að koma út hvorutveggja. Svo var farið með kapalinn, sem hélt í netin eða skipinu við, farið með það fram í stafnið á skipinu og sett þar fast. Þá fór það að reka. Þetta var ekki gert nema í góðum veðrum og seglin voru þá látin vera svoleiðis, að þau voru vindlaus og héldu því ekkert upp í. Eða var þá svo mikið logn, að það var þá bara straumurinn, sem bar skipið. Og þá togaðist í netin og þá rak það yfir eitthvert svæði.<sup>99</sup>

## 1.8 Snurpuveiðar

Fleira var í farvatninu. Árið 1903 reyndu nokkur norsk síldveiðiskip fyrir sér með snurpuveiðar við landið.<sup>100</sup> Lengi hafði síldveiðimönnum sviðið sárt þegar síld óð fyrir landi utan þeirra marka sem landnótin náði til. Hugmyndin, þ.e. að draga nót saman í botninum og loka henni þannig að neðan að snurpa.“ Veiðiaðferðin á uppruna sinn meðal indíána í Perú á 18. öld og á fyrri hluta 19. aldar reyndu sjómenn á austurströnd Bandaríkjanna veiðiaðferðina á markíl, sardínium og öðrum smáfiskategundum.<sup>101</sup> Snurpunót er að ýmsu leyti áþekk landnót.

Þar sem snurpunótin var notuð á hafi úti var allt gert til að hafa hana eins þjála og meðfærilega og unnt var. Nótin sjálf var úr grönnu bómullargarni en pokinn í miðju nótarinnar úr sterkara efni. Efri teinn nótarinnar var tvöfaldur og litlir, flatir korkar benslaðir fastir milli teinanna. Alls voru notaðir u.þ.b. eitt þúsund korkar á nótina.<sup>102</sup>

97 Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 161.

98 Hreinn Ragnarsson, *Sílfur hafsins*, I. bindi, bls. 194-195.

99 *Þjóðháttafafræðingurinn* *Þjóðminjasafns Íslands*, Handfæraveiðar á skútum, 44. Nr. 5434. ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)).


100 Geir Sigurðsson kynnir Ísfirðingum veiðar í snurpunót sem hann hafði haft nokkur kynni af hjá Norðmönnum. Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, bls. 181.

101 Hreinn Ragnarsson, *Sílfur hafsins*, I. bindi, bls. 97.

102 Hreinn Ragnarsson, *Sílfur hafsins*, I. bindi, bls. 98.

## 1.9 Stauranót

Fyrri hluta sumars árið 1902 barst ný veiðiaðferð til landsins. Eftirfarandi frétt birtist í *Norðurlandi* 28. júní:



*Teikning af stauranót eftir Geir Hólm frá 2019.*

Nokkrir danskir menn hafa komið með veiðiahöld, sem ekki hafa fyrr verið notuð hér. Staurar eru reknir niður töluvert frá landi og nætur strengdar á þá. Alls konar fiski er ætlað að fara þar inn eins og í kvíar, en svo um búíð, að hann kemst ekki út aftur. Þessa dagana er verið að koma veiðarfærum þessum fyrir, en engin reynd komin á þau.<sup>103</sup>

Veiðiaðferðin kallaðist ýmsum nöfnum, stauranót, netkvíar, kvíanet, fiskikvíar eða stauravarpa, og hafði víða verið reynd í Danmörku og Eystrasalti þar sem var kyrr sjór og grunnsævi.<sup>104</sup>

Það þurfti ákveðna verkunnáttu til að setja niður stauranót.

Þegar ákveðið var að setja niður stauranót þurfti að velja vel staðinn. Þar þurfti að vera mjúkur botn svo að staurarnir gengju nógu langt niður til að þeir þyldu vinda og sjógang sem búast mátti við í illviðrum en


<sup>103</sup> *Norðurland* 28. júní 1902, bls. 159.

<sup>104</sup> Hreinn Ragnarsson, *Sílfur hafsins*, I. bindi, bls. 100.



staurarnir voru látnir standa allt árið. Einnig þurfti aðdýpi að vera hentugt en það mátti ekki vera of mikið, því að nótin þurfti að vera það langt frá fjöruborði að meiri líkur væri á að síldin væri á ferðinni, á milli lands og nótar. Til að hefta för síldarinnar var settur upp svokallaður landarmur, sem var bein röð staura frá nót upp að flóðmörkum og var hengt á þá net sem náði inn að opinu inn í netpokann. Botnetsstaurarnir voru sumir allt að 15 metra langir og fór það alfarið eftir dýpi á svæðinu en staurarnir voru settir niður samkvæmt ákveðnu formi. Að því loknu var netpokinn hengdur upp að innanverðu á hringinn. Nótin myndaði hringlaga poka sem náði til botns og við djúpendann á landarminum var op inn í pokann, eins konar stútur og var endi hans hengdur upp í kaðla sem lágu í blökkum milli stauranna. Þessi útbúnaður virkaði þannig að síldin rataði ekki aftur út úr nótinni. Þegar vitjað var um afla var byrjað á því að draga stútinn til baka og með því lokað hringnum. Svo var nótabát lagt að staurunum utan frá og öðrum bát beint á móti; þá var byrjað að draga nótina í annan bátinn og við það færðist aflinn í þann hluta pokans sem var við hliðina á hinum bátum.

Til að reka niður staurana þurfti að nota búnað sem kallaður var rambbúkki (og var talað um að ramma þá niður). Þetta var allmikið tæki og var því komið fyrir á palli sem var byggður ofan á tvo samsíða nótabáta, og var haft nokkurt bil á milli bátanna til að hafa pláss fyrir staurinn sem átti að reka niður. Á búkkanum var sleði eða gróp fyrir þungt lóð sem var ýmist úr járni eða járnslægnum timburhnalli. Lóðið hékk í kaðli sem lá upp í blakkarhjól sem var efst í búkkanum og þaðan niður að handknúnu spili í bátunum. Staurinn var dreginn inn á milli bátanna og bundinn lauslega við búkkan og var lóðið híft upp og því sleppt ofan á enda staurins. Þetta var endurtekið svo oft sem þurfti, uns staurinn var orðinn nógu fastur, svo hann þyldi álag af straumum og vindi sem búast mátti við.<sup>105</sup>



**Rambbúkki, reistur á palli sem var á tveimur nótabátum samsíða og notaður til að reka niður staura fyrir stauranót, eða botnet til síldveiða. 1903 til 1940.**

*Rambbúkki, teikning eftir Geir Hólm frá 2019.*

105 Upplýsingar frá Geir Hólmi.



*Líkan á  
Byggðasafninu á  
Eskifirði, þarna  
sést hvernig  
stauranót var  
lögð í sjó.*

Áfram flutti *Norðurland* fréttir af uppsetningu stauranóta í Eyjafirði sumarið 1902:

Veiðarfærin nýju hafa verið sett niður á tveim stöðum. Önnur útgerðin er hér á móti við austurlandið og þeir, sem fyrir því standa, heita Dinesen og Olsen. Hin útgerðin, sem Chr. Havsteen á, er rétt fyrir framan hús amtmanns. Við austurlandið hefir fengist töluvert af þorski. Konsúll Jóh. Vigfússon hefir hingað til keypt þá veiði og selur hana bæjarmönnum. Við vesturlandið hefir minna aflast, þó orðið nokkuð vart, einkum fengist smáfiskur og silungur.<sup>106</sup>

<sup>106</sup> *Norðurland* 12. júlí 1902, bls. 167.

Það sést á þessu að menn voru ekki bara á eftir síldinni. Fleiri reyndu síðan fyrir sér með veiðina annars staðar í Eyjafirði, s.s. á Skjaldarvík, Fagraskógarvík, við Hrísey og Kljáströnd.<sup>107</sup> Fyrirnefndur G.B. Dinesen var áhugasamur um veiðarnar og vildi kynna aðferðina í Kanada en yfirvöld töldu sig þegar þekkja til hennar.

I may say that the net in question is practically the same as one at present and for many years past in use in Canada and the United States though varying in form according to the requirements of different locations.<sup>108</sup>

Hér má nefna skrif Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings þar sem hann nefndi að makrill veiddist í kvíanet við austurströnd Bandaríkjana.<sup>109</sup> Hvað sem þessu leið vildi G.B. Dinesen áfram efla stauranótveiðar á Íslandi. Þann 10. júní 1905 sendi hann bréf til Stjórnarráðsins og óskaði eftir styrk úr landsjóði til að efla veiðar í kvíanet (stauranót) við Íslandsstrendur.

Her paa Island Øfjord udstillede jeg det første Bundgarn for 3 Aar siden, efter den Tid er her nu bleven 10 el 11 Bundgarn her paa Fjorden foruden mange flere Ønskede den slags Fiskereskaber om de saa en vej til at faa dem anskaffede og dertil fra Begyndelsen kunde erholde Oplysninger og Vejledning om Opstillingen og Benyttelsen. Ogsaa fra forskellige Pladser paa Østlandet som Eskifjord, Nordfjord og Mjofjord har jeg erholdt Forespørgelser fra Folk i Anledning af Bundgarn som de ønskede at anskaffe sig, hvor de ønskede Oplysninger saavel for indkøb, Pladsen for Garnet samt øvrig Benyttelse af Bundgarn i sin Helhed.

Da Bundgarnet er et Fiskereskab som tager Kjendskab saavel ved Bestemmelse af Pladsen, Indkøb af Garnet derefter Opstillingen i Vanden og Tilsynet, saa det fulde Udbydte kan forventes af Fiskeriet ved Benyttelsen af Garnet.

Jeg tillader mig derfor at anmøde den høje Regering at der maa blive mig bevilliget eller tilstaaet et saadan Aarlig Beløb eller Honorar, saa jeg maatte blive istand til at benytte mere af min Tid for Landets Beboere i Bundgarnenes og Fiskeriet Interesser.


Underdanigst  
G.B. Dinesen  
Fiskeribestyre  
Øfjord<sup>110</sup>

<sup>107</sup> Hskj. Ak. G. 230/2. Síldveiðar í Eyjafirði, Bragi Sigurjónsson.

<sup>108</sup> Þ.Í. Db 1 nr. 599. Bréf dagsett 2. nóvember 1903.

<sup>109</sup> Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1905“, *Andvari*, 1. töl., 31. árg., 1906, bls. 131.

<sup>110</sup> Þ.Í. Db 1 nr. 599. Bréf dagsett 10. júní 1905.



Árni Jónasson í Svinaskála.

Þann 5. júlí 1905 bað Stjórnarráðið Bjarna Sæmundsson að taka afstöðu til þessarar óskar. Bjarni svaraði tveimur dögum síðar.

... skal ég leyfa mér að geta þess að umsækjandi er mér algerlega ókunnugur og get ég því ekkert sagt um hæfileika hans í þessa átt framyfir það sem almennt má álíta um hann sem vanan mann við þetta veiðarfæri.

Hinsvegar skal ég geta þess, að ég álít málefnið svo merkilegt, að full þörf væri á, að fé væri veitt af hálfu hins opinbera til að gera mönnum, er vildu reyna þetta veiðarfæri, auðveldara að fá nauðsynlega aðstoð og tilsögn til þess að eignast það, koma því fyrir og brúka

það, bæði af því svo lítur út fyrir, að dæma eftir því hvernig net þessi hafa reynst í Eyjafirði, að þau geti orðið að góðum notum hér í fjörðum, þar sem fiskigengd er að jafnaði mikil og af því að brúkun þeirra getur enn varla talist vera komin út fyrir tilraunastigið og því sérstaklega þörf á að styrkja þá að einhverju leyti, er vildu gera tilraunir með þau, þar sem þau þar að auki eru alldýr, miðað við efnahag fiskimanna almennt. Allravirðingarfullst, Bjarni Sæmundsson.<sup>111</sup>



Bræðurnir Friðrik og Þorgeir Klausen. Þriðji maður óþekktur.

Líklega var ekki orðið við bón Dinesens og á næstu árum lagðist veiði í stauranót af í Eyjafirði.<sup>112</sup> Veiðar í stauranót náðu hins vegar meiri fótfestu annars staðar, á Eskifirði og Reyðarfirði. Enda lýsir G.B. Dinesen í fyrrnefndu bréfi yfir áhuga manna á veiðunum þar um slóðir. Bræðurnir Friðrik og Þorgeir Klausen byrjuðu veiðar í fyrrnefndum fjörðum 1904 og 1905. Fljótlega fylgdu fleiri á eftir. Veiðiaðferðin gafst mjög vel og eru heimildir um 18 staði við báða firðina þar sem menn beittu veiðiaðferðinni.<sup>113</sup> Einn þeirra sem reyndu fyrir sér með veiðarnar var Árni Jónasson í Svinaskála við Eskifjörð. Árið 1928 keypti hann stauranót frá Danmörku. Hann setti nótina niður við Skeleyri norðan við Hólmanes.

<sup>111</sup> Þ.Í. Db 1 nr. 599. Bréf dagsett 7. júlí 1905.

<sup>112</sup> Hskj. Ak. G. 230/2. Síldveiðar í Eyjafirði, Bragi Sigurjónsson.

<sup>113</sup> Upplýsingar frá Geir Hólmi.

Stauranót er það bezta veiðarfæri sem ég þekki til að tryggja sér daglega beitu, því að þó varla verði vart í síldarnet, getur safnast saman yfir daginn í nótina næg beita fyrir einn bát. Allt, sem syndir með ströndinni í nágrenninu út á 6–7 fadma dýpi, fer í nótina og ratar ekki út aftur.

Þar kennir því oft margra grasa, meira að segja eru þar stundum selir og hnísur. Einnig eru þar oft fiskar, sem menn búast ekki við að sjá hér, svo sem kolkrabbi og lax. Annar kostur við stauranót er það, að maður er alltaf viss með nýja soðningu og hefir úr fleiri tegundum að velja.<sup>114</sup>

Þegar Árni keypti nótina var töluvert liðið á öldina. Áður voru net flutt inn á ólíkum stigum, sum voru tilbúin og þá keypt af frönskum skútum. Önnur net voru hálfunnin, þ.e. voru hnýttir taumar úr garninu og/eða riðin net.<sup>115</sup> Í blaðinu *Stefni* sem kom út á Akureyri mátti sjá auglýsingu frá Gudmannsverzlun

**Kjöbenhavns mek. Net og Garnfabrik**  
(Hín nahanóka vörpu og netverksmiðja Kaupmannshafnar.)

hefur fengið verðlaun á 10 sýningum,  
nú síðast hæstu verðlaun (gullmedalíu) á heimsýningunum í  
**Antwerpen, Stockholm og Bergen 1898.**

Til þessa sé áhræða veiðarfæri sta meðal Íslendinga, og til þess að gjöra  
sjómönnum lægra fyrir, og netin þeim ódýrari, hefur en ef þeir þyrftu að kaupa  
þess í höndum, hefur verkamiðjan sent

**birgðir af síldarnetjum af ýmsri stærð til  
Gudmann's Efterfl. verzlunar á Akureyri,**

sem er fulltrúi verkamiðjunnar hér á landi.

Netin verða séð fyrir verkamiðjunnar hönd eingöngu sjómönnum, en ekki  
kaupmönnum til útsölu aftur,  
með stórkaupaverði verkamiðjunnar sjálfar móti peningum, og  
áú nokkurs ábata fyrir verzlunina.


Féir, sem óska, geta fengið fella sönnun fyrir því, að þetta er áreiðnalegt.

Veiðarfæri verkamiðjunnar hafa allstæðar þótt  
frábær að veiðinæmi, sterkleik og endingu,  
og er dómur fiskisýningarinnar í Bergen meðal annars órækur vottur um þetta.

Netin seljast aðeins móti peningaborgun út í hönd.

**N. S. Utzon.**  
Kjöbens mek. Net og Garnfabrik  
Mariendalsvej 55.

---



**H. Steensens**  
MARGARINE

I Jöfningt  
**danskt margarin**  
í stað smjör

Merkt:  
**„Bedste“**

Í smáum öskjum, sem taka 10–20 pund, og eru náttúrulega stórar til heimsíðgæra. Öskj-  
urnar eru óleypis.

**Betra og ódýrara en annað margarin**  
Fast innaa skamma hjá kaupmönnum.

**H. Steensens margarinverksmiðja**  
Vejle Danmörk.

114 Endurminningar Árna Jónassonar í Svínaskála, bls. 56–57. (<http://www.hgard.is/>).

115 Áður, eða á áttunda og níunda áratug 19. aldar, hafði allfarið hampur verið fluttur inn, en hann þótti henta betur en ullartog eða hrosshár. Helgi Skúli Kjartansson og Halldór Bjarnason, „Fríhöndlun og frelsi. Tímabilið 1830–1914“, *Liftaug landsins: saga utanlandsverslunar 930–2010*, II. bindi, bls. 72.

sem var umboðsaðili *Kjöbenhavns mek. Net og Garnfabrik*. Í auglýsingunni sagði að afurðirnar hefðu fengið verðlaun á 10 sýningum, þar á meðal gullverðlaun á heimssýningunum í Antwerpen 1894 og Stokkhólmi 1897 og á fiskveiðasýningu í Björgvin 1898. Verksmiðjueigendurnir vildu selja sjómönnum netin á heildsöluverði svo sem flestir þeirra myndu kynnast þeim.<sup>116</sup> Greinilega var hart barist um viðskiptavinina á Eyjafjarðarsvæðinu. Þann 26. júní hafði Eggert Laxdal kaupmaður auglýst að hann væri umboðsmaður útlends netagerðarfyrirtækis og kom eftirfarandi fram í auglýsingunni:

Verksmiðja þessi ætlar að keppa við alla aðra, hvað gæði og verð snertir á netjunum. Netin verða seld hjer með verksmiðjuverði að viðbættum flutningskostnaði aðeins. Jeg hefi fengið nokkur net til sýnis og reynslu, 150 til 350 möskva djúp, af ýmsri möskvastærð, fyrir smásíld, millisíld og hafsíld.



*Vestmannaeyjar á öðrum áratug síðustu aldar.*

---

<sup>116</sup> *Stefnir* 12, júlí 1900, bls. 48.

Nægar birgðir koma með næstu gufuskipum frá útlöndum. Netin verða aðeins seld fyrir peningaborgun út í hönd. Sjómenn gjöri svo vel, að koma og skoða net þau, sem jeg hefi fengið.<sup>117</sup>

Ýmsir voru tilbúnir að aðstoða sjómenn og útgerðarmenn með netin.

Til sjómanna og útvegsmanna.  
Undirskrifaður tekur að sér að sauma ný segl, og gera við og bæta gömul segl. Sömu leiðis að bæta síldarnet og fella ný net, og setja á þau teina og kork o.s.frv. Hefi jeg margra ára æfingu við þessi störf. Mig er að hitta í barnaskólakjallar-  
anum. Akureyri, 19. ágúst 1901. Knud Hertwig.<sup>118</sup>



*Gísli Lárusson  
í Stakkagerði.  
Hannes Jónsson í  
Miðhúsum.*

Smám saman sinntu því fleiri og fleiri þjónustu við síldarútveginn eftir því sem atvinnugreininni óx fiskur um hrygg. Þróun í veiðum var á margan hátt skrykkj-ótt og oft réðu tilviljanir því hvernig menn báru sig að. Dæmi um slíkt má finna í Vestmannaeyjum:

Seint í ágústmánuði 1896 hafði eimknúinn línuveiðari frá Hull strandað á skerjunum norður af Miðhúsakletti. Í kjölfarið var haldið uppboð á bátnum og tóku eftirtaldir bátaeigendur sig til og buðu í hann. Það voru Gísli Lárusson í Stakkagerði, Hannes Jónsson í Miðhúsum og Magnús Guðmundsson í Vesturhúsum. Það kom meðal annars í hlut Þorsteins, sem hafði kynnst línuveiðum á Austfjörðum, að koma hinni ensku línu í nothæft stand. Þann 9. apríl beittu formennirnir þrír á línur sínar og fengu gott fiskirí þegar þeir reru 10. apríl. „Þessvegna má hiklaust telja hinn 10. apríl 1897 einn merkasta dag í útgerðarsögu Vestmannaeyja að fornu og nýju.“<sup>119</sup> Þetta eru stór orð sem sýna ljóslega að miklu skipti að menn væru tilbúnir að nýta sér þau tækifæri sem buðust. En margt var framundan í þróun veiðarfæra í Vestmannaeyjum sem annars staðar á landinu.



*Magnús í Vesturhúsum,  
ásamt konu sinni Jónrunni  
Hannesdóttur Jónssonar  
hafnsögumanns.*

<sup>117</sup> *Stefnir* 26. júní 1900, bls. 40.

<sup>118</sup> *Stefnir* 6. september 1901, bls. 88.

<sup>119</sup> Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í eyjum*, bls. 144.



II. HLUTI

**Þróun  
netagerðar**


SAGA  
**NETAGERÐAR**  
Á ÍSLANDI



## 2.1 Upphaf 20. aldar. Ár breytinga

Á 19. öld fóru menn fyrst að geta riðið net í vélum í nágrennalöndunum. Áður höfðu net að mestu verið handriðin.<sup>120</sup> Forsenda slíkrar breytingar á Íslandi var umbylting í sjávarútvegi. Umbylting vélvæðingar sem útlendingar leiddu í byrjun.

Siglfirðingar vissu hverju mátti þakka vöxt bæjarins. „Það var ekki fyrr en 1903, er Norðmenn komu hingað og fóru að veiða í herpinætur og reknet, að Siglufjörður fer smám saman að verða miðstöð síldveiðanna.“<sup>121</sup> Sagan eftir það er þekkt.



*Þorsteinn Jónsson  
frá Laufási og  
Ísólfur Pálsson  
tónskáld frá  
Stokkseyri.*

Fyrsti mótörinn var settur í íslenskan bát á Ísafirði árið 1902 og fljótlega var mótör settur í fleiri báta og í kjölfarið varð bátavégur einn af burðarásum íslensks atvinnulífs.<sup>122</sup> Með vélunum urðu bátarnir miklu afkastameiri. Vélaraflið hentaði mjög vel til að leggja net eða línu og minni hættu var á því að veiðarfæranna yrði ekki vitjað á réttum tíma vegna veðurs eða sjólags. Á vetrarvertíðinni árið 1908 reyndi Þorsteinn Jónsson í Laufási að veiða þorsk í net í Vestmannaeyjum. Það misheppnaðist þó algerlega. Kom þar ýmislegt til, vanþekking þeirra sem stóðu að verki og hroðvirkni þeirra sem gerðu netin. „Enginn snúður hafði verið tekinn af teinunum, áður en netin voru felld, en þau aðeins 16 möskvar á dýpt, svo að riðillinn snerist allur um teinana, þegar netin komu í sjóinn.“<sup>123</sup> Þorsteinn reyndi þó áfram og fékk 20 þorskanet frá Thor Jensen sem rak verslunina Godthaab í Reykjavík. Smám saman lærðu menn vinnubrögðin en að mörgu var að hyggja.<sup>124</sup>

<sup>120</sup> Vilhjálmur V. Gíslason, *Sjómannasaga*, bls. 541.

<sup>121</sup> *Mjöllinir* 19. maí 1943, bls. 1.

<sup>122</sup> Það var Árni Gíslason sem setti mótör í bátinn Stanley. Sigurgeir Guðjónsson, *Saga vélstjórastéttarinnar á Íslandi*, bls. 15.

<sup>123</sup> Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, bls. 143.

<sup>124</sup> Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, bls. 143-144.



*Netagerðarmenn  
að störfum á  
Siglufirði í byrjun  
síðustu aldar,  
líklega er þetta  
aðkomufólk.*

Það voru tímamót þegar Fiskifélag Íslands var formlega stofnað árið 1911 og var því ætlað að gæta hagsmuna þeirra sem sóttu lífsbjörg sína úr sjó.<sup>125</sup> Þar var víða pottur brotinn. Það kom fram í bréfi frá Stokkseyri til stjórnar Fiskifélagsins þann 10. janúar 1913 að net væru dýr og vildi bréfitari vita hvort stjórnin gæti beitt sér fyrir því að útvegsmenn kæmust í samband við framleiðendur í útlöndum sem myndu bjóða betra verð heldur en innflytjendurnir sem seldu vörur sínar á smásöluverði. Það kom þó fram að þetta drægi ekki úr að menn færu til Reykjavíkur til að verða sér úti um veiðarfæri.<sup>126</sup> Ekki létu verslunareigendur heldur sitt eftir liggja og auglýstu þeir duglega veiðarfærin sem þeir höfðu til sölu. Það má t.d. sjá í *Ægi* undir lok ársins 1913 að verslunin Verðandi í Hafnar-

<sup>125</sup> Jón Hjaltason, *Undir straumhvörfum*, bls.14-17.

<sup>126</sup> Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 1. Bréf dagsett 10. janúar 1913.

stræti auglýsti að þar væru alls konar veiðarfæri á boðstólum: „Komið, skoðið og reynið gæði og verð varanna.“<sup>127</sup> Það voru jafnvel dæmi um að menn reyndu fyrir sér með ýmsar nýjungar þar sem hætt var við að netin rifnuðu og skemmdust. Í frétt í *Suðurlandi* þann 12. janúar 1911 var því lýst hvernig hugvitsmaðurinn Ísólfur Pálsson notaði netasteina úr steinsteypu, „sem eru þannig gerðir, að með þeim er að fullu bætt úr þeim göllum, er því fylgdu að nota vanalegt grjót“.<sup>128</sup>

Steinar Ísólfur eru hnattmyndaðir. Stærð þeirra fer eftir möskvastærð netanna — steinarnir hafðir hæfilega stórir til þess að þeir smjúgi ekki gegnum möskvana — getur hann búið til steina fyrir ýmsar möskvastærðir, allt frá síldarnetum til selanóta.<sup>129</sup>

Það kom fram í blaðinu að Ísólfur væri byrjaður að framleiða þessa steina til sölu og margir á Eyrarbakka og jafnvel í Gullbringusýslu nýttu sér þá.<sup>130</sup>

Ekki gerðu þó haganlega steinsteypdir steinar gæfumuninn. Botnvörpungarnir sem veiddu upp við landið voru bátasjómönnum sérstaklega skeinuhættir. Veiðar erlendra togara voru ný útgerðaraðferð við Íslandsstrendur. „Fyrir því hefur almenningur hér, þar sem þyngstar búsifjar eru af yfirgangi botnvörpunga, jafnan fundið, að mesta nauðsyn er á, að sektin sé ákveðin minnst helmingi hærrí.“ Þannig ályktaði stjórn Fiskifélagsdeildarinnar í Garði þann 7. mars 1914.<sup>131</sup> Ekki var ástandið betra á Stokkseyri. „Nota menn bæði net og lóðir og er algengt að nokkurt tap verði á hvorutveggja, einkum eftir að botnvörpuskipin tóku að gerast svo nærgöngul sem nú er.“<sup>132</sup>



*Vestmannaeyjar 1910, mikil umsvif, fiskur og veiðarfæri um alla bryggju.*

Veiðarfæri hækkuðu mikið í verði á árum styrjaldarinnar miklu 1914–1918.<sup>133</sup> Samt sem áður létu menn ekki deigan síga. „Það mátti með tíðindum telja, að vertíðina 1916 byrja 3 formenn hér að veiða fisk í net,“ sagði Þorsteinn Jónsson þegar kom að útgerðarsögu Vestmannaeyja.<sup>134</sup> Þorsteinn bætti síðan við: „Þó að þessari veiðiaðferð væri í fyrstu lítið á loft haldið af frumherjum hennar, uku þeir þó útgerð sína og fleiri bættust við, þrátt fyrir mikla örðugleika á að ná

127 *Ægir*, 12. tbl., 6. árg., 1913, á kápu.

128 J.J., „Ný uppfinding“, *Suðurland* 12. janúar 1911, bls. 1.

129 J.J., „Ný uppfinding“, *Suðurland* 12. janúar 1911, bls. 1.

130 J.J., „Ný uppfinding“, *Suðurland* 12. janúar 1911, bls. 1.

131 Þ.F. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 1. Bréf dagsett 7. mars 1914.

132 Þ.F. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 1. Bréf dagsett 10. janúar 1913.

133 Guðmundur Jónsson, „Verslun og siglingar í heimsstyrjöldinni fyrri 1914-1918“, *Líftaug landsins: saga utanlandsverslunar 930-2010*, II. bindi, bls. 137-148.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 90.

134 Þetta voru Magnús Guðmundsson í Vesturhúsum, Stefán Guðlaugsson í Gerði og Gísli Magnússon í Skálholti. Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, bls. 200.

í nauðsynleg veiðarfæri ...“<sup>135</sup> Eftir stríðslok voru landsmenn lengi að rétta úr kútnum. Þann 1. ágúst 1919 sagði Björn Jónsson á Akureyri:

Aðal tilgangur minn með bréfi þessu til Fiskifélagsstjórnarinnar er að fara þess á leit við hana að útvega mér sem fyrst fyrir deildir hér prufur og verðlag á góðu hamplínuverki í útlandinu, svo hægt væri að gera pöntun héðan eftir þeirri vöru og fá hana sem krókaminnssta leið og kostnaðarminnssta til Eyjafjarðar.<sup>136</sup>

Björn bætti síðan við:

Ef Fiskifélagið sendir erindreka út ætti hann sem fyrst að geta útvegað upplýsingar um hvort betra væri að kaupa reknet 19 möskva og alin og önnur síldarnet svo og efni í lóðir og tauma.<sup>137</sup>



*Arngrímur Friðrik Bjarnason kaupmaður í Bolungarvík og kona hans Ásta Eggertsdóttir.*

Eftir því sem leið á árið 1919 harðnaði enn á dalnum hjá þeim sem fluttu inn veiðarfæri. „Er verð á veiðarfærum enn hækkandi og útlit fyrir að það haldist,“ sagði Arngrímur Fr. Bjarnason kaupmaður á Bolungarvík þann 17. september.<sup>138</sup>

<sup>135</sup> Þetta voru Magnús Guðmundsson í Vesturhúsum, Stefán Guðlaugsson í Gerði og Gísli Magnússon í Skálholti. Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, bls. 200.

<sup>136</sup> Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 2. Bréf dagsett 1. ágúst 1919.

<sup>137</sup> Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 2. Bréf dagsett 1. ágúst 1919.

<sup>138</sup> Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 2. Bréf dagsett 17. september 1919.

Allt frá árinu 1916 höfðu innflutningsvörur nefnilega hækkað um 50%.<sup>139</sup> Fyrir áramótin 1919 varð síðan „hið fræga krakk“ í síldarútflutningi þegar mikið verðfall varð á síldarafurðum og heyrðust raddir um að nauðsynlegt væri að auka innlenda netagerð.<sup>140</sup>

Sitthvað hafði reyndar verið á döfnni í innlendri netagerð liðin ár. Frá árinu 1914 hafði Jón Eyjólfur Bergsveinsson rekið netaverkstæði á Akureyri og var hann með alls 16 manns í vinnu árið 1917.<sup>141</sup> Hér má síðan sérstaklega minnst á Sigurjón Pétursson. Árið 1913 hafði Sigurjón farið til Bretlands þar sem hann kynnti sér útbúnað og meðferð á botnvörpum.<sup>142</sup> Eftir heimkomuna vann hann á netaverkstæði Th. Thorsteinssonar við Vesturgötu í Reykjavík. Þar kynnti hann samstarfsfólki sínu vinnubrögðin sem hann hafði lært í utanferðinni. Á verkstæðinu unnu þrír ungir karlmenn og þrjár stúlkur. Einnig voru börn sem voru vensluð viðkomandi þar við vinnu hluta af deginum við að þræða riðnálar sem notaðar voru við vörpugerðina. Voru vörpunar riðnar í mörgum hlutum og hafði hver einstaklingur sinn hluta að gera eftir vissu máli. Eftir þetta var varpan tjörguð þar sem gríðarstór pottur hékk á járnteinnum yfir eldi. Í pottinum sauð kolatjara og bullaði í sífellu og var varpan sett í pottinn og síðan hengd til þerris. Tjaran þornaði aldrei alveg í botni vörpunnar sem gerði að verkum að hún fúnaði síður. Þetta var sérstakt lag við framleiðsluna og voru þetta kallaðar Sigurjóns botnvörpur og urðu vinsælar á íslenskum markaði.<sup>143</sup> Sérstaklega jukust vinsældirnar eftir að útflutningsbann var á veiðivörum frá Noregi vegna stríðsins.<sup>144</sup> Sigurjón sleit síðan samstarfinu við Thorsteinsson árið 1915 og fór til Hollands að kynna sér helstu nýjungar í netagerð.<sup>145</sup>

Næst skal nefna Matthías Þórðarson erindreka Fiskifélagsins til sögunnar. Hann kynnti sér rekstur og tækjabúnað færaspunaverksmiðja í Noregi og möguleika þess að setja slíka verksmiðju upp á Íslandi.<sup>146</sup> Á fiskiþinginu 1915 fylgdi Árni Gíslason þessum hugmyndum eftir.<sup>147</sup> Þessu var hafnað og kom þar ýmislegt til og má vísa í eftirfarandi bréf í því sambandi:

Stjórn Fiskifélagsins er yður innilega þakklát fyrir hverju þér hafið getað komið til leiðar viðvíkjandi færaspunaverksmiðju hér á landi og getur vel sett sig inn í, að það hafi kostað yður miklar bréfaskriftir og



*Jón Eyjólfur Bergsveinsson sjó-, netagerðar- og síldarmatsmaður og erindreki Slysavarnafélags Íslands.*



*Matthías Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi.*

139 Gunnar Þór Bjarnason, *Þegar siðmenningin fór fjandans til*, bls. 193.

140 Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 2. Bréf dagsett 4. júní 1919.

141 Veturinn 1903 og 1904 hafði hann dvalið í Noregi til að kynna sér viðgerð síldarveidarfæra. Árið 1912 fór hann að bæta nætur fyrir Ottó Tulinius og í kjölfarið fór hann að reyna fyrir sér með eigin rekstur. Helgi Guðmundsson, *Nót, sveinafélag netagerðarmanna, 50 ára*, bls. 50.

142 Eins og kunnugt er eignuðust Íslendingar sinn fyrsta botnvörpung, Jón forseta, árið 1907 og fljótt fleiri. Jón Þ. Þór, *Ránargull*, bls. 124-126.

143 Höfundur ókunnur, „Heima, netaverkstæði Th. Thorsteinssonar“, *Ægir*, 1. töl., 7. árg., 1914, bls. 9.

144 *Löggrétta* 8. desember 1915, bls. 202. Gunnar Bjarnason, *Þegar siðmenningin fór fjandans til*, bls. 170-175.

145 Höfundur ókunnur, „Nýr innlendir iðnaður“, *Ægir*, 11. töl., 8. árg., 1915, bls. 162.

146 *Skýrsla Fiskifélags Íslands 1915-1917*, bls. 30.

147 „Fiskiþing Íslands 1915“, *Ægir*, 6-7. töl., 8. árg., 1915, bls. 82.

fyrirhöfn, að koma þessu á þann rekspól, sem nú er orðið. Þótt nú stjórn Fiskifélagsins hafi einlægán áhuga á því, að hrinda þessu máli áfram, svo fljótt sem auðið er, þá treystir hún sér ekki að hefja hlutaútboð á þeim grundvelli, sem þegar er fenginn, sökum þess að vér höfum ekki í höndum ýmsar upplýsingar um atriði, sem hafa stóra þýðingu fyrir þetta málefni.

Viðvíkjandi vélum er það að segja, að vélar þær, sem þessi verksmiðja í Noregi hefur fyrirbyggjandi og vill láta af hendi, um þær vantar allar upplýsingar, sérstaklega það, hvort þetta eru brúkaðar vélar eða nýjar og af nýjustu gerð.

Eftirfarandi skipti einnig miklu máli og hafði áhrif á niðurstöðuna:

Bréf yðar skiljum vér svo, að vélar þessar eigi að rekast með gufuafli, en nú eru mikil líkindi til, að hér verði reist rafmagnsstöð í náinni framtíð og er nú maður frá Noregi að mæla vatnsaflíð í ánum í því augnamiði. Skyldi nú þessi rafmagnsstöð komast á, virðist oss sjálfsgagt að nota það afl til rekstursins.<sup>148</sup>

Nú kom hins vegar til kasta fyrrnefnds Sigurjóns Péturssonar. Hann vissi um stað þar sem hægt var að nýta vatnsaflíð til veiðarfæragerðar. Það var á verksmiðjувæðinu við Varmá í Mosfellssveit.<sup>149</sup> Árið 1917 hafði hann keypt klæðaverksmiðjuna þar, Álafoss, ásamt tveimur öðrum aðilum. Þar var hann með áform um að byggja upp verksmiðjur sem einbeittu sér að netagerð samhliða klæðagerðinni. Stríðið varð Sigurjóni hins vegar að nokkru fótakefli. Á útmánuðum árið 1918 reyndi hann að flytja seglgarn í botnvörpu (e. *trawl twine*) til landsins en var hafnað.<sup>150</sup> Á þessum árum stjórnöðu bresk yfirvöld allri utanríkisverslun á Íslandi eins og kunnugt er.<sup>151</sup>

Árið 1919 urðu síðan merk tímamót í rekstri Sigurjóns. Eftirfarandi sagði hann í bréfi til stjórnar Fiskifélags Íslands:

Ég hefi þá ánægju að tilkynna yður að þorskanetavél sú sem ég hefi verið að ná í síðustu 2 ár, kemur nú loksins í september næstkomandi. Sömuleiðis fæ ég vélar, sem hnýta síldarnet af öllum stærðum.

148 Þ.Í. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 2. Bréf dagsett 6. júlí 1916. Þess má reyndar geta að fiskideildirnar héldu sín fjórðungsþing árið 1917 og þar voru hugmyndir tengdar færaspuna á dagskrá. Höfundur ókunnur, „Fjórðungsþing Vestfirðinga“, *Ægir*, 4-5. tbl., 10. árg., 1917, bls. 58. Höfundur ókunnur, „Fjórðungsþing Sunnlending afjórðungs“, *Ægir*, 6. tbl., 10. árg., 1917, bls. 73.

149 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 377.

150 Þ.Í. Þjóðskjalasafn Íslands, Stjórnarráð Íslands - II. skrifstofa 0000-011 | D/10 Örk: Sjá bréf 6. maí 1918.

151 Sólrún B. Jónsdóttir, *Ísland á bresku valdsvæði 1914-1918*.



Það að vélar þessar koma hingað til landsins, vona ég að sé gleðiefni, því handaflíð er orðið svo dýrt að við verðum að láta vélaflíð vinna. Þessa framför í innanlands iðnaði vona ég að þér styðjið af allhug og látið mig skaffa yður öll þau síldarnet sem þér þurfið að nota.<sup>152</sup>

*Netagerð Sigurjóns  
Péturssonar er  
kenndur var við  
Álafoss. Þessi mynd  
er tekin í Laugarnesi,  
Sigurjón er fimmti  
frá hægri.*

Eftir að þorskanetavélin hafði verið í notkun í nokkrar vikur birtist eftirfarandi frétt í *Morgunblaðinu*:

Vélin hnyttir 10 net, af venjulegri breidd, samtímis og eru „handbrögð“ hennar furðuleg, einkum þegar hún hnyttir möskvahnútana.

<sup>152</sup> Þ.Á. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 3. Bréf dagsett 29. júlí 1919.

Uppistaðan er 250 þræðir og rekjast þeir af snældum, sem eru bak við vélina, en að framan eru jafnmargar spólur og hnýtast þræðirnir frá þeim við uppistöðuþræðina. Með 11 tíma vinnu á sólarhring hnýtir vélin heila netalengd, eða 10 net af venjulegri breidd á dag. Afl til vélarinnar kemur frá túrbínu tóvinnuhúsanna.<sup>153</sup>



*Frá iðnsýningunni 1920, botnvarpa Sigurjóns fest upp í loftið.*

Í vélinni var einnig mögulegt að hnýta síldar- og silunganet.<sup>154</sup> Sumarið 1920 var Sigurjón síðan hvatamaðurinn að fyrstu iðnsýningunni á Íslandi í Báruhúsinu. Sýningin var vel sótt og þar var margt að sjá, meðal annars botnvörpu Sigurjóns sem var ólík þeim ensku;<sup>155</sup>

höfuðlínan yfir vörpuopinu er bogadregin en ekki þversneidd og hættir vörpunni síður að fara í kaf með því lagi. Vörpubelgurinn er 40 fet, en á öðrum vörpum er hann oftast nær miklu styttri, og er hann riðinn úr fjórtvinnuðu snæri einföldu. Pokinn er 24 feta langur og riðinn úr sama garni tvöföldu. Varpan er öll 192 fet á lengd.<sup>156</sup>

Einnig voru á sýningunni felld og ófelld síldar- og þorskanet. Felldu netin voru útbúin með gler- og netakúlum frá Ísólfi Pálssyni sem hann fékk einkaleyfi á nokkrum árum fyrr og höfðu reynst vel. Einnig ber þess að geta að felldu netin

<sup>153</sup> *Morgunblaðið* 12. maí 1920, bls. 1.

<sup>154</sup> Höfundur ókunnur, „Iðnaðarfyrtæki og vörusýning Sigurjóns og Einars Péturssona“, *Sindri*, 1. tbl., 1. árg., 1920, bls. 43.

<sup>155</sup> Hann sýndi líka ullarvöru, dúka og fatnað úr framleiðslu Álafoss. *Tíminn* 14. ágúst 1920, bls. 128.

<sup>156</sup> *Morgunblaðið* 5. ágúst 1920, bls. 1.



voru öll riðin í netavélinni á Álafossi.<sup>157</sup> Ekki höfðu þó allir tileinkað sér vélaraffið á þessum árum. Þann 30. september árið 1920 mátti sjá í *Morgunblaðinu* frétt um starfsemi netavinnustofunnar Liverpool. Í fréttinni sagði að allt væri handunnið á verkstæðinu. Nótahlutarnir væru búnir til og þræddir saman og tæki einn mann um 7–8 daga að koma upp einni nót. Þar sagði að yfirleitt myndu 10–12 manns vinna á verkstæðinu yfir árið, aðallega kvenfólk. Vinnustofan fengi efni í lagnæturnar frá Englandi og væri mikið lagt upp úr að fá sem best hráefni.<sup>158</sup>



*Trésmiðjan  
Völundur á horni  
Skúlagötu og  
Klapparstígs.*

Einn þeirra sem hafði látið til sín taka í netagerðinni var Björn Benedikts-son. Árin 1916–1917 hafði hann unnið hjá Jóni Bergsveinssyni á Akureyri. Árið 1918 flutti hann til Reykjavíkur og var í fyrstu verkstjóri á netaverkstæði H.P. Duus. Eftir það var hann hjá Sigurjóni Péturssyni og síðar á netaverkstæðinu Liverpool áður en hann setti upp eigið netaverkstæði í húsakynnum Völundar við Klapparstíg. Þar byrjaði Björn að hnýta og „fixa“ botnvörpur. Smám saman fjölgaði hann fólkinu og hóf hann að fella þorskanet á útlendar slöngur árið 1925, ásamt því að hefja viðgerðir á síldarnetum og snurpunótum sem varð umfangsmesta starfið á netaverkstæði hans.<sup>159</sup> Fleiri létu til sín taka. Í byrjun árs 1925 hóf fyrsta netaverkstæðið starfsemi í Hafnarfirði. Stofnendur voru Guðmundur Ólafsson frá Byggðarenda í Hafnarfirði og Sveinn Jónsson bátismaður í Halldórshúsi í Hafnarfirði. Á þessum árum var bæði unnið með troll og síldarnætur í fyrirtækinu.<sup>160</sup>

Fiskifélag Íslands lét sig margt varða þegar kom að vexti og viðgangi netagerðar, þar á meðal börkun veiðarfæra sem skipti miklu máli fyrir endingu þeirra. Þáverandi forseti félagsins, Sveinbjörn Egilsson, hafði samband við Lars Pihl Johannesson í Bergen sem var framkvæmdastjóri fyrirtækis sem hafði einkaleyfi á nýuppötuvuðu börkunarefni. Fiskifélagið fékk sýnishorn og reyndi að koma upplýsingum um notagildi efnisins til útgerðarmanna en með misjöfn-um árangri.<sup>161</sup>

<sup>157</sup> *Morgunblaðið* 5. ágúst 1920, bls. 1.

<sup>158</sup> *Morgunblaðið* 30. september 1920, bls. 3. Th. Thorsteinsson (1856–1914) hafði stofnað netaverkstæðið Liverpool og séð um reksturinn á upphafsárum fyrirtækisins. *Sunnanfari* 11. nóvember 1914, bls. 82.

<sup>159</sup> Helgi Guðmundsson, *Nót, sveinafélag netagerðarmanna, 50 ára*, bls. 51.

<sup>160</sup> *Alþýðublað Hafnarfjarðar* 18. desember 1964, bls. 12.

<sup>161</sup> Þf. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 3, Bergen 17. júní 1920, bréf frá Lars Pihl Johannesson. Höfundur ókunnur, „Tarcat“, *Ægir*, 4.-5. töl., 13. árg., 1920, bls. 56. Höfundur ókunnur, „Áburður á veiðarfæri og segldúk“, *Ægir*, 12. töl., 22. árg., 1929, bls. 266.

Árið 1922 hafði Jón Bergsveinsson verið valinn forseti Fiskifélags Íslands. Strax eftir fiskiþingið 1922 höfðu nokkrir menn skotið á fundi að áeggjan Jóns þar sem markmiðið var að afla fjár til að stofna innlenda færaspunaverksmiðju. „Hefði fjölda manna út um land verið sent boðsbréf til þátttöku í þessum félagskap en undirtektir verið daufar og engar niðurstöður fengist.“<sup>162</sup> Málið komst aftur á dagskrá á fiskiþinginu 1925. Þar mæltist framsögumaður málsins, Kr. Jónsson, til þess að innlendir aðilar tækju að sér rekstur innlendrar færaspunaverksmiðju.<sup>163</sup> Í ræðu sinni vísaði hann í greinargerð Sigurjóns Péturssonar. Sigurjón hafði áætlað að stofnkostnaður væri um 200.000 kr. og rekstrarkostnaður nokkru hærri. Jón Bergsveinsson dró heldur úr væntingum og sagði að þrátt fyrir að mikið væri flutt inn af veiðarfærum til landsins, þá hefði nýttisku færaspunaverksmiðja ekki nóg að gera allt árið, því margir innflutningsaðilar hefðu unnið sér sess á markaðnum. Geir Sigurðsson vildi skoða málið betur og lagði áherslu á hagræðinguna sem hlytist af því að flytja sem mest af starfseminni inn í landið og nefndi hann sérstaklega „að með innlendri verksmiðju kæmi öll greiðsla fyrir verklaun inn í landið“.<sup>164</sup>

Menn héldu að sér höndum og ýmislegt var tekið í arf frá 19. öldinni. Þrátt fyrir vélvæðinguna í upphafi 20. aldar voru skútur gerðar út fram á þriðja áratug aldarinnar. Yfirleitt voru skúturnar á vertíðinni með frysta beitusíld að heiman og voru þær flestar útbúnar með kæliklefa í lestinni.<sup>165</sup> Á flestum vestfirskum skútum var notast við net til að ná í beitusíld til viðbótar. Um var að ræða 1–3 síldarnet.

Seinni partinn í júlí og ágúst var eiginlega þýðingarlaust að skaka á nóttunni. Þá var látið drífa með þessi net. Þau voru sett í sjóinn, og svo var skipið látið drífa fyrir þessu yfir nóttina. Svo voru netin dregin snemma á morgnana, svona kl. 4 og síldin þá tekin úr, ef hún var einhver. Íðulega sem að líka fór að vaða kannski síld í kringum skipið, þá voru þessi net sett út. Báturinn settur út og róið með netið frá og reynt að koma síldinni í það.<sup>166</sup>

Því næst þurfti að sigla inn á Vestfjarðavíkur og ná í snjó til að kæla síldina. Þá var best að sigla inn á Aðalvík, þar sem gamall sandorpinn snjóskafl var við ármynni.<sup>167</sup> Margt annað minnti á gamla tíma. Eftirfarandi skrifaði Gunnar Magnússon frá Reynisdal í Mýrdal í *Sjómannaþláðið Víking* árið 1970:

<sup>162</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1924-1925, bls. 31.

<sup>163</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1924-1925, bls. 31.

<sup>164</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1924-1925, bls. 31.

<sup>165</sup> Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, Handfæraveiðar á skútum, 44. Nr. 5747. ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)).

<sup>166</sup> Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, Handfæraveiðar á skútum, 44. Nr. 5434. ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)).

<sup>167</sup> Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, Handfæraveiðar á skútum, 44. Nr. 5747. ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)).



*Aðalvík að vetri til,  
myndin er tekin í  
norður frá Sæbóli.*

Þorskanet voru á tímabili í notkun á árabátum í Mýrdal, aðallega var það í Vík og Reynishöfn. Um og fyrir 1920 voru þau á flestum áttæringum í nefndum veiðistöðum og fékkst mikill afli í þau sumarvertíðir. Netin voru handhnýtt á heimilum bændanna, úr þorskanetagarni, sem selt var í verslunum í Vík. Venjulega voru það tveir menn, sem hnýttu slönguna, hvor til síns enda, gekk sú iðja vel, og voru þeir undrafljótir að þessu verki. Þessi vinna við netin var öll unnin í félagi við hvert skip, menn söfnuðust saman á bæjunum sem lágu næst sjónum, og þar fór þessi iðja fram. Þá er búið var að hnýta slönguna, tóku aðrir við að fella netið, í teina, var venjulega notuð sex punda lína í efri tein, en í neðri teininn var notað tóg, sennilega einnartommu, sem kallað var, eða venjuleg reipalína. Netakúlurnar voru fengnar af fjörum rekajarða, austan Mýrdalssands, og vestan. Mig minnir, að verzlarnir hafi keypt þær af rekabændum, og síðan selt þær til þeirra sem gerðu út með net í Mýrdal. Þær voru ýmist með pokaneti um sig, eða netlausar. Væri svo, þá hnýttu sjómennirnir þokann utan um þær. Voru þær síðan festar við efri tein netsins, og bilið milli þeirra, venjulega einn faðmur, eða sem sagt 30 kúlur á net, því netin voru venjulega 30 faðma löng, felld. Netasteinarnir voru tíndir í fjörum; var þar nóg af sæbörðum steinum af þeirri stærð sem notuð var. Það var klöppuð hola í steininn, og var svo hafður snæris-hanki, sem var stungið niður í holuna, endunum, og síðan rekinn í gatið trétappi.<sup>168</sup>

168 Gunnar Magnússon, „Síðasti netaróðurinn frá Reynishöfn“, *Sjómannablaðið Vikingur*, 4. töl., 32. árg., bls. 108.



Oft var netagerð heimilisiðnaður. Hér eru börn Guðmundar Kristjánssonar netagerðarmanns í Vestmannaeyjum að vinna við veiðarfæri á heimili sínu að Faxastíg 27. Frá vinstri: Rannveig, Guðný og Grétar.

Sveinbjörn Egilsson skrifaði athyglisverða grein í *Ægi* árið 1926. Hann sagði að netagerð hefði um langt árabil verið heimilisiðnaður á Íslandi og væri það ennþá í miklum mæli. Það þyrfti að fá hingað til lands fleiri nýtskulegar vélar til að framleiða kaðla, línur og net á báta landsmanna. Hann leitaði nákvæmra upplýsinga um hentugar vélar bæði hvað varðaði verð og framleiðslugetu hjá netafyrirtækjum á Bretlandseyjum sem höfðu starfað allt frá byrjun 19. aldar. Það kom fram í svörum þeirra að mesti vandinn á Íslandi yrði áfram skortur á hráefnum til framleiðslunnar. Einnig þyrftu Íslendingar að athuga að það þyrfti sérstakar vélar til að framleiða netgarn, ólíkar þeim sem væru notaðar við færspuna. „Þar við bætist, að kaðlar þeir og færi, sem þér þurfið, eru gerðir bæði úr hörðum og mjúkum hampi og það útheimtir að öllu leyti sérstakar vélar, ef verkið á að koma að fullum notum.“<sup>169</sup> Þrátt fyrir fyrrnefnd orð Sveinbjarnar reyndu ýmsir að koma með tækninýjungar hvað varðaði netaveiðar. Þann 11. september 1926 birtist grein í *Framtíðinni* um íslenskan hugvitsmann, Ágúst Benediktsson.

Hann hefir fundið upp rafmagnsljós fyrir botnvörpur, línur og þorskanet og er hann nú að fá einkaleyfi á þessum hugmyndum sínum. Botnvörpuljós hugsar hann sér að hafa bæði í völtunum (bobbins) og hlerunum


<sup>169</sup> Sveinbjörn Egilsson, „Veiðarfæra- og kaðlaspuna-vélar“, *Ægir*, 5. tbl., 19. árg., 1926, bls. 77.

og hefir skipstjórum þeim, er séð hafa, litist vel á hugmyndina og hvernig ljósunum er fyrirkomid. Ljós á línur og net verða fest á þininn og hyggur Ágúst að nægja muni að hafa þriðja hvert net eða línu upplýst, en að þá sé það þannig, að þrjár séu lagningar samhliða, og ljóslagningin í miðju. Verður því aukinn útgerðarkostnaður af þessu hverfandi lítill. Býst upp-götvarinn við því, að hvert línu- og netljós muni kosta um 100 krónur, og nægja muni að hafa þrjú ljós á hverri „trossu“.<sup>170</sup>



Ágúst Benediktsson  
vélstjóri og  
hugvitsmaður.

Á heimsstyrjaldarárunum fyrri fór ný tegund skipa, togarar, að stunda síldveiðar. Útgerð þessara skipa var nokkuð umfangsmikil á þriðja áratug 20. aldar en síðan fór að draga úr veiðum skipanna. Þar kom tvennt til, skipin fóru að týna tölunni vegna aldurs og vélbátarnir sem komu fram á sjónarsviðið þóttu henta vel til síldveiða. Stórir bátar, línuveiðarar sem voru 30–40 brúttólestir og jafnvel stærri, stunduðu einnig síldveiðar. Stundum voru tveir eða þrír saman um nót með síldarskipinu og þá ýmist kallaðir tví- eða þrílembingar. Herpinótin þótti merkilegt veiðarfæri og miklu fengsælla en reknetin. Þannig lýsir Vil-hjálmur V. Gíslason henni í riti sínu *Sjómannasaga*:



Uppdráttur, er sýnir aðalfyrirkomulag herpinótar.

*Herpinót, teikning Pétur Pétursson.*

Hún er smáriðið, stórt og vítt net, misstór eftir stærð skipanna, frá 150 til 230 faðma langt og 24 til 38 faðma breitt eða djúpt. Í efri brúninni,

<sup>170</sup> Það fylgdi þessari umfjöllun að fiskurinn í sjónum myndi bregðast skjótt við ljósinu og fylgja því. *Framtíðin* 11. september 1926, bls. 1-2.

eða teininum sem heldur henni upp, er kork í þéttum flám, en blýsökkur í neðri brún. Á henni eru einnig hringir, sem langur, laus kaðall getur leikið um og lokað nótinni með því að herpa hana saman í botninn.<sup>171</sup>

Vilhjálmur heldur síðan áfram:

Nótabátarnir, sem fylgja síldarskipinu, varpa út nótinni, þar sem síldartorfu er von, og breiða nokkuð úr henni og róa bátunum síðan á sína hönd hvorum og fara hálfhring umhverfis torfunu og loka hana í lögninni með því að láta nótina lykjust eins og sívalning utan um hana. Síðan er byrjað að herpa nótina, draga saman neðra borðið og loka þannig botni nótarinnar, svo að hún verður eins stór háfur eða skál. Síldarskipið leggst að nótabátunum og síldin er háfuð upp úr nótinni inn í skipið.<sup>172</sup>

*Verið að gera við síldarnót á bryggjunni á Ísafirði. Frá vinstri: Sigurlaugur Þ. Sigurlaugsson, Viggó Guðjónsson og Guðmundur Sveinsson.*



171 Vilhjálmur V. Gíslason, *Sjómannasaga*, bls. 536.

172 Vilhjálmur V. Gíslason, *Sjómannasaga*, bls. 536-537.



*Pétur Pétursson að vinna í nót á Siglufirði.*

Í upphafi var herpinótin flutt inn fullbúin frá útlöndum. Síðsumars árið 1911 fór skip í fyrsta skipti á síldveiðar með herpinót frá Ísafirði og var það gufubáturinn „Ásgeir litli“ sem nýttist í það.<sup>173</sup> Fyrsta herpinótin var sett upp árið 1924 á Ísafirði, nánar tiltekið í fiskhúsinu á Hauganesinu. Sveinn Guðmundsson á Góustöðum var með vinnuástöðu og hjálpaði Pétur Pétursson honum við verkið. Pétur nefndi að slangan hefði komið hefuð saman og reiknaði hann út fellingar á nótinni og annað slíkt. Guðmundur smíðaði síðan kork úr plötum og negldi þær saman með trénoðlum og gerði gat og raufar í fyrir teininn.<sup>174</sup>

Árið 1922 hafði Pétur Pétursson byrjað að vinna við herpinætur.<sup>175</sup> „Það eru sjómansstörf mín sem „netamaður“ á síldveiðiskipum í samfleytt 8 ár er gáfu mér besta þekkingu á herpinótinni sem veiðarfæri.“<sup>176</sup> Hann bætti síðan við: „Ég var þó svo heppinn, að þær breytingar mínar, er framkvæmdar voru á nótunum, lánuðust oftast vel og stundum ágætlega, enda urðu þau skip, er ég var á, aflasæl og oft með þeim aflahæstu.“ Á árinu 1929 tókst samvinna með Pétri og nafna

173 *Vestri* 12. ágúst 1911, bls. 139.

174 Föðurnafn Guðmundar er óþekkt. Viðtal Magna Guðmundssonar við Pétur Pétursson. Gögn frá Magna Guðmundssyni.

175 Hann byrjaði í netagerð árið 1920. Þá vann hann með síldarnet (reknet) og síldarnætur. Þegar landnætur eru notaðar eru nótirnar lagðar frá landi í sveig fyrir veiðina og nótinni lokað með því að draga báða endana að landi. Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 91.

176 Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 91.

hans Pétri Njarðvík þegar þeir unnu báðir hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga. Sá síðarnefndi hafði verið „nótabassi“ á síldveiðum, „en svo er sá maður kallaður er öllu ræður á síldveiðiskipinu um veiðiaðferðina og veiðarfærið“.<sup>177</sup> Markmið þeirra var að herpinætur Samvinnufélagsins væru sem best útbúnar. Þeir færðu síðan út kvíarnar og settu upp allar herpinætur á Vestfjörðum og einnig víðar um landið.<sup>178</sup>

Áður fyrr þekktist ekki, að nokkrar verulegar endurbætur eða breytingar á nótum um veiðitímann fengjust unnar, aðrar en nauðsynlegustu viðgerðir er nótin rifnaði, sem þá var oftast unnin um borð í skipunum. Menn urðu að baslast við veiðarfærið í sama ástandi og þeir byrjuðu með það allan veiðitímann og fóru þá algjörlega á mis við þær endurbætur, sem nú er algengt að gera í byrjun veiðitíma, er herpinætur reynast óveiðnar eða ómögulegar.<sup>179</sup>

Það sést í eftirfarandi auglýsingu í *Íslendingi* að boðið var upp á viðgerðir á netum á Siglufirði árið 1927. Þessi þjónusta þótti nauðsynleg í hinum stækkandi síldveiðibæ.

Ég undirritaður hefi ákveðið að reka stórt netaverkstæði hér á Siglufirði í sumar. Tek því að mér aðgerð og uppsetningu á reknetum. Sömu leiðis aðgerð á herpinótinni. Ættu því útgerðarmenn sem fyrst að semja við mig fyrir báta sína og skip. — Vönduð vinna. — Fljót afgreiðsla. — Lágð verð. Kr. Jónsson, Suðurgötu 12, Siglufirði.<sup>180</sup>

Þegar svona var komið fannst mörgum mikilvægt að efla þekkingu manna á netum og netagerð. Árið 1928 fékk Magnús Guðmundsson kaupfélagsstjóri á Flateyri styrk fyrir kennara til halda námskeið fyrir sjómenn í netagerð og sjóvinnu. Heimamenn gátu útvegað húsnæði og efni en Magnús bað Fiskifélagið um viðbótarstyrk fyrir ýmsa umsýslu. Fiskifélagið var mjög jákvætt og veitti 300 króna styrk.<sup>181</sup> Námskeiðið var síðan haldið dagana 7. janúar til 10. febrúar 1929. Alls voru nemendurnir 31 og sáu skipstjórnarnir Ásgeir Torfason og Sveinn Kr. Sveinsson um kennsluna og fiskideild Fiskifélagsins á Flateyri (Hvöt) um framkvæmdina.<sup>182</sup> Sama ár fékk Jóhann Gíslason einnig styrk til að halda námskeið í Reykjavík í netaviðgerðum og bætingum, einkum hvað

177 Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 91.

178 Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 92.

179 Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 92.

180 *Íslendingur* 22. júlí 1927, bls. 4.

181 Þf. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 5, 21. nóvember 1928.

182 Jón Eyjólfsson, „Verklept sjómanna námskeið á Flateyri“, *Ægir*, 4. töl., 22. árg., 1929, bls. 81. *Vesturland* 27. janúar 1938, bls. 14.




snerti botnvörpur og útbúnað þeirra.<sup>183</sup> Í þessu sambandi má ekki gleyma að margt ungt fólk hafði kynnst hefðbundnum handbrögðum við netavinnu frá blautu barnsbeini víða í sjávarplássum landsins. Tómas Þorvaldsson lýsti því í æviminningum sínum hvernig hann sem ungur strákur í Grindavík á fjórða áratug 20. aldar kom að vinnu við undirbúning vetrarvertíðar;



*Tómas Þorvaldsson útgerðarmaður í Grindavík til vinstri og Hafsteinn Sæmundsson útgerðarmaður frá Bjargi.*

hún hófst jafnan á kyndilmessu, 2. febrúar og endaði á lokadaginn, 11. maí. Skipin gengu til línuveiða, netaveiða, og einnig handfæraveiða, og það var mikil vinna við að undirbúa veiðarfærin. Yfirfara þurfti lóðir, hreinsa allan óþverra af ásnum, til dæmis slitrur af gömlum taumum, laga króka og fægja þá og jafna bilið á milli þeirra. Þetta verk var unnið heima á bæjunum, og við krakkarnir tókum þátt í því. Einnig voru öll net hnýtt þar. Byrjað var að láta okkur börnin vinda garnið á nálar, og tíu ára gamlir vorum við strákarnir flestir búnir að læra að ríða net og farnir að gera það óspart.<sup>184</sup>

Á vetrarvertíð voru flestir togarar á þorskveiðum fyrir Suður- og Vesturlandi og við norðanverða Vestfirði. Veiðigeta togaranna var mikil og var nauðsynlegt að áhöfnin sýndi snör handtök og kynni vel til verka. Bátismaðurinn hafði umsjón með veiðarfærunum en auk þess urðu hásetar að kunna allar splæsingar, bæði á tógi og vír.



*Botnvarpa.*

<sup>183</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1928-29, bls. 5.

<sup>184</sup> Gylfi Gröndal, *Æviðagar Tómasar Þorvaldssonar útgerðarmanns*, bls. 67.

Veiðarnar gengu þannig fyrir sig: Skipstjóri kallaði skipun: „Út með trollið!“ Þá voru stýrimaður og bátsmaður við spilið. Tveir hásetar voru við forgálgann, 2 við afturgálgann, 1 við forgilsinn, annar við afturgilsinn. Trollið var látið út og hlerar hífðir í gálga. Trollinu var slakað út 25 faðma. Þá var trollið skverað, þangað til skipstjóri kallaði: „La gó!“ Þá var slakað út vír sem var þrisvar sinnum dýpið. Þá var vír með krók á húkkað á forvírinn og tekið í blökkina sem var aftast á skipinu. Vírarnir teknir saman upp í blökkina. Þar voru þeir þangað til sagt var: „Híf upp.“ Þá eru vírarnir losaðir úr blökkinni og trollið híft inn. Hlerarnir koma í gálgana, en losaðir frá trollinu og híft í grandarana. Hlerarnir eru þá 25 m frá trolli. Grandararnir eru hífðir inn, rópurnir losaður úr rossinu og aftur- og forrópur hífðir inn. Róparnir liggja á milli höfuðlínu og fótrepis að utanverðu og loka trollinu. Húkkað er í sigurnagla sem er neðst í rópnum, gilsunum er húkkað í korterinn og miðja trollsins kemur inn. Netið er dregið inn og stroffu slegið á belginn og híft í. Fer eftir því hve mikið er í trollinu hvort þarf að skipta því. Ef þarf að skipta því er gilsinum húkkað í stertinn og pokinn hífður fram með skipinu. Þar er blökkinni húkkað í gjörðina og pokinn hífður inn. Þegar pokinn kom inn leysti pokamaðurinn frá. Yfirleitt var fiskað allan sólarhringinn, ekki gert hlé nema ef rifnaði.<sup>185</sup>



*Svona bátur og búnaður var notaður í upphafi dragnótaveiða, næturnar voru með allt að átta metra vænghaf og skektan var tveggja manna far.*


Það kom fram í ársskýrslu Fiskifélags Íslands árið 1927 að Íslendingar gengju ekki eins vel um veiðarfæri sín og nágrannaþjóðirnar. Jafnvel var því haldið fram að reknet og hringnætur myndu endast þrisvar til fjórum sinnum lengur hjá Norðmönnum en á Íslandi. Þetta var bæði sök sjómanna og útgerðarmanna sem hirtu lítið um netin. „Oft og einatt eru þau látin liggja í kös á þilfarinu, lítt söltuð og sjaldan eða aldrei þurkuð yfir sumarið. Þegar veiðum hættir vanrækja flestir útgerðarmenn að lita net sín. Slík meðferð eyðileggur þessi veiðarfæri langtum fyrir en vera þyrfti.“<sup>186</sup> Nefnd

um þessi mál lagði því til að komið yrði á fót litunarstofum í veiðiplássum og var erindrekkum Fiskifélagsins falið að koma því um kring að stofurnar yrðu stofnaðar.<sup>187</sup> Í kjölfarið gerði Fiskifélagið tilraunir með fúaverjandi börkunarefni í Reykjavíkurhöfn. Höfnin þótti reyndar ekki heppilegur staður til að gera þessar tilraunir sökum þess hve mikið var af ýmsum áburðarefnum í sjónum, einnig skólþ og vatn úr Reykjavíkurtjörn.

<sup>185</sup> Þjóðháttafagn þjóðminjasafns Íslands, Lífnaðarhættir í þéttbýli II, 49. Nr. 6418.

<sup>186</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1926-27, bls. 78.

<sup>187</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1926-27, bls. 78-79.



*Róið var með dragnótina í hring, festur í landi annar vængurinn og hinum róið að landi aftur, því næst voru báðir vængir dregnir á höndum að landi.*

Þess vegna var brugðið á það ráð að halda áfram með tilraunina í Skerjafirði. veiðarfærin voru tekin í land á hálfmánaðar fresti og styrkleiki þráðanna mældur með Shaffers-mælitæki. Tilraunirnar voru í höndum Árna Friðrikssonar og Þorsteins Loftssonar. Tilraunirnar þóttu nokkuð afmarkandi og var talið nauðsynlegt að framkvæma þær við fjölbreyttari aðstæður og með ólíkum efnum, s.s. hampi og bómull. En fjárveitingar skorti.<sup>188</sup>

## 2.2 Dragnót

Dragnótin var dönsk uppfinning. Það var árið 1848 sem Jens Væver, danskur sjómaður, fann upp nýja veiðiaðferð með strandnót. Hann reri út með nótina og kastaði henni í hring og lagði svo út akkeri til að festa bátinn og dró svo tógin og nótina að bátinum. Þar með var komin dragnót. Þessi veiðiaðferð náði fljótt útbreiðslu frá Limafirðinum þar sem hún var fyrst reynd.<sup>189</sup> Það var síðan á árunum kringum 1880 að dragnótin komst í það álit sem hún síðan hefur haft sem veiðarfæri. Þá byrjuðu stór þilskip að veiða með dragnót í Skagerak og Kattegat og stunduðu mest skarkolaveiðar. Gnægð kola var á þessum slóðum og einnig í Norðursjónum og leið ekki á löngu þar til einnig var farið að veiða með dragnót þar.<sup>190</sup>

Dragnótin sjálf greinist í belg og vængi, alveg eins og botnvarpa, en sá er munurinn, að belgurinn í dragnótinni er hlutfallslega styttri og vængirnir miklu lengri en í botnvörpunni. Nótin er gerð úr vöðfelldu baðmullargarni í vængjunum, en lítið eitt sterkara í belgnum. Vængirnir mynda vanalega um tvo þriðju hluta af lengd vörpunnar, en belgurinn nemur þriðjungu lengdar, eða varla það.<sup>191</sup>

<sup>188</sup> Skýrsla Fiskifélags Íslands 1930-31, bls. 18-19.

<sup>189</sup> Lárus Pálmason, *Veiðitækni, námsefni í veiðitækni ásamt verkefnum*, bls. 56.

<sup>190</sup> Höfundur ókunnur, „Fiskveiðar Dana“, *Ægir*, 8. tbl., 24. árg., 1931, bls. 154.

<sup>191</sup> Árni Friðriksson, „Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin“, *Náttúrufræðingurinn*, 3-4. tbl., 2. árg., 1932, bls. 50.



*Bjarni Þorkelsson  
skipasmiður og  
Árni Friðriksson  
fiskifræðingur.*

Skömmu eftir aldamótin 1900 kynntust Íslendingar dragnótaveiðum. Bjarni Þorkelsson skipasmiður kynnti sér veiðarnar á ferðum sínum um Jótland 1906 og 1910, en þá voru dragnætur aðeins notaðar við kolaveiðar. Hann keypti nokkru síðar dragnót frá Helsingør-nóta-verkstæðinu og reyndi veiðarfærið með Páli Einarssyni frá Hvassahrauni á skarkolaveiðum í Viðeyjarsundi.<sup>192</sup>

Fleiri létu þó til sín taka. Þann 1. apríl 1913 skrifaði Kr. Hjaltason bréf til stjórnar Fiskifélags Íslands þar sem hann fór þess á leit að hún veitti honum

nægilegan styrk til þess að fullgera og fá reyndar dragnætur þær, er ég hefi búið til og áður sýnt stjórn F.Í. og eru sýnishorn þeirra enda hjá einum stjórnarmanna.<sup>193</sup>



*Gísli Johnsen  
konsúll.*

Í *Morgunblaðinu* þann 8. janúar 1922 sagði að Gísli Johnsen konsúll hefði reynt fyrir sér með dragnótaveiðar við Vestmannaeyjar að danskri fyrirmynd. Hann nefndi að þegar dragnótin væri notuð sparaðist vinna við að beita lóðirnar, og hann bætti við: „Við hvern vélbát, sem veiði stundar, með þeim tækjum, sem nú tíðkast hér, þarf 8 manna vinnu, en aðeins 4 manna vinnu við bát, sem stundar veiði með dragnót.“<sup>194</sup> Þessi frétt í *Morgunblaðinu* vakti mikla athygli og birtist nokkru síðar nánast orðrétt í bæði *Lögréttu* og *Lögbergi*.<sup>195</sup> Áhugi manna á dragnótaveiðum var augljós: „Dragnótin er fyrst og fremst veiðarfæri einyrkjans, sem litlu liði hefir á að skipa, því mannfrek er hún ekki. Dragnótin er veiðarfæri fátæklingsins.“<sup>196</sup> En menn voru ekki á eitt sáttir um dragnótina. Fljótlega bárust fiskideildum Fiskifélags Íslands víða um landið kvartanir vegna dragnótaveiða í landhelgi. Þær raddir voru sérstaklega háværar að veiðarfærið myndi róta í botninum og eyða

öllu ungvíði.<sup>197</sup> Félagsstjórnin brást við og vildi takmarka veiðarnar og samdi tillögur þess efnis með heimild Stjórnarráðsins sem lagði þær síðan fram sem

<sup>192</sup> *Morgunblaðið* 8. janúar 1922, bls. 2.

<sup>193</sup> Þf. Fiskifélag Íslands 1992-64 B-BA 1. Bréf dagsett 1. apríl 1913.

<sup>194</sup> *Morgunblaðið* 8. janúar 1922, bls. 2.

<sup>195</sup> *Lögrétta* 15. janúar 1922, bls. 4. *Lögberg* 20. apríl 1922, bls. 7.

<sup>196</sup> Árni Friðriksson, „Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin“, *Náttúrufræðingurinn*, 3.-4. töl., 2. árg., 1932, bls. 64.

<sup>197</sup> Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1927-28“, *Andvari*, 1. töl., 54. árg., 1929, bls. 99.

frumvarp og varð það að lögum 20. júní 1923.<sup>198</sup> Samkvæmt lögunum var bannað að nota hvers konar dragnætur í landhelgi við strendur landsins og náðu ákvæðin til hvers konar skipa. Hins vegar var, samkvæmt annarri grein laganna, jarðeigendum, eða þeim sem afnotarétt höfðu á sjávarjörðum er lágu að bannsvæðinu, leyfilegt að draga aðdráttar- eða fyrirdráttarnet.<sup>199</sup> Þarna stóð hnífurinn í kúnni. Fljótlega vildu ýmsir að algjört bann yrði lagt við dragnótaveiðum í landhelgi.<sup>200</sup> Fyrri lög voru síðan afnumin og tóku ný lög gildi þann 7. maí 1928. Þar var ákveðið að banna dragnótaveiðar í landhelgi á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1. til 31. desember ár hvert.<sup>201</sup>

Ný tækni við frystingu hafði hleypt nýju lífi í veiðarnar. Hér má nefna framtak fyrrnefnds Gísla Johnsen í Vestmannaeyjum. Árið 1930 réð hann áhöfn á bát sinn Ágúst VE 250. Á bátnum var snurvoðarspil og afdráttarmaskína. Veiðarfærið var þess tíma kolavoð og hamptóg, 10 rúllur á borð og hver rúlla 120 faðmar. „Dregið var fyrir föstu, það er að báturinn lá við anker þegar tógin og voðin voru dregin inn í hann.“<sup>202</sup> Veiðarnar hófust í júnímánuði og stóðu út ágúst. Aflaum var landað á hverjum laugardegi í Sænska frystihúsinu í Reykjavík og þar var tekinn ís til næstu ferðar og aflinn, sem var aðallega sólkoli og rauðspretta, ísaður í lestinni.<sup>203</sup> Næstu árin voru áfram nokkrar deilur um dragnótaveiðarnar og í hve miklum mæli mætti stunda þær á grunnmiðum. Þegar á hólminn var komið skipti það miklu fyrir framgang dragnótaveiðanna að markaðir opnuðust fyrir ísaðan fisk á Bretlandsmarkaði.<sup>204</sup> Þessa sáust merki víða um land. Snemma árs 1931 stofnuðu t.d. útgerðarmenn í Norðfirði félag sem átti að standa fyrir útflutningi á ísfiski (Fisksölusamslag Norðfjarðar) og af því tilefni hófu a.m.k. þrír Norðfjarðarbátar dragnótaveiði. Jónas Valdórsson, frumkvöðull í netagerð í Neskaupstað, sá um alla þjónustu við bátana næstu árin eftir því sem veiðarnar jukust. Í Norðfirði sem annars staðar létu menn í sér heyra um það hvernig ætti að haga dragnótaveiðunum til framtíðar.<sup>205</sup>

198 Stjórnartíðindi 1923 A.B., bls. 158.

199 Stjórnartíðindi 1923 A.B., bls. 159.

200 Kristján Jónsson, „Fjórðungsþing Vestfirðinga“, *Ægir*, 11. töl., 18. árg., 1925, bls. 204. *Vesturland* 20. október 1925, bls. 3.

201 Stjórnartíðindi 1928 A.B., bls.133.

202 Hiðover Johnsen, „Upphaf dragnótaveiða hér við land“, *Sjómannaðagsblað Vestmannaeyja*, 1986, bls. 69.

203 Hiðover Johnsen, „Upphaf dragnótaveiða hér við land“, *Sjómannaðagsblað Vestmannaeyja*, 1986, bls. 69.

204 *Skýrsla Fiskifélags Íslands 1930-31*, bls. 105.

205 Smári Geirsson, „Ágrip af sögu netagerðar á Norðfirði“, *Sjómannaðagsblað Neskaupstaðar*, 1986, bls. 116-117.



*Vestmannaeyjar 1893. Í fjörunni eru krakkar við báta og maður með fisk í hendi. Gísli Johnsen er sá sem stendur fjærst á myndinni.*

#### Fiskideildin Neptúnus á Norðfirði ályktaði eftirfarandi:

Vill fundurinn benda hinu háa Alþingi á, að varhugavert sé að opna landhelgina fyrir stærri skipum, ekki síst, þar sem sambandsþjóð vor hefir mikinn og fullkominn útbúnað til slíkra veiða. Hins vegar telur fundurinn brýna nauðsyn, bátaútvegi landsmanna til stuðnings, að breyta núgildandi lögum um dragnótaveiði þannig, að leyft verði að nota dragnót í landhelgi öllum smærri bátum, allt að 30 smálestum (brúttó), á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. með takmörkunum á netagerð, þannig að ungvíði sé ekki eytt að óþörfu.<sup>206</sup>

Ályktunin varpar ljósi á meginsjónarmiðin sem komu fram þegar dragnóta-veiðarnar voru annars vegar. Í lögnum frá 1937 var því veiðitíminn lengdur og gildi bannað til 1. júní og var sama upp á teningnum síðari hluta ársins.<sup>207</sup> Í raun var þetta barátta um kolann, „verðmætasta fiskinn á miðum landsins“. Árni

<sup>206</sup> Morgunblaðið 24. mars 1931, bls. 3.

<sup>207</sup> Sjá Lagasafn, 1945. Lög um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, 13. júní 1937, lög nr. 45, d. 1426.

Friðriksson fiskifræðingur var stóryrtur í þessu efni. „Af hverjum 100 kolum, sem veiðst hafa hér við land, hefir talist svo til seinustu árin, að við Íslendingar höfum fengið sjö en útlendingar 93.“<sup>208</sup> Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur lét ekki sitt eftir liggja og hafði áður nefnt að nágrannaþjóðirnar hefðu reynt að hindra veiðar á skarkola á grunnmiðum en horfið frá þeirri stefnu og það ættu Íslendingar einnig að taka upp.<sup>209</sup> Þó helstu fiskifræðingar landsins töluðu með dragnótinni, sýndist sitt hverjum: „Dragnótaveiðar hér við land hafa eins og menn vita gefið tilefni til ósamlyndis, sem nálgast hefir sjóorustur. Dragnótaveiðar, eins og annað, sem fær á sig trúarbragðablæ, geta sett menn í geðshræringar og ofsa.“<sup>210</sup>

Það flækti þó málin að eftir sem áður kom fram vilji til að loka grunnmiðum innan landhelginnar alfarið fyrir dragnótaveiðum.<sup>211</sup> Kannski var kjarninn í deilunum sá að margir vissu ekki hvernig veiðarfæri dragnótin var.

Ég fæ ekki betur séð, en að amasemin við dragnótina sé á líkum rökum byggð og andúðin við lóðina, enda flestir andmælendur dragnótar úr flokki þeirra manna, sem aldrei hafa dragnótaveiðar stundað, og þekkjja því eðlilega ekki til þess veiðiskapar til neinnar hlítar, þeir vita, að hún er dregin með botninum og veiðir fisk, og leggja hana svo til jafns við botnvörpu (trawl), en þar er ólíku saman að jafna. Botnvarpa – eins og við höfum skilið það orð – er aðeins notuð á togurum; hún er fleiri smálestir að þyngd; aðeins meðalhlerar eru yfir 1 tonn; togarar þykja varla fullgildir að draga vörpuna, ef þeir eru undir 300 smálestir að stærð, með 600–800 ha. vél; hér í flóanum toga þeir venjulegast 2 tíma með opinni vörpu allan tímann, sem tekur allt, sem fyrir er, líka smáfisk – ungvíði – sem svo er mokað út í haugum. Dragnót fyllir ekki venjulegan heilpoka að fyrirferð, þyngd hennar er undir 50 kg.; hún er án hlera; hana má nota á litlum trillubát með 6–8 hesta vél; hún er lögð hér 400–500 faðma frá bátnum og fiskar á 200–300 faðma drætti; báturinn liggur við legufæri, en nótin dregin að bátnum sem hvert annað létt ádráttarnet.<sup>212</sup>

208 Árni Friðriksson, „Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin“, *Náttúrufræðingurinn*, 3.-4. töl., 2. árg., 1932, bls. 64.

209 Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1927-28“, *Andvari*, 1. töl., 54. árg., 1929, bls. 99.

210 V.St., „Skarkolinn og dragnótin“, *Lesbók Morgunblaðsins* 1. maí, 1932, bls. 125.

211 Sbr. skrif Guðmundar Þórðarsonar í Gerðum: Guðmundur Þórðarson, „Um dragnótaveiði“, *Morgunblaðið* 26. júlí 1933, bls. 4. Guðmundur Þórðarson, „Um dragnótaveiðar í Landhelgi“, *Morgunblaðið* 24. júlí 1934, bls. 5. Guðmundur Þórðarson, „Opíð bréf til Alþingis“, *Morgunblaðið* 3. mars 1936, bls. 5. Sjá einnig Guðmund Vilhjálmsson, Sýðra Lóni á Langanesi, „Landhelgisvarnir, botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar“, *Nýja dagblaðið* 19. mars 1936, bls. 3.

212 Magnús Guðmundsson, „Dragnótin“, *Alþýðublaðið* 26. nóvember 1934, bls. 3.

## 2.3 Loðnan og sílaháfur

Víkur nú sögunni í Hornafjörð. Allt frá árinu 1908 stunduðu Austfirðingar útveg þar. Mörgum var kunnugt um að fiskigöngur komu upp að suðausturströnd landsins á vetrarvertíð. Aðallega voru stundaðar línuveiðar frá Hornafirði og var því mikilvægt að afla góðrar beitu. Í fyrstu var beitt með fjörumaðki, hrognum og ljósbeitu (á Austfjörðum nefndu menn það svo þegar fiskur annar en síld var brytjaður til beitu). Á vertíðunum veittu menn fljótlega athygli sílinu eða loðnunni sem gekk í gríðarlegum torfum meðfram ströndinni og hófu að nota hana í beitu.<sup>213</sup>



*Niður við bryggju á Höfn í Hornafirði, veiðarfæri á bryggjunni.*

Fyrstu veiðarfærin til loðnuveiða á Hornafirði voru afar frumstæð. Í Mikley var útbúinn lítill háfur, en með hann var hægt að standa á bryggjunni eða klöppunum á eyrni og moka upp loðnu. Einnig settu framtakssamir menn gisinn strigapoka á tunnugjörð og tókst að ná nokkru magni af loðnu í það áhald með því að beita því líkt og flotvörpu. Í kjölfarið lét Kristján Jónsson útgerðarmaður á Eskifirði búa til fyrirdráttarnót. Nótin var gerð á Eskifirði en þar voru margir sem þekktu nótaveiðar frá fyrri tíð. Hér má sérstaklega nefna Bjarna Marteinsson sem margir leituðu til. Seinna voru slíkar nætur einnig útbúnar á Norðfirði, sérstaklega eftir að Jónas Valdórsson netagerðarmeistari hóf að starfa þar. Oftast voru fyrirdráttarnæturnar um 20 faðma langar og 4–5 faðma djúpar og var efnið í þær fengið frá Noregi. Í fyrstu voru ekki til nálar til að riða netin í næturnar, en þær voru með smágerðari möskvum en tíðkaðist í síldarnótum. Bjarni Marteinsson leysti vandann með því að láta smíða nál í hentugri stærð úr nýsilfri. Það þótti mikil nýjung.<sup>214</sup>

Loðnuveiðin á Hornafirði með fyrirdráttarnótum var enginn barnaleikur. Straumur er harður þar sem veiðarnar voru stundaðar og því aðeins unnt að draga fyrir á fallaskiptum. Loðnan veiddist aðeins á flóðum og þótti gott að ná þremur fyrirdráttum um fallaskipti. Aðallega voru veiðarnar stundaðar á Suðurfjörutanganum og var oft þröngt á þingi þegar menn athöfnuðu sig með 15–16 nætur á litlum bletti.<sup>215</sup>

Mörgum útgerðarmönnum fannst fyrirdráttarveiðin í Hornafirði vera mannaflsfræk og þung í skauti. Þá leitaði Kristján Jónsson enn og aftur til Bjarna

<sup>213</sup> Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 6–7.

<sup>214</sup> Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 7–8.

<sup>215</sup> Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 8.



Marteinssonar sem útbjó svonefndan sílaháf. Veifarferið var notað víða um Austfirði næstu áratugina og samanstóð af tveimur meginhlutum:<sup>216</sup>

annarsvegar hring úr röri, sem var rúmlega tveir metrar í þvermál og hinsvegar netpoka, sem mjókkaði í annan endann. Hringurinn myndaði op veifarferisins og var netpokinn við hann festur. Pokinn var víðastur við opið, en mjókkaði út frá því. Aftast á pokanum var einskonar skiptipoki eins og er á botnvörpu, en styrktarbönd lágu frá fjórum hanafótum, sem festir voru við hringinn, aftur að skiptipokanum. Bundið var fyrir endann á pokanum, en við enda styrktarbandanna voru kósar þannig að unnt var að loka skiptipokanum.<sup>217</sup>

Sílaháfurinn var settur út þegar kom að innfalli og látinn liggja til fallskipta. Hann var yfirleitt festur við legufæri hvers báts og á hringinn var festur belgur sem hélt veifarferinu við yfirborð sjávar. Straumurinn bar síðan loðnuna inn í háfinn.<sup>218</sup>

## 2.4 Vaxandi vélvæðing

Íslendingar gerðu ýmislegt til að hlúa að sinni framleiðslu. Ýmis fyrirtæki og félög í Reykjavík stóðu að svonefndri íslenskri viku dagana 3.–10. apríl 1932. Þar var auk annars kynnt innlend netagerð.<sup>219</sup>

Sigurjón Pétursson nefndi í bréfi til atvinnuvegaráðuneytisins árið 1933, að innflutningur bátaútvogsins á veifarferum á árabílinu 1926–1929 væri að meðaltali á hverju ári eftirfarandi: Færi (fiskilínur) 755 þús. kr., öngultaumar 135 þús. kr. og alls konar net 655 þús. kr. Hann áréttaði að þetta væru mikil verðmæti sem færu að mestu til fyrirtækja í Noregi.<sup>220</sup> Sigurjón krafðist þess að atvinnuvegurinn fengi styrk frá ríkisvaldinu, svo hann

verði ekki drepinn í fæðingunni af fjársterkum erlendum keppinautum. Ekki þarf að efast um að þeir muni vilja fyrir hvern mun halda áfram að búa til veifarferi fyrir Íslendinga, sem þeir hingað til hafa haft það álit á, að þeir geti aldrei orðið sjálfbjarga í þessari grein.<sup>221</sup>

216 Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 8.

217 Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 8.

218 Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 8.

219 *Austfirðingur* 26. mars 1932, bls. 1.

220 Hann ítrekaði samt sem áður að togaraúttegurinn myndi flytja lítið inn, því botnvörpunar væru unnar innanlands. Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna I/31.

Bréf dagsett 3. nóvember 1933.

221 Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna I/31. Bréf dagsett 3. nóvember 1933.

Sigurjón nefndi að þetta hefði komið í ljós þegar erlendu fyrirtækin hefðu orðið vör við samkeppni í þorskanetariðningu frá verksmiðjunni á Álafossi.<sup>222</sup> Hann var ákveðinn í sínum skoðunum. „Íslendingar geta riðið öll sín net sjálfir. Vér getum búið þau til jafnódyrt og Norðmenn og þurfum ekki að selja þau hærra verði, ef um heilbrigða samkeppni er að ræða. Þau eru jafngóð. Garnið kaupum við á sama stað og þeir.“<sup>223</sup> Sigurjón vissi líka af annarri og ekki síður mikilvægri hlið á þessu máli eða viðskiptum þjóðanna.

Er nú leitast við að kaup og sala á vörum frá einu landi til annars nái sem mestu jafnvægi og sum lönd gangi nú svo langt að banna innflutning frá einu landi ef ekki hið sama land kaupir jafnmikið í staðinn. Viðskiptajöfnuður vor við þær þjóðir, sem afkoma vor er mest undir komin, er mjög varhugaverður. Vér seljum Spáni, Portúgal og Ítalíu mestallar fiskafurðir vorar en kaupum lítið af þeim í staðinn. Þetta er að vísu ekki af því að oss skorti vilja til þess að kaupa af þessum þjóðum, heldur hitt að framleiðsla hentar ekki vel fyrir íslenskan markað. Það ætti því að vera landsmönnum ánægjuefni ef hægt er að sýna fram á það, að vér gætum keypt miklu meira frá einu þessara landa en gert hefir verið hingað til, keypt af því í stórum stíl.<sup>224</sup>

Sigurjón átti sína tilheyrendur. Veifarfaragerð Íslands tók til starfa árið 1933. Stofnandi hennar var Skúli Pálsson úr Önundarfirði. Í fyrstu framleiddi verksmiðjan fiskilínur, gegnvættar í sérstökum legi og reyndist það betur en „börkun“ sú sem hafði verið reynd áður. Norskur fagmaður, Fr.B. Petersen, var ráðgjafi í öllum tæknimálum.<sup>225</sup>



*Guðmundur Siggeir Guðmundsson vélstjóri og einn af stofnendum Hampiðjunnar og Björn Ólafsson stórkaupmaður.*

222 Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna 1/31. Bréf dagsett 3. nóvember 1933.

223 Þarna vísar hann til Ítalíu en þaðan kom hampurinn. Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna 1/31. Bréf dagsett 3. nóvember 1933.

224 Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna 1/31. Bréf dagsett 3. nóvember 1933.

225 Hann hafði um árabíl unnið í veifarfaraverksmiðjum í Álasundi í Noregi og Seattle í Bandaríkjunum. Höfundur ókunnur, „Nýtt iðnfyrirtæki“, *Ægir*, 8. tbl., 26. árg., 1933, bls. 193.

Annað fyrirtæki sem tók til starfa á þessum árum var Hampiðjan. Þar var aðalhvatamaður Guðmundur S. Guðmundsson verkstjóri í Héðni. Guðmundur sigldi til Þýskalands, Englands og Írlands árið 1933 og kynnti sér veiðarfæragerð og möguleika á vélakaupum. Í ferðinni undirbjó hann samninga við fyrirtæki í Belfast. Þar keypti Guðmundur kembivél, spunavél, tvinningarvél, lóskurðarvél og hnotuvél.<sup>226</sup> Hampiðjan var síðan formlega stofnuð 10. apríl 1934. Fyrstu ár starfseminnar framleiddi fyrirtækið einungis garn til að hnýta vörpur úr. Ástæðan var sú að fyrirtækið Net, fyrsti viðskiptavinur Hampiðjunnar, rak netastofu og útbjó botnvörpur. Árið 1938 lagði Net niður starfsemina og stofnaði Hampiðjan þá eigin netastofu og sérhæfði sig í framleiðslu á vefjarefnum með vélum. Aðalhráefnið var svokallaður manilahampur og kom frá Filippseyjum. Úr hráefninu var unnið botnvörpugarn og botnvörpur. Það var mikilvægt að hafa Guðmund við stjórnvölinn í Hampiðjunni á þessum árum. Hann þekkti marga skipstjóra persónulega frá árum sínum í Héðni og miklu skipti að vita hvernig þeir vildu hafa botnvörpurnar.<sup>227</sup>

Á fjórða áratugnum voru Vestmannaeyjar vaxandi útgerðarstaður. Árið 1936 tók Netagerð Vestmannaeyja til starfa.<sup>228</sup> Netagerðin var í eigu allra útgerðarmanna þar og fleiri sem vildu taka þátt í stofnuninni. Alls voru hluthafar 28 talsins og var Jónas Jónsson framkvæmdastjóri. Í annarri grein stofnsamningsins sagði:

Aðalhlutverk félagsins er: Netahnýting og hverskonar veiðarfæragerð er félagið kann að sjá sér fært að leysa af hendi. Hluthafar sem skifta við netagerðina skulu fá net til eiginnotkunar keypt við kostnaðarverði að viðbætti 5% álagningu. Sker stjórnin úr, með hliðsjón af hlutafjäreign viðskiftamanna, hversu mörg net hann skuli fá með þessum kjörum, hún ákveður og kostnaðarverðið.<sup>229</sup>

Fljótlega samþykkti stjórn félagsins kaup á vél til að hnýta þorskanet fyrir milligöngu Björns Ólafssonar stórkaupmanns.<sup>230</sup> Einnig fylgdu hjálparvélar, s.s. spóluvél, hespuvél og strekkjari. Vélar komu með Goðafossi 10. október 1936 og fylgdi sérfræðingur sem hjálpaði við uppsetningu þeirra. Félagið keypti síðan aðra hnýtingarvél sem kom til Vestmannaeyja 10. nóvember og áfram hjálpaði hinn erlendi sérfræðingur við uppsetningu vélarinnar.<sup>231</sup> Eftirtaldar stúlkur

226 Ásgeir Jakobsson, „Hampiðjan 40 ára“, *Ægir*, 8. tbl., 67. árg., 1974, bls. 142.

227 *Hampiðjan 60 ára, 1934-1993*. Ársskýrsla 1993, bls. 7. Sveinn Björnsson, „Hampvinnsla“, *Iðnaðarmál*, 6. tbl., 2. árg., 1955, bls. 94.

228 Stofnfundur var haldinn 18. ágúst og þar var kosin bráðabirgðastjórn. Þann 24. ágúst var síðan haldinn framhaldsstofnfundur. *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/3, fundir 18. og 24. ágúst 1936. Þann 29. september var stofnsamningur að hlutafélagi samþykktur og stjórn kosin til framtíðar. Jafnframt lofuðu valdir einstaklingar að leggja fram hlutafé. *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stofnfundur 28. september 1936.

229 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stofnfundur 28. september 1936.

230 Í þessu tilliti var mikilvægt að tilraunir með þorskanetaveiðar höfðu gengið vel á miðunum við Vestmannaeyjar undanfarna áratugi. Bjarni Sæmundsson, „Þorskanetaveiðar í Vestmannaeyjum“, *Ægir*, 10.-11. tbl., 12. árg., 1919, bls. 112-114.

231 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, aðalfundur 31. október 1938.

voru ráðnar til netagerðarinnar í upphafi starfseminnar: Stefanía Jónsdóttir, Gréta Kristjánsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Svava Guðnadóttir, Vilhelmína Jónasdóttir, Stella Eyvindardóttir, Jóna Ólafsdóttir og Fjóla Finnbogadóttir.<sup>232</sup> Stjórn félagsins var í upphafi ljóst að verksmiðjan gæti ekki á fyrsta starfsáriinu fullnægt þörf félagsmanna og annarra útgerðarmanna í Vestmannaeyjum fyrir þorskanet vegna þess hve seint hún tók til starfa. Vegna þessa var samið við Sigurjón Pétursson á Álafossi um hnýtingu á 1500 netaslöngum.<sup>233</sup> Vélarnar tvær sem keyptar höfðu verið hnýttu hvor um sig 8 net samtímis og um 40 net á sólarhring.<sup>234</sup> Á árinu 1938 var síðan bætt við þriðju vélinni.<sup>235</sup> Þar með náði verksmiðjan það miklum afköstum við gerð þorskaneta að hún fullnægði eftirspurn í landinu.<sup>236</sup> Á árinu var eftirtöldum konum bætt við hjá fyrirtækinu: Rebekku Guðjónsdóttur, Rósu Stefánsdóttur, Sigríði Magnúsdóttur, Þórhildi Ingvarsdóttur, Sigríði Björnsdóttur og Birnu Björnsdóttur.<sup>237</sup> Frá byrjun hafði netgarnið verið flutt inn frá Ítalíu.<sup>238</sup> „Eins og gefur að skilja sparar þessi iðja Vestmannaeyinga allverulega upphæð í erlendum gjaldeyri,“ sagði í *Tímariti iðnaðarmanna* árið 1938.<sup>239</sup> Þetta þótti mikilvægt eins og oft áður.

Stjórnvöld létu ekki sitt eftir liggja. Á árunum 1934–1938 starfaði ríkisstjórn Hermanns Jónassonar, oft kölluð stjórn hinna vinnandi stétta, og var samsteypustjórn Framsóknar- og Alþýðuflokks. Stjórnin vildi draga úr öllum innflutningi og efla innlendan iðnað. Það átti einnig við innflutning á veiðarfærum sem hafði verið mikill árin á undan.<sup>240</sup> Á þessum árum skipti miklu máli að þróa nýjungar í veiðum, það styrkti atvinnulífið og efnahag landsins. Þorvaldur Guðmundsson, þá formaður Félags íslenskra fiskframleiðenda (síðar forstjóri í Síld og fisk), hafði kynnt sér að góður markaður væri fyrir humar í Bandaríkjunum. Þá var leitað til Einars Sigurðssonar eiganda og skipstjóra á Aðalbjörgu RE 5. Einar útvegaði veiðarfæri frá Danmörku en þar var fyrir hendi mikil reynsla við þessar veiðar. Í apríl 1939 hófust tilraunaveiðarnar út frá Stafnesi og heppnuðust vel. Eftir þetta reyndi Einar fyrir sér við Vestmannaeyjar og var Guðmundur Vigfússon skipstjóri frá Holti í Vestmannaeyjum honum til aðstoðar. Eftir vel heppnaðar veiðar var ákveðið að Guðmundur héldi tilraunaveiðunum áfram á skipi sínu Von VE 279 við Vestmannaeyjar um sumarið. Guðmundur lýsti veiðarfærunum svo:

232 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 17. október 1936.

233 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 17. október 1936.

234 *Nýja dagblaðið* 13. janúar 1937, bls. 1.

235 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, aðalfundur 31. október 1938.

236 Höfundur ókunnur, „Netagerð Vestmannaeyja“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. tbl., 11. árg., 1938, bls. 93.

237 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 25. ágúst 1938.

238 *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 12. júní 1936.

239 Höfundur ókunnur, „Netagerð Vestmannaeyja“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. tbl., 11. árg., 1938, bls. 93.

240 Sjá *Alþýðublaðið* 15. júlí 1937, bls. 3.



*Aðalbjörg RE 5, báturinn er nú varðveittur á Árbæjarsafni.*

voru vírarnir  $1\frac{1}{4}$  tommu stálvírar. Tvö troll fylgdu, annað með 80 feta höfuðlínu en hitt með 90 til 100 feta. Bæði trollin voru með 6 feta yfirneti. Fótreipi voru ekki notuð, heldur var svert grastóg benslað á blýteininn. Grandarar voru 12 faðmar af  $1\frac{1}{2}$  tommu vír. Hlerar voru ca.  $1 \times 1.20$  metrar með þungum og mjög breiðum skóm. Þá voru þeir með keðjubracketum sem nú þekkest víst ekki. Vörpunar voru úr mjög góðu bómullargarni og frekar fínu, og mjög vel og snyrtilega unnar.<sup>241</sup>

Ekki var nóg að veiða humarinn. Í landi sá Þorvaldur Guðmundsson um að koma verkun humarsins af stað og var talsvert af kvenfólki ráðið til þess og tilheyrandi vinnslutæki sett upp. Aldrei var þó soðið niður til útflutnings, því tækin voru frumstæð og einnig lokuðust markaðir vegna styrjaldarinnar.<sup>242</sup>



*Þorvaldur Guðmundsson, kenndur við Síld og fisk, og Guðmundur Vigfússon, skipstjóri frá Holti í Vestmannaeyjum.*

Það var ekki bara humarinn sem vakti áhuga manna. Á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina reyndu Símon Olsen og Ole G. Syre fyrir sér með rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og því fylgdu tilraunir til að selja aflann á Bretlandsmarkað.<sup>243</sup> Nokkur áfangi í veiðunum var þegar bæjarsjóður Ísafjarðar stofnsetti verksmiðju árið 1936 sem ætlað var að selja niðursoðna rækju á er-

241 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómánadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 18.

242 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómánadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 18 og 21.

243 Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveiðum til togveiða*, bls. 60.

lendum mörkuðum.<sup>244</sup> Fyrsti báturinn sem stundaði veiðar fyrir verksmiðjuna var Karmöy og var Símon Olsen skipstjóri. Fljótlega bættist við Farsæll ÍS 22, sem var í eigu Guðjóns L. Jónssonar og var sonur hans Ólafur skipstjóri.<sup>245</sup>

Fyrstu rækjuvörpunar voru mjög litlar, um sex metrar á lengd og pokinn þá meðtalinn. Höfuðlína var 64 fet, en fótreiðið 3 fetum lengra. Ekkert op var á pokanum til losunar, heldur var rækjan háfuð úr pokanum með handháf. Þessi veiðarfæri voru ekki stærri en það, að auðvelt var að halda á þeim undir annarri hendinni.<sup>246</sup>



*Karmöy ÍS 526. Á þessum bát var rækja fyrst veidd í Ísafjarðardjúpi. Báturinn fórst í Mjóafirði seint í september 1961 og með honum Símon Olsen og sonur hans Kristján.*

Aftur skal haldið til Vestmannaeyja. Guðmundur Vigfússon reyndi ásamt þeim sem stóðu að útgerðinni á Von VE 279 að prófa sig einnig áfram með togveiðar í fiskitroll. Netaverkstæði Reykdals Jónssonar var fengið til að setja trollið upp. Það var miklu stórriðnara en humartrollið, úr sísalgarni og 50–60 feta langt. Tilraunaveiðar þar sem ýmsir hlerar voru reyndir hófust með takmörkuðum árangri haustið 1939.<sup>247</sup>

Nokkuð lengi fyrir og eftir áramótin hvíldum við okkur á þessu brasi en þegar líður á febrúar 1940 förum við af stað aftur. Í millitíðinni höfðum við látið setja upp troll úr frekar fínu bómullargarni, að öllu leyti léttara en það fyrra en sömu stærðar og gerðar og sísaltrullið. Strax kom í ljós að báturinn dró þetta troll mun betur en það fyrra og jafnframt fékkst með því mun betri skver. Samt stóð á árangri sem gagn var í.<sup>248</sup>

Guðmundur vildi finna út úr því hvers vegna það veiddist svo treglega í trollið þrátt fyrir þessar endurbætur og leitaði áfram eftir aðstoð hjá Reykdal Jónssyni netagerðarmeistara. Það varð úr að þeir fengu inni í húsi Lifrasamlagsins þar sem þeir gátu fest trollið upp.<sup>249</sup> Það krafðist mikillar nákvæmni að finna út úr því hvað í hönnuninni torvelaði veiðarnar. Gefum Guðmundi orðið:

Teygt var úr trollinu og grandarar festir í sín hvora hlið hússins með þeirri opnun sem okkur þótti líklegt að ætti að vera þegar trollið væri dregið aftan í hlerunum.

244 Höfundur ókunnur, „Rækjuverksmiðjan á Ísafirði“, *Ægir*, 3. töl., 30. árg., 1937, bls. 60.

245 Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveiðum til togveiða*, bls. 60.

246 Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveiðum til togveiða*, bls. 63.

247 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 21.

248 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 21.

249 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 22-23.

Næst var pokaendanum fest í annan gaff hússins með tveggja faðma línu. Þar næst voru settar línur upp á þak hússins upp af höfuðlínunni. Línurnar voru tvöfaldar í blökk, til þess ætlaðar að hífa upp höfuðlínuna. Nú þegar þessum undirbúningi var lokið, og híft er í höfuðlínuna, hefst hún ekki meira en eitt fet frá gólfi. Þótti okkur þetta nú ekki líklegt til árangurs ef trollið hagaði sér svona í sjónum. ...



*Ólafur Guðjónsson  
skipstjóri á  
Farsæl ÍS 22 og  
Símon Olsen  
skipstjóri á  
Karmöy ÍS 526.*

Nú förum við félagarnir að athuga og reyna að finna út hvað þurfi að gera til að ná höfuðlínunni upp. Við tökum eftir því að netið strekkir mikið í höfuðlínuna, aðallega við kvartana. Næst förum við að mæla upp vængnetin og reynast þau 2½ til 3 fetum lengri en höfuð- og fiskilína á hvorum væng. Til að byrja með förum við í það, til að fá netið meira fram í vængjunum, að við tökum lykkjur á lessið milli vængjanna, benslum þær á nokkrum stöðum þar til lessið er jafnlangt fiskilínunni.

Nú er farið að athuga hvort þetta muni hafa áhrif á opnun trollsins eins og við vorum búnir að láta okkur detta í hug. Nú gerist það þegar halað er í höfuðlínuna upp á við að hvergi strekkir netið í höfuðlínuna og opnar trollið sig því mjög vel og alveg eftir því sem netadýptin leyfði.

Nú þegar við sjáum að þessi gjörbreyting er orðin á, er fengin grönn vírmanila og er höfð jafnlöng fiskilínu aftur að kvörtum og á hana er lessinu jafnað svo engir strengir myndast í vængina. Að þessu afstöðnu eru reyndar mestu og minnstu hliðaropnanir trollsins en þær sýna ekki minnstu áhrif á að draga höfuðlínuna niður.



*Guðmundur  
Reykdal Jónsson  
netagerðarmeistari.*

Næsta athugun er gerð með því að strekkja vel á pokanum til að sjá hvernig belgnetið hafi áhrif á framnetið undir þyngslaáhrifum. Þessi athugun reynist heldur ekki hafa áhrif á að strekkja höfuðlínuna niður.<sup>250</sup>

Það var eins og við manninn mælt að eftir þessar lagfæringar gengu veiðarnar vel. Þetta sýnir hve mikla þrautseigju þeir þurftu oft að sýna sem þróuðu og fundu upp nýjar veiðiaðferðir við sibreytilegar aðstæður.

250 Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 23-24.



*Lifrasamlag Vestmannaeyja, stofnað 1932, húsið brann í október 2009.*

Annar mikilvægur þáttur var sem fyrr viðhald veiðarfæranna. Tanke Hjemgaard reisti nótabörkunarstöð á Siglufirði árið 1935. Í viðtali við blaðamann *Síldarinnar* árið 1939 var hann spurður hvort ekki væri nóg að gera í stöðinni.

Ekki hefir stöðin borið sig enn sem komið er, vegna þess að ekki hefir verið nóg að gera, og virðast menn ekki enn hafa fullan skilning á, hve þýðingarmikið fyrir viðhald og endingu veiðarfæranna það er, að fá þau börkuð. Hér á Íslandi fara árlega mikil verðmæti í súginn vegna þess, að börkunarefnin skolast úr veiðarfærunum, þegar þau eru í stöðugri notkun, en börkunin svo ekki endurnýjuð svo oft sem skyldi. Endingin á þessum veiðarfærum verður svo engin. Það er talið nauðsynlegt með herpinætur, að barka þær einu sinni á mánuði á vertíðinni. En það kemur víst aldrei fyrir að þetta sé gert svo oft hér á Íslandi.<sup>251</sup>

Tanke bætti síðan við um verkunina:

Það þarf ekki að þurka nótina áður en hún er börkuð. En ekki er sama hvaða börkunarefni er notað. Ég nota aðeins fljótandi börkunarefni, sem eru pressuð úr birki- og eikarberki. Reynast þau alltaf langt um betur en t.d. kattigo og tjara, sem geta gert það að verkum að hitni í nótinni. Eftir að nótin hefir verið dregin gegnum löginn, er nauðsynlegt að hengja hana upp til

<sup>251</sup> *Síldin*, 4. tbl., 1. árg., 1939, bls. 2.



þerris, því þá heldur hún langt um betur börkunarefninu og hleypur síður. Í góðum þurk á nótin að geta þornað í gálga á 5–6 tímum. Ef ekki er óeðlilega mikið slit á nótinni, kemur hún þá líka sem ný væri út af verksmiðjunni, í hvert sinn sem hún kemur frá Nótabörkunarstöð Siglufjarðar.<sup>252</sup>

Rannsóknarstofa Fiskifélagsins lét ekki sitt eftir liggja þegar kom að því að bæta viðhald veiðarfæra í landinu og birti greinaflokk um efnið í *Ægi* árið 1941.<sup>253</sup>

Tilgangurinn með þessum greinaflokki er að draga saman flest það, sem skrifað hefir verið um viðhald veiðarfæra eða þess hluta þeirra, sem búinn er til úr bómull eða hampi. Við álitum, að á þessu sé mikil þörf, því að hingað til hefir ekkert slíkt yfirlit verið til á íslenzku, en af því hefir leitt, að margar af þeim nýjungum, sem komið hafa fram erlendis á þessu sviði, hafa ýmist borist seint hingað til lands eða alls ekki.<sup>254</sup>

## Fróðleikur

Kopar hefur mjög sterka bakteríudrepandi eiginleika og hafa þess vegna ýmis koparsambönd verið notuð á veiðarfæri, ýmist eingöngu eða þeim blandað saman við önnur fúavarnarefni. Algengast hefur verið að nota koparsúlfat (blástein), einkum á net, sem unnin eru úr hör eða hampi. Þannig hefur blásteinslitun verið mikið notuð bæði í Noregi og Bandaríkjunum til þess að fúaverja laxanet, en sú tegund neta er venjulegast úr hör. Aftur á móti þykir blásteinslitun ekki gefast eins vel á bómullarnet, er sennilega stafar af því að koparsaltið þvæst fyrr úr bómull en hör. Kostir koparsambanda sem fúavara njóta sín best ef þau eru blönduð bindiefnum sem festa koparinn við netgarnið þannig að hann skolist síður úr þeim við notkun í sjó eða vatni. Elsta aðferð í þessa átt var að fella út kopar á net sem voru áður bleytt upp í sápulegi. Til skilningsauka á hvernig þetta fer fram má benda á eftirfarandi: Feiti samanstendur af glyceríni og fitusýrum. Með því að taka glycerínið úr feitinni en láta pottösku eða sóða koma í þess stað vinnum við venjulegar sápur sem eru auðleystar í vatni. Ef við hins vegar myndum sápur úr öðrum málum, eins og kopar, kvikasilfri, alúminíum o.s.frv., vinnum við tilsvareandi sápur sem allar eru torleystar í vatni. Til þess að búa til þessar sápur, þarf ekki annað en leysa upp venjulegar sápur, og bera í upplausnina auðleyst salt af þeim málm, sem ætlunin er að mynda sápu af, og fellur þá málm-sápan út. Þar sem koparsápur eru mjög torleystar í vatni, verður þá annaðhvort að mynda sápu í sjálfu netgarninu eða bera þær á í hentugu upplausnarefni.<sup>255</sup>



252 *Síldin*, 4. töl., 1. árg., 1939, bls. 2.

253 Sjá 34. árg. *Ægis*, 1941, 2. töl., bls. 50–61, 3. töl., bls. 88–95 og 4. töl., bls. 109–115.

254 Ingi Bjarnason, Þórður Þorbjarnarson, „Viðhald veiðarfæra“, *Ægir*, 2. töl., 34. árg., 1941, bls. 51–52.

255 Ingi Bjarnason, Þórður Þorbjarnarson, „Frá rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, Viðhald veiðarfæra“, *Ægir*, 3. töl., 34. árg., 1941, bls. 89.



*Dr. Þórður  
Þorbjarnarson  
forstjóri Rann-  
sóknarstofnunar  
fiskiðnaðarins.*

Dr. Þórður Þorbjarnarson hafði umsjón með tilraunum Fiskifélags Íslands hvað varðaði fúavarnir á netum. Í því sambandi má nefna að hann óskaði eftir að fá 80–100 þorskanet frá Netagerð Vestmannaeyja til skoðunar síðla árs 1942.<sup>256</sup>

Þær raddir voru uppi að Fiskifélag Íslands ætti að sjá um námskeið um meðferð og hirðingu veiðarfæra á vegum Fiskifélagsins.<sup>257</sup> Félagið hafði reyndar lagt meiri áherslu á að halda mótornámskeið víðsvegar um landið.<sup>258</sup> Á 17. þingi Fiskifélags Íslands, 5. febrúar 1944, var eftirfarandi ályktun gerð:

Þegar tekið er tillit til þeirra miklu framkvæmda, sem orðið hafa í sjávarútvegsmálum Íslendinga frá því um aldamót og til þessa dags, mun ekkert vera jafnlangt á eftir tímanum í útgerð hjá okkur eins og meðferð veiðarfæra. Það munu ekki vera meira en tveir tugir ára síðan Íslendingar kunnu að breyta síldarnót eða fella reknet svo í lagi væri. Litun, og sérstaklega börkun veiðarfæra, er tiltölulega ný hjá okkur hér á landi og er því miður mörgum útgerðarmönnum alltof ókunnug.<sup>259</sup>



*Unnið við grunnnót er notuð var til síldveiða innan hafnar í Vestmannaeyjum. Á myndinni eru Guðjón og Tryggvi Kristinssynir, kenndir við Miðhús, Björn Þorbjörnsson Kirkjubæ, Matthías Guðjónsson Hvoli og Magnús Grímsson Felli.*

256 Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja, (HV), F-43/1 Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 26. október 1942.

257 Skýrsla Fiskifélags Íslands 1940–41 og Fiskitíðindi 1942, (16. Fiskipíng), bls. 24.

258 Sigurgeir Guðjónsson, Saga vélstjórstéttarinnar á Íslandi, bls. 69–75.

259 Skýrsla Fiskifélags Íslands 1942–43 og Fiskitíðindi 1944, (17. Fiskipíng), bls. 52–53.

## 2.5 Stríðið

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar kom fram á Fiskilþinginu að nokkur skortur væri á veiðarfærum vegna mikils tjóns og þess hve veiðarfærabirgðir væru af skornum skammti fyrir vertíðina.<sup>260</sup> Það sést á fundargerð Netagerðar Vestmannaeyja að strax þann 6. september 1939 gerðu stjórnendur Netagerðarinnar sér grein fyrir að blikur voru á lofti. Þá áttu umboðsmenn Netagerðarinnar í Reykjavík stóra pöntun fyrirleggjandi en framleiðendurnir í Vestmannaeyjum ætluðu að afgreiða pöntunina, „að því tilskildu að garnsendingar til netagerðarinnar stöðvist ekki“.<sup>261</sup> Markaðurinn fyrir garn frá Ítalíu hafði lokast vegna styrjaldarinnar í Evrópu og leitaði Netagerðin fyrir sér í Ameríku og Bretlandi með innflutning á garni fyrir milligöngu heildverslunarinnar Brynjólfsson og Kvaran í Reykjavík. Á árinu 1943 voru viðskiptin sérstaklega erfið. Það kom fram í fundargerð 9. september 1943 að Gunnari Kvaran

hefði ekki þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir tekist að fá verðtilboð í netagarn frá Ameríku sem stjórn netagerðarinnar hafði beðið um í vor. Hinsvegar taldi hann líklegt að hægt mundi að fá garnið með milligöngu innkaupanevndarinnar, en ekki unnt að fá að vita nú hvað það myndi kosta né hvaðan eða hvenær það mundi koma. Fór hann fram á að fá samþykki stjórnar Netagerðarinnar til þess að fela innkaupanevndinni að annast um kaupin á þann hátt er hún teldi hagkvæmastan.<sup>262</sup>



*Thor Thors sendiherra í Bandaríkjunum og Vilhjálmur Þór atvinnu- málaráðherra.*

<sup>260</sup> Þó það sé ekki nefnt skýrist tjónið væntanlega af tundurduflahernaðinum sem fylgdi stríðinu. *Skýrsla Fiskilélags Íslands 1942-43 og Fiskilíðindi 1944*, (17. Fiskilþing), bls. 73.

<sup>261</sup> *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 6. september 1939.

<sup>262</sup> *Héradsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 9. september 1943.

Innkaupanefndin var staðsett í New York og átti að liðka fyrir viðskiptum þaðan. Þess má geta að það hafði komið tilkynning frá viðskiptanefnd um vörukaup frá Ameríku þann 24. mars 1942 og þar sagði að útflutningur á ákveðnum vöruflokkum frá Ameríku gæti gengið treglega næstu misserin. Með hvervendarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1. júlí 1941 skuldbundu bandarísk stjórnvöld sig reyndar til að aðstoða Íslendinga þegar kæmi að verslun þaðan.<sup>263</sup> Ýmislegt gekk þó á. Í fundargerð stjórnar Netagerðarinnar þann 4. nóvember kom fram að innkaupanefndinni hafði mistekist að ná sínu fram. Þá leituðu forvígismenn heildverslunarinnar Brynjólfsson og Kvaran til Thors Thors sendiherra Íslands í Ameríku sem reyndi að leysa málið og lagði hann til að Netagerð Vestmannaeyja, „tryggi sér strax það garn er hún þurfi til næsta árs“.<sup>264</sup> En um sinn tafðist málið og leitaði stjórn Netagerðarinnar ásjár hjá Vilhjálmi Þór atvinnumálaráðherra og viðskiptaráði um að næg net fengjust fyrir næstu vertíð.<sup>265</sup> Stjórn Netagerðarinnar lagaði sig að þessum aðstæðum og gerði áætlanir um skömmun neta á bátana í Vestmannaeyjum fyrir næstu vertíð.<sup>266</sup> Þessi ráðstöfun skipti miklu máli og var almenn forsjá innlendra veiðarfæragerða mikilvæg á stríðsárunum. Það má fullyrða að hún hafi bjargað útgerðinni frá stöðvun eftir að allur innflutningur á hráefnum til veiðarfæragerðar frá Bretlandseyjum stöðvaðist.<sup>267</sup> Í þessu skyni hafði meðal annars vélakostur Hampiðjunnar verið aukinn á árunum 1940–1941 svo afkastamöguleikar verksmiðjunnar jukust um helming. Á síðustu árum stríðsins var því megnið af botnvörpugarni og fiskilínunum kembt og spunnið innanlands.<sup>268</sup>

## 2.6 Eftirstríðsárin

Á þessum árum voru mikil umskipti framundan í íslensku atvinnulífi eða sonefnd nýsköpun. Þar var stærsta verkefnið að útvega ný fiskiskip. Utanþingsstjórnin sem starfaði á árunum 1942–1944 samdi um kaup á 45 vélbátum í Svíþjóð en nýsköpunarstjórnin sem tók við árið 1944 bætti um betur og samdi um smíði 32 togara á Bretlandseyjum.<sup>269</sup> Það ríkti því mikil bjartsýni í samfélaginu við komu nýsköpunartogaranna og höfðu netagerðarmenn nóg að gera eins og eftirfarandi bréf frá Iðnráði Akureyrar til Landsambands iðnaðarmanna frá árinu 1946 sýnir:

263 Guðmundur Jónsson, „Smáþjóð á heimsmarkaði. Tímabilið 1914–2010“, *Líftaug landsins: saga íslenskrar utanlandsverslunar 930–2010*, II. bindi, bls. 231–233.

264 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur, 4. nóvember 1943.

265 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur, 29. desember 1943.

266 *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), F-43/1, Fundargerðabók Netagerðar Vestmannaeyja, stjórnarfundur 29. desember 1943.

267 *Skýrsla Fiskifélags Íslands 1942–43 og Fiskitíðindi 1944*, (17. Fiskiping), bls. 73.

268 Sveinn Björnsson, „Hampvinnsla“, *Iðnaðarmál*, 6. tbl., 2. árg., 1955, bls. 96.

269 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 249.



*Nýsköpunar-  
togarinn Godanes  
frá Neskaupstað.*

Sendum hér með námssamninga sem Óli Konráðsson netagerðarmeistari, annarsvegar, en Jón Arngrímsson og Illugi Guðmundur Einarsson sem nemendur, hinsvegar, hafa gert með sér. Um ofangreindan meistara skal tekið fram að hann starfrækir fullkornasta verkstæði í þessari grein, sem til mun vera hér á landi, verkstæðið framkvæmir viðgerðir, uppsetningu, litun og þurrkun nóta. Hér á Akureyri munu nú vera aðeins 4–5 eldri menn með [réttindum] í þessari iðngrein, og hafa þeir öðlast þau vegna langs starfstíma og án próftöku. Starfslið Óla Konráðssonar er því eingöngu menn, sem teknir hafa verið að starfinu eftir því sem þörfin krafði, og hafa svo unnið að iðninni lengri eða skemmri tíma eftir atvikum, þó eru þar að minnsta kosti 2 menn, sem búnir eru að vinna á þessu verkstæði um 20 ára skeið. Af því sem að ofan er sagt er skortur á faglærðum mönnum í þessari iðngrein og viljum vér því mæla með því að samningar þessir verði viðurkenndir.<sup>270</sup>

Óli Konráðsson hafði byggt verkstæðið á árunum 1942–1943. Frímann Hauksson netagerðarmaður man fyrst eftir að hafa komið þar í stórt hús í ágúst árið 1945. Hann kom með síldarnótina á m/b Gylfa frá Rauðuvík í Eyjafirði til að koma henni í þurrkun eftir lélega síldarvertíð. Nætturnar voru þá mjög litlar miðað við það sem seinna varð. Þegar nótin var tekin inn var opnað á öðrum enda hússins og endi nótarinnar settur á handsnúna rúllu með sveif á báðum endum. Nótin var síðan sett á sirka 4 metra löng tré, 6x6 cm sver, úr góðum við.

<sup>270</sup> Hskj. Ak. Iðnráð Akureyrar, A-135 11/ 1945-1949. Bréf dagsett 10. nóv. 1946.



Óli Konráðsson  
netagerðarmeistari.

Þau voru kölluð vollur. Þeim var stungið innan um rúllurnar á milli bitanna sem rúllan hvíldi á en þeir náðu inn að göngubraut á miðjum hjalli. Svo var rúllunni snúið og nótin dregin þar til endarnir náðu niður undir gólf. Efst í byggingunni var þurrkhjallur. En hvernig var að þurrka í steinkumbalda? Það ber að ítreka að veggirnir upp að steypu plötunni voru að hálfu leyti trérimlar sem lágu lárétt sirka 10 cm breiðir með sirka 5 cm millibili og hölluðu þannig að neðri kanturinn var utar þannig að regn sem kom á rimlana rann frá hjallinum og góður trekkur var í gegn ef einhver var vindur. Í miðju húsinu var líka kar sem hægt var að þvo í nætur og kar kallað litunarkar.<sup>271</sup>

Af þessu má ráða að Óli Konráðsson hannaði húsið af mikilli hugvitssemi enda var ekki vanþörf á. Mikil bjartsýni ríkti í landinu og má nefna að á árinu 1947 var metframleiðsla í Hampiðjunni eða alls 515 tonn af vörpugarni og eingirni í fiskilínur.<sup>272</sup> Ályktun frá 19. Fiskipínginu 1947 sýnir þörfina fyrir að auka framboð á veiðarfærum í landinu.



Notastöðin á  
Oddeyri, mynd  
líklega frá 1948.

Fiskipíngið telur nauðsynlegt að komið verði upp hér á landi verkstæðum sem fyrst til þess að spinna síldarnetagarn og hnýta herpinætur og síldarnet. Skorar fiskipíngið á Fjárhagsráð, viðskiptanefnd og lánastofnanir, að veita slíkum fyrirtækjum fyllstu fyrirgreiðslu. Að sjálfsögðu verði ekki lagðar hömlur á innflutning á síldarnótum eða síldarnetum eða netaefni til útgerðarmanna, þótt stöðvar þessar verði reistar.<sup>273</sup>

Tveir nýsköpunartogarar höfðu komið til Neskaupstaðar. Annar togarinn var gerður út af bæjarfélaginu en hinn gerði Goðanes út. Á árinu 1947 ákváðu fyrrnefndir aðilar að sameinast um rekstur netahnýtingarstöðvar, sem nefndist Netagerðin SF Neskaupstað. Það var ákveðið að hnýta botnvörpur togaranna í stöðinni og framkvæma allar veiðarfæraviðgerðir þar.<sup>274</sup> Af birgðaskýrslu frá 18. júlí 1949 má sjá að mikill viðbúnaður var á lager fyrirtækisins:

8 dragnætur, 7 ýsunætur, 150 kg dragnótaefni, 100 kg bætningargarn, tvö pör nýlonvængir, tólf rúllur teinefni, 10 rúllur styrktarbitar, 50 stykki

271 Viðtal höfundar við Frímunn Hauksson, maí 2018.

272 Sveinn Björnsson, „Hampvinnsla“, *Íðnaðarmál*, 6. tbl., 2. árg., 1955, bls. 96.

273 Skýrsla Fiskifélags Íslands 1946-47 og Fiskipíngstíðindi 1947. (19. Fiskipíng), bls.75.

274 Smári Geirsson, „Ágrip af sögu netagerðar á Norðfirði“, *Sjómannadagsblað Neskaupstaðar*, 1986, bls. 118.



*Hér er verið að flytja nót niður á bryggju í Neskaupstað. Gálgi var settur á milli bílanna og dró þá annar þeirra hinn á eftir sér. Þessar nætur eru engin smásmíði.*

spólur, 42 dús netanálar, ein vigt, 5000 stykki dragnótablý, tvær rúllur vírmanilla, 10 stykki stólar, 15 pokar vörpugarn, 156 pokar vörpugarn, ein snurpunót.<sup>275</sup>

Nýsköpunartogararnir notuðu hefðbundin hleratroll, eða svonefnd Grantontroll. Netin voru hnýtt úr manila-trolltvinna.

Vængirnir, skverinn og belgurinn voru hnýttir úr einföldum fjórtvinnungi, nema neðsti hluti belgsins, sem hnýttur var úr tvöföldum þrítvinnungi og síðan styrktur með belglínunum úr vírmanilu og var möskvastærðin 120 mm. Pokinn hafði tvöfaldan styrkleika, til að standast hugsanleg þyngsli, sem á honum kynni að mæða hífingu. Hann var hnýttur úr tvöföldum fjórtvinnungi. Pokinn var síðan styrktur með pokalínunum og húðum, til að verja hann núningi og hnjaski. Höfuðlína, sem myndar efri vör vörpukjafstsins, var yfirleitt 105–109 fet á lengd og til að lyfta höfuðlínunni og opna trollið voru notaðar álkúlur. Á fótrepinu, sem myndar neðri vör vörpukjafstsins, voru notaðir kúlulaga járnbobbingar, en á milli þeirra voru millibobbingar úr massífu járni með keðjum, sem netið var fest í. Til að opna trollið voru notaðir Fernaught-timburhlerar,

<sup>275</sup> Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, Netagerðin SF Neskaupstað, C bókhald KA 2, örsk 5. Bréf dagsett 18. júlí 1949.

11 fet á lengd og 4 fet á breidd. Timburflekinn var tengdur saman með T-járnum, boltum, U-járnum, normönnum, skinnum, jánramma og loks þungum járnskó.<sup>276</sup>

Vestmannaeyingar reyndu eins og Norðfirðingar að efla innlenda veiðarfæra-gerð. Ingólfur Theodórsson stofnaði ásamt eiginkonu sinni Sigríði Sigurðardóttur netafyrirtækið Ingólf árið 1947. Næstu árin var mikil starfsemi í fyrirtækinu og fór fólk á vegum þess til Siglufjarðar, Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar til að þjónusta síldarflotann. Upphaflega hafði Ingólfur komið til Vestmannaeyja árið 1939 og rak hann þar netaverkstæði ásamt Sighvati Bjarnasyni frá 1939–1947, fyrst í Bjarmahúsinu (Kárahúsinu), síðan í gamla fjósinu að Vesturhúsum og um tíma var einnig útibú í Kuða.<sup>277</sup> Annað fyrirtæki var einnig stofnað 1948, Veiðarfæragerð Vestmannaeyja. Upphafið að fyrirtækinu var samstarf Magnúsar Magnússonar og Þórðar Gíslasonar sem hófst árið 1939. Eftir að Veiðarfæragerðin var stofnuð var hlutafé fyrirtækisins aukið.



*Netagerðin Ingólfur stofnuð 1947 og rekin til ársins 2003.*

<sup>276</sup> Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveidum til togveiða*, bls. 77–78.

<sup>277</sup> Sigurður Ingi Ingólfsson, tölvupóstur, 22. mars 2018.




Mikill uppgangur var á þessum tíma hjá Veifaræragerðinni og má rekja það til komu nýsköpunartogaranna Elliðaeyjar og Bjarnareyjar til Bæjarútgerðar Vestmannaeyja. Í þann tíð voru trollin unnin á staðnum og allt að 25–30 manns í vinnu hjá Veifaræragerðinni. „Konurnar hnýttu stykki, undirbyrði, belgi og poka en netagerðarmennirnir saumuðu síðan stykkin saman og útbjuggu trollin.“<sup>278</sup> Togaraútgerð Bæjarútgerðarinnar í Vestmannaeyjum stóð til ársins 1955 en þá hafði hallað undan fæti hjá útgerðinni eftir sölu nýsköpunartogaranna. Skömmu síðar jókst vinna við þorskanet hjá Veifaræragerðinni og einnig sá fyrirtækið um troll fyrir marga báta í Vestmannaeyjum og frá Austfjörðum sem reru við eyjarnar. Margir Vestmannaeyingar voru því í íhlaupavinnu við netafskurð og netafellingu á vegum Veifaræragerðarinnar fram eftir sjötta áratug síðustu aldar.<sup>279</sup>

## 2.7 Flotvarpan

Það er langt síðan menn gerðu sér ljóst að margar fisktegundir, sem yfirleitt eru taldar botn- eða uppsjávarfiskar, halda sig á mjög mismunandi dýpi eftir aðstæðum og skilyrðum í sjónum. Menn hafa í gegnum ár og aldir gripið til ýmissa ráða til að ná fiski í miðjum sjó, til dæmis með því að hafa flot á yfirborðinu og sökkva veiðarfærinu frá því flotholti niður á mismunandi dýpi. Þetta hefur oft gefið góða raun með net og önnur veiðarfæri sem fiskurinn á að ganga í, en nýttist mjög takmarkað þegar um var að ræða veiðarfæri sem veiddu með því að elta fiskinn uppi eða hreyfa þurfti til við veiðarnar. Eftir að bergmálsdýptarmælirinn var orðinn svo nákvæmur að hægt var að finna með honum fisk í hafdjúpinu, jukust möguleikarnir á því að hægt væri að búa til togvörpu til veiða í miðjum sjó.<sup>280</sup>

Ásgeir Torfason á Flateyri vann að hönnun síldarflotvörpu á millistríðsárunum. Fjárskortur og lítt þróuð fiskileitartæki stóðu tilraunum hans fyrir þrifum. En margt var í farvatninu. Haustin 1948 og 1949 gekk mikil síld í Faxaflóann en mjög dauft var yfir veiðunum.<sup>281</sup>



*Flottroll í drætti.*

278 Grímur Gíslason, „Stikliað á stóru í hartnær 60 ára sögu Veifaræragerðar VM“, *Sjómanna dagsblað Vestmannaeyja*, 1997, bls. 121.

279 Grímur Gíslason, „Stikliað á stóru í hartnær 60 ára sögu Veifaræragerðar VM“, *Sjómanna dagsblað Vestmannaeyja*, 1997, bls. 122-123.

280 Ásgeir Jakobsson, „Þorsklotvarpan“, *Ægir*, 7. tbl., 62. árg., 1969, bls. 125.

281 *Morgunblaðið* 11. nóvember 1948, bls. 12. *Morgunblaðið* 16. nóvember 1949, bls. 12.

Fiskisjáin var komin til sögunnar og sýndi hún miklar lóðningar af síld upp í sjó.<sup>282</sup> Veiðin gekk illa í þær nætur sem þá voru notaðar. Helst var hægt að veiða síldina í reknet.<sup>283</sup> Margir útgerðarmenn voru orðnir óþolinmóðir. Hinn 24. febrúar 1949 birtist í *Morgunblaðinu* grein um nýja vörpu.

Varpan er þannig útbúin, að hægt er að draga hana, í hvaða dýpi sem er. Hún er í lögum eins og ferstrendur poki í opið, og mjókkar eftir því sem aftar dregur. Í opið er hún 8 faðmar á hvern veg, þ.e.a.s. hver teinn er átta faðma langur. En á hverjum hliðartein eru tveir vængir, svo alls eru vængirnir fjórir. eru vængirnir efst og neðst á hvorum tein, og er hver vængur tveir faðmar á breidd við rót, en mjókka fram, svo þeir eru fremst ekki nema einn faðmur. Framúr hverjum væng gengur „hana fótur“, þ.e. vír úr hvorum hliðartein vængsins, sem sameinast í blökk. Úr þeirri blökk ganga svo aðalvírarnir úr vörpunni upp í skipin.<sup>284</sup>

Hönnuður vörpunnar var hinn danski Robert Larsen. Eftir sjómennsku stofnaði hann netagerð árið 1938 og á árinu 1948 unnu 24 einstaklingar að flotvörpugerð hans. Hann tók eftir því á sjómennskuferli sínum í Norðursjónum og Skagerak að lakari síldin hélt sig við botninn og betri síldin var ofar og vann hann þrotlaust að því að fanga hana svo vel færi.<sup>285</sup> Augu manna voru á þessari nýju vörpu. Þann 20. desember 1949 hafði dr. Kurt Schubbert sent Árna Friðrikssyni fiskifræðingi upplýsingar um tilraunir á Larsen-flotvörpunni í Norðursjónum.<sup>286</sup> Fleira var í skoðun. Þann 24. janúar 1950 kom svonefnd síldarrannsóknarnefnd saman um hvernig bæta mætti veiðiaðferðir við síldveiðarnar og var ætlunin að kynna sér bergmálsdýptarmælingar Breta og meðferð á asdic-tækjum. Einnig var yfirvöldum falið að útvega ljósaútbúnað á skip eins og Norðmenn notuðu í mesta skammdeginu og snurpunótaraðferðina sem þeir beittu í djúpu vatni. Einnig höfðu nefndarmenn í huga veiðibúnað á fjarlægum slóðum, s.s. „paranzellvörpuna“ sem farið var að nota í Kaliforníu og „saury“ lyftivörpuna sem notuð er í Japan“.<sup>287</sup> Nefndin hélt næsta fund 2. febrúar. Eftirtaldir voru mættir: Gunnar Böðvarsson formaður, Óskar Jónsson og Ármann Friðriksson. Nefndarmenn sendu síðan frá sér eftirfarandi greinargerð:



*Simrad Sonar Model S82-fiskileitartæki. Þetta tæki var um borð í Gísla Árna RE 375, sem Eggert Gíslason stýrði.*

282 Ásgeir Jakobsson, „Þorskflotvarpan“, *Ægir*, 7. tbl., 62. árg., 1969, bls. 125.

283 Höfundur ókunnur, „Breiðfjörðsvarpan“, *Sjómannaþingi Víkingur*, 1. tbl., 40. árg., 1978, bls. 32.

284 *Morgunblaðið* 24. febrúar 1949, bls. 9.

285 *Dagur* 16. mars 1949, bls. 7.

286 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 20. desember 1949.

287 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 26. janúar 1950.

Larsen varpan hefur sem kunnugt er verið notuð með ágætum árangri í Skagerak, en hér við land hefur hún hinsvegar algerlega brugðist vonum manna enn sem komið er. Vörpur þeirra Á.T. og K.G. hafa einnig verið reyndar lítilsháttar en án árangurs enda þótt fullyrt sé að þær hafi hegðað sér að óskum. Það er skoðun undirnefndarinnar að framangreindar vörpur séu enn ekki fullreyndar, og vill hún því leggja til að gerðar verði ýtarlegri tilraunir með þeim. Er þá fyrst og fremst að athuga hvernig síldin hegðar sér, þegar vörpunar eru dregnar í gegnum torfurnar, en þetta atriði hefur ekki verið hægt að athuga, sökum þess að þær eru dregnar í talsverðri fjarlægð frá veiðiskipunum. Það er því nauðsynlegt að sérstakur bátur verði hafður til þess að fylgjast með vörpunum.<sup>288</sup>

Þess ber einnig að geta að Valtýr Þorsteinsson og Jón Sæmundsson fóru til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar að kynna sér síldveiðar í flotvörpur, veiðar með ljósatækjum, herpinótaveiði í djúpu vatni, og annað sem skipti máli fyrir síldveiðar Íslendinga.<sup>289</sup> Margt var því að gerast þessi misserin. Fyrirnefnd rannsóknarnefnd hafði sett fram lista yfir þær tillögur sem henni höfðu borist um ýmiss konar veiðarfæri:



*Valtýr Þorsteinsson eigandi Norðursíldar t.v., ásamt Magnúsi Þorsteinssyni og Jóni Jónssyni verkstjórum árið 1961.*

Danska flotvarpan (endurbætt útgáfa frá Akranesi).

Flotvarpa. Ásgeir Torfason

Flotvarpa. Júlíus. V.J. Nýborg

Flotvarpa. Agnar Breiðfjörð

Flotvarpa. Jens Eyjólfsson

Flotvarpa. Bjarni Jónsson og Benedikt Gröndal

Flotvarpa. Kristján Gíslason

Flotvarpa, (sænsk, K.H. Larsson)

Flotvarpa. Runólfur Ólafsson

Flotvarpa. Jóhann Gíslason

288 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 2. febrúar 1950.

289 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 20. febrúar 1950, og ódagsett bréf.

Flotvarpa. Kristján Zoega

Flotvarpa. Jón Sigurðsson skipstjóri

Botnnót. Sigurður Þórðarson, Njarðvík

Háfur. Pálmi Loftsson

Háfur. Ólafur Jóhannesson

Háfur. Brynjar Björgvin Ólafsson

Háfur. Sveinbjörn Einarsson

Bjöllur. Ástráður Proppé

Sogvarpa. Bjarni Jónsson (Búnaðarbanka)

Hrogn. Sverrir Smith

Varpa. Kristján Guðmundsson

Ónefnt veiðarfæri. Haraldur Jónsson Litla bæ

Sænsk varpa. Erlendur Pálmason

Hávarpa. Guðmundur Sveinsson (líkt og hugmynd Sveinbjarnar Einarssonar)

Síldarrannsóknarnefndin lagði síðan til að tilraunir yrðu gerðar með dönsku flotvörpuna og flotvörpur Ásgeirs Torfasonar, Kristjáns Gíslasonar, Agnars Breiðfjörð, Júlíusar Nýborg og Jóhanns Gíslasonar.<sup>290</sup>

Síldarrannsóknarnefndin hafði margt á sínum snærum í þeirri von að glæða síldveiðar við Ísland. Þar má nefna kaup á notaðri þýskri síldarbotnvörpu sem var gerð upp og notuð af tveimur togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Frá Norgegi voru keypt 40 net sem áttu að nýtast við síldveiðar við botn. Frá Svíþjóð var keypt sérhönnuð flotvarpa fyrir eitt skip. Þetta kemur allt fram í greinargerð nefndarinnar 8. desember 1950. Þar kom einnig fram að nefndarmenn höfðu miklar áhyggjur af breyttu göngumynstri síldarinnar.<sup>291</sup>

---

<sup>290</sup> Einnig var nafni Jóns Sæmundssonar bætt við með handskrift. Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 5. maí 1950.

<sup>291</sup> Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 8. desember 1950.

Nefndin álitur að ekki megi dragast úr hömlu að gera á næsta sumri tilraun til að veiða Norðurlandssíldina, þótt hún kunni að standa austur í hafi eins og hún hefur gert að undanfögnu, að minnsta kosti sl. sumar. Íslendingar geta ekki, að dómi nefndarinnar, látið sér nægja það, að vera sjónar- eða heyrnarvottar að því, að Norðmenn veiði síldina þar en Íslendingar hreyfi hvorki hönd né fót til að veiða hana sjálfir. Þó má telja líklegt, að íslenskir útgerðarmenn muni reynast tregir til að stunda djúphafsveiðar að ófenginni einhverri reynslu í þeim efnum, en slíkrar reynslu verða Íslendingar sjálfir að afla sér og miðla síðan skipaflota landsmanna. Eru það tillögur nefndarinnar að henni, eða Fiskideildinni í Atvinnudeild Háskólans, verði séð fyrir fé til þess að leigja veiðiskip til slíkra síldveiðitilrauna í 2–3 mánuði þegar á sumri komanda.<sup>292</sup>



*Agnar Breiðfjörð  
blikksmiður og  
uppfinningamaður  
og Júlíus V.J.  
Nýborg skipa- og  
bátasmiður.*

Agnar Breiðfjörð var einn af þeim sem átti eftir að láta mikið til sín taka eftir að ákveðið var að gera tilraunir með vörpuna hans. Útbjó hann stærra form af vörpunni í netagerðinni í Höfðavík. Þar fékk hann aðstoð frá Oddi Ágústi Oddssyni netagerðarmeistara og Auðunni Hermannssyni verkstjóra. Tilraunir voru gerðar með vörpuna í Faxaflóanum og Sandvík. Nokkurt vandamál var að finna hvar varpan myndi vera í sjónum. Það var reynt að reikna út með hornamælingum á togvírnum. Í kjölfarið smíðaði Agnar þrýstimæli sem komið var fyrir á höfuðlínunni og frá honum lá rafleiðsla upp í skipið sem tengd var við tæki sem sýndi dýpið. Þetta var í fyrsta skiptið sem slíkt var reynt. Annað sem þurfti að athuga var lega möskvanna þegar varpan var dregin, en tilraunir á sjó tókust ekki sem skyldi. Það varð því að ráði að prófa flotvörpuna í Sundhöllinni í Reykjavík. „Síðan var hægt að stækka veiðarfærið upp í réttum hlutföllum og mér er nær að halda að tilraunirnar í Sundhöllinni hafi í raun og veru orðið til þess að flotvarpan komst í gagnið og varð að mikilvirku, nothæfu veiðarfæri.“<sup>293</sup> Bjarni Ingimars-son togaraskipstjóri á Neptúnusi var áhugasamur um þessar tilraunir. Hann hafði lengi hugleitt hvernig hækka mætti höfuðlínuna á botnvörpunni en það hafði verið togveiðimönnum og vísindamönnum víða utanlands umhugsunar-efni í meira en mannsaldur.<sup>294</sup>



*Neptúnus RE  
36 tilheyrði  
útgerð Tryggva  
Ófeiggssonar,  
skipstjóri var Bjarni  
Ingimarsson.*

292 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 8. desember 1950.

293 Höfundur ókunnur, „Breiðfjörðsvarpan“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 1. tbl., 40. árg., 1978, bls. 33.


294 Ásgeir Jakobsson, „Þorskflotvarpan“, *Ægir*, 7. tbl., 62. árg., 1969, bls. 128.



*Oddur Ágúst  
Oddsson neta-  
gerðarmeistari og  
Bjarni Ingimarsson  
skipstjóri.*

Það varð úr að Bjarni ákvað að nota flotvörpuna við þorskveiðar á vertíðinni 1951. Hann fékk strax góð köst og sýndi að varpan var vel nothæf. Í júlímánuði 1951 veiddi hann alls 527,2 tonn sem var aflamet.<sup>295</sup> Þrátt fyrir slíkt stórmerki bætti Agnar vörpuna fyrir næstu vertíð.

Nú í vor hefur Bjarni Ingimarsson gert tilraunir með hina endurbættu flotvörpu. Er árangurinn svo góður, að stórtíðindum sætir. Er ekki annað sýnna en veiðarfæri þetta valdi algerri byltingu á sínu sviði. Hefur Bjarni eingöngu notað flotvörpu Breiðfjörðs tvær síðustu veiðiferðirnar og komið inn eftir skamma útivist með ágætan afla. Hefur flotvarpan sýnt svo mikla yfirburði yfir botnvörpuna, að undrum sætir. Afinn er ekki aðeins miklu meiri, heldur er veiðarfæraslit algerlega hverfandi, og hafa netamenn nálega ekkert að gera. Flotvarpan er einnig svo auðveld í meðferð, að ekki er sambærilegt við botnvörpuna. Hefur Bjarni Ingimarsson skýrt svo frá, að hann telji veiðarfæri þetta mjög hentugt, ekki síst þar sem botn er vondur. Nokkrir fleiri íslenskir togarar munu nú þegar komnir með flotvörpu af þessari gerð, og er augljóst, að uppgötvun þessi mun breiðast út eins og eldur í sinu. Svo mikla yfirburði virðist hún hafa yfir botnvörpuna.<sup>296</sup>



*Flottroll.*

Togaraskipstjórar sýndu uppfinningu Agnars mikinn áhuga. Þann 14. apríl 1952 stefndi hann nokkrum þeirra á sinn fund og fengu þeir hjá honum nauðsynlegar upplýsingar um hina nýju flotvörpu.<sup>297</sup> Daginn eftir efndi hann til blaðamannafundar þar sem hann rakti sögu tilraunanna og lýsti kostum vörpunnar. Útskýrði hann.

<sup>295</sup> Þjóðviljinn 6. júlí 1951, bls. 8.

<sup>296</sup> Höfundur ókunnur, „Bylting í togveiðum? Íslensk flotvarpa reynist afgangi veiðitæki“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 4. töl., 14. árg., 1952, bls. 106.

<sup>297</sup> Ásgeir Jakobsson, „Þorskflotvarpan“, *Ægir*, 7. töl., 62. árg., 1969, bls. 129.



*Síldarbátar í landlegu, næturnar í nótabátunum. Mynd frá 1965.*

Hvernig með sérstökum útbúnaði varpan héldist opin í sjónum og hvernig hann hugsaði sér að möskvarnir í vörpunni verði gerðir. Gerð þeirra á meðal annars að vera með þeirri nýlundu, að þótt togni á netinu haldast möskvarnir jafn opnir. Þegar net eru þannig riðin að möskvarnir eru tígullaga, þá lokast þeir, eða op þeirra minnkar, er stríkkar á vörpunni. Við það að möskvarnir verða hálflyktir sleppur ungvíðið ekki úr vörpunni og varpan verður óþarflega þung í drætti. Frákast frá vörpuopinu verður meira svo styggur fiskur fælist frekar vörpuopið. Straumurinn gegnum vörpuna verður að vera greiður, svo að varpan sé létt í drætti og fari í gegnum sjóinn með þeim hætti, að hennar verði lítið vart.<sup>298</sup>

Þann 18. apríl fundaði Agnar síðan með forvígismönnum Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda og afhenti þeim teikningar og skýrði fyrir þeim hvernig best væri að bera sig að við veiðar með hinni nýju flotvörpu. Í kjölfarið fékk Agnar síðan einkaleyfi á vörpunni og samdist við félagið um greiðslur fyrir notkun hennar.<sup>299</sup>

<sup>298</sup> Morgunblaðið 16. apríl 1952, bls. 9.

<sup>299</sup> Höfundur ókunnur, „Flotvarpan nýja“, *Ægir*, 4.-5. töl., 45. árg., 1952, bls. 97. Morgunblaðið 19. apríl 1952, bls. 16.



*Bjarni Andrésón  
skipstjóri á  
Dagsbrún.*

Eins og að framan greinir vann síldarrannsóknarnefndin með hinar ýmsu vörputegundir að markvissum tilraunum með síldartroll og var árangur nokkuð takmarkaður. Það má sjá af eftirfarandi upptalningu að margt var reynt:

Hin svonefnda Larsen varpa, breytt og endurbætt af Runólfi Ólafssyni á Akranesi og flotvarpa Júlíusar Nýborg í Hafnarfirði. Bæði þessi veiðitæki eru fyrir tvö skip. Flotvörpur fyrir eitt skip: Varpa Ásgeirs Torfasonar, Flateyri, Júlíusar Nýborg, Hafnarfirði, Agnars Breiðfjörð, Reykjavík, Bjarna Jónssonar og Benedikts Gröndal, Reykjavík, Kristjáns Gíslasonar, Reykjavík og Jóhanns Gíslasonar, Reykjavík.<sup>300</sup>

Menn bundu miklar vonir við að hægt væri að veiða síld í flotvörpu en það reyndist hægara um vik að eiga við þorskinn eins og að framan greinir. Annars má sjá af greinargerð Jóns Sæmundssonar af ferð hans veturinn 1950 að Danir ýktu líklega notin af flotvörpunni til síldveiða.

Um veiðar með síldarvörpum, hvort heldur flot- eða botnvörpu, er það að segja, að þær eru ekki stundaðar nema í sæmilegu veðri, varla eins slæmu eins og við reknetaveiðar hjá okkur. Afli er æði misjafn, en mér sagt að 150 tonn væri það mesta sem fengist hefði. Þann 6. febrúar, þegar ég fór út með ms Skagboen, var talin lítil von að veiða í flotvörpu, togað var þó í tvær nætur, en veiðin varð aðeins um 2½ tunna eftir 40 mín tog. Bátur þessi var með þeim aflahæstu í Skagen.<sup>301</sup>

## 2.8 Aukin tækni

Um og eftir 1950 fóru bátar almennt að nota hringnót til síldveiða. Sumarið 1940 voru fyrstu tilraunir gerðar með veiðarfærið hér við land og stóð Bjarni Andrésón skipstjóri á vélbátnum Dagsbrún frá Reykjavík að þeim. Bjarni notaði hringnót af skoskri gerð. Nótin var nokkru styttri en venjulegar herpinætur og var helsta breytingin að notaður var einn nótabátur í stað tveggja áður.<sup>302</sup> Annars var afkoman heldur léleg á síldveiðunum á fyrstu árum sjötta áratugarins en glæddist nokkuð eftir miðjan áratuginn og því fylgdu tilraunaveiðar með snurpunót.

300 Þ.Í. Fiskifélag Íslands N8, 8. desember 1950.

301 Þ.Í. Skýrsla um ferð til Norðurlanda 2. febrúar til 17. mars 1950. Fiskifélag Íslands N8, 8. desember.

302 Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveiðum til togveiða*, bls. 14.



Nýlega hefur Haraldur Böðvarsson á Akranesi flutt hingað til lands í tilraunaskyni stórvirkustu síldarnót sem þekkist í heiminum. Er hún af þeirri gerð sem tíðkast á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna, en þar kemur það oft fyrir að um 10 þúsund tunnur af síld veiðist í einu kasti með þessari tegund nótar. Sturlaugur Böðvarsson er nú á Siglufirði og mun hann gera tilraun með notkun þessarar nótar á næstunni.<sup>303</sup>



*Haraldur  
Böðvarsson  
útgerðarmaður á  
Akranesi.*

Ekki var aðeins að næturnar stækkuðu, heldur bar einnig við á seinni hluta sjötta áratugarins að þær væru unnar úr gerviefnum. Haustið 1956 fór togarinn Neptúnus með ólíkar gerðir síldarvarpna á veiðar. Ein varpan var úr næloni, efni sem átti smám saman eftir að ryðja sér til rúms.<sup>304</sup> Tilraunaveiðar héldu áfram næstu árin með botnvörpum og flotvörpum til síldveiða. Vandinn var að síldin var dyntótt og reyndu útgerðarmenn að finna út hvernig best væri að ná henni. Afdrifaríkar breytingar urðu árið 1959 þegar fyrst var notuð kraftblökk á miðunum við landið. Þetta var vökvadrifinn blökk sem nótin var dregin í gegnum. Eftir þetta urðu nótabátar óþarfir og nótirnar (hringnótir) voru ekki lengur dregnar með handaflí.<sup>305</sup>

Þrátt fyrir þessar tæknibreytingar voru ýmis vandkvæði í rekstri veiðarfæragerða. Á þessum tíma ríktu mikil innflutningshöft og var utanríkisverslun Íslands nánast ríkisrekin.<sup>306</sup> Á fyrstu árum sjötta áratugarins hafði t.d. dregið úr framleiðslu Hampiðjunnar frá því sem áður var. Umskiptin má rekja til ársins 1948. Þá leyfði viðskiptaráð innflutning á 432 tonnum af botnvörpugarni og botnvörpuneti og 110 tonnum af fiskilínunum. Innflutningurinn hélt áfram næstu árin.<sup>307</sup> Á sama tíma naut veiðarfæragerðin ekki tollverndar og voru mun lakari innflutningskjör á hrávörum til starfseminnar en tilbúnum veiðarfærum.<sup>308</sup> Á sama tíma styrktu margar þjóðir veiðarfæraíðnað sinn með niðurgreiðslum á hráefni, tollalækkunum og framleiðslustyrkjum.<sup>309</sup> Þetta hafði sín áhrif hér á landi og má nefna að Veiðarfæragerð Íslands hætti rekstri árið 1958. Forvígismenn Hampiðjunnar höfðu hins vegar brugðist við vand-  
anum. Eftir lát Frímans Stefánssonar forstjóra árið 1956 tók Hannes Pálsson

303 *Morgunblaðið* 22. júlí 1956, bls. 16.

304 Höfundur ókunnur, „Síldveiðitilraunir“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 1-2. töl., 19. árg., 1957, bls. 20-22.

305 Jón P. Þór, *Ránargull*, bls. 175.

306 Jakob F. Ásgeirsson, *Þjóð í hafti*, bls. 188.

307 Sveinn Björnsson, „Aðstaða veiðarfæraíðnaðarins“, *Iðnaðarmál*, 2.-3. töl., 6. árg., 1959, bls. 31.

308 Hannes Pálsson, „Veiðarfæraíðnaður og efnahagsmál“, *Ægir*, 21. töl., 52. árg., 1959, bls. 397-399. Már Elísson, „Íslenskur veiðarfæraíðnaður“, *Ægir*, 20. töl., 55. árg., 1962, bls. 367.

309 Már Elísson, „Íslenskur veiðarfæraíðnaður“, *Ægir*, 20. töl., 55. árg., 1962, bls. 366-372.



*Magni Örvar  
Guðmundsson  
netagerðarmeistari  
á Ísafirði.*

skipstjóri við starfinu.<sup>310</sup> Hann hófst strax handa við að stækka fyrirtækið og gera það samkeppnishæfara. Fyrirtækið keypti öfluga vélasamstæðu frá Írlandi sem komst í gagn við árið 1958.<sup>311</sup>

Á árunum um og eftir 1960 eltu margir netagerðarmenn síldina. Flokkar manna fóru norður í land á vorin og fylgdu flotanum austur um. Það var mikil vinna að þjónusta síldar-

flotann og stóðu sumar vinnuloturnar í marga sólarhringa og voru vertíðirnar „metnar eftir því hversu lengi var vakað“.<sup>312</sup> Einn þessara manna var Helgi Sigfússon sem hóf að vinna hjá Nótastöðinni Odda á Akureyri árið 1957. Fyrstu árin fór hann hvert sumar til Raufarhafnar og dvaldi þar 2–3 mánuði við neta-  
viðgerðir.<sup>313</sup> Magni Örvar Guðmundsson frá Ísafirði hóf að vinna við netagerð árið 1958, þá fjórtán ára, og svona lýsir hann vinnunni á vertíðinni á Siglufirði:

Um þetta leyti voru gerviefnin að koma inn, en samt var eitthvað enn af bómullarnetum eða einstaka bálkum í þeim en bómullin var á hröðu undanhaldi. Enn var eitthvað af náttúrukorki en allur nýr korkur var plastfrouðskorkur með raufum langsum, því hann var klemmdur á milli teinanna, rangsnúinna og réttsnúinna, til festingar en ekki með gati eftir endilöngu og á sérlínu eins og seinna varð, minnir að það hafi farið að koma upp úr 1960, þá voru gömlu korkarnir boraðir. Á þessum fyrstu árum mínum fóru bátarnir á reknet eftir síldarvertíðina og voru reknetin sett upp í ákvæðisvinnu, þ.e. borgað fast verð fyrir uppsett net. Var þá oft mikið kapp á milli manna um hvað menn gætu sett upp mörg net yfir daginn og byrjuðu þeir hörðustu oft milli klukkan 5 og 6 á morgnana og voru að langt fram á kvöld, gáfu sér varla tíma til að nærast eða fara á klósettið. Á þessum árum þurfti líka að tjarga bómullarnetið og garn og var það gert í tjörupotti sem hitaður var með gufunni og síðan var það dregið upp í svokallaða fúgu (tromlu) sem snerist á fleygiferð og rann þá umframtjaran úr og svo var þetta hengt upp á rár til að þorna aðeins. Tjörgunin var óþverravinna, mikil bræla af sjóðheitri tjörinni. Samt var þetta oft ansi blautt og var mjög stirt að koma nálinni í gegn og var þá tólg borin á hendurnar til að gera þetta aðeins hálla. Þetta var mjög óþrifalegt og angaði af manni tjörulyktin hvar sem maður fór, ekki voru sköffuð nein vinnuföt eða aðstaða til fataskipta á vinnustaðnum.

310 Frímann Stefánsson hafði tekið við starfinu árið 1942 eftir lát Guðmundar S. Guðmundssonar. Sjá *Hampiðjan 60 ára, 1934-1993. Ársskýrsla 1993*, bls. 7.

311 Sveinn Björnsson „Aðstaða veiðarfæraíðnaðarins“, *Íðnaðarmál*, 2.-3. töl., 6. árg., 1959, bls. 32.

312 Höfundur ókunnur, „Ekki breyst, en stækkað“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 9.-10. töl., 50. árg., 1988, bls. 12.

313 Helgi Sigfússon, tölvupóstur, 22. apríl 2018.

Það var helst við litunina að menn settu á sig svuntur og sjóhatt og fóru í klofstígvél þegar verið var að taka á móti netunum sem komu úr barkarlituninni.

Öll færsla á nótunum var á handaffi. Þegar þær komu að lokinni vertíð voru þær þvegnar og hengdar upp á rár í svonefndum hjalli sem var bæði inni og úti, síðar eingöngu úti þegar þær fóru að stækka, og þegar þær voru orðnar þurrar var þeim rúllað niður á vagn sem var á spori eftir endilöngum hjallinum og svo rúllað inn í sitt stafgólf og voru upp í þrjár nætur í hverju stafgólfi. Svo var þeim rúllað inn á verkstæðið þar sem farið var yfir næturnar, þær bættar og stykkjaðar og mældar upp. Síðan var þeim rúllað aftur út í sitt stafgólf. Þegar bátarnir komu á vorin, þá lágu þær sjaldnast í rétttri röð svo oft þurfti að umstafla og færa til, stundum datt skipstjórum í hug að láta breyta nótinni eftir að búíð var að fara yfir hana og hún komin í geymslu; þá kom ein forfæringin enn, oft var sama nótin búin að fara 5–7 rúnta áður en skipshöfnin kom og sótti hana.<sup>314</sup>

Á þessum árum skipti miklu að íslenskur veiðarfæraíðnaður yrði samkeppnishæfur gagnvart erlendum framleiðendum. Hampiðjan reyndi að bregðast við vaxandi innflutningi á veiðarfærum úr gerviefnum, s.s. þorskanetaslöngum úr næloni og botnvörpum úr pólýetýleni.<sup>315</sup>

Hinn 16. september 1964 skipaði iðnaðarráðuneytið nefnd til að skoða vandamál íslensks veiðarfæraíðnaðar. Í nefndinni voru Már Elísson skrifstofustjóri, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Árni Vilhjálmsson prófessor, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda, Kristján Ragnarsson fulltrúi, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sveinn Björnsson framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar og formaður nefndarinnar.<sup>316</sup> Nefndin varð sammála um að hömlur á innflutningi veiðarfæra væru til tjóns bæði fyrir sjávarútveginn og iðngreinina sjálfa og að grípa þyrfti til annarra ráða til styrktar íslenskum veiðarfæraíðnaði. Í kjölfarið, frá árinu 1967, einbeittu Hampiðjumenn sér að því að framleiða fiskilínur úr gerviefnum, svonefndum trevira-þræði, og þóttu línurnar betri en þær innfluttu.<sup>317</sup> Fleiri vildu láta að sér kveða. Á Eskifirði hafði Jóhann Klausen netagerðarmeistari rekið netaverkstæði, þar voru nýleg og góð hús og framúrskarandi bryggjuaðstaða. Eftir að dró úr síldveiðum vildi Jóhann styrkja stoðir verkstæðisins. Þann 12. september 1968 fékk Iðnaðarmálastofnun erindi frá Jóhanni varðandi stofnun netahnýtingarstöðvar með vélakosti frá framleiðendum í Japan, í samvinnu við Campell Andersens Enke A/S í Björg-

314 Magni Órvar Guðmundsson, tölvupóstur, 12. desember 2018.

315 Jakob F. Ásgeirsson, „Hampiðjan 40 ára“, *Ægir*, 8. töl., 67. árg., 1974, bls. 147.

316 Höfundur ókunnur, „Vandamál íslensks veiðarfæraíðnaðar“, *Iðnaðarmál*, 5.-6. töl., 11. árg., 1964, bls. 95.

317 Jakob F. Ásgeirsson, „Hampiðjan 40 ára“, *Ægir*, 8. töl., 67. árg., 1974, bls. 148-149.



*Kristján Ragnarsson formaður LÍÚ og Aðalsteinn Jónsson útgerðarmaður á Eskifirði.*

vin í Noregi.<sup>318</sup> Þar var ætlunin að vélhnýta efni í síldar- og loðnunætur, ásamt þorskanetum. Þann 20. febrúar árið 1969 var haldinn stofnfundur Fiskinetts HF á Eskifirði. Jóhann Klausen hafði átt viðræður við norska aðila um kaup á netahnýtingarvélum. Ætlunin var að stofna hlutafélag um reksturinn og fóru fram viðræður við Jóhann Hafstein iðnaðarráðherra og forvígismenn Iðnaðarmálastofnunar um að Iðnaðarbankinn legði til fjármagn. Einnig voru bundnar vonir við fjárveitingar frá sveitarfélaginu og einstaklingum.<sup>319</sup> Ekki gekk hlutafjársofnunin eins og til stóð og var horfið frá þessum áformum.<sup>320</sup> Einnig var starfrækt netaverkstæði í Neskaupstað. Árið 1958 hafði Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf verið stofnuð og var Jónas Valdórsson meðeigandi. Fyrirtækið átti uppruna sinn í þjónustu við síldveiðiflotann. Árið 1966 tók fyrirtækið nýtt og glæsilegt húsnæði í notkun undir starfseminu. Eftir að síldveiðarnar hrundu komu nokkur erfið ár í rekstrinum en eftir að skuttogaravæðingin hófst komu ný verkefni. Samhliða var byggð upp fullkomin víráþjónusta með kaupum á víráþrykkivél sem gat þrykkt allt að 28 mm vír með allt að 600 tonna átaki. Var það eina vél sinnar tegundar á Austurlandi.<sup>321</sup>

<sup>318</sup> Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, Fiskinet HF, H 16, A stjórnun, ks 1, ör 2.

<sup>319</sup> Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, Fiskinet HF, H 16, Fundagerðarbók 1969-1970, ks 1, ör 2.

<sup>320</sup> *Austri* 23. apríl 1970, bls. 1. Sjá einnig Lúðvík Jósepsson, „Netaverksmiðja á Eskifirði“, *Austurland* 25. júlí 1969, bls. 1.

<sup>321</sup> Jón Einar Marteinsson, tölvupóstur, 29. september 2020.

Mikil deigla var í netagerð á þessum árum. Árið 1967 skrifaði Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur gagnmerka grein í *Ægi*. Hann nefndi að til skamms tíma hefðu aðeins netagerðarmenn og sjómenn unnið að endurbótum á veiðarfærum. Á liðnum árum hefðu hins vegar fiskifræðingar, skipaverkfræðingar og tæknifræðingar í vaxandi mæli unnið að veiðarfærarannsóknum í sérstökum rannsóknarstofnunum hér á landi sem og í nágrannalöndunum. Þar væri ýmislegt sem þyrfti að athuga, s.s. efni til neta- og kaðlagerðar, meðhöndlun og ending veiðarfæra, ásamt rannsóknum á veiðigetu þeirra. Guðni nefndi í framhaldinu að fiskveiðar væru mjög nýttiskulegar á Íslandi „og stafar það af því, að Íslendingar eru og hafa yfirleitt verið nýjunga- og framfaragjarnir“.<sup>322</sup> Hér má nefna að árið eftir hóf Hafrannsóknastofnun umfangsmiklar tilraunir á Sóley ÍS 225 með nýja síldarnót sem Jóhann Klausen á Eskifirði hannaði. Nótastöðin HF á Akranesi lagði til netamennina Guðjón Ó. Jónsson og Halldór Árnason sem höfðu umsjón með breytingum á nótinni á veiðitímanum. Ýmsar breytingar voru gerðar á nótinni frá því sem áður tíðkaðist. Má nefna að felling nótarinnar var um 10% minni en áður, nótin hafði tvo blýteina í stað eins og var lengdarmunur korka og neðri blýteins minnkaður verulega.<sup>323</sup> Skipstjóri í ferðinni var Ari Kristjánsson og sagði hann að hann vildi mun fremur brúka nótina til sumarsíldveiða „en nætur þær, sem settar hafa verið upp með því fellingar- og teinafyrirkomulagi sem tíðkast hefur“.<sup>324</sup> En síldin hvarf árið 1969 eins og alkunna er og reyndi því lítið á nýju nótina.



*Jóhann Klausen netagerðarmeistari rak eigin netagerð á Eskifirði frá 1960 til 1974, var auk þess bæjarstjóri frá 1970 til 1977 og sá um vélgæslu fyrir RARIK á svæðinu. Ari Kristjánsson skipstjóri.*

Á fjórða áratugnum hófust rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi. Fljótlegaildu menn reyna fyrir sér á öðrum veiðisvæðum, s.s. í Breiðafirði, Húnaflóa og Arnarfirði. Netagerð Vestfjarða á Ísafirði hafði sérhæft sig í að útbúa rækjutroll eftir að síldin hvarf undir lok sjöunda áratugarins.<sup>325</sup> Í desember 1969 og febrúar 1970 fór Hafþór RE 70 í rækjuleitarleiðangur úti fyrir Norðurlandi. Notuð var svokölluð tveggja poka varpa sem Guðni Þorsteinsson hannaði. Veiðarnar gengu vel og vöktu mikla athygli og bundu norðlenskir sjómenn vonir við þær til framtíðar.<sup>326</sup> Meðal merkilegustu tækninýjunga þessara ára voru svonefnd fjölveiðiskip.<sup>327</sup> Sá tími sem það tók að skipta frá botnvörpu til flotvörpu gat gert það að verkum að skipstjórar hikuðu oft við slíkt þó það teldist góður kostur.

322 Guðni Þorsteinsson, „Íslensk veiðitækni“, *Ægir*, 11. töl., 60. árg., 1967, bls. 206.

323 Guðni Þorsteinsson, „Síldarnótatíraunir ms Sóleyjar 1968“, *Ægir*, 22. töl., 61. árg., 1968, bls. 419.

324 Guðni Þorsteinsson, „Síldarnótatíraunir ms Sóleyjar 1968“, *Ægir*, 22. töl., 61. árg., 1968, bls. 421.

325 Höfundur ókunnur, „Brautryðjendur fyrir vestan“, *Ægir*, 4. töl., 89. árg., 1996, bls. 46.

326 Guðni Þorsteinsson, „Rækjuleit rs Hafþórs fyrir Norðurlandi í desember 1969 og febrúar 1970“, *Ægir*, 11. töl., 63. árg., 1970, bls. 197-199.

327 *Dagur* 23. mars 1964, bls. 1.





### **Netaverkstæði Jóhanns Klausens**

*Frá vinstri: Jóhann Magnússon,  
Hjörvar Ólsen Jensson, Sigurjón Einarsson lærlingur,  
Guðjón Valur Björnsson, Kristgeir Jónasson,  
Haukur H. Þorvaldsson lærlingur,  
Jóhanna Júlíusdóttir matráðskona,  
Ingvar J. Jónasson, Guðgeir Björnsson,  
Sæbjörn Guðmundsson, Ingvar Þ. Gunnarsson,  
Guðni Þór Magnússon, Sigurður Magnússon,  
Þórhallur V. Þorvaldsson, Magnús Sveinsson,  
Sigurjón Rósmundsson, Páll Kristjánsson,  
Kristján Ragnarsson, Thor Friðriksson Klausen,  
Egill Kristjánsson, Jóhann Klausen,  
Svanur Rósmundsson og Björn Þorkelsson.*

Það, sem nefnt hefur verið „fjölveiðibúnaður“ (multiple gear), er því ekki annað en sérstakt fyrirkomulag á dekkinu, sem gerir mönnum kleift, að hafa til reiðu tvær eða jafnvel fleiri vörpur þannig fyrir komið að hægt sé að kasta einni í stað annarrar með stuttum fyrirvara.<sup>328</sup>

Til að gera þetta mögulegt var notuð netatromla og tvöfaldur togblakkarútbúnaður.<sup>329</sup> Þetta voru miklir framfaratímar. Ekki var þó allt óumdeilt sem gert var. Sigfús Magnússon togaraskipstjóri hjá síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni Kletti, sem gerði út nýsköpunartogarana Ask, Geir, Hauk og Hvalfell á þessum tíma, var mikill áhugamaður um netagerð. Hann skrifaði fjölmargar greinar í *Sjómannablaðið Víking* á árunum 1959–1972 um útreikninga á fellingu og almennan skilning manna á veiðihæfni botntrollsins. Hann var þeirrar skoðunar að hið rétta væri að fullopna möskva trollsins og nótanna á veiðum. Hann gat verið orðhvas og harður í skrifum sínum. Eftirfarandi sagði hann í *Sjómannablaðinu Víkingi* árið 1961:




*Sævar Brynjólfsson skipstjóri, Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur og Sveinn Valgeirsson skipstjóri.*

328 Höfundur ókunnur, „Nokkrar vangaveltur um fjölveiðibúnað“, *Ægir*, 12. tbl., 65. árg., 1972, bls. 225-228.

329 Þetta var fyrst reynt á enska togaranum Orion árið 1971. Loftur Júlíusson, *Sjómannablaðið Víkingur*, 1.-2. tbl., 34. árg., 1972, bls. 22. Lauslega þýtt úr *Fishing News International*, október 1971.



Hin hefðbundna gerð botnvörpunnar er orðin trúaratriði hjá öllum fiskveiðipjóðum, sem styrkist af því, að framámenn allra fiskveiðipjóða finna ekkert athugasvert við þessi undarlegu hlutföll, sem eru í botnvörpum. Þeir hafa auðsjáanlega



*Gloríutroll  
Hampiðjunnar.*

gengið til starfa með fyrirfram fullvissu um, að gerð botnvörpunnar væri fullkomnun í netagerð. Þar sem þeir hafa lítið botnað í þessari samsetningu, hafa þeir tekið þá mannlegu afstöðu að hæla henni, en þó slegið þann varnagla, að með réttum hjálpartækjum væri hægt að hækka höfuðlínuna frá botni. Með því hafa þeir leitt hugtakið vörpugerð yfir á hjálpartæki til að þvinga vörpur betur opnar.

Ef botnvarpa með 270 möskva miðneti væri fullunnin, þyrfti hún 140 feta höfuðlínu og 256 möskvar, virkir milli jaðra í miðneti, klæddu 90 fet á þverveginn. Þá væru yfirvængs- og miðnetsjaðrar 60 fet á lengd. Þetta er mesta vinnsla, sem hægt er að fá úr þessari gerð af botnvörpum. Á móti að neðan koma 80 feta langir undirvængir. Nú er fullunnið net í báðum hliðum undirvængja nema fastavængjajaðra. Jafnvel þó yfirnetið væri fullunnið væru undirvængirnir allt að 20 fetum of langir. Það koma 30 fet af fullunnu neti á 20 feta fiskilínu næst kvörtum. Þetta mikla aukanet í fastavængjum gerir það að verkum að hliðarundirbelgur kiplast saman að kvörtum og undirbelgsjaðar er festur í ca. 5 feta slakt net.




*Sigfús Magnússon  
skipstjóri.*

Þessi frágangur til endanna eru svo stórfengleg afgangur í netagerð, að ekkert er sambærilegt nema hressilegasta lygasaga. Hvað undirvænginn snertir ætti jaðar hans eftir gerð vængsins að ná 6 fet fram yfir gaflínu. Yfirvængsjaðar er aðeins hálfdrættingur, nær 3 fet fram yfir gaflínu. En þeir eru gerðir jafnir og staðsettir öfugu megin við gaflínuna. Þetta hefur þau áhrif hvað undirvænginn snertir, að hann dregst eins og möskvalaus óskapnaður, því jaðrar undirvængsins eru frá byrjun 6 fetum aftar en gerð hans segir til um og ekki bætir um þegar aftar dregur, því báðum megin kvarta safnast saman net bæði á langveginn og þverveginn, sem virðist hafa þann tilgang einan að leggjast í botninn og skriðna þar og rifna.<sup>330</sup>

330 Sigfús Magnússon, „Fullvinnsla nets í vörpugerð“, *Sjómannablaðið VÍkingur*, 1-2. tbl., 23. árg., 1962, bls. 28-29.

*Netaverkstæði  
Hampiðjunnar  
í Neskaupstað,  
eitt fullkornasta  
verkstæði landsins.*



Við þessum ábendingum var lítið um svör frá Hafrannsóknastofnun og öðrum sem unnu að þróun í netagerð hér á landi. Hér má nefna að Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur og ráðgjafi stofnunarinnar hélt sínu striki og þróaði flottroll eftir þeirri þýsku fyrirmynd sem Sigfús gagnrýndi hvað mest.<sup>331</sup> Verkið var unnið af Nótastöðinni Odda á Akureyri.<sup>332</sup>

Menn vissu hins vegar að nauðsynlegt var að efla veiðarfærarannsóknir á Íslandi. Í þeim efnum var lítið til svonefndra veiðarfæratanka. Tankarnir líktu eftir náttúrulegum aðstæðum, sem og togkrafti skipa.

Tilraunir í veiðarfæratönkum höfðu áhrif á þróun veiðarfæra. Menn fóru að skera þau öðruvísi þannig að þau opnuðust betur. Áður höfðu menn haft kant-

<sup>331</sup> Sigfús Magnússon, „Fyrsta árás á Hafrannsóknarstofnunina og aðra sem stjórnal“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 6. tbl., 31. árg., 1969, bls. 207-209.

<sup>332</sup> *Morgunblaðið* 21. janúar 1969, bls. 27.

inn á höfuðlínu og fiskilínu lokaðri (möskvar teknir saman), en hættu því og þá opnaðist allt veiðarfærið. Ýmsir höfðu grun um þetta vandamál, en enginn þorði að stíga skrefið fyrr en hann myndi sjá þetta gerast í veiðarfæratanki.<sup>333</sup>

Árið 1981 mælti Pétur Sigurðsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins fyrir tillögu á Alþingi um að ríkisstjórnin í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnun kæmi upp tilraunageymi til veiðarfærarannsókna.<sup>334</sup> Sumarið 1981 skipaði Steingrímur Hermannsson sjávarútvegsráðherra nefnd til að fylgja málinu eftir.

Nefndin leggur til að byggður verði tankur með aðstöðu til rannsókna og tilrauna með veiðarfæri. Veiðarfæratankur mun reynast gagnlegur við kennslu, þjálfun og tilraunir starfandi manna í sjávarútvegi og þróun togveiðarfæra.<sup>335</sup>

Ekkert varð af þessu. Menn höfðu þó fundið ráð við tankleysinu en betur mátti ef duga skyldi. Um miðjan sjöunda áratuginn höfðu Danir smíðað stærsta tilraunatank í heimi í sjávarútvegsmiðstöðinni í Hirtshals. Snemma fengu íslenskir verkstæðiseigendur og útgerðir aðgang að tankinum og var farið þangað einu sinni á ári og gerðar tilraunir í honum, oftast í desember.<sup>336</sup>

Annað sem réði úrslitum í veiðarfærarannsóknum voru neðansjávarmyndavélar. Árið 1983 hóf Netagerð Vestfjarða að nota neðansjávarmyndavél til að fylgjast með veiðarfærum. Það var í fyrsta skipti sem slíkt var reynt hér á landi og gat vélin myndað niður á 750 metra dýpi. Í kjölfarið hóf Netagerð Vestfjarða að vinna að neðansjávarmyndatökum með Hampiðjunni og Hafrannsóknastofnun. Guðmundur Gunnarsson framkvæmdastjóri í netastofu Hampiðjunnar lagði áherslu á að fyrstu raunhæfu breytingarnar hefðu verið gerðar á veiðarfærum eftir að neðansjávarmyndavélar voru teknar í notkun. „Þá var eins og nýr heimur opnaðist og við fengum alveg nýjar forsendur til að breyta þeim.“<sup>337</sup>

Hampiðjumenn voru áfram stórhuga. Eftir að fyrirtækið hafði náð góðum tökum á framleiðslu trollneta úr plastefnum var hugað að útflutningi. Færeyingar urðu fyrstir til að kaupa net af Hampiðjunni árið 1971. Síðan fóru útgerðarmenn í Kanada, Bandaríkjunum, Noregi, Danmörku og á Bretlandseyjum að dæmi þeirra. Útflutningurinn náði hámarki árið 1987 en síðan fylgdi samdráttur eftir að veiðar drógust saman í Norður-Atlantshafi.

333 Sbr. hugmyndir Sigfúsar Magnússonar. Viðtal höfundar við Lárus Pálmason, 3. september 2020.

334 *Morgunblaðið* 20. mars 1981, bls. 18.

335 Guðni Þorsteinsson, „Um rannsóknir og kennslu í veiðitækni“, *Ægir*, 7. töl., 76. árg., 1983, bls. 360.

336 Viðtal höfundar við Lárus Pálmason, 3. september 2020.

337 Höfundur ókunnur, „Engar stórbreytingar framundan“. Viðtal við Guðmund Gunnarsson, *Sjómannablaðið Víkingur*, 9.-10. töl., 50. árg., 1988, bls. 14.



Flottroll í viðgerð.

Sérstaklega átti þetta við um trollnetin. Hampiðjan fylgdi samdrættinum eftir með miklu þróunarstarfi og framleiðslu á fullbúnum veiðarfærum.<sup>338</sup>

Hér má sérstaklega nefna að Hampiðjumenn þróuðu flottrollin áfram við uppsjávarveiðar (Gloríutroll). Var þá notast við sérstakan trollhermi, tölvuforrit sem reiknaði út togkraft, vélarstærð, stærð skipa og fleiri þætti.<sup>339</sup>

Áhugavert er að skoða hversu mikil þróun hefur átt sér stað í hönnuninni á trollunum sjálfum og þar með í trollveiðum. Síðutogararnir (nýsköpunartogarar) notuðu að meðaltali 24 botntroll á ári en skuttogararnútímans nota 2 botntroll á ári. Togarar nútímans nota því 90% minna af veiðarfærum en síðutogararnir gerðu! Á sama tíma hefur afkastageta botntrollsins aukist um 60–70% sem skýrist af rannsóknum og þróun veiðarfærisins. Miklu skipti þegar dyneemaþráðurinn var tekinn í notkun. Ofurtóg Hampiðjunnar var selt undir vörumerkinu Dynex og var það not-

að í fyrrnefnd Gloríutroll og veiðarfæri fyrir íslensk skip af millistærð. Vegna minna viðnáms netanna var hægt að nota stærri og afkastameiri troll.<sup>340</sup> Miklu skipti þegar Hampiðjan setti Poly-Ice-toghlæra á markaðinn. Annars vegar var um að ræða Viking-botnhlerana og hins vegar Sputnik-flottrollhlerana. Hlerarnir voru afrakstur gjöfullar samvinnu við verkfræðideild Háskóla Íslands sem leiddi af sér mikla framþróun í veiðitækni.<sup>341</sup> Fleiri létu að sér kveða. Á þessum árum hóf Icedan ehf í Hafnarfirði að framleiða hnútalaus net en hnútarnir eru helstu veikleikar neta. Þau missa um 40% af styrk sínum vegna þeirra.<sup>342</sup> Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar var framarlega í þróun á skiljum fyrir botntroll, bæði smáfiskaskiljum og rækju- og smárækjuskiljum.<sup>343</sup> Fyrirtækið var einnig það eina á landinu sem sérhæfði sig í þjónustu við fiskeldi. Hér má nefna rekstur á þvottastöð fyrir fiskeldispoka á Reyðarfirði og framleiðslu á netpokum og festingum fyrir kvíar.<sup>344</sup>

338 *Hampiðjan 60 ára, 1934-1993. Ársskýrsla 1993*, bls. 11.

339 Höfundur ókunnur, „Íslensk netagerð er alþjóðleg atvinnugrein“, (viðtal við Guðmund Gunnarsson), *Ægir*, 4. töl., 89. árg., 1996, bls. 41-44.

340 Höfundur ókunnur, „Sóknarfæri Hampiðjunnar liggja í öflugum innanlandsmarkaði og veiðarfæraútlutningi“, (viðtal við Guðmund Gunnarsson), *Ægir*, 3. töl., 92. árg., 1999, bls. 23.

341 Höfundur ókunnur, „Í stöðugri sókn hér heima og erlendis“, (viðtal við Atla Má Jósefsson), *Ægir*, 3. töl., 95. árg., 2002, bls. 42. Toghlærasmiðin átti sér ákveðna forsögu. Árið 1995 hófu Jósafat Hinriksson og Netagerð Vestfjarða rannsóknir á toghlerum og veiðarfærum í samstarfi við fyrirtæki Zaragoza-feðga í Guaymas í Mexíkó. Dótturfyrirtæki Jósafats Hinrikssonar, Poly-Ice Mexico, var síðan stofnað í árslok 1996 og nokkru síðar netagerðarfyrirtækið Technored del Pacifico á vegum Netagerðar Vestfjarða. *Morgunblaðið*, (Í Verinu), 7. apríl 1999, bls. 3.

342 Höfundur ókunnur, „Hnútalaus net valda byltingu“, (viðtal við Þorstein G. Benediktsson), *Ægir*, 3. töl., 92. árg., 1999, bls. 28.

343 Höfundur ókunnur, „Aukin verkefni í kolmunna og laxi“, (viðtal við Jón Einar Marteinson), *Ægir*, 7-8. töl., 96. árg., 2003, bls. 40.

344 Höfundur ókunnur, „Sérhæfing í veiðarfæra- og fiskeldisþjónustu“, (viðtal við Jón Einar Marteinson), *Ægir*, 2. töl., 97. árg., 2004, bls. 47.



*Árið 1985 hóf vélsmiðjan Þór framleiðslu á svonefndri netaafskurðarvél. Leó Jónsson og Sigurður Óskarsson hönnuðu vélina og fékk Ingólfur Theodórsson netagerðarmeistari afhent fyrsta eintakið þar sem hann lá á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum.*

Árið 2005 sameinuðust síðan Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf og Netagerð Vestfjarða í Fjarðanet. Fljótlega vakti hið sameinaða fyrirtæki athygli með hinu svokallaða þvernetstrolli. Í samanburði við hefðbundin troll fólst meginbreytingin í því að netinu í trollinu var snúið um 90°. Möskvarnir opnuðust betur og því þurfti minna net í trollið og togmótstaðan var minni.<sup>345</sup>

<sup>345</sup> Höfundur ókunnur, „Hemmer T90-þvernetstrollið frá Fjarðaneti vekur mikla athygli“, *Ægir*, 8. tbl., 101. árg., 2008, bls. 48.



III. HLUTI

**Saga  
Nótar**


SAGA  
**NETAGERÐAR**  
Á ÍSLANDI

### 3.1 Barátta verkafólks í netavinnu

Á þriðja áratug 20. aldar voru blikur á lofti á íslenskum vinnumarkaði. Fyrst skulum við bregða okkur til Akureyrar. Þann 10. mars 1929 var Nóta- og netamannafélag Akureyrar stofnað.<sup>346</sup> Það var eitt af nokkrum verkalyðsfélögum sem voru stofnuð þar fyrir áhrif frá hugmyndum sem Einar Olgeirsson kynnti eftir dvöl sína í Þýskalandi.<sup>347</sup> Þann 29. desember samþykkti félagið kaupaxta frá 1. janúar til 30. apríl 1930. Samkvæmt kaupaxtanum var tímavinna við nóta- og netabætingu: Ein króna og tíu aurar. Við ákvæðisvinnu við reknet: Bæting: 10 krónur á net. Felling: 8 krónur á net. Við millisíldarnet: Bæting: 15 krónur á net. Felling: 15 krónur á net. Í stjórn félagsins voru Björn Grímsson formaður, Jóhannes Júlíniusson ritari og Aðalsteinn Jörundsson gjaldkeri.<sup>348</sup> Á fundi félagsins þann 24. apríl 1930 las formaðurinn eftirfarandi bréf frá fulltrúaráði verkalyðsfélaganna á Akureyri:



Við undirrituð, sem höfum verið kosin af fulltrúaráði verkalyðsfélaganna á Akureyri til að annast hátíðahöld fyrsta maí næstkomandi, snúum okkur hér með til félags ykkar með þau tilmæli að þér af fremsta megni beitið ykkur fyrir því að fyrsti maí verði almennur frídagur og helst að enginn verkamaður vinni þann dag.<sup>349</sup>



*Einar Olgeirsson  
alþingismaður og  
verkalyðsforingi  
og Björn Grímsson  
formaður Nóta- og  
netamannafélags  
Akureyrar.*

Þetta eru áhugaverð orð og lýsa vel þeim umskiptum sem fóru í hönd í íslensku samfélagi þegar launþegar efldu samtakamátt sinn. Árið 1930 voru fyrsta maí hátíðahöld auglýst á Akureyri undir merkjum hamars og sigðar og gengu ungir jafnaðarmenn að Samkomuhúsinu í bænum. Árið eftir var síðan farin kröfuganga undir merkjum verkalyðsfélaganna á Akureyri og í Reykjavík.<sup>350</sup>

Árið 1932 voru þrjú netahnýtingarverkstæði í Reykjavík og unnu þar alls um 40–50 stúlkur sem höfðu engin samtök sín í milli þrátt fyrir ýmsar tilraunir í þá átt. Þær unnu í ákvæðisvinnu og þær vönustu höfðu um það bil 5–7 krónur á dag fyrir erfiðið, hins vegar hnýttu óvanar stúlkur 1–2 garnrúllur yfir daginn og fengu um eina krónu og 50 auru fyrir rúlluna. Þetta var svonefnd trollnetahnýting og einnig unnin í heimahúsum. Nokkru fyrr reyndu fáeinar stúlkur að hafa samtök um netahnýtinguna en þær féllu í ónáð hjá vinnuveitendum og var haldið frá vinnu.<sup>351</sup> Ekki var það liðið.

346 *Hskj. Ak.* (Gögn Verkalyðsfélagsins Einingar). Fundargerðabók Nóta- og netamanna Akureyrar. Óskráð.

347 Erlingur Friðjónsson, „Klofningshræðsla kommúnistanna“, *Alþýðumaðurinn* 31. janúar 1933, bls. 3.

348 *Íslendingur* 3. janúar 1930, bls. 4. *Hskj. Ak.* (Gögn Verkalyðsfélagsins Einingar). Fundargerðabók Nóta- og netamanna Akureyrar, 29. desember 1929. Óskráð.

349 *Hskj. Ak.* (Gögn Verkalyðsfélagsins Einingar). Fundargerðabók Nóta- og netamanna Akureyrar, 24. apríl 1930. Óskráð.

350 Tryggvi Emilsson, *Baráttan um brauðið*, bls. 300. *Morgunblaðið* 2. maí 1930, bls. 4.

351 „Netahnýting“, *Nýja konan*, 6. tbl., 1. árg., 1932, bls. 2.



Netagerðarkonur  
við Brydehúsið í  
Vestmannaeyjum  
(Framhúsið).

Þær konur, sem ekki eru alveg sofandi fyrir velferð sinni, hljóta nú að sjá það, að á næstu mánuðum harðnar árás vinnukaupenda á hendur verkalyðsins í heild, og þeir vita hvar garðurinn er lægstur. Hvað netavinnustúlkunum viðkemur, er þar algert skarð í múr samtakanna. Þetta skarð verður að fylla upp sem fyrst. Þó að við ekki næðum nema 5–10 aura hækkun á rúlluna, eru það miklar hagsbætur, þó að betra væri að ákvæðisvinnan yrði afnumin og tímakaup yrði greitt — þá hefðum við 7–8 kr. á dag.<sup>352</sup>

Með auknum síldveiðum fór fleira og fleira fólk til Siglufjarðar á vorin frá Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum. Framan af hafði þetta fólk lítil réttindi og enga tryggingu fyrir launum yfir sumarið. Fólkið varð sjálft að kosta upphald sitt og ferðir og ef vinnan brást blasti vandinn við. Þetta fólk var mest í hringnótavinnu sem aðallega var unnin á verkstæðum.

Ólafur H. Einarsson varaformaður Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík nefndi að netabætingarfólk hefði leitað til Alþýðusambandsins um aðstoð við félagsmyndun haustið 1937. Forráðamenn ASÍ gáfu þau svör að eðlilegast væri að leita til Iðju þar sem þar væri fólk sem ynni svipaða verksmiðjuvinnu og netabætingarfólk.<sup>353</sup> Félagið fékk nafnið Nót og hafði sín sérstöku lög, sérstjórn og sérmál en taldist deild í Iðju (nefnd E-deild), „án þess að meðlimir þess hefðu full félagsréttindi í Iðju eða félagar Iðju félagsréttindi í Nót“.<sup>354</sup> Sigurjón Jónsson varð formaður deildarinnar. Aðrir í stjórn voru Guðrún Bjarnadóttir ritari, Sigríður Eyjólfsdóttir gjaldkeri, og meðstjórnendur voru Jóhanna Jónasdóttir og Ingólfur Theodórsson.<sup>355</sup>

Ingólfur hafði flutt til Reykjavíkur árið 1927 og hóf að vinna hjá Birni Benediktssyni netagerðarmeistara. Atvikin höguðu því svo til að árið 1937 setti hann upp tvær síldarnætur á Hesteyri við Ísafjarðardjúp fyrir Geir Thorsteinsson útgerðarmann og tilheyrðu næturnar togurunum Braga og Karlsefni. Í kjölfarið hóf Ingólfur störf hjá Jónasi Halldórssyni netagerðarmeistara. Annar hvatamaður að stofnun deildarinnar, Árni Jónsson, vann þar einnig. Hins vegar má nefna að Sigurjón formaður deildarinnar og Sigríður gjaldkeri höfðu unnið hjá Birni Benediktssyni. Aðrir stofnfélagar unnu hjá Alliance.<sup>356</sup>

352 „Netahnýting“, *Nýja konan*, 6. tbl., 1. árg., 1932, bls. 2.

353 Stjórn Iðju hafði undirbúið jarðveginn fyrir slíka beiðni. Á aðalfundi 14. febrúar 1937 var ákveðið að hjálpa verkafólki, sem vann í atvinnugreinum sem voru skyldar verksmiðjurekstri, að mynda félagasamtök um hagsmuni sína innan heildarsamtaka Iðju. *Nýtt land* 10. júní 1938, bls. 2.

354 Ólafur H. Einarsson, „Klufningsmenn létu Nót gjalda Iðju“, *Nýtt Land* 24. júní 1938, bls. 1-2.

355 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 7, ör 2. Uppkast Helga Guðmundssonar að sögu Nótar. bls. 5.

356 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 7, ör 2. Uppkast Helga Guðmundssonar að sögu Nótar, bls. 18-17.



Engir fastir samningar voru við netagerðarfólk og var fyrsta verk félagsins á árinu 1938 að bæta úr því. Oft gekk fólkið lengi atvinnulaust. „En þegar kom nálægt síldartíma var hrúgað inn á verkstæðin óvönu fólki, sem vann langt fyrir neðan almennan taxta verkalýðsfélaganna.“<sup>357</sup> Það þótti nýmæli að samninganefnd félagsins lagði til að karlmenn og konur fengju sömu laun þar sem konur væru mikilvægir starfskraftar og afköstuðu þær ekki síður miklu eins og karlmenn. Í samninganefndinni voru Björn Jónsson, Árni Jónsson og Ingólfur Theodórsson. Þann 18. janúar fengu Jóhann Gíslason, Vesturgötu 66, Jóhann Halldórsson, Reykjavíkurvegi 37 og Björn Benediktsson, Skólavörðustíg 17 A bréf þar sem þeim var tilkynnt um stofnun félags starfsfólks hjá Iðju sem stundaði netabætingar.<sup>358</sup> Kröfur félagsins voru að atvinnurekendur greiddu eina krónu og 30 aura á tímann frá 1. október til 1. mars. Frá þeim tíma til 1. október árið eftir skyldi kaupíð síðan vera ein króna og 35 aurar á tímann. Það var hugur í fólki. Þann 27. janúar 1938 var haldinn aðalfundur E-deildar netabætingarfólks í Iðju. Þar var Ingólfur Theodórsson kosinn formaður, Sigríður Eyjólfsdóttir gjaldkeri, Bryndís Sigurðardóttir ritari, Jóhanna Jónasdóttir og Björn Jónsson meðstjórnendur.<sup>359</sup>

Í fyrstu neituðu atvinnurekendur að ganga að kröfum samninganefndar E-deildarinnar og báru því við að netaverkstæðin á Akureyri væru hættulegir keppinautar og það þyrfti að vera sami kauptaxti á Akureyri og í Reykjavík. Það þótti rofa til þegar eigendur tveggja stærstu netabætingarverkstæðanna undirrituðu yfirlýsingu þess efnis þann 28. janúar 1938 að þeir myndu ekki greiða lægri laun en tíðkaðist á Akureyri. Síðan kom fram að Akureyrartaxtinn var hærri en atvinnurekendur í Reykjavík gerðu sér grein fyrir eða ein króna og 50 aurar á tímann frá 1. apríl til 1. október við alla innivinnu. Eftir þetta bar einn atvinnurekandinn fram miðlunartillögu sem samninganefnd Nótar samþykkti þrátt fyrir að tillagan væri um lægra kaupgjald en Akureyrarsamningurinn hljóðaði upp á. Þrátt fyrir þessar tilslakanir neituðu atvinnurekendur að skrifa upp á samninga. Tilslakanirnar voru miklar eða alls 25 aurar á tímann yfir tímabilið. Þá var ekkert annað í stöðunni en að boða verkfall.<sup>360</sup>



*Karlsefni RE 24 kom til landsins í febrúar 1925 og var sextugasti togari Íslendinga.*



*Jónas G. Halldórsson netagerðarmeistari var með netaverkstæði í Skerjafirði frá 1931–1942, er hann stofnaði sápuverðina Mjöll. Runólfur Pétursson, ASÍ.*

357 *Alþýðublaðið* 23. maí 1938, bls. 1.

358 *Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 8, ör. 1.*

359 *Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 8, ör. 1.*

360 *Alþýðublaðið* 23. maí 1938, bls. 4.

En það var ekkert einfalt. Í verkfallinu unnu t.d. sjómenn úr öðru félagi sem verkfallsbrjótar á einu verkstæðanna og vildi Alþýðusambandið leysa úr stöðunni með því að Nót segði sig úr sambandinu við Iðju og yrði sjálfstætt verkalýðsfélag innan þess. Verkfallið var því orðið haldlítið þegar Iðjufélagar gátu unnið fyrir Nótarfólk þegar það þótti henta. Þó má nefna að einn verkstæðiseigandinn skrifaði undir samninga, Jónas Halldórsson á verkstæði þar sem Ingólfur Theodórsson var einnig rekstraraðili. Björn Benediktsson brá hins vegar á það ráð að ganga í Félag íslenskra iðnrekenda þar sem Sigurjón Pétursson var í forsvari og gerði í kjölfarið þá kröfu að almennir samningar við Iðju giltu við fyrrnefndan aðila. Stjórn samningarnefndar Nótar sagði þetta byggt á misskilningi, því netabætingar væru handverk en ekki hefðbundin verksmiðjuvinna og bæri að ítreka að Nót væri í deild Iðju með sín sérstöku ákvæði.<sup>361</sup> Þetta var ekki ný umræða.<sup>362</sup> Nótarfólk í Iðju þurfti því að bregðast við með skjótum hætti.

### 3.2 Nót, félag netagerðarfólks

Formlegur stofnfundur Nótar fór síðan fram 14. júní 1938 á skrifstofu Alþýðusambands Íslands. Í upphafi fundarins sagði Ingólfur Theodórsson upp stöðu sinni sem formaður deildarinnar Nótar innan Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík.<sup>363</sup> Runólfur Pétursson formaður Iðju fór yfir málið og taldi affarasælast að Nót segði sig frá sambandinu við Iðju og starfaði sem sjálfstætt félag í ASÍ. Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt. Í kjölfarið voru sett fram lög félagsins. Í fyrstu grein laganna sagði: „Félagið heitir Nót, félag netabætingarfólks. Starfsvið þess er Reykjavíkurbær og nágrenni. Félagið er deild í Alþýðusambandi Íslands.“ Í 3. grein sagði: „Meðlimir félagsins geta þeir einir orðið, sem unnið hafa minnst þrjá mánuði samfleytt á netabætingarverkstæði eða þegar sýnt er að þeir hafi framtíðar atvinnu á netabætingarverkstæði.“<sup>364</sup> Svo naumur var tíminn að ekki gafst tími til að skrifa upp lög fyrir félagið. Þess í stað klipptu stofnendurnir niður lög annars félags, límdu á pappír, skrifuðu þær greinar inn sem þeim þótti vanta.<sup>365</sup> Á stofnfundinum voru eftirtaldir: Árni Jónsson formaður, Björn Jónsson varaformaður, Bryndís Sigurðardóttir ritari, Sigríður Eyjólfsdóttir féhirðir, Jóhanna Jónasdóttir meðstjórnandi, Guðríður Jónsdóttir, María Guðmundsdóttir, Guðbjörg Magnúsdóttir, Sigurmundur Jónsson, Guðmundur Halldórsson, Sigríður Pétursdóttir, Sigurlaug Kristjánsdóttir, Sigurjón Jónsson, Þórður Eiríksson, Sigríður Sigurðardóttir, Jón

361 *Nýtt land* 10. júní 1938, bls. 2.

362 Hér má benda á bréf frá fjármálaráðuneytinu um hvaða starfsgreinar væru handverk eða iðja. Umsögn Gústavs A. Jónssonar lögreglustjóra má sjá í bréfi frá 9. september 1935, en þar tók hann ekki af öll tvímæli. Af umsögn lónráðs Reykjavíkur var veiðarfæragerð iðja eins og Sigurjón Pétursson ályktaði. Sjá bréf 27. september 1935. Þ.Í. Landsamband iðnaðarmanna 2001 I/31.

363 Hann hafði síðar orðið formaður deildarinnar. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 7, örk 2. Uppkast Helga Guðmundssonar að sögu Nótar, bls. 18-17.

364 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Lög Nótar (14. júní 1938).

365 Helgi Guðmundsson, *Nót, sveinafélag netagerðarmanna 50 ára*, bls. 12.

Bjarnason og Jón Einarsson.<sup>366</sup> Ingólfur Theodorsson var ekki á fundinum og sagði sig úr félaginu með bréfi sem var lesið upp fyrir fundarmenn.<sup>367</sup>



*Óskar Sæmundsson  
frá ASÍ og Eggert  
Claessen fyrir hönd  
vinnuveitenda.*

Verkfallinu var aflýst með undirskrift þann 17. júní og skrifaði Óskar Sæmundsson undir fyrir hönd ASÍ og Eggert Claessen og Kjartan Thors fyrir Vinnuveitendasambandið. Ekki var fallist á kröfur félagsins um launajafnrétti karla og kvenna. Það bar til tíðinda að samkvæmt 9. grein sammingsins áttu vinnuveitendur að sjá um að lyfjakassi væri á vinnustaðnum, ásamt salerni og vaski. Samkvæmt 10. grein sammingsins áttu vinnustofur að vera bjartar og góð loftræsting með hæfilegum hita. Þetta voru nýmæli sem skiptu miklu til að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.<sup>368</sup> Þann 23. júní gengu eftirtaldir verkstæðiseigendur inn í samninginn: Björn Benediktsson, Jónas Halldórsson og Ólafur H. Jónsson. Fyrir Nót skrifaði Árni Jónsson formaður undir, einnig Bryndís Sigurðardóttir ritari og Björn Jónsson varaformaður.<sup>369</sup> Guðmundur Halldórsson var fulltrúi félagsins á sambandsþingi ASÍ. Í kjölfarið lagði hann fram eftirfarandi yfirlýsingu:

Ég undirritaður, sem kosinn er fulltrúi á sambandsþingi Alþýðusambands Íslands fyrir Nót, félag netabætingarfólks, lýsi því hér með yfir að viðlögðum drengskap og heiðri, að ég er Alþýðuflokksmaður og ekki meðlimur neins stjórnmalaflokks eða stjórnmalafélags utan Alþýðuflokksins og Alþýðusambands Íslands. Sömuleiðis skuldbind ég mig til, jafnframt því sem ég undirrita stefnuskrá Alþýðuflokksins sem samþykkt var á 14. þingi Alþýðusambands Íslands, að starfa í öllu samkvæmt henni, og hlíta öllum samþykktum og fyrirmælum sambandsþings, og sambandsstjórnar milli þinga, hvort heldur er í verkalýðs- eða stjórnmalafnum.<sup>370</sup>

366 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 14. júní 1938.

367 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 8, ör. 1.

368 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 17. júní 1938.

369 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 23. júní 1938.

370 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 20. júní 1938.

Allt frá því snemma á þriðja áratugnum voru miklar deilur meðal alþýðuflokksmanna og kommúnista um völdin innan ASÍ. Alþýðusambandið var frá upphafi bæði samband stéttarféлага og stjórn málaflokkur.<sup>371</sup> Yfirlýsingin að ofan sýnir að nú var Nót orðið sjálfstætt verkalyðsfélag innan ASÍ með stuðningi alþýðuflokksmanna. Hvers vegna var þessi yfirlýsing svona mikilvæg? Skýringin er sú að yfirleitt var staða þeirra féлага sem voru innan Alþýðusambandsins sterkari en hinna sem voru utan þess. Auk þess „viðurkenndi Alþýðusambandið ekki gjörninga sem félög utan þess gerðu“.<sup>372</sup> Á árinu 1938 hafði svonefnd samfylkingarstefna flækst í þessar gömlu deilur. Í nokkur misseri hafði verið að því unnið af hálfu kommúnista að auka samstarf verkalyðsflokkanna í samræmi við samfylkingarlínu Komintern í Moskvu. Þessar hugmyndir fengu góðan hlómgrunn meðal ýmissa alþýðuflokksmanna. Samfylkingarsinnar nefndu alþýðuflokksmenn, sem vildu ekki sameiningu vinstri aflanna, klofningsmenn gegn hægri öflunum og fasisma. Í *Alþýðublaðinu* sagði þann 17. júní að kommúnistar hefðu töluvert skipt sér af kjaradeilu Nótar sem hefði leitt af sér bölvun fyrir félagið.<sup>373</sup> Þjóðviljamenn svöruðu um hæl og sögðu að Sveinn Sveinsson meðeigandi Björns Benediktssonar hefði ekki viljað semja við Nót og leitað á náðir Sigurjóns Péturssonar og síðan Eggerts Claessen og hafi deilan því komist á það stig sem raunin varð.<sup>374</sup> Blaðið *Nýtt land* studdi samfylkingarsinna. Ólafur H. Einarsson varaformaður Iðju var harðorðurur í blaðinu. Hann sagði að þeir einu menn frá Iðju, sem hefðu haft afskipti af deilunni, „vorum við Runólfr Pétursson, – báðir Alþýðuflokksmenn og eigum sæti í fulltrúaráði og á sambandsþingi. Verkfallið var einungis gert til að ná þeim kjarabótum, sem jafnvel



*Björn Benediktsson  
kennur við  
Höfðavík í  
Reykjavík.*

hálaunuðustu Klofningsmenn munu ekki treysta sér til að kalla kommúnistíska heimtufrekju þeirra lægst launuðu.“<sup>375</sup>

Samkvæmt fjórðu grein samninganna frá 17. júní hafði fólk sem vann við netaþættingar á Norðurlandi um sumartímamann sama kaup og gildi á viðkomandi stað. Þetta ákvæði átti eftir að draga dilk á eftir sér. Stórir vinnuflokkar netabættingarmanna komu á vorin til Siglufjarðar þegar síldarvertíðin byrjaði og fóru aftur heim í lok vertíðar. Eftirtaldir ráku verkstæði á Siglufirði: Björn Benediktsson, ásamt Sveini Sveinssyni sem var meðeigandi og verkstjóri hjá honum. Þeir voru úr Reykjavík. Pétur Njarðvík frá Ísafirði, Jónas Hallgrímsson og Óli Konráðsson

371 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 229.


372 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 236.

373 *Alþýðublaðið* 17. júní 1938, bls. 1.

374 *Þjóðviljinn* 18. júní 1938, bls. 1.

375 Ólafur H. Einarsson, „Klofningsmenn létu Nót gjalda Iðju“, *Nýtt Land* 24. júní 1938, bls. 2.

*Nótaverkstæðið Höfðavík  
við Sætún brann illa í  
september 1953, húsið  
skemmdist mikið og svo  
brunnu inni síldarnætur sem  
var verið að þurrka.*



frá Akureyri. Einnig ráku Ingólfur Theodórsson og Jónas Hallgrímsson saman verkstæði, báðir úr Reykjavík. Björn Benediktsson greiddi lægsta kaupíð, 2 kr. og 02 aura á klukkustund. Hinir greiddu hærra kaup og allt upp í 2 krónur og 25 aura á klukkustund.<sup>376</sup>

Eftir sumarvertíðina 1938 fór fólk í Nót að bera saman bækur sínar um kaupíð fyrir norðan. Enginn fyrrnefndra aðila var frá Siglufirði og því ekki einsýnt hvernig bæri að túlka ákvæðið í samningunum frá 17. júní um að miða við „Siglufjarðartaxta“. Ekki er heldur auðvelt að sjá hvenær taxtinn verður viðmið. Enda sagði Halldóra Guðmundsdóttir, ein þeirra sem fór í netavinnu á Siglufirði, að aðkomufólkið væri í raun samningslaust.<sup>377</sup> Fyrstu merki um kauptaxta heimamanna má finna í siglufirski blaðinu *Mjölni* þann 15. desember 1939. Þar er getið um Þrótt, félag netagerðarmanna og að þeir hafi samþykkt kauptaxta á fundi félagsins 25. október sama ár.<sup>378</sup>

En aftur til ársins 1938. Það varð ofan á að fela Alþýðusambandinu að athuga rétt starfsmannanna. Einnig skrifaði Árni Jónsson formaður bréf til Björns Benediktssonar formanns Félags netaverkstæðiseigenda þar sem farið var fram á að kauptaxtar væru gengistryggðir og meðlimir hefðu Dagsbrúnartaxta við þurrkun á síldarnótum og að utanfélagsmenn sem teknir væru á verkstæðin á sumrin fengju einnig Dagsbrúnartaxta.

*Stefán Jóhann  
Stefánsson og  
Guðmundur Í.  
Guðmundsson  
lögmennt,  
alþingismenn og  
ráðherrar.*



Kaupdeilan á Siglufirði hélt Nótarfélögum við efnið næstu misseri. Á félagsfundum 13. desember 1938 ákvað stjórn Nótar að leita til Alþýðusambandsins um aðstoð.<sup>379</sup> Það fékk málfutningskrifstofu Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Guðmundar Í.

376 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 29. apríl 1939. Á þessum árum lét Björn annars mikið til sín taka þegar kom að netagerð. Árið 1937 útvegaði fiskimálanefnd sýnishorn af lúðunetum frá Noregi. Netagerð Björns í Reykjavík útbjó síðan slík net og sendi 10 þeirra til Stykkishólms og fjögur til Vestmannaeyja. Höfundur ókunnur, „Vertíðin á Suðurlandi 1. jan.-31. mars 1937“, *Ægir*, 4. töl., 30. árg., 1937, bls. 92.

377 Halldóra Guðmundsdóttir, „Baráttan fyrir launajafnrétti“, 19. júní, 1953, bls. 32.

378 *Mjölni* 15. desember 1939, bls. 1. Stofnfundur félagsins hafði verið 15. október. 1939. *Hskj. Ak.* (Gögn Verkalýðsfélagsins Einingar). Óskráð.

379 *Alþýðublaðið* 15. mars 1940, bls. 3.

Guðmundssonar til að flytja málið og lögðu lögmennirnir hart að Félagsdómi að virða rétt þess netabætingarfólks sem hafði unnið hjá Birni. Flestir sem unnu hjá honum höfðu komið „að sunnan“ og þótti mikilvægt að verja réttindi þeirra sem legðu mikið á sig til að fara á milli landshluta á vertíðir. Ferðakostnaður var hár og upphald dýrt. Í álitni málflytningisstofunnar sagði meðal annars: „Að síðustu viljum vér taka það fram að Sveinn Sveinsson viðurkenndi í raun og veru að taxtinn væri 2.25 er hann gerði upp við einn verkamann er hjá honum vann stuttan tíma og greiddi þá 2.25 kr. um tímann.“<sup>380</sup>

Það kom fram í máli Óskars Sæmundssonar framkvæmdastjóra ASÍ að Sveinn Sveinsson verkstjóri og meðeigandi Björns hafði upp á sitt eindæmi ákveðið launalækkun miðað við gildandi samninga á Norðurlandi;

í samtali við mig lofaði hann að reyna vinsamlega lausn þessa máls, eða að málið yrði útkljáð annaðhvort með úrskurði Félagsdóms, sem við báðir bæðum um sameiginlega, eða með gerðardómi. Leið svo allt fram í maí s.l. að Sveinn gerði ekkert til þess að uppfylla þessi loforð sín, þrátt fyrir það þótt meðeigandi hans, Björn Benediktsson, sem talinn er fyrir atvinnurekstri þeirra félaga, óskaði einskis frekar en friðsamlegrar lausnar. Þegar svo Sveinn frétti, að búið væri að afhenda málið mála-færslumanni Alþýðusambandsins, lét hann í veðri vaka, að hann óskaði viðtals við hann áður en málið yrði þingfest. Kom þó síðar í ljós, að hér var um sömu vífilengjur að ræða og áður, og neyddist Alþýðusambandið því að lokum til þess að höfða málið fyrir Félagsdómi með stefnu útgef-inni 14. júní ...<sup>381</sup>

Málið var síðan tekið fyrir tveimur dögum seinna og fékk umboðsmaður stefndu frest til 27. júní og svo aftur í 69 daga eða til 4. september, því hann vildi láta fara fram vitnaleiðslur í málinu á Ísafirði, Akureyri og Siglufirði.<sup>382</sup>

Nótarfélögum fannst málið dragast á langinn. Þann 30. ágúst 1939 kom frétt í *Alþýðublaðinu* þess efnis að Félagsdómur hefði komið saman „eftir hið langa og stranga sumarfrí sitt“.<sup>383</sup> Sigurgeir Sigurjónsson cand. jur. flutti málið fyrir hönd Nótár en Eggert Claessen fyrir hönd Björns Benediktssonar. Dómur var felldur þann 12. mars 1940 og vann Nót málið í öllum aðalatriðum. Það var niðurstaða dómsins að það kaup sem Akureyringarnir greiddu skyldi einnig gilda fyrir starfsfólk Björns og bar honum því að greiða starfsfólki sínu 2 krónur og 18 aura og 1/4 úr eyri í laun á tímann.<sup>384</sup>

380 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótár. Bréf dagsett 29. apríl 1939.

381 *Alþýðublaðið* 25. september 1939, bls. 3.

382 *Alþýðublaðið* 25. september 1939, bls. 3.

383 *Alþýðublaðið* 30. ágúst 1939, bls. 1.

384 *Alþýðublaðið* 15. mars 1940, bls. 3. Þjóðviljinn 16. mars 1940, bls. 4.

Þann 31. janúar 1939 var haldinn aðalfundur Nótar og skipuðu eftirtaldir stjórn félagsins: Árni Jónsson formaður, Björn Jónsson gjaldkeri, Bryndís Sigurðardóttir ritari og Sigríður Eyjólfsdóttir og Jóhanna Jónsdóttir meðstjórnendur.<sup>385</sup> Þann 29. apríl kom tilkynning um að verkafólk ætti að fylkja sér í kröfugöngu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna og Alþýðuflokksins. Undir þetta skrifuðu Guðmundur Halldórsson fulltrúi Nótar á sambandsþingum ASÍ og stjórn Nótar.<sup>386</sup> Af þessu má sjá að stjórn Nótar fylgdi forystu Alþýðusambandsins sem Alþýðuflokkurinn studdi. Þessi hluti vann gegn svokölluðum „sundurungaröflum“ eins og *Alþýðublaðið* nefndi kommúnista og alla þá sem reyndu að rjúfa tengsl Alþýðusambandsins við Alþýðuflokkinn. Þann tíunda nóvember sló *Alþýðublaðið* því upp að fagfélögin í Alþýðusambandinu væru 85 og þar með talin Nót með sína 20 meðlimi.<sup>387</sup>

Samkvæmt bréfi frá 30. desember 1938 hafði Nót þótt óhjákvæmilegt að segja upp samningunum með þriggja mánaða fyrirvara þar sem verkstæðiseigendur tóku ekki af öll tvímæli um að samningarnir væru gengistryggðir. Vinnuveitendasambandið og netaverkstæðiseigendur vildu þó halda samningunum óbreyttum.<sup>388</sup> Síðan ákváðu Nótarfélagar að framlengja samninginn. Þó dró til tíðinda í byrjun apríl 1939 þegar ríkisstjórnin samþykkti lög um gengisskráningu og fylgdi því harkaleg gengisfelling. Kaupgjald Nótarfélaga var því lögbundið næstu misseri. Í lok ársins 1940 lagði stjórn Nótar fram kröfu um að gera nýjan samning við félag netaverkstæðiseigenda. Sérstaklega þótti orðið nauðsynlegt að taka tillit til vísitöluhækkana ársins.<sup>389</sup>

Þann 28. janúar 1940 var aðalfundur í Nót. Halldóra Guðmundsdóttir var kosin formaður. Aðrir í stjórn voru Björn Jónsson varaformaður, Bryndís Sigurðardóttir ritari, Sigríður Eyjólfsdóttir gjaldkeri og Árni Jónsson meðstjórnandi.<sup>390</sup> Félagið sagði upp samningum þar sem vísitala verðlags á nauðsynjavörum hafði hækkað umfram kaupmátt.<sup>391</sup> Í samningunum sem komu í kjölfarið voru engar grunnkaupshækkanir en hins vegar fékkst sex daga orlof með launum miðað við 9 stunda vinnudag.<sup>392</sup> Nót styrkti sig verulega í þessum samningum. Þar má sérstaklega benda á fyrstu greinina:

Vinnuveitandi skuldbindur sig til að láta féлага í Nót, félagi netavinnufólks hafa forgangsrétt til vinnu þeirrar, sem þessi samningur er um.  
Getur vinnuveitandi snúið sér til formanns Nótar um ráðning fólks

385 *Alþýðublaðið* 1. febrúar 1939, bls. 1.

386 *Alþýðublaðið* 29. apríl 1939, bls. 1.

387 *Alþýðublaðið* 10. nóvember 1939, bls. 2.

388 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 30. desember 1938. Bréf dagsett 23. desember 1938.

389 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 10. desember 1940.

390 *Alþýðublaðið* 30. janúar 1940, bls. 1 og 4.

391 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 28. október 1940.

392 *Þjóðviljinn* 27. júní 1944, bls. 4.



og geti hann ekki innan tveggja sólarhringa útvegað fullkomlega hæfa menn til vinnunnar getur hann ráðið til sín fólk utan Nótar, þó ekki til vinnu í Reykjavík til lengri tíma en þriggja vikna í senn og til vinnu utan Reykjavíkur til allt að tveggja mánaða í senn. Vinnuveitandi hefir ávallt frjálst val um það, hvaða félag Nótar hann tekur til vinnu. Þó skal það fólk, sem hefir unnið hjá honum áður en hlé varð á vinnu, hafa forgangsrétt til vinnunnar þegar vinna hefst á ný, en sé ekki byrjað aftur með fullri tölu fólks ræður hann hvað af fólkinu er tekið til vinnunnar.<sup>393</sup>



*Þóroddur  
Guðmundsson  
alþingismaður.*

### 3.3 Umbrotatímar

Næstu misseri voru stormasöm í íslenskri verkalyðssögu.<sup>394</sup> Ýmis uppbrot voru í verkalyðshreyfingunni og gætti þess ekki síður meðal netagerðarmanna en annarra. Nóta- og netamannafélag Akureyrar lagðist af árið 1941 og gengu félagsmenn í Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Í þessu sambandi má nefna að skömmu eftir stofnun Netabætingarfélags Siglufjarðar varð það deild í Verkalyðsfélaginu Þrótti á Siglufirði. Aðalverkefni netamannadeildarinnar var að ákveða kaup og almenn kjör í samráði við félagsforystu Þróttar.<sup>395</sup> Á stjórnarfundum í Þrótti þann 30. júlí 1941 skýrði Þóroddur Guðmundsson starfsmaður félagsins frá því að Nót hefði gert samning um kaup og kjör við netavinnu á Siglufirði. Hann áréttaði í bréfi til allra atvinnurekenda á staðnum að samningar Þróttar giltu á Siglufirði.<sup>396</sup> Einhver núningur var hvað þetta varðaði á milli Þróttar og Nótar en málin leystust. Á fundi Þróttar þann 21. ágúst 1941 var því eftirfarandi samþykkt:

En með tilliti til þess að formaður „Nótar“ hefur tjáð sig sammála þessum sjónarmiðum og fúsan til að vinna að sem bestri samvinnu þessara bræðrafélaga ákveður fundurinn að fallast á að láta samninga „Nótar“ afskiptalaus að þessu sinni.<sup>397</sup>

393 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Samningur frá árinu 1941, ódagsettur.

394 Á árinu 1940 var t.d. skilið á milli Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins. Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 259.

395 Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, II. bindi, bls. 266.

396 Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, II. bindi, bls. 267.

397 Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta*, II. bindi, bls. 269.



*Verkalýðsdagurinn 1. maí, fjölmenn ganga eftir Vonarstræti í Reykjavík um miðbik fimmta áratugar síðustu aldar.*

Um áramótin 1940–1941 voru samningar margra stéttarféлага lausir og kröfur gerðar um umtalsverðar launahækkanir. Ríkisstjórnin ákvað að grípa inn í með bráðabirgðalögum um að allar hækkanir á launum og þjónustu ættu að vera háðar úrskurði sérstaks gerðardóms.<sup>398</sup> Dómurinn var lögfestur með bráðabirgðalögum 8. janúar 1942 og kváðu þau á um að allar breytingar á kaupum, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum sem greitt var eða gildi á árinu 1941 skyldi leggja fyrir dóminn. Þessu mótmælti stjórn Nótar harðlega: „Telur félagið allar tillögur til þess að traðka á sjálfsákvörðunarrétti verkalýðsfélaganna beinan fjandskap við verkalýðinn og skorar á hið háa Alþingi að fella allar slíkar tillögur.“<sup>399</sup>

<sup>398</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 237.

<sup>399</sup> *Alþýðublaðið* 29. október 1941, bls. 2.

Gerðardómslögin voru mjög umdeild og ollu ólgu í samfélaginu. Stjórn Nótar sendi ásamt fleiri verkalyðsfélögum frá sér eftirfarandi yfirlýsingu 1. mars 1942 þegar lögin komu til umræðu í þinginu:

Með því, að útvarpsumræður frá Alþingi, um bráðabirgðalögin, um lögþvingaðan svokallaðan gjörðadóm í kaupgjaldsmálum og bann við verkföllum og kjarabótum verkalyðnum til handa, eiga að fara fram kl. 1. e.h. mánudaginn 2. mars n.k. og þeirri kröfu hefur ekki verið sinnt, að útvarpsumræðurnar fari fram að kvöldi til, svo launastéttunum gefist tækifæri á að hlusta á þær, þá viljum við, í stjórnnum undirritaðra félaga, skora á allt verkafólk og launastéttirnar yfirleitt, að sýna hug sinn til þessara laga, með því, að verða við þeim tilmælum stjórnar Alþýðusambands Íslands, er birtust í dagblöðunum í gær, um að taka sér frí frá störfum eftir hádegi á morgun, til þess að hlusta á umræðurnar.<sup>400</sup>

Þess má geta að útvarpstæki voru á fæstum vinnustöðum og þurfti því fólk að taka sér frí frá vinnu til að hlusta á dagskrána.

Í samningunum sem gerðir voru árið 1942 endurvakti félagið kröfuna frá árinu 1938 um jöfn laun karla og kvenna. Jafnréttiskrafan var ekki virt en eftir mikið harðfyllgi náðist 65 aura hækkun á tímakaup hjá bæði körlum og konum.<sup>401</sup> Hins vegar var mikil deigla í samfélaginu og háværar raddir um að rétta þyrfti hlut kvenna á vinnumarkaðnum.

Í þessu sambandi má nefna kvennafund Kvenréttindafélag Íslands í Iðnó, 25. júní 1944. Þar hélt Halldóra Guðmundsdóttir formaður Nótar ræðu:

Í félagi okkar eru aðeins 28 félagar, 10 karlar og 18 konur. Starf okkar er að setja upp og gera við síldarnætur. Félagið á heima hér í Reykjavík og allflestir félagarnir einnig. Það er unnið að viðgerð notaðra nóta og uppsetningu nýrra á vinnustofum hér að vetrinum og allt þangað til skipin fara á síldveiðar, en þá fara þeir sem heimangengt eiga eða ekki fara í betri atvinnu (piltarnir fara margir á síldveiðiskip) til Norðurlands, Siglufjarðar eða Djúpavíkur og vinnum þar að viðgerðum nótanna yfir síldveiðitímam. Við öll þessi störf vinna karlar og konur nákvæmlega sömu verkin, og eftir minni reynslu eru afköstin sízt minni hjá konum. Á Siglufirði eru oft feikna vökur við starfið. Það kemur fyrir að við verðum að vaka og vinna nótt með degi. T. d. vann ég, síðastliðið sumar, 730 stundir frá 15. júlí til 5. sept. 730 í 7½ viku og dró þó að mun úr vökunum eftir að kom fram í ágúst sökum nátt-

400 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 1. mars 1942. Gerðardómslögin voru síðan afnumin á sumarþinginu 1942. Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 239.

401 *Þjóðviljinn* 27. júní 1944, bls. 4-5.

myrkurs og getið þið því farið nærri um hvað hvíldin og svefninn hafa verið mikil framan af. Í þessu sambandi langar mig til að geta þess, að hjá öllum þeim konum sem unnu í nótavinnu á Siglufirði í fyrra sumar fór mikið af matmálstímum og hinum dýrmæta hvíldartíma í matvæla kaup og matreiðslu. Ég var sú eina sem borðaði á matsölustað. Á þessum stað er það líka í frásögur færandi að þegar beðið var um fæði handa mér var það fáanlegt, fyrir 305 kr. á mánuði, eða sama verði og karlmenn fengu það, það var hægt að fá nóga karlmenn í fæði. Ég fullyrði að konur duga síst ver við þessar miklu vökur og vösbúð, því um „síldveiðitímamann“ vinnum við alltaf úti hvernig sem viðrar. Ég treysti mér jafnvel til að finna svo sanngjarna karlmenn að þeir vottuðu það með mér að konur dygðu betur við vökur.<sup>402</sup>

*Eggert  
Theodórsson og  
Jörgen Hólm.*



Aðalfundur var haldinn í Nót 18. mars 1945. Á fundinum var Sigríður Eyjólfsdóttir kosin formaður. Enn fremur voru samþykkt ný lög fyrir félagið sem miðstjórn Alþýðusambandsins neitaði að samþykkja.<sup>403</sup> Í athugasemdum Alþýðusambandsins sagði að félagið ætti að vera deildaskipt svo það gæti innt af hendi hlutverk sitt fyrir hinar ólíku starfsgreinar netavinnufólks. Með þessu móti tók miðstjórn Alþýðusambandsins undir kröfu sveina frá 23. maí. Þeir sögðu:

402 Þjóðviljinn 27. júní 1944, bls. 4-5. Sumarliði Ísleifsson, / Samtök, bls. 294.

403 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 3. apríl 1945.

Við undirritaðir sveinar í netagerð víðsvegar af landinu höfum í hyggju að stofna með okkur félagasamtök, „Landsamband“, í þessari iðn, í þeim tilgangi að bæta kjör okkar, sem nú eru óviðunandi og samræma þau kjörum, sem aðrir sveinar í öðrum iðngreinum hafa náð. Við óskum eftir að ganga í Alþýðusambandið og njóta stuðnings þess. Við viljum geta þess að í Nót, félagi netavinnufólks kom fram tillaga í vetur um, að lögum félagsins yrði breytt þannig, að leyft yrði að stofna deild sveina innan þess, en félagið hafnaði tillögu þessari.

Undir þetta skrifuðu eftirtaldir: Bjarni M. Pétursson, Ísafirði, Eggert H. Theodorsson, Hverfisgötu 42, Reykjavík, Guðmundur Guðmundsson, Ísafirði, Guðmundur Sveinsson, Ísafirði, Gunnlaugur Guðlaugsson, Siglufirði, Helgi Helgason, Suðurgötu 38, Hafnarfirði, Jón Jóhannsson, Siglufirði og Kristinn Ó. Karlsson, Ísafirði.<sup>404</sup> Ekkert varð af stofnun þessara landssamtaka en búið var að sá fræi. Þann 29. október 1945 samþykkti félagsfundur áskorun til Alþýðusambandsins um að beita sér fyrir því að félagsmenn Nótar, sem unnið höfðu árum saman við netagerð og töldust hafa náð fullri þjálfun í greininni, öðluðust full lögvarin réttindi sem iðnsveinar eða meistarar.<sup>405</sup>



*Jón Jóhannsson  
netagerðarmeistari,  
Siglufirði og Kristinn  
Ó. Karlsson, Ísafirði,  
síðar í Hafnarfirði.*

Áður en þetta var útkljáð, kom upp mál sem átti eftir að áhrif á félagið næstu misseri. Þann 31. ágúst sagði Björn Benediktsson upp Sigurlaugu Kristjánsdóttur og Guðlaugi H. Gunnlaugssyni. Þau töldu uppsagnirnar ólögmetar þar sem Björn hefði utanfélagsfólk í vinnu. Síðan kærðu þau uppsagnirnar fyrir stjórninni sem taldi ekki ástæðu til aðgerða. Eftir það sneru þau sér til Alþýðusambandsins sem fékk Egil Sigurgeirsson lögmann til að undirbúa málssókn fyrir dómstólum en málið var aldrei höfðað.<sup>406</sup>

Dagana 24. mars og 25. mars 1946 fór fram atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun Nótar á netagerðarverkstæðum. Á félagaskrá var 31 félagi. Atkvæði greiddu 23 félagar og þar af sögðu 19 já en 3 nei. Reyndar var vinnustöðvuninni síðar frestað til 8. apríl. Vinnustöðvunin náði til Netaverkstæðis Björns Benediktssonar, Netagerðarinnar Höfðavík h.f. og Netavinnustofu Jóhanns Gíslasonar.<sup>407</sup> Áður, eða 22. febrúar, hafði stjórn félagsins sent eftirfarandi bréf til Vinnuveitendasambandsins. Bréfið sýnir að stjórn Nótar vildi vanda sig við undirbúning samninga.

404 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 23. maí 1945.

405 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 7, ör 2. Uppkast Helga Guðmundssonar að sögu Nótar, bls. 17-18 og bls. 34. Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 1. nóvember 1945.

406 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 17. september 1945, bréf dagsett 28. september 1945, bréf dagsett 12. október 1945, bréf dagsett 2. júní 1946, bréf dagsett 8. júní, bréf dagsett 12. júní 1946, bréf dagsett 20. júní 1946.

407 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 25. mars 1946.

Vér leyfum oss að senda yður hér með uppkast að nýjum kjarasamningi fyrir netavinnufólk og tilkynna yður, að vér höfum þegar til taks samninganefnd, sem er reiðubúin til að hefja samningaumleitanir við yður eða fulltrúa yðar. Væntum vér að samningar megi takast sem fyrst, og óskum að þér hafið tilnefnt af hálfu yðar fulltrúa til samningagerðar eigi síðar en 1. mars n.k. Vér áskiljum oss rétt til að gera síðar einhverjar breytingar á hjálögðu samningsuppkasti, ef rétt þykir.<sup>408</sup>



*Jón Rafnsson  
framkvæmdastjóri  
ASÍ.*

Þann 28. mars ræddi ríkissáttasemjari við Jón Rafnsson framkvæmdastjóra ASÍ og Eggert Claessen framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins og óskuðu þeir eftir að sáttasemjari hefði milligöngu í komandi samningaviðræðum. Jón Rafnsson var eldheitur sósíalisti og hafði verið valinn framkvæmdastjóri ASÍ eftir að sósíalistar náðu undirtökunum í Alþýðusambandinu. Þar gekk formaður Nótar á þessum tíma, Halldóra Guðmundsdóttir, í takt við forystu ASÍ.<sup>409</sup> Deiluaðilar hittust á nokkrum fundum en ekkert gerðist. Margir voru farnir að ókyrrast þegar síldveiðiflotinn lá víða við bryggju og næturnar fengust ekki undirbúnar eða viðgerðar. Þegar verkfallið hafði staðið í fimm vikur áttu ríkissáttasemjari og iðnaðarmálaráðherra fund með deiluaðilum og ræddu þann möguleika að netagerðarfólk sem ekki

hefði lokið lögformlegu iðnnámi fengi viðurkennd iðnréttindi að fullu eða einhverju leyti. Þann 18. maí hélt sáttasemjari fund með stjórn iðnráðsins í Alþingishúsinu þar sem rætt var um réttindi netagerðarfólks og tókust samningar aðfaranótt 19. maí. Daginn eftir rituðu forvígismenn Alþýðusambandsins bréf til Iðnráðs Reykjavíkur fyrir hönd Nótar þar sem sótt var um iðnréttindi fyrir eftirtalið netavinnufólk:<sup>410</sup>

Oddur Á. Oddsson, Framnesvegi 21, Rvík

Guðlaugur H. Gunnlaugsson, Hamarsbraut 9, Hafnarfirði

Oddný Guðbjörg Oddsdóttir, Sólvallagötu 52, Rvík

Jónína K. Magnúsdóttir, Bjargarstíg 2, Rvík

408 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 22. febrúar 1946.

409 Sumarliði Ísleifsson, í *Samtök*, bls. 263 og 294.

410 Þ.Í. Skjalasafn ríkissáttasemjara. Mál nr. 6, 1946, bls. 123-124. 19. maí 1946.

Halldóra Ó. Guðmundsdóttir, Flókagötu 3, Rvík

Þórður Sigurðsson, Vitastíg 20, Rvík

Björn Sigurðsson, Aðalstræti 9, Rvík

Steinn Erlendsson, Lokastíg 20, Rvík

Sigurjón Jónsson, Bakkastíg 4, Rvík

Guðríður Jónsdóttir, Tjarnargötu 5, Rvík

María Guðmundsdóttir, Vesturgötu 56, Rvík

Bryndís G. Sigurðardóttir, Norðurstíg 5, Rvík

Ólafía Helgadóttir, Holtsgötu 7, Hafnarfirði

Guðmundur Halldórsson, Freyjugötu 32, Rvík

Sigríður S. Pétursdóttir, Holtsgötu 20, Rvík

Jón Bjarnason, Leifsgötu 7, Rvík

Ingólfur Árnason, Reykholti, Garðahreppi

Eyþrúður Loftsdóttir, Hafnarfirði

Árni Jónsson, Hverfisgötu 61, Rvík

Jóhanna Jónsdóttir, Höfðavík<sup>411</sup>

411 Þ.Á. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 20. maí 1946.

Iðnráð Reykjavíkur, sem hafði það hlutverk að úrskurða um starfsréttindi iðnaðarmanna, sendi frá sér eftirfarandi greinargerð um réttindamál netavinnufólksins þann 7. júlí 1946:

Allmargt netagerðarfólk hér í bænum hefur sótt um til iðnráðsins um meðmæli með ákveðnum iðnréttindum í netagerð. Enda þótt iðn þessi hafi verið meðal lögverndaðra iðngreina í reglugerð um iðnaðarnám síðan 1928, hefur mjög lítið verið gert að því, að skipuleggja hana til samræmis við iðnlöggjöfina. Nú hefur verið að því unnið, að koma þessu í lag, og auk umsækjenda, sem hér á eftir verða taldir, er fátt eða ekkert af starfandi netagerðarfólki hér í bænum, sem til greina getur komið að fái nokkur iðnréttindi, eins og stendur. Sökum þess að allt hefur verið í vanrækslu um skipulagningu iðnarinnar, eins og áður segir, verður ekki hjá því komist að haga réttindaveitingum þessa fólks svo, sem um nýja iðngrein væri að ræða, þar sem flestir umsækjendur hafa hvorki stundað reglulegt nám, né heldur sótt iðnskóla.

Iðnráðið hefur kynnt sér iðnhæfni umsækjenda þessara eftir bestu getu, sem ennfremur má nánar sjá af meðfylgjandi iðnskýrslum og vottorðum. Þykir hæfilegt að skipta umsækjendum í 3 flokka þannig:

1. flokkur: Undir hann falla þeir sem iðnráðið telur eiga að fá meistara-bréf.
2. flokkur: Undir hann falla þeir sem iðnráðið telur eigi að fá viðurkennd vinnuréttindi, með þeirri takmörkun einni, að af því leiði ekki réttur til meistarábréfs.
3. flokkur: Undir hann falla þeir, sem iðnráðið telur hafa skilyrði til að ganga undir iðnpróf, enda megi þeir óátalið vinna að iðninni þar til iðnprófi verður við komið, sennilega næsta haust.<sup>412</sup>

Með greinargerðinni og síðan samþykki Iðnráðs Reykjavíkur varð félagið í raun að iðnsveinafélagi og voru um 80% félagsmanna með fullgild iðnréttindi.

<sup>412</sup> Hskj. Ak. Iðnráð Akureyrar, A-135 11/1945-1949. Bréf dagsett 7. júlí 1946.



### 3.4 Tímamót

Það var annars nýmæli í samningum árið 1946 að konum og körlum voru tryggð sömu laun fyrir sömu vinnu og fengu 3 krónur og 10 auru á tímann ef þau höfðu iðnréttindi. Aldrei fyrr hafði slíkt gerst á Íslandi.<sup>413</sup> „Er þetta því glæsilegur sigur fyrir félagið, ekki síst konurnar og hlýtur að vera hvatning til annarra kvenna, sem ennþá eru misrétti beittar í launakjörum. Því krafan: Sömu laun fyrir sömu vinnu, er réttlætiskrafa, sem Þjóðfélagið hlýtur að verða að viðurkenna í hverri starfsgrein.“ Þetta sagði í *Þjóðviljanum* 30. maí 1946.<sup>414</sup> Þetta átti sér ákveðna forsögu. Hér má benda á fyrrnefndan fund sem Kvenréttindafélag Íslands hélt í Iðná 25. júní árið 1944.<sup>415</sup> Þar talaði Halldóra eins og fleiri konur og fékk málstaður þeirra mikinn samhljóm í samfélaginu.<sup>416</sup>

Einnig ber að nefna að konurnar í Nót höfðu áður kynnst því að fá sömu laun og karlmennirnir á vertíðum á Siglufirði.<sup>417</sup> Annar liður þriðju greinar samningsins var einmitt í þeim anda. Þar sagði:



*Konur í netagerð, mynd frá Ísafirði. Konur í netagerð börðust fyrir jafnlaunastefnu.*

413 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 294.

414 *Þjóðviljinn* 30. maí 1946, bls. 3.

415 Halldóra Guðmundsdóttir, *19. júní*, 3. árg., 1953, bls. 32.

416 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 294.

417 Halldóra Guðmundsdóttir, *19. júní*, 3. árg., 1953, bls. 32.

Fólk það sem vinnur við netabætingar á Norðurlandi um sumartímann hafi kaup samkvæmt taxta verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði fyrir netavinnufólk eða samkvæmt samningi við það félag þar um. Fólk búsett á Suðurlandi, sem ráðið er til netabætingar á Norðurlandi yfir síldartímann, fær greitt fargjald fyrir ferðina norður. Vinnuveitendur áskilja sér rétt til að ákveða farartímann og hvernig ferðast er. Grunnkaupstrygging þessa fólks skal vera fjögur hundruð krónur á mánuði.<sup>418</sup>

Mikilvægur grunnur fyrir jafnréttisbaráttu kvenna á þessum tíma er einnig vafalítið sá að fyrsta tölublað kvenréttindaritsins *Melkorku* kom út 1. maí 1944. Án vafa hafði efni ritsins mikil áhrif á Halldóru.<sup>419</sup>

Hvenær fáum við greidd sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar? Þannig spyrja stúlkur oft. Ennþá eru það aðeins fáir, sem viðurkenna rétt okkar til jafnra launa við karla. Þegar við stúlkurnar tölum um það að við viljum hafa jafnrétti við karla, þá er oft svarað: „Nú, en þið hafið það.“ En við höfum það ekki, t.d. ekki í launagreiðslum.<sup>420</sup>

Þetta sagði Petrína Jakobsson í grein í fyrsta tölublaðinu. Árið 1945 hélt Katrín Pálsdóttir ræðu hjá Félagi sósíalista í Reykjavík og birtist hún í *Melkorku* sama ár.<sup>421</sup> Katrín sagði eftirfarandi:

Það má segja forvígiskonum kvenréttindabaráttunnar á Íslandi til verðugs hróss, að þær litu frá upphafi svo á, að hið pólitíska jafnrétti væri aðeins einn flötur á hinum dýra kjörgrip frelsis og jafnréttis. Kvenréttindakonurnar skildu, að jafnrétti í atvinnunni, sömu laun fyrir sömu vinnu og krafan um sams konar verkkunnáttu, voru eitt af höfuðatriðum jafnréttisins. Á þeim árum voru atvinnuhættir fábrottnir hér á landi. Iðnaður var svo til enginn, sem konur tóku þátt í, nema saumaskapur. Fiskverkun, heyyvinna og lítilsháttar verzlunarstörf voru eina launavinnan utan heimilis. Langflestar konur, giftar og ógiftar, stunduðu heimilisstörf, sem voru hvorttveggja í senn, illa launuð og gáfu fáar tólmstundir til lesturs og lærdómsiðkana. Kaup daglaunamanna og vinnumanna til sjós og lands var lágt, en kaup kvenna við sams konar vinnu var allt að helmingi lægra. Kvenréttindafélag Íslands gekkst haustið 1914 fyrir stofnun félagsskapar meðal fiskverkunarkvenna í Reykjavík, til þess að vinna að betri kjörum verkakvenna. Þetta félag hlaut nafnið

418 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf, ódagsett, maí 1946.

419 Í kveðju vegna 10 ára afmælis *Melkorku* árið 1954 þakkaði Halldóra ritinu umfjöllun sína „með meiri þökk en gæti falist í mörgum orðum“.

Halldóra Guðmundsdóttir, „Kveðja til Melkorku“, *Melkorka*, 2. töl., 10. árg., 1954, bls. 50.

420 Petrína Jakobsson, „Sömu laun fyrir sömu vinnu“, *Melkorka*, 1. töl., 1. árg., 1944, bls. 8.

421 Katrín Pálsdóttir, „Konan og þjóðfélagið“, *Melkorka*, 1. töl., 2. árg., 1945, bls. 7-14.

Verkavennafélagið Framsókn og hafði að kjörorði: Sömu laun fyrir sömu vinnu. Með þessari félagsstofnun má telja, að hafizt hafi þátttaka kvenna í verklyðshreyfingunni. Síðan eru liðin 30 ár og margs konar þróun hefur orðið í atvinnuháttum þjóðarinnar.<sup>422</sup>

Þetta eru mjög afgerandi orð og hlutu að hafa áhrif á Halldóru og aðra í Nót sem létu sig jafnréttismál varða. Þetta sýnir að félagar í Nót voru vakandi yfir samfélagsumræðunni og létu ekki sitt eftir liggja að bæta það sem aflaga fór.

Eftir tímamótasamningana árið 1946 birti *Þjóðviljinn* grein eftir Halldóru sem hún hafði upphaflega skrifað í tímaritið *Vinnuna*.

Við félagar í Nót, félagi netagerðarmanna höfum nýlega fengið allverulegar kjarabætur, sérstaklega konurnar, sem nú fyrst njóta jafnréttis við karla í launagreiðslum. Þetta hefur svo sem verið nefnt fyrr og nöldrað um það, misjafnlega djarflega allt frá því félagið var stofnað fyrir 8 árum síðan, og svo að segja í hvert sinn sem félagið hefur haft með samninga að gera, en nú fyrst hafðist það með ágætri aðstoð Alþýðusambandsins og lofsverðum skilningi þeirra sem með iðnlöggjöfina fóru. En kjarabæturnar byggjast á því að við séum kunnáttufólk og starf okkar sé iðn. En höfum hugfast, að öll okkar störf verða að byggjast á kunnáttu og fullri getu til hverra þeirra starfa, sem við göngum að, og þá fyrst getum við með fullri djörfung krafist fullra launa.<sup>423</sup>

Aðkoma Iðnráðs Reykjavíkur var mikilvæg til að leysa vinnudeilu Nótar og atvinnurekenda árið 1946. Næstu misseri skrifuðu margir til iðnráðsins vegna réttindamála. Til að mynda var bréf frá 22. mars 1948 svohljóðandi:

Með skírskotun til meðfylgjandi skýrslu og sjóferðabókar leyfi ég mér hér með að sækja um meistararéttindi í netjaraiðn. En verði mér mót von minni synjað um þetta, geri ég þá varakröfu að fá eins og lög heimila réttindi til að vinna sem iðnaðarmaður í þessari iðn. Svo sem meðfylgjandi gögn bera með sér hefi ég unnið í þessari starfsgrein svo að segja stöðugt síðan 1921 til 1941 eða um það bil 20 ár samfleytt sem bátsmaður. Auk þess get ég ef þörf krefur fært sönnur á starf mitt í þessari starfsgrein frá 1914 til 1921 og yrði þá starfsaldur minn í þessari atvinnugrein um 27 ár.<sup>424</sup>

422 Katrín Pálsdóttir, „Konan og þjóðfélagið“, *Melkorka*, 1. töl., 2. árg., 1945, bls. 8.

423 *Þjóðviljinn* 8. ágúst 1946, bls. 3 og 7. Sjá *Vinnan*, júlí/ágúst-hefti 1946.

424 Þ.Í. A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 22. mars 1948.

Fjöldmenn kröfuganga niður  
Skólavörðustíg 1. maí 1944.



### 3.5 Hörð verkalýðsbarátta

Halldóra Guðmundsdóttir hafði verið formaður á uppgangssárum í sögu Nótar eða frá 1940–1944 og meðstjórnandi frá árinu 1945 til 1946. Þá var hún aftur kosin formaður en síðan felld í formannskosningum árið 1948. Þá laut hún í lægra haldi fyrir Bryndísi Sigurðardóttur.<sup>425</sup> Margt hafði gengið á í millitíðinni sem gerði sósíalístum erfitt fyrir. Með ríkisstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem tók við í byrjun febrúar 1947 voru sósíalistar útilokaðir frá landstjórninni. Eftir áramótin hafði verðbólga dregið úr kaupmætti og svöruðu Dagsbrúnarfélagar með hörðu verkfalli í byrjun júní.<sup>426</sup> Nót var ekki beinn aðili að verkfallinu en verkfallsvarslan beindist sérstaklega að netagerðarfyrirtækinu Höfðavík sem var í eigu Björns Benediktssonar. Þannig var að útgerðarmenn og sjómenn í Keflavík létu fyrirtækið Höfðavík í Reykjavík yfirfara net sín fyrir veiðar. Þá gerðist það að þeir sóttu sjálfir netin til Reykjavíkur. Það má sjá af eftirfarandi frétt í *Vísir* þann 1. júlí að talsverður fyrirgangur hafði verið, en þá

tókst kommúnistunum að koma í veg fyrir að sjómenn fengju síldarnætur sínar í Höfðavík og nutu þar að sögn fulltingis 2ja kvenna. Lögðust kvenmennirnir undir bílinn framan við afturhjóla hans og nutu nú kommúnistar þess, að Keflvíkingar vildu ekki hrófla við kvenfólkinu, né aka yfir það eins og að líkum lætur.<sup>427</sup>



Frá vinstri: Helgi úr Bjarnabæ í Hafnarfirði, Halldóra Guðmundsdóttir og fimmti maður frá vinstri er Gunnlaugur Guðlaugsson netagerðarmeistari, aðrir óþekktir.

<sup>425</sup> *Alþýðublaðið* 12. október 1948, bls. 1. *Þjóðviljinn* 12. október 1948, bls. 7. Halldóra hafði ung að árum látið sig félagsmál varða. Aðeins tólf ára gömul var hún kjörin varaformaður ungmennafélagsins Bifrástar í Öndarfirði og var hún annan vetur sinn í Héraðsskólanum á Núpi formaður nemendafélagsins. *Nýi Tíminn* 31. maí 1956, bls. 8.

<sup>426</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 264.

<sup>427</sup> *Vísir* 1. júlí 1947, bls. 8.

Verkfallinu lauk með samningum 8. júlí 1947. Í kjölfarið hófust ríkisstjórnarflokkarnir sem nefndir voru lýðræðisflokkar handa um að undirbúa stjórnarskipti í Alþýðusambandsstjórninni en þar höfðu sósíalistar náð völdum árið 1946. Herferð gegn sambandsstjórninni fór fram næstu mánuði og náðu lýðræðisflokkarnir á ný tökum á Alþýðusambandinu á haustþinginu 1948.<sup>428</sup> Þetta hafði sín áhrif á stjórnarkjör í Nót eins og að framan greinir og skýrir fall Halldóru Guðmundsdóttur í formannskosningunum 1948.

Aðalfundur í Nót, félagi netavinnufólks var haldinn 28. janúar 1949 og var ákveðið að segja upp samningnum frá árinu 1946. Samningurinn átti að renna út 1. mars þetta sama ár.<sup>429</sup> Daginn eftir sendi félagið eftirfarandi bréf til Höfðavíkur, eins af stærstu atvinnurekendum í netagerð, og sagði í niðurlagi: „Á fundinum var kosin nefnd til þess að fara með samninga að nýju. Mun félagið senda yður síðar frumvarp að nýjum samningum.“<sup>430</sup> Félagið hvatti einnig Alþýðusamband Íslands til þess að láta í sér heyra og brýna hnífana vegna samningalotunnar sem framundan var. Í bréfi til sambandsins sagði:

Fundur í Nót haldinn 28. janúar 1949 skorar á Alþýðusambandið að endurskoða tillögur þess til ríkisstjórnarinnar varðandi kaup og kjör launþega, og beita sér fyrir því að kaupgjald verði greitt samkvæmt vísu-  
töluútreikningi kauplagsnefndar og Hagstofunnar.<sup>431</sup>

Dagana 22.–23. febrúar fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um að vinnustöðvun skyldi hefjast hjá stærstu netaverkstæðunum þann 26. maí. Stjórnin ákvað að nýta sér þessa heimild á fundi 18. maí.<sup>432</sup> Ekki kom til vinnustöðvunar og mátti sjá í *Alþýðublaðinu* að Nót hefði fengið 18% hækkun og sett kröfur sínar fram „í samráði við sambandsskrifstofuna og naut aðstoðar sambandsins við samningagerðina“.<sup>433</sup> Auðvitað voru Nótarmenn himinlifandi með þennan árangur og létu í sér heyra út um landið. Þar má nefna að Guðmundur Bjarnason formaður Nótar og Eggert Theodórsson sendu deild netagerðarmanna í Þrótti bréf þar sem þeir ítrekuðu að reglur Nótar um tímakaup giltu á Siglufirði yfir síldartímamann og létu þeir hinn nýja samning fylgja.<sup>434</sup>

Á fundi hjá Nót 8. október 1950 tók Guðmundur Bjarnason fyrir mál sem skipti félagsmenn miklu, eða nauðsynina að hindra að réttindalausir menn myndu taka atvinnu frá réttindafólki.<sup>435</sup> Málinu hafði verið fylgt eftir og á aðalfundi 28. janúar 1951 kom fram að lögreglustjórinn í Reykjavík og bæjarfógetinn

428 Þorleifur Friðriksson, *Gullna flugan*, bls. 76–77. Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 264–265.

429 *Þjóðviljinn* 30. janúar 1949, bls. 8.

430 *Þ.Í.* A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 29. janúar 1949.

431 *Þ.Í.* A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 31. janúar 1949.

432 *Þ.Í.* A-1, 31/17. Bréfasafn Nótar. Bréf dagsett 19. maí 1949.

433 *Alþýðublaðið* 25. júní 1949, bls. 3. Breytingar höfðu orðið á forystunni þegar sósíalistar misstu ítök sín í sambandinu á þinginu 1948 og skýrir það þessi orð *Alþýðublaðsins*. Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 265–266.

434 *Hskj. Ak.* (Gögn Verkalýðsfélagsins Einingar). Óskráð.

435 *Þ.Í.* Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, 8rk 2. Fundargerð Nótar, 8. okt. 1950. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

í Hafnarfirði hefðu fengið kærur inn á borð til sín vegna fyrirtækja í þeirra umdæmum.<sup>436</sup> Á fundinum nefndi Halldóra Guðmundsdóttir fráfaramandi formaður einnig að nauðsynlegt væri að segja upp samningum við Stakkholt og Höfðavík svo samningarnir væru ekki í gildi út árið ef það kæmi til allsherjarsamningsgerðar í kaupgjaldsmálum. Í kjölfarið var samþykkt samhljóða eftirfarandi til laga frá nýkjörnum formanni Guðmundi Bjarnasyni:

Fundurinn samþykkir að segja upp núgildandi samningum, að félagið leitist við að hækka núgildandi taxta til samræmis við taxta annarra iðnfélaga, að breyta uppsagnarfrestinum þannig að samningum megi segja upp með mánaðar fyrirvara hvenær sem er og endurskoða taxta við sumarvinnu norðanlands.<sup>437</sup>

Á fundinum var samþykkt að eftirtaldir tækju sæti í samninganefnd félagsins: Halldóra Guðmundsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Eggert Theodórsson og Guðjón Marteinsson. Aftur var boðað til fundar 10. febrúar og þar voru kaupgjaldskröfur kynntar. Meginkrafan var að grunnkaupið hækkaði úr 10,95 kr. í 12,00 kr. á tímann, auk þess sem greidd skyldi vísitöluuppbót mánaðarlega.<sup>438</sup> Á fundi þann 31. mars var síðan boðað til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun þar sem vinnuveitendur höfðu ekki talað við samninganefndina.<sup>439</sup> Verkfallið var boðað 12. apríl.<sup>440</sup> Ekki kom þó til vinnustöðvunar. Aftur á móti bættust mörg verkalýðsfélög í hópinn og var uppsögn samninga félaganna miðuð við 18. maí.<sup>441</sup> Alls voru félögin sem höfðu boðað verkfall 20 og innan þeirra áttu 8000 þúsund launþegar í hlut.<sup>442</sup> Strangar samningaumleitarnir fóru í hönd þar sem Nót átti sinn fulltrúa í sameiginlegri samninganefnd.<sup>443</sup> Samningar tókust 22. maí og voru helstu nýmæli samninganna þau að dýrtiðaruppbót var samþykkt á alla dagvinnu frá 1. júní. Uppbótin skyldi síðan endurreiknuð á þriggja mánaða fresti. Samningarnir þóttu marka mikil tímamót. „Alþýðan vann stórsigur“ birti *Þjóðviljinn* á forsíðu.<sup>444</sup>

Þessi glæsilegi sigur verkalýðsfélaganna yfir sameinuðu afturhaldinu undir forustu ríkisstjórnarinnar er vann samkvæmt bandarískum skipunum, er fyrst og fremst að þakka því víðtæka samstarfi er tókst milli verkalýðsfélaganna og einingu þeirra í baráttunni.<sup>445</sup>

436 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 28. janúar 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

437 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 28. janúar 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

438 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 10. febrúar 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

439 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 31. mars 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

440 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 4. apríl 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð. *Alþýðublaðið* 6. apríl 1951, bls. 1.

441 *Alþýðublaðið* 18. apríl 1951, bls. 1.

442 *Alþýðublaðið* 9. maí 1951, bls. 1.

443 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 2. maí 1951. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

444 *Þjóðviljinn* 22. maí 1951, bls. 1. *Alþýðublaðið* 22. maí 1951, bls. 1. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 22. maí 1951.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

445 *Þjóðviljinn* 22. maí 1951, bls. 1.

Í janúar 1952 voru samþykkt ný lög í félaginu. Með lögnum var félagið gert að landsfélagi og nafni félagsins breytt í Sveinafélag netagerðarmanna.<sup>446</sup> Í raun var félagið aðeins landsfélag að nafninu til, reyndin var önnur. Eftirfarandi hluti úr bréfi frá 15. apríl 1952 sýnir hins vegar að stjórn Nótar vildi láta til sín taka á Siglufirði eins og víðar á landinu:

#### Heiðruðu félagar

Eins og ykkur mun kunnugt hefir félag okkar netagerðarmanna gerst landsfélag og þar með fengið samningsaðild um allt land, þar sem iðnin er stunduð. Svo er mál með vexti að í byggðarlagi ykkar er starfandi netaverkstæði Jóns Jóhannssonar, sem hefir um langt skeið haft í vinnu í þessari iðn okkar menn sem að lögum hafa ekki neinn rétt til að gegna þessu starfi og eru því ófélagsbundnir innan stéttarsamtaka okkar. Ekki þarf að lýsa því fyrir ykkur hversu fráleitt það er annars vegar fyrir stéttarsamtökin að í starfsgreininni vinni bæði lagalega og stéttarfarslega réttindalausir menn eða hins vegar hversu óhagstætt þetta hlýtur að verða viðkomandi mönnum, sem ýmsir hafa án efa þjálfun í iðninni, en vinna þar bæði í bága við landslög og stéttarfélagleg sjónarmið.<sup>447</sup>



Andreas Færseth  
netagerðarmeistari.

Í kjölfar þess að Nót varð landsfélag voru hin nýju lög félagsins send til Alþýðusambandsins til skoðunar. Alþýðusambandið lagði til að stjórnin yrði framvegis skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Í trúnaðarmannaráði yrðu hins vegar fjórir fullgildir félagsmenn og fjórir til vara. Á fundinum kom einnig fram að félagið myndi ganga í Iðnsveinafélag Íslands.<sup>448</sup> Í *Alþýðubladinu* þann 28. september var því slegið upp að „lýðræðissinnar“ hefðu fengið 39 fulltrúa á þing Alþýðusambandsins en kommúnistar 29. Þar á meðal voru Halldóra Guðmundsdóttir og María Guðmundsdóttir fulltrúar frá Nót. Guðmundur Bjarnason hafði skorast undan þátttöku.<sup>449</sup> Á fundi þann 28. október skýrði Halldóra frá fundi fulltrúaráða verkalyðsfélaganna í Reykjavík og Alþýðusambands Íslands sem haldinn var í Iðnó. Á fundinum voru kjaramál til umræðu og samþykkt einróma áskorun til félaganna að segja samningum upp frá og með 1. nóvember næstkomandi, eða með mánaðar fyrirvara. Eftirtalin voru kosin í samninganefnd: Guðmundur

446 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar í janúar 1952, (vantar dagsetningu). Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð. Nafninu var aftur breytt í hið gamla horf á aðalfundi 10. október 1956. Þ.Í. Ör 2, KA 9. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 10. október 1956.

447 Hskj. Ak. (Gögn Verkalyðsfélagsins Einingar). Óskráð.

448 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 1952. Vantar nánari dagsetningu. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

449 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 21. sept. 1952. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.



Bjarnason, Halldóra Guðmundsdóttir, Bryndís Sigurðardóttir, María Guðmundsdóttir og Andreas Færseth.<sup>450</sup> Í *Þjóðviljanum* þann 1. nóvember sagði að 23 verkalýðsfélög hefðu sagt upp samningum eða 4/5 af verkafólki í Reykjavík.<sup>451</sup> Sveinafélag netagerðarmanna lét ekki sitt eftir liggja og til að sýna alvöruna með verkfallsboðuninni voru lögð fram skilyrði um reknetafellingu í ákvæðisvinnu á fundi þann 16. nóvember.<sup>452</sup> Þegar til kom, þann 1. desember, var þátttaka verkalýðsfélaga mikil í verkfallinu, hátt í 60 félög víðsvegar um landið tóku þátt, svo nánast var um allsherjarverkfall að ræða.<sup>453</sup> Það hafði verið sett sérstök samninganefnd fyrir félögin og var Halldóra Guðmundsdóttir fulltrúi Nótar í samninganefndinni. Mikil harka var í samningaviðræðum. „Einstök verkalýðsfélög höfðu ekki áður haft víðtækara samráð í kjaradeilu og unnu félög undir forystu sósíalista og jafnaðarmanna saman í deilunni.“<sup>454</sup> Samningar náðust 19. desember og bar helst til tíðinda að orlof var lengt og breytt var fyrirkomulagi á útreikningi á verðlagsbótum á laun.<sup>455</sup>

Halldóra Guðmundsdóttir skrifaði stórmerkilega grein í *19. júní* árið 1953 þar sem hún áréttar mikilvægi Nótar í kvennabaráttunni í landinu. Sjö ár voru liðin frá tímamótasamningum Nótar 1946. Ýmsum þótti lítt hafa áunnist hjá öðrum félögum. Halldóra vildi vekja aðrar kvenréttindakonur til umhugsunar. Hér birtist greinin í heild sinni:

„Samkvæmt okkar löggjöf ber karlmanninum að sjá fyrir konunni“, sagði einn háttvirtur lagaprófessor, fyrrverandi ráðherra, þáverandi sáttasemjari ríkisins í launadeilum, við mig og félagi mína.

Ég var í samninganefnd fyrir félag, sem var skipað bæði körlum og konum og við fórum fram á sömu laun fyrir sömu vinnu. Starf okkar var netagerð, aðallega vinna við uppsetningu og viðhald síldarneta.

Við höfðum raunar haft launajafnrétti á vertíðinni nyrðra yfir sumartím-ann og það hafði áskotnast okkur konum átakalaust. Það var aðkallandi, að verkið væri unnið, ekkert mátti tefja veiðiskipin og þá var unnið nótt með degi, þar til verkinu var lokið og skipin lögðu á miðin aftur með veiðarfæri sín viðgerð.

450 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör. 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 28. okt. 1952. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

451 *Þjóðviljinn* 1. nóvember 1952, bls. 1.

452 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör. 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 16. nóvember 1952.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

453 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 288.

454 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 288.

455 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 288.



Grein Halldóru í 19. júní 1953.

Þeir tímar eru það fjarri, að þá hafði fólk þetta ekki myndað sér nein samtök, hafði heldur engin svokölluð hlunnindi. Það þurfti að kosta ferðir sínar, útvega og greiða húsnæði, fæði og annað til þess að geta stundað vinnuna og eins og fyrr segir, enginn fastur vinnutími og sama kaup, hvenær sólarhringsins, sem unnið var og þegar björt var nótt, var oft og tíðum unnið allan sólarhringinn, sama fólkið meðan það gat staðið.

Veðarfærin voru dregin sjóblaut upp úr bátunum á rimlabryggjur, sem þeir lögðust að og þar var unnið að viðgerð nótanna undir allri himinsins dög, hverju sem viðraði. Áþreifanlegir voru yfirburðir kvenna í seiglu. Þeim virtist notast minni svefn, að ég ekki tali um ósköpin, að matartímanum eyddu þær almennt

til þess að draga að matvæli og matreiða við frumstæð þægindi, sem að líkum lætur. Karlmennirnir hins vegar gengu að mat sínum á matborði og gátu notið matartímans.

Þegar suður kom, var vinnan framkvæmd í hlýjum húsakynnum, veðarfærin þurr og ákveðinn vinnutími. Þá voru þar greidd laun með hliðsjón af viðurkenndum kauptaxta hjá verkakvinnafélagi og verkamannafélagi staðarins og í sumum tilfellum undir taxta fyrrnefndra félaga. Stundum var lítið um atvinnu að vetrinum. Þá fékkst aðþrengt fólk fyrir lægri laun. Það hafði ekkert aðhald né traust gegnum samtök. Það var óskipulagt.

Fólk þetta myndaði svo með sér stéttafélag, þegar það hafði nægilega þreifað á nauðsyn þess og fyrsta starf félagsins var auðvitað að fá samning við atvinnurekendur og krafan um sömu laun fyrir sömu vinnu var þar m.a. Við bentum á launajafnréttið, sem verið hafði í verstöðvunum á síldarvertíðinni, og það virtist sýnt, að konur afköstuðu síst minna við verk þetta, hvar sem væri og allra síst væri hægt að búast við minni afköstum, þar sem ekki væri hægt að sakast um kulda og vösbúð.

Sem svar við þessu var ábending um, að slíkt fordæmi mætti ekki skapa á staðnum. Það þekktist ekki við nein önnur störf.

Meðal annars bentum við á, að við hefðum fulla sönnun þess, að á reikningum til útgerðarinnar væri vinna okkar kvenna metin til sama verðs og vinna karla.

Við þessari athugasemd var misjafnlega brugðizt. Einn brást reiður við og sagði það mál, sem okkur varðaði ekkert um. Annar svaraði með hógværd, að því aðeins væri hægt að selja vinnuna við þetta lágu verði, að gjörlegt væri að taka þessar prósentur af vinnu kvennanna umfram það, sem lagt væri á vinnuna í heild og því fylgdi gamla og nýja röksemdin, að atvinnuvegirnir þyldu ekki hækkuð laun. Við meðtókum þann lærdóm þar af, að það væru hinar lágt launuðu konur, sem ætlað væri að bera uppi tilveru atvinnuveganna.

Að síðustu, þegar rök voru þrotin að því er um starfið fjallaði í þröngri merkingu, þá kom hin lagalega staðreynd. Þetta náði ekki nokkurri átt, því að samkvæmt okkar löggjöf ber karlmanninum að sjá fyrir konunni.

Við þeirri staðhæfingu lögmannsins varð okkur svarafátt, lítt lærðar í löggjöfinni, en fáar netakvenna þannig settar, að við værum á framfæri karlmanns.

Við urðum að ganga að nauðungarsamningum þá og aftur og aftur. Fyrst að þiggja það, að taxti okkar kvenna yrði 10 aurum hærri fyrir unna klukkustund en venjuleg verkakvennalaun og þeim 10 aurum fórnðu félagar okkar, karlmennirnir af hverjum sínum vinnutíma þannig, að þeirra laun urðu 10 aurum lægri á klukkustund en venjuleg verkamanna-laun. Það mikil var uppgjöfin og vonleysið í okkar hópi, að krafan um sömu laun fyrir sömu vinnu var lögð til hliðar í nokkur skipti við samningagerðir. En með auknum félagsþroska og sívaxandi dýrtíð, sem ekki kom síst við hag hinnar vinnandi konu með lágum launum, var krafan tekin upp á ný og fylgt fram til sigurs. En það kostaði 6 vikna verkfall um háannatímamann, ásamt kröfu um, að konur yrðu að fá sér bréf upp á það að þær væru sveinar í iðninni ásamt karlmönnum.

Þetta þótti mikill sigur og var það, en hafði þó sína annmarka og hróflaði í engu staðreyndinni, að „karlmanninum ber að sjá fyrir konunni“.

Hringur okkar þrengdist þannig, að félag okkar varð nú sveinafélag, sem aðrir höfðu ekki rétt til að vera í en þeir, sem höfðu unnið sig upp samkvæmt iðnlöggjöfinni. Því var mjög haldið að okkur netakonum, að aðrar iðngreinar hefðu aðstoðarkvenfólk og það þurfti öfluga mótspyrnu til þess, að við

yrðum ekki dregnar í þann dilk allar með tölu. Nú stöndum við á þeim tímamótum, að ástæða er til að vera vel á verði gegn því, að starf okkar verði afnumið sem iðngrein — þótt til þess séu raunar engin fordæmi — til þess að ónýta þetta launajafnrétti og lækka laun allra, sem þetta starf stunda.

-----

Það sem fyrir mér vakir með því að rekja baráttu stéttarfélags míns í fáum dráttum til birtingar í blaði Kvenréttindafélags Íslands, „19. júní“, er, að sú frásögn kynni að verða til þess að vekja þessi samtök okkar, Kvenréttindafélagið, til enn frekari umhugsunar um, hvort þetta ákvæði löggjafarinnar, að karlmanninum beri að sjá fyrir konunni sé ekki orðið býsna úrelt. Vænti ég þess, að það sé einmitt mál, sem Kvenréttinda-félaginu beri að láta til sín taka.

Opnum skattskrána og lítum á nöfn þeirra fjölmörgu kvenna, sem er gert að greiða skatt til jafns við karla og vitað er, að eru á eigin framfæri, meira að segja sumar hverjar fyrirvinna heimilis.

Kvenréttindafélagið hefur látið margt til sín taka í baráttu fyrir réttindum konum til handa og takmark þess hlýtur meðal annars að vera: Fullt launajafnrétti.<sup>456</sup>

Þess var sérstaklega getið í leiðara í *Þjóðviljanum* 19. júní árið 1953 að Halldóra hefði skrifað þessa grein. Þar sagði meðal annars:

Ein hinna dugmiklu, óþreytandi kvenna, sem átt hafa svo drjúgan þátt í byggingu íslenskra verkalýðssamtaka, Halldóra Guðmundsdóttir, rifjar upp í grein í tilefni 19. júní baráttu félagsins fyrir launajafnrétti karla og kvenna. Þetta litla félag, Nót, hefur tekið á þessu mikla hagsmunamáli kvenna af slíkri festu og einurð, að til fyrirmyndar mætti verða öðrum verkalýðsfélögum.<sup>457</sup>

Enn lét Halldóra til sín taka. Á aðalfundi þann 8. mars 1953 hafði hún verið valin sérstaklega til þess að fylgjast með því að ófaglært fólk myndi ekki vinna við netagerð. Þar var ætlunin að leita ráða hjá iðnaðarfélagunum. Í öllum félögum hafði borið á því að réttindalausir menn gerðu sig gildandi og hafði verið reynt að sporna við því eftir því sem kostur var.<sup>458</sup>

456 Halldóra Guðmundsdóttir, „Barátta fyrir launajafnrétti“, 19. júní, 3. árg., 1953, bls. 32-34.

457 *Þjóðviljinn* 19. júní 1953, bls. 6.

458 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör. 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 8. mars 1953. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð. Á þessum tíma beittu mörg félög iðnaðarmanna sér gegn svonefndum „gervimönnum“. Höfundur ókunnur, „Frá sambandinu og sambandsfélagunum“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 3. tbl., 24. árg., 1951, bls. 71.

Vaxandi róttækni og samhugur einkenndi verkalyðsbaráttuna þessi misserin. Hannibal Valdimarsson verkalyðsleiðtogi frá Ísafirði og þáverandi formaður Alþýðuflokksins kaus samstarf „til vinstri“ með Sósíalístaflokknum. Það efldi verkalyðsfélögin í baráttu sinni gegn ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.<sup>459</sup> Sú barátta fékk á sig ýmsar birtingarmyndir. Fulltrúaráð verkalyðsfélaganna vildi að netagerðarmenn styddu eftirfarandi áskorun: „Sveinafélag netagerðarmanna lýsir yfir eindreginni andstöðu við þá hugmynd, að stofnaður verði íslenskur her og heitir á alþýðu og samtök hennar að sameinast til baráttu gegn því að hugmynd þessi fái fram að ganga.“<sup>460</sup> Eftir allsherjarverkfallið í desember 1952 höfðu komið upp hugmyndir um stofnun sérstaks þjóðvarðliðs sem myndi gæta að lögum og reglu þar sem lögreglan þótti vanmáttug í undangengnum verkfallsátökum.<sup>461</sup> Þessar hugmyndir mættu mikilli andstöðu hjá verkalyðsfélagunum og almennt í samfélaginu og það sýndi sig þegar Þjóðvarnarflokkurinn, sem barðist fyrir herlausu landi, fékk 6% atkvæða og tvo þingmenn í kosningunum 28. júní 1953.<sup>462</sup>



*Hannibal Valdimarsson verkalyðsforingi og alþingismaður.*

Þegar leið á árið 1954 var vaxandi kurr meðal netagerðarmanna og annarra launþega. Mikil atvinna var í landinu og bar jafnvel á manneklu í ýmsum greinum. Launþegum sárnaði kjaraskerðingar liðinna ára og vildu rétta sinn hlut. Um miðnætti 17. mars boðuðu 12 verkalyðsfélög vinnustöðvun sem leiddi til sex vikna verkfallsins fræga.<sup>463</sup> Netagerðarmenn tóku ekki þátt í því, félagið hafði beitt sér hart á liðnum árum og hélt sig því til hlés og beið átekta. Á vormánuðum 1955 voru kjarasamningar margra verkalyðsfélaga lausir, þar á meðal samningar Sveinafélags netagerðarmanna.



*Þórður Unnar Þorfinnsson.*

Í samninganefnd netagerðarmanna voru Bryndís Sigurðardóttir, Þórður Þorfinnsson, Bjarni Fannberg og Steinn Erlendsson. Samningar náðust þann 10. júní 1955. Samningurinn fól í sér 10% hækkun á grunnkaupi og orlof lengdist í samræmi við samninga hinna verkalyðsfélaganna.<sup>464</sup> Baráttan um verkalyðshreyfinguna hélt áfram á þessum tíma. Enn um sinn var það Hannibal Valdimarsson sem lét mest að sér kveða í samstarfinu við sósíalista, bæði sem framkvæmdastjóri og formaður ASÍ.<sup>465</sup> Fyrsta maí 1957 mátti lesa í *Al-*

459 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 317.

460 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör. 2. Fundargerð sveinafélags netagerðarmanna, 8. mars 1953. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

461 Bjarni Benediktsson dóms- og menntamálaráðgjafi og Hermann Jónasson formaður Framsóknarflokksins nefndu stofnun slíks þjóðvarðliðs í áramótageinum sínum. Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 240-241.

462 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 537.

463 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 317-318.

464 *Þjóðviljinn* 14. júní 1955, bls. 12.

465 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 277.

*Þýðublaðinu* að hægri menn og kratar hefðu á bak við sig meirihluta reykvísks verkalýðs eða um 12.000 einstaklinga, en vinstrimenn 5000 einstaklinga.<sup>466</sup> Þjóðviljamaðmenn brugðust síðan við og spurðu hvernig þær tölur væru fengnar.<sup>467</sup> Ekki stóð á svari í *Alþýðublaðinu* og bar blaðið saman meðlimafjölda þeirra félaga sem studdu sósíalista og kommúnista og tóku þátt í hátíðarhöldunum fyrsta maí það ár. Þar á meðal var Nót, sveinafélag netagerðarmanna talið upp með 28 félagsmenn.<sup>468</sup> Auðvitað var það rétt að forysta félagsins hafði í gegnum árin fylgt harðri verkalýðspólítík. Hvort allir félagsmenn hafi stutt sósíalista skal ósagt látið. Á Alþýðusambandsþinginu 1958 sættust sósíalistar og Alþýðuflokksmenn og höfðu samvinnu í veigamiklum málum. Þetta mátti sjá í fulltrúakjöri Nótar á þingið þar sem Halldóra Guðmundsdóttir sat sem fulltrúi sósíalista (þá Alþýðubandalags frá árinu 1956) og Bryndís Sigurðardóttir til vara og fulltrúi Alþýðuflokksins.<sup>469</sup> Þær hlutu einnig kosningu árið 1960 en þá höfðu Alþýðuflokksmenn tekið upp samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn innan stjórnar ASÍ, enda höfðu fyrrnefndir flokkar haft landstjórnina með höndum undir forsæti Ólafs Thors frá nóvembermánuði 1959.<sup>470</sup>

Á þessum árum var samið við atvinnurekendur án nokkurra verkfallsátaka. Ekki var það þó alls staðar reyndin hjá netagerðarmönnum. Félagar í Verkamannafélagi Akureyrar sem unnu við Nótastöðina Odda áttu í vinnudeilum ásamt fleiri félögum á vormánuðum 1961.<sup>471</sup> Á aðalfundi Nótar þann 7. október 1962 gagnrýndi Georg Guðmundsson samninganefndirnar sem hefðu samið fyrir félagið liðin ár fyrir að vera „langt á eftir öðrum í kjarasamningum svo að það þyrfti að gera samninga sem virkuðu aftur í tímann, en það hlýti að veikja aðstöðu samninganefndar þegar til samningaviðræðna kæmi“. Ekki var ályktað sérstaklega vegna þessarar gagnrýni.<sup>472</sup> Á hitt ber að líta að umdeilanlegt er hverju sinni hvenær einstök félög láta til sín taka í kjaramálum. Á alltaf að fylgja öðrum félögum eða halda sig til hlés? Það fyrrnefnda hafði Nót vissulega oft gert þó minna hefði borið á því seinni árin.

Á framhaldsaðalfundi þann 27. september 1964 var lögum félagsins breytt. Í annarri grein, síðari málsgrein, var eftirfarandi tekið fram: „Félagið starfar í tveimur deildum: A deild sem skipuð er þeim félagsmönnum sem hafa iðnréttindi í netaiðn og B deild sem skipuð er þeim, sem ekki hafa iðnréttindi í netaiðn, en vinna í iðninni.“<sup>473</sup>

466 *Alþýðublaðið* 1. maí 1957, bls. 1.

467 *Þjóðviljinn* 6. maí 1957, bls. 12.

468 *Alþýðublaðið* 18. maí 1957, bls. 4.

469 Sumarliði Ísleifsson, *Í Samtök*, bls. 277. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örð 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 11. október 1958. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

470 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 532-533.

471 *Dagur* 31. maí 1961, bls. 1. *Tíminn* 31. maí, bls. 1.

472 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örð 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 7. október 1962. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

473 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örð 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 27. september 1964. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

Þetta var mikilsverð breyting og sýndi að félagar Nótar töldu eðlilegt að hafa áhrif á kaup-taxta fyrir netaiðnf jafnt faglærðra sem ófaglærðra. Hér má nefna að í áráanna rás var margt fólk sem vann að fellingu þorskaneta í heimahúsum.

Liggja ekki fyrir skýrslur um, hve margt fólk á öllu landinu tekur þátt í nefndri vinnu, en líkur benda til, að ekki minna en 2000 manns taki þátt í henni sem aðalvinnu eða ígripavinnu vetrarmánuðina. Þessi vinna er mjög hagstæð fyrir þjóðarbúið, því hjer er um heimilisiðnað í skammdeginu að ræða, sem nýtist fyrir útflutningsframleiðsluna. — Hana stunda að mestu gamalt fólk, öryrkjar, sjúklingar og duglegar húsmæður, sem komast ekki frá heimilum sínum til annarar vinnu.<sup>474</sup>

Hér má vísa í umfangsmikið starf netagerðar Kristins Á. Kristjánssonar í Hafnarfirði í heimahúsum, á öldrunarheimilinu Sólvangi og Víflsstaðaspítala.<sup>475</sup> Það má skilja þessa breytingu á félaginu í ljósi slíkrar atvinnuþátttöku í netavinnu. Ýmsir vildu bregðast við þessu. Á aðalfundi 2. mars 1969 bar Jón Eggertsson fram tillögu þess efnis að „þorskanetafelling verði látin heyrá undir okkar iðngrein“.<sup>476</sup> Þetta var samþykkt og skapaðist mikil umræða um málið. Mönnum fannst mörgum nauðsynlegt að taka þorskanetafellinguna með í næstu samninga, því margt ófélagsbundið fólk tæki allt niður í 85 kr. á tímann fyrir hvert net.<sup>477</sup> Þann 8. mars 1969 kom fram á fundi stjórnar- og trúnaðarráðs félagsins að Halldór Einarsson formaður hefði leitað til lögfræðings um hvort þorskanetafelling hefði verið dæmd úr iðninni, en svo reyndist ekki vera.<sup>478</sup> Í kjölfarið birti félagið auglýsingu í blöðunum og ítrekaði Nót að taxti félagsins hljóðaði upp á 110 kr. á tímann á hvert net og væri félagsmönnum Nótar ekki heimilt að vinna undir þessum taxta og hefðu þeir forgangsrétt á vinnunni eins og við aðra vinnu sem heyrði undir netaiðnf.<sup>479</sup> Um þetta leyti var mikið atvinnuleysi meðal félagsmanna Nótar. Þeim fannst því mikilvægt að sýna samstöðu og draga úr undirboðum.

Árin 1967 og 1968 gekk djúp efnahagslægd yfir landið með verðhækkunum og atvinnuleysi. Lítið hafði veiðst af síld, skreiðarmarkaðirnir í Afríku lokuðust vegna Bíafrastríðsins og verðfall varð á frystum þorskafrúðum á Bandaríkjamarkaði.<sup>480</sup> Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks (Viðreisn) brást síðan við með gengisfellingu og öðrum aðhaldsaðgerðum.<sup>481</sup>

474 *Höfundur ókunnur*, „Framleiðsla veiðarfæra“, *Hlín*, 1. tbl., 42. árg., 1960, bls. 150-151.

475 *Alþýðublað Hafnarfjarðar* 18. desember 1964, bls. 12-13.

476 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örðk 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 2. mars 1969. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

477 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örðk 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 2. mars 1969. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

478 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örðk 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 8. mars 1969. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

479 *Þjóðviljinn* 13. apríl 1969, bls. 3. *Alþýðublaðið* 15. apríl 1969, bls. 6.

480 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 291-292.

481 *Þjóðviljinn* 14. október 1967, bls. 1.



*Bryggjugengi frá Netagerð Torbergs Einarssonar að gera við loðnunót á meðan aflanum var landað. Á myndinni eru Jóhann Ásgeirsson, Ólafur Eliasson, Haraldur Þorvaldsson formaður Nótar (var alltaf kallaður Maó formaður), Jón Sigurðsson og Torfi Þórdarson.*

Félagsmenn Nótar létu í sér heyra í kjölfarið:

Félagsfundur í Nót Sveinafélagi Netagerðarmanna haldinn þann 15. október 1967 mótmælir harðlega þeirri kjaraskerðingu sem kom til framkvæmda þann 12. og 13. þessa mánaðar. Kjaraskerðing þessi er framkvæmd með stórfelldum verðhækkunum á algengustu neysluvörum og hækkun á ýmsum almennum gjöldum heimila. Kjaraskerðingin er þeim mun tilfinnanlegri sem atvinnutekjur ýmissa launþega og ekki síst netagerðarmanna hafa á síðastliðnu ári dregist verulega saman vegna minnkandi atvinnu.<sup>482</sup>

482 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, örsk 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 15. október 1967. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.



Í kjölfarið hördnuðu átök á vinnumarkaði. Alþýðusambandið fór þar fyrir verkalýðsfélögunum og krafðist fullrar vísitölubindingar á laun og fóru 70 félög með 22 þúsund félagsmenn í verkfall 4. mars 1968. Þar á meðal voru félagar í Nót.<sup>483</sup> Samningar náðust á milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar þann 18. mars og var grundvöllur kjarasamninganna verðtrygging launa sem hefði gengið til baka með aðgerðunum í október 1967. Þetta var kærkominn sigur, ekki síst þar sem félögin létu hjá líða að óska hækkana umfram fyrri skerðingar.<sup>484</sup>

### 3.6 Seinustu árin í starfi félagsins

Á stjórnarfundum Nótar 7. nóvember 1970 var fundarefnið boð sem félagið ásamt öðrum sambandsfélögum fékk frá Sparisjóði alþýðu um að gerast stofnaðili að sérstökum Alþýðubanka. Hlutfjársofnunin var þannig framkvæmd að félögum var boðið að skrifa sig fyrir sem svaraði 1000 krónum í hlutfjárframlag. Stjórnin ákvað að ganga að þessu boði.<sup>485</sup> Á næsta stjórnarfundum 6. desember kom fram í máli Halldórs Einarssonar formanns „að innt hefði verið af hendi ¼ af framlagi til Alþýðubankans eða kr. 15.000.000“. Á fundinum var Halldór Einarsson kosinn til að fara með umboð bankans hjá félaginu.<sup>486</sup> Það styrkti félagsmenn og jók lánamöguleika þeirra þegar Alþýðubankinn tók til starfa í árslok 1970.<sup>487</sup>

Kjaramálin höfðu áfram sinn gang. Á félagsfundum þann 14. nóvember 1971 var tekin afstaða til skeytis frá ASÍ þar sem leitað var eftir stuðningi trúnaðarmannaráða sambandsfélaganna um vinnustöðvun. Beiðnin var samþykkt einróma og var síðan rætt um sérkröfur Nótar í komandi samningum. Það horfði til nýmæla að horft var til annarra þátta en oft áður.<sup>488</sup> Kröfur um hreinlæti á vinnustað og bætt starfsumhverfi voru þar í fyrirrúmi. Þar má nefna eftirfarandi kröfur: „Hærra kaup verði greitt fyrir að þorskanet sé felld á gamla teina sem þarf að splæsa saman. Greitt verði herra kaup við blautar og óþrifalegar síldar- og loðnunætur inni á verkstæðum og í þurrklefum.“<sup>489</sup> Alþýðusamband Íslands náði síðan rammasamningum þar sem tekið var tillit til fyrrnefndra atriða.<sup>490</sup>

483 Þjóðviljinn 3. mars 1968, bls. 9. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 18. febrúar 1968.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

484 Þjóðviljinn 19. mars 1968, bls. 1.

485 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 7. nóvember 1970.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

486 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 6. desember 1970.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

487 Stofnfundurinn var 12. desember. Þjóðviljinn 15. desember 1970, bls. 1.

488 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 14. nóvember 1971.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

489 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 5. desember 1971.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

490 Þ.Í. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 22. nóvember 1971.

Á þessum tíma voru nýjar kynslóðir komnar fram meðal netafólks, kynslóðir sem kynnst höfðu gerviefnunum og margs konar vinnuhagræðingu. Það skýrir kröfur af þessu tagi.



*Hér eru þau í návígi, varðskipið Ægir og HMS Russell.*

Á þessum tíma vildu Íslendingar stækka landhelgina. Landhelgissamningurinn frá 1961 var ekki uppseggjanlegur, „en Ísland lýsti sig óbundið af honum vegna lífshagsmuna sinna í málinu“ og tók útfærsla í 50 mílur gildi þann 1. september 1972.<sup>491</sup> Í kjölfarið fylgdi svokallað þorskastríð við Breta og V-Þjóðverja. Félagum í Nót fannst þeim renna blóðið til skyldunnar og ákváðu á aðalfundi þann 14. október 1972 að styrkja landhelgissjóð um 10.000 kr.<sup>492</sup> Vafalítið hefur mörgum netamanninum þótt þetta

eðlileg ráðstöfun þar sem þeir áttu flestir lífsafkomu sína undir því að landsmenn gætu nýtt fiskistofnana í kringum landið eins og þeir óskuðu.

Allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar hafði Ísland verið verðbólgu-land og alltaf verið vandamál að halda verðgildi krónunnar stöðugu. Þessu höfðu félagar í Nót kynnst eins og aðrir launþegar í landinu. Verðbólgan jókst eftir árið 1973 og mátti meðal annars rekja það til Vestmannaeyjagossins og oliúkreppu. Þessu fylgdu versnandi viðskiptakjör og vaxandi viðskipta-

halli.<sup>493</sup> Kjarabaráttan bar þessa skýr merki. Þann 9. febrúar 1974 var haldinn fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði Nótar. Á fundinum las Halldór Einarsson formaður orðsendingu frá aðalsamninganefnd Alþýðusambands Íslands sem fór fram á að félagið boðaði til verkfalls frá 19. febrúar. Ekki kom þó til þess og náðust samningar nokkrum sólarhringum fyrir hina fyrirhuguðu vinnustöðvun. Um var að ræða rammisamning milli samninganefndar ASÍ og atvinnurek-

enda.<sup>494</sup> Það má sjá á fundi félagsins þann 27. febrúar að nokkuð skiptar skoðanir voru þegar kom að sérkröfum félagsins. Fundarmenn voru ekki allir sáttir við að eftirvinna væri felld niður á föstudögum né heldur að næturvinna kæmi



*Vestmannaeyjagöngur 1973.*

491 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 357.

492 Þ.J. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, örsk 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 14. október 1972.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

493 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 378.

494 Þjóðviljinn 15. febrúar 1974, bls. 1.

strax eftir dagvinnu. Samningarnir voru samt sem áður samþykktir.<sup>495</sup> Ekki var þó ein báran stök. Seinna á árinu mældist verðbólgan um 50% og hækkuðu allar nauðsynjar sem því nam.<sup>496</sup> Þetta olli úlfúð meðal launþega og kom í kjölfarið hvatning frá forvígismönnum ASÍ um að segja öllum samningum upp. Á fundi þann 29. september 1974 ákváðu félagsmenn Nótar að verða við þeirri áskorun.<sup>497</sup> Lítið gerðist hins vegar næstu mánuði, staðan var þröng og lítið svigrúm til launahækkana. Þann 3. mars 1975 hélt Alþýðusamband Íslands kjaramálaráðstefnu þar sem skorað var á öll verkalyðsfélög innan sambandsins að afla sér heimildar til verkfallsboðunar. Slík heimild var samþykkt á fundi Nótar þann 16. mars og átti verkfall að hefjast 7. apríl. Ekkert varð þó af því, enda voru samningar samþykktir á félagsfundi þann 2. apríl.<sup>498</sup> Þetta voru mjög sérstakir samningar. Í óðaverðbólgunni sem hófst árið áður hafði vísitalan, sem átti að tryggja kaupmátt launa, ekki verið í gildi. Til að bæta launþegum það upp var ákveðið að samningurinn gildi aðeins í tvo mánuði eða til 1. júní og einn mánuð afturvirkur eða frá og með 1. mars. Það þýddi að samið var um eins konar verðlagsuppbót til þriggja mánaða sem aðeins var ætlað að bæta lítinn hluta fyrirleggjandi kjaraskerðingar.<sup>499</sup> Aftur boðaði því Nót ásamt öðrum aðildarfélögum ASÍ til verkfalls þann 10. júní.<sup>500</sup> „Áfangi án átaka,“ sagði í *Alþýðublaðinu* 14. júní og bætti Björn Jónsson forseti Alþýðusamband Íslands eftirfarandi við:<sup>501</sup>

Ég er ákaflega ánægður með það hversu svipaðar skoðanir félagsfundanna í dag hafa verið skoðunum okkar, sem að samningsgerðinni stóðum, en það var einróma álit okkar, að skynsamlegast væri að ganga til samninga, sem hægt væri að gera án verkfalla.<sup>502</sup>

Þann 18. janúar 1976 var haldinn félagsfundur í Nót og þar kom fram almenn óánægja með ganginn í samningaviðræðunum sem þá fóru fram. Halldór Einarsson formaður las upp bréf frá ASÍ þar sem trúnaðarmannaráði félagsins var veitt heimild til verkfallsboðunar. Á fundinum var nýr gjaldkeri, Vilmundur Jónsson, kynntur. Fráfarandi gjaldkeri, Aðalsteinn Guðjónsson, sagði af sér vegna tilmæla stjórnar félagsins þar sem aðalfundur hafði ekki verið boðaður

495 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 27. febrúar 1974.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

496 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 378.

497 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 29. september 1974.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

498 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 2. apríl 1975.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

499 *Þjóðviljinn* 2. apríl 1975, bls. 1.

500 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 2. júní 1975.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð. *Þjóðviljinn* 5. júní 1975, bls. 12.

501 *Alþýðublaðið* 14. júní 1975, bls. 1.

502 *Alþýðublaðið* 14. júní 1975, bls. 1.

frá árinu 1971 og þar sem reikningar hefðu ekki verið við hendi og innheimtu félagsgjalda verið ábótavant.<sup>503</sup>

Þann 31. janúar var því boðað til aðalfundar fyrir árin 1971–1975 og fór Vilmundur Jónsson yfir fjármál félagsins en félagið hafði safnað nokkrum skuldum á seinni árum. Næstu fjögur ár á undan höfðu félagsgjöld verið 2500 krónur



*Jónas Sveinsson netagerðarmeistari að splæsa víra fyrir Jón Kjartansson SU 111 á Eskifirði.*

á ári og var ákveðið að hækka þau í 7200 krónur yfir árið eða sem nam 150 krónum á viku. Einnig fannst fundarmönnum nauðsynlegt að endurskoða greiðslur úr sjúkrasjóði félagsins sem voru þær sömu og árið 1967 en mikil verðbólga hafði geisað á tímabilinu. Stjórnin lagði til að upphæðin hækkaði úr 65 krónum í 380 krónur fyrir einhleyping á dag og úr 87 krónum í 500 krónur fyrir hjón. Þetta voru umtalsverðar kjarabætur fyrir þá sem fengu styrk úr sjúkrasjóði félagsins.<sup>504</sup> Hin mikla verðbólga var

sem áður vandamál launamanna í samfélaginu. Stjórn og trúnaðarmannaráð Nótar samþykkti því verkfallsheimild frá og með 17. febrúar 1976.<sup>505</sup> Í kjölfarið kom til víðtæks allsherjarverkfalls sem stóð í ellefu sólarhringa.<sup>506</sup> Félagsmenn Nótar samþykktu samningana en nokkur óánægja skapaðist. Nót var með ýmsar sérkröfur sem féllu ekki að samningsmarkmiðum ASÍ. Niðurstaðan varð sú að Nótarmönnum var boðin 1% kauphækkun til að jafna kröfurnar.<sup>507</sup> Sérkröfurnar snerust um fæðispeninga og flutningsgjald og var fallist á þær árið eftir í hinum svonefndu „sólstöðusamningum“ Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Samningarnir þóttu mikil kjarabót fyrir launþega „þar sem fyrri kaupmáttur var endurheimtur með yfir 25% kauphækkun og tryggður með „pottþéttri“ verðtryggingu“.<sup>508</sup> En ekki var allt sem sýndist og fannst mörgum sem unnu í netagerð á þessum árum launin hrökkva skammt í dýrtíðinni. Margir félagar í Nót unnu í Hampiðjunni og þar voru gerðar sífellt meiri kröfur til starfsmanna vegna aukinnar vélvæðingar og tækniþróunar.<sup>509</sup>

503 Þ.Í. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 18. janúar 1976.

504 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 31. janúar 1976. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

505 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 8. febrúar 1976. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

506 *Þjóðviljinn* 2. mars 1976, bls. 1.

507 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 28. febrúar 1976. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

508 Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 378. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélag, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 23. júní 1977. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

509 *Alþýðublaðið* 10. október 1976, bls. 8.

Starf Nótar þessi misserin snerist ekki bara um kjarabaráttu, heldur einnig um ýmis samfélagsmál. Meðal annars styrkti hver félagsmaður Listasafn ASÍ með 1000 króna framlagi.<sup>510</sup> Einnig ræddu félagsmenn um ályktun frá ráðstefnu láglounafólks um dagvistarmál og samþykkt frá samtökum sem mótmæltu lokun mjólkurbúða Mjólkursamsölunnar. Á sama fundi var ákveðið að gefa Halldóru Guðmundsdóttur veglega peningagjöf á sjötugsafmæli hennar með þakk-læti fyrir allt það sem hún hafði gert fyrir félagið.<sup>511</sup>

Á annan í páskum, 16. apríl 1979, lést Halldór Einarsson formaður Nótar af reykeitrún sem hann hlaut í bruna á heimili sínu á skírdagsmorgun.<sup>512</sup> Þetta var mikið áfall fyrir Nótarfélaga og glataðist mikið af skjölum og bókhaldsgögnum í brunanum. Laugardaginn 12. maí var haldinn stjórnarfundur í félaginu og farið yfir stöðuna. Það kom fram hjá Vilmundi Jónssyni gjaldkera, sem þá var staddur í Björgvin í Noregi, að hann hefði farið yfir reikninga ársins 1977 og væru þeir í öruggri geymslu.<sup>513</sup>

Á næsta fundi þann 29. júní var Þórður Þorfinnsson kosinn í stað Halldórs í stjórn sameiginlegs lífeyrissjóðs netagerðarmanna fram að næsta aðalfundi. Einnig var á fundinum rætt um samninga Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins um 3% kauphækkunina og var hún samþykkt.<sup>514</sup> Vegna stöðu félagsins var leitað til Alþýðusambandsins um aðstoð við rekstur félagsins og var kosin bráðabirgðastjórn undir forsæti Haraldar Guðmundsonar sem átti að starfa fram að næsta aðalfundi.<sup>515</sup>

Aðalfundur fór fram 29. mars 1980. Á fundinum var Haraldur Guðmundson kosinn formaður. Einnig var samþykkt formlega að félagið gengi í Málm- og skipasmíðasamband Íslands. Netagerðarmenn höfðu unnið eftir sams konar samningi og málmíðnarmenn og voru eins og þeir í þjónustu við útgerðina.<sup>516</sup> Inngangan átti sér nokkurn aðdraganda.<sup>517</sup> Fyrst er minnst á inngönguna í fundargerð 23. júní 1977 og aftur 24. febrúar 1978.<sup>518</sup> Eftir síðari fundinn sendi Halldór Einarsson, þáverandi formaður, bréf til Málm- og skipasmíðasambands Íslands og lýsti áhuga Nótarmanna á inngöngu.

Taldi fundurinn að félagsleg aðstaða myndi styrkjast að miklum mun, ef af slíkri aðild gæti orðið. Þá má einnig geta þess í framhaldi af þessu að stjórn

510 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 21. maí 1976.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

511 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 7. október 1976.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

512 *Morgunblaðið* 18. apríl 1979, bls. 2.

513 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 12. maí 1979.

514 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 29. júní 1979.

515 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 24. nóvember 1979.

516 *Þjóðviljinn* 23. apríl 1980, bls. 13.

517 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 29. mars 1980.

518 Þ.Í. Félag járníðnarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 23. júní 1977 og 24. febrúar 1978.

Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

lífeyrissjóðs Nótar hefði fullan hug á því að sameinast lífeyrissjóði Málm- og skipasmíðamanna en eins og kunnugt er hefur lífeyrissjóður Málm- og skipasmíðamanna annast bókhald og aðra fyrirgreiðslu fyrir lífeyrissjóð Nótar.<sup>519</sup>



Ríkisráðsfundur 8. febrúar 1980. Talið frá vinstri: Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson, Tómas Árnason, Steingrímur Hermannsson, Gunnar Thoroddsen, Kristján Eldjárn forseti Íslands, Ólafur Jóhannesson, Ragnar Arnalds, Guðmundur Benediktsson ríkisráðsritari, Svavar Gestsson, Hjörleifur Guttormsson og Ingvar Gíslason.

Á níunda þingi Málm- og skipasmíðasambands Íslands sem haldið var 24.–26. apríl 1980 var samþykkt að verða við beiðni Nótar um innngöngu „að uppfylltum öllum settum skilyrðum og breytingum á lögum M.S.Í. þar að lútandi“.<sup>520</sup> Í kjölfarið hófst vinna við að sameina launatöflur netagerðarmanna í samræmi við aðrar sambærilegar stéttir í M.S.Í.<sup>521</sup> Sú vinna gekk hægt og var ákveðið á fundi þann 18. október að boða eins dags verkfall 31. október í samvinnu við heildarsamtök ASÍ til að knýja vinnuveitendur til samninga.<sup>522</sup>

Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen liðkaði fyrir samningum eftir að hún kynnti svonefndan „félagsmálapakka“ fyrir samningsaðilum.<sup>523</sup>

Innihélt hann meðal annars lengra fæðingarorlof og tekjutryggingu aldraðra.<sup>524</sup>

Samningarnir féllu úr gildi 1. nóvember 1981 og hófst undirbúningur nýrra samninga með formannaráðstefnu ASÍ sem haldin var í samræmi við 34. þing sambandsins 27. mars 1981. Þar áttu netagerðarmenn einn fulltrúa vegna aðildar sinnar að Málm- og skipasmíðasambandi Íslands. Netagerðarmönnum var umhugað um starfsaldurshækkunar, fjölgun launaflokka, öryggisbúnað, vinnuföt, minni eftirvinnu og ákvæði sem tengdust vinnu fjarri heimili. Þegar á reyndi var öllum sérkröfum vísað frá í samningunum sem náðust 17. nóvember 1981. Samningsaðilar lögðu hins vegar áherslu á að fá greiddar fullar verðbætur á laun frá 1. desember 1981 í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1981.<sup>525</sup> Með þessu móti fórnudu netagerðarmenn mikilvægum sérkröfum gegn því fororði að freista þess að draga úr áhrifum óðaverðbólgunnar sem var 45–60% árið 1982.<sup>526</sup> Auðvitað hafði slík verðbólga áhrif á kjör netagerðarmanna sem annarra launþega í landinu.

519 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 3. Bréf dagsett 30. apríl 1978. Þáverandi grunnur lífeyrissjóðs Nótar byggði á samkomulagi

Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuálasambands samvinnufélaga og Vinnuveitendasambands Íslands sem gert var 22. júní 1977. Samningurinn var framlengdur 27. nóvember 1979. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 8, ör 2. Bréf dagsett 27. nóvember 1979.

520 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 8, ör 1. Bréf dagsett 23. maí 1980.

521 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna. Fundargerð Nótar, 28. september 1980.

522 Þ.Í. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, 18. október 1980.

523 Þetta var samsteyrustjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðubandalags. Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 534.

524 *Tíminn* 30. október 1980, bls. 2.

525 Þ.Í. Nót, félag netagerðarmanna, sjá: Félag járníðnaðarmanna, KA 9, ör 1.

526 Slagorðið „Leiftursókn gegn verðbólgu“ kom úr herbúðum Gunnars Thoroddsen og ríkisstjórnar hans sem ríkti frá 8. febrúar 1980 til 26. maí 1983.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 379 og 534.

Félagið brást við með því styrkja þá sem veikast stóðu og samþykkti á aðalfundi 24. október að efla styrktarsjóð félagsins sem hafði verið óbreyttur frá árinu 1976.<sup>527</sup> Hér má benda á 4. greinina:

Félagsmenn sem verða óvinnufærir vegna slysa og veikinda og eiga rétt á greiðslum frá sjóðnum, fá greidda dagpeninga í allt að 91 dag, þegar samningsbundnum greiðslum atvinnurekenda í slysa- og veikindatilfellum lýkur. Verði þeir óvinnufærir áfram vegna afleiðinga slyss eða veikinda og 91 dagur er liðinn frá því fyrsta greiðslutímabili lauk, fá þeir greidda dagpeninga í 91 dag og síðan með 91 dags millibili, í samræmi við reglugerð þessa.<sup>528</sup>

Víkur nú sögunni til Vestmannaeyja. Yfirleitt var mikið að gera hjá netagerðarmönnum þar. Eftir 1980 breyttist það eftir að nokkrar loðnuvertíðir brugðust. Þetta voru mikil umskipti fyrir netagerðarmenn í Vestmannaeyjum. Þeir höfðu haft háar tekjur vegna mikillar vinnu. Nú sáu menn hins vegar hvað netagerðarmenn voru með lélega samninga og í raun langt á eftir öðrum sveinum í öðrum iðngreinum. Netagerðarmenn í Vestmannaeyjum höfðu ekki verið með nokkurt félag og voru ekki með neinum í stéttarfélagi og höfðu ekki gert samning við atvinnurekendur í mörg ár. Netagerðarmenn vildu komast upp að öðrum iðnaðarmönnum í launum og njóta sömu réttinda og þeir. Í þessu ljósi töldu þeir skynsamlegast að ganga í Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum vorið 1982.<sup>529</sup>

Á fundi með járníðnaðarmönnum þann 20. júní sama ár báru forvígismenn netagerðarmanna eftirfarandi tillögu upp:

Menn sem unnið hafa á verkstæðum í 10 ár eða meira, og eru ófaglærðir, verði óháðir þeim ákvæðum sem hljóða upp á þriggja mánaða ráðningu þar sem þeir geta hvort sem er náð í ráðherrabréf, en við erum mjög á móti svoleiðis ráðstöfunum. Netaverkstæðiseigendur megi ráða ófaglærða menn ef þurfa þykir á annatímum í samráði við sveina innan verkstæðanna og sveinafélagsins. Ef eitt verkstæðið ræður ekki við þorskanetavinnu, þá er það stefna okkar eins og verið hefur að fá lánaða menn af öðrum verkstæðum, sem minna hafa að gera og láta þá frekar njóta vinnu en ófaglærða menn.<sup>530</sup>

527 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 2. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 31. janúar 1976. Helgi Guðmundsson endurritaði fundargerð.

528 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. Aðalfundur 24. október 1982. KA 9, ör 1.

529 Óskar P. Friðriksson, tölvupóstur, 17. október 2018. Þ.Í. Nót, félag netagerðarmanna, sjá: Félag járníðnaðarmanna, KA 5, ör 2.

530 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1. Bréf dagsett 20. júní 1982.

Þarna stóð hnífurinn í kúnni. Í lögum járníðnaðarmanna var ákvæði um svokallaða gervimenn þar sem aðeins var veitt leyfi til þriggja mánaða vinnu á sama nafn.

Við netagerðarmenn höfum við nánari athugun á þessum lið laganna, komist að raun um að þessi kvöð yrði þess valdandi að okkur tækist ekki að gera langþráðan draum að veruleika. Það hefur alltaf verið von okkar að geta tekið að okkur alla þá vinnu sem fellur undir netagerð. Sú sérstaða er í hluta af þeirri vinnu á þorskanetunum að á 2–3 mánaða tímabili þarf að afkasta gífurlega mikilli vinnu.<sup>531</sup>



*Óskar P. Friðriksson, fyrsti formaður Sveinafélags netagerðarmanna í Vestmannaeyjum. Óskar er líka hagleiksmáður og hefur smíðað líkön af bátum og skipum.*

Það kom fram að vinnan væri að mestu unnin í ákvæðisvinnu og miðað við umfangið reiknaðist mönnum til að þetta væru um 650 klukkustundir á mann þessa þrjá mánuði vertíðarinnar. Vandamálið væri að um 40–50 manns vinna á netaverkstæðunum í Vestmannaeyjum. „Af því sem að framan er sagt að sameina þessa tvo þætti: að hafa nægilega marga sveina til þess að anna vinnunni, sem verður að afkasta á vertíðum, og hinsvegar að nægileg vinna sé handa þeim öllum annan tíma árs.“<sup>532</sup>

Þessi tillaga var borin undir atkvæði í Félagi járníðnaðarmanna á fundi þann 27. júní. Tillagan var felld og brugðust netagerðarmenn í félaginu við með því að stofna eigið sveinafélag í Vestmannaeyjum 9. september 1982 og var Óskar P. Friðriksson kosinn formaður.<sup>533</sup> Það vekur athygli að annan desember sama ár sendi sveinafélag járníðnaðarmanna inntökubeiðnir netagerðarmanna í Vestmannaeyjum til stjórnar Nótar og tóku fram að þeir hefðu síðan gengið úr félaginu í júní síðastliðnum. Bréfið ber með sér að félagið Nót ætti að hafa afskipti af málinu sem svo varð reyndin.<sup>534</sup> Það kom fram í bréfi Óskars P. Friðrikssonar formanns Sveinafélags netagerðarmanna í Vestmannaeyjum (SNV), dagsettu 2. mars 1983, að hann hefði átt samtal við Harald Guðmundsson formann Nótar um samvinnu félaganna. Félagsfundur þeirra fyrrnefndu samþykkti hins vegar afdráttarlaust að taka ekki þátt í slíku þar sem Nót væri hvorki landsfélag netagerðarmanna né félag faglærðra netagerðarmanna.<sup>535</sup> Stjórn og trúnaðarráð Nótar hélt fund 15. október og var þar lögð fram sáttatillaga þess efnis að SNV yrði hluti af Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja sem sérstök deild sem aftur yrði aðili að Nót með viðeigandi skilmálum.<sup>536</sup> Í kjölfarið var haldinn sáttafundur málsaðila í Vestmannaeyjum

531 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1. Bréf dagsett 20. júní 1982 (fylgiskjal með bréfi).

532 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1. Bréf dagsett 20. júní 1982 (fylgiskjal með bréfi).

533 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1. Bréf dagsett 27. júní 1982. Það fylgdi með stofnuninni að sækja um aðild að verkalýðsfélagi

Vestmannaeyja með aukaáðild. Það var samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja 15. maí 1983. *Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja*, (HV), Sveinafélag netagerðarmanna í Vestmannaeyjum (SNV). Óskráð. Óskar P. Friðriksson, tölvupóstur, 17. október 2018.

534 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, ör 2. Bréf dagsett 2. desember 1982.

535 Þar vísuðu þeir í að hluti Nótarmanna voru ófaglærðir í svonefndri B deild. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, ör 2. Bréf dagsett 2. mars 1983.

536 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, ör 2. Sjá bréf frá Sveinafélagi netagerðarmanna í Vestmannaeyjum frá 14. nóvember 1983. Bréf dagsett 15. október 1983.



29. október. Ýmsar athugasemdir komu fram hjá SNV. Félagsmönnum fannst sérstaklega erfitt að sætta sig við þá tillögu félaga í Nót að fulltrúi SNV sæti í trúnaðarmannaráði Nót en án trúnaðarmanns innan Verkalýðsfélags Vestmannaeyja.<sup>537</sup> Stjórn og trúnaðarmannaráð Nót brást við með því að segja á fundi þann 3. desember 1983 að fyrirstaðan væri sú að deildin í Vestmannaeyjum gæti ekki tekið ákvarðanir um vinnustöðvun eða aðrar mikilvægar aðgerðir án samráðs við aðalstjórn Nót. Þar við sat.<sup>538</sup> Í þessu ljósi ber að leggja áherslu á það að stjórn Nót hafði fyrirætlanir um að gera félagið að landsfélagi með aðild deilda víðsvegar um landið. Niðurstaðan í Vestmannaeyjum gerði þau áform að engu.<sup>539</sup> Reyndar voru félagar í Nót í svipaðri stöðu vegna aðildar sinnar að Málm- og skipasmíðasambandinu. Samkvæmt fylgiskjali sem fylgdi með samningum á milli VSÍ og ASÍ 6. nóvember 1984 sagði að hver fulltrúi félags ætti að fara með atkvæðamagn í samræmi við þann félagafjölda sem væri að baki hverjum og einum þegar kæmi að uppsögn samningsins. Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Nót frá 24. nóvember var tekið fram að samningsrétturinn væri hjá hverju félagi og yrði ekki tekinn frá þeim sem sætu í samninganefndinni hverju sinni.<sup>540</sup> Annað sem einnig var rætt á þessum tíma í stjórn og trúnaðarmannaráði Nót var að einungis um 160 einstaklingar sem unnu að netagerð (þ.e. faglærðir A deildar menn og ófaglærðir B deildar menn) voru félagsmenn í Nót. Aðrir 190 einstaklingar unnu einnig í netagerð í ýmsum verkalýðsfélögum og var undir hælinn lagt hvort þeir hefðu fullgild réttindi í iðninni.<sup>541</sup> Þetta var vandi sem félagar Nótar vissu vel af eins og frásögnin af samskiptum við netamenn í Vestmannaeyjum sýnir.

Áfram voru blikur á lofti í kjaramálum. Ríkisstjórnin felldi gengi krónunnar í nóvember 1984 og tók því til baka ávinninginn af kjarasamningunum frá sjötta sama mánaðar. Aftur var skrifað undir samninga 15. júní 1985. Þá var samið um 12,5% launahækkun netagerðarmanna sem annarra iðnaðarmanna. Samningurinn gilti út árið 1985.<sup>542</sup> Smám saman komu upp óánægjuraddir innan verkalýðshreyfingarinnar vegna þessara víxlhækkana kaups og verðlags í stíl við undangengin ár. Á félagsfundum þann 20. febrúar 1986 taldi Helgi Arnlaugsson frá Málm- og skipasmíðasambandi Íslands að svonefnd verðlækkunarleið væri affarasælli „en sú gamla sem alltaf hefur farið sömu leiðina, kauphækkunin hefur horfið mjög fljótlega í verðlagið“.<sup>543</sup> Komandi samningsgerð tók nokkurt mið af þessu.<sup>544</sup> Þar komu fram yfirlýsingar ríkisstjórn-

537 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, örð 2. Bréf dagsett 29. október 1983.

538 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, örð 2. Bréf dagsett 3. desember 1983.

539 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 5, örð 2. Bréf dagsett 3. desember 1983.

540 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, örð 3. Fundargerð Nót, sveinafélags netagerðarmanna, 24. nóvember 1984.

541 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, örð 4. Fundargerð Nót, sveinafélags netagerðarmanna, 16. janúar 1985.

542 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 3, örð 2. Skýrsla stjórnar sveinafélags netagerðarmanna fyrir starfsárið 1985-1986.

543 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, örð 3. Fundargerð Nót, sveinafélags netagerðarmanna, 20. febrúar 1986.

544 Skrifað var undir samning ASÍ og VSÍ þann 26. febrúar 1986. Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 3, örð 2. Skýrsla stjórnar sveinafélags netagerðarmanna fyrir starfsárið 1985-1986.

*Klausturhólar í  
Grímsnesi, þar  
sem er nú allstór  
sumarhúsabyggð.*



arinnar um skattalækkanir, niðurfærslu verðlags, aðhald í verðlagsmálum og eflingu samkeppnisstöðu útflutnings og samkeppnisiðnaðar.<sup>545</sup> Samningurinn var síðan endurnýjaður 14. júlí 1986 og gilti til loka ársins. Helstu nýmælin mátti sjá í þriðju grein hans. Þar voru ákvæði um hvíldartíma og frídaga sem voru í samræmi við aðbúnað og öryggi og hollustu á vinnustöðum eins og sagði í lögum 46/1980.<sup>546</sup>

Árið 1988 átti Nót 50 ára afmæli, en félagið var formlega stofnað 14. júní árið 1938. Í tilefni þess hélt félagið afmælissýningu í Listasafni ASÍ dagana 22.–30. október. Sýningin var tvíþætt. Annars vegar var rakin saga félagsins þar sem réttinda- og kjarabarátta skipaði veigamikinn sess. Að auki voru ýmis áhöld og veiðarfæri sýnd til að varpa sem skýrustu ljósi á þróunina í atvinnugreininni á liðnum tíma.<sup>547</sup> Jafnhliða hafði verið ákveðið á árinu 1986 að rita sögu félagsins og var Helgi Guðmundsson sagnfræðingur fenginn til verksins og stóð til að gefa hana út á afmælisárinu.<sup>548</sup> Það tókst hins vegar ekki og var þá ákveðið að gefa út sérstakt afmælisrit „þar sem þegar lá fyrir talsvert af efni sem laga mátti að nýju formi útgáfu“.<sup>549</sup>

545 Þ.Í. Nót félag netagerðarmanna, sjá: Félag járníðnæðarmanna, KA 3, örkr. 2. Skýrsla stjórnar sveinafélags netagerðarmanna fyrir starfsárið 1986-1987.

546 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 3, örkr. 2. Skýrsla stjórnar sveinafélags netagerðarmanna fyrir starfsárið 1986-1987.

547 *Morgunblaðið* 21. október 1988, bls. 10.

548 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, örkr. 1.

549 Helgi Guðmundsson, *Nót, sveinafélag netagerðarmanna, 50 ára*. Sjá formála.

Á fundi í stjórn og trúnaðarmannaráði Nótar þann 22. febrúar 1981 var rætt um að athuga með kaup á sumarbústað fyrir félagið. Haraldur Guðmundssyni formanni þess var ætlað að fylgja málinu eftir.<sup>550</sup> Nokkur bið varð hins vegar á að eitthvað gerðist. Það næsta í málinu var að Haraldur fór á Þingvelli og í Skorradal sumarið 1983 og skoðaði sumarbústaði.<sup>551</sup> Það gerðist svo að Nót keypti sumarbústað í landi Klausturhóla í Grímsnesi ásamt tveimur hekturum lands og hófust í kjölfarið ýmsar jarðvegsframkvæmdir.<sup>552</sup>

Þrátt fyrir öflugan félagsanda sem gjarna fylgir slíkum verkum var ýmislegt í veginum fyrir því að félagið efdist og dafnaði. Enn og aftur lýstu félagsmenn yfir áhyggjum vegna þess hve lítill hluti manna í greininni greiddi félagsgjöld. Það kom meðal annars fram á fundi stjórnar og trúnaðarráðs að félagið ætti að hafa rétt á að semja við ófaglærða menn (B deild) án afskipta ASÍ.<sup>553</sup> Þegar frá leið beindu menn sérstaklega spjótum sínum að Hampiðjunni en flestir starfsmenn þar greiddu félagsgjöld sín til Iðju, félags iðnverkafólks í stað Nótar.<sup>554</sup>

Eitthvað þyrfti því að gera til að styrkja félagið. Fyrstu hugmyndir um að sameinast járníðnaðarmönnum voru reifaðar á stjórnarfundum 1. nóvember 1989 og á fundi stjórnar og trúnaðarráðs þann 13. nóvember 1993 var ákveðið að fara í könnunarviðræður við félagið.<sup>555</sup> Nót, sveinafélag netagerðarmanna sameinaðist formlega Félagi járníðnaðarmanna 1. janúar 1995. Félagið tók þar með yfir öll félagsleg réttindi og skyldur gagnvart netagerðarmönnum. Félagsmönnum þótti sameiningin styrkja félagið þegar það tengdist öðrum iðnfélögum sem gættu svipaðra hagsmuna í kjara-, mennta- og atvinnumálum.<sup>556</sup>

550 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 22. febrúar 1981.

551 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 5. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 15. júlí 1983.

552 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 5. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 16. október 1986 og 19. febrúar 1987.

553 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 5. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 16. janúar 1988.

554 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 5. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 3. október og 24. október 1990.

555 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 5. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 1. nóvember 1989 og 13. nóvember 1993.

556 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 1.

IV. HLUTI

**Menntun  
netagerðarmanna**

SAGA  
**NETAGERÐAR**  
Á ÍSLANDI

Árið 1893 voru sett fyrstu lög um iðnaðarnám Íslandi. Löggin byggðu á dönskum lögum og fjölluðu almennt um námstilhögun iðnaðarnámsins og samskipti sveina og meistara.<sup>557</sup> Árið 1903 var síðan sett reglugerð um iðnaðarnám sem byggði á lögnum frá 1893. Í reglugerðinni er minnst á kaðlara sem tók vafalaust til veiðarfæragerðar. Í reglugerðinni segir að kaðlarar þurfi að sýna kunnáttu sína í verklagni með því að gera sexþættan streng, 25 faðma langan og 4 pund að þyngd. Einnig þurfi þeir að gera þríþætt snæri, 12 faðma langt og þrjátíu faðma langa seglgarnslínu, allt úr hvítu garni.<sup>558</sup>

Ný iðnaðarlöggjöf var samþykkt árið 1927.<sup>559</sup> Skólamál voru í nokkurri deiglu á þessum tíma. Í desember boðaði Stúdentafélagið til fundar um skólamál. Í ræðu Jónasar Jónssonar kennslu- og dómismálaráðherra kom fram að ríkisstjórnin væri að undirbúa að leggja fyrir Alþingi frumvarp um stofnun Gagnfræðaskóla í Reykjavík. Skóla sem einbeitti sér að því að efla verknám, ekki síst nám í netagerð.<sup>560</sup> Jónas nefndi í þingræðu að töluvert skorti á að nemendur ættu kost á viðunandi verknámi. Þar benti hann á að unglingskólum hefði fjölgað þar sem almennt bóknám byðist og vísaði til héraðsskólanna og gagnfræðaskólanna á Akureyri og í Hafnarfirði og gagnfræðadeildar Menntaskólans í Reykjavík.<sup>561</sup> Þegar á reyndi heytist ríkisstjórnin á að stofna sérstakan verknáms-gagnfræðaskóla en lagði aftur á móti fram frumvarp um bráðabirgða-ungmennafraeðslu í Reykjavík. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 16. apríl 1928. Þar sagði í þriðju grein:

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmenntafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, félagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, og eftir því sem við verður komið, steinsmíði, trésmíði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla.<sup>562</sup>

Af þessu má sjá að nokkuð hefur dregið úr áherslum á verknám. Enda sagði í *Brautinni*, vikuriti sem konur í Reykjavík gáfu út, að ríkisstjórnin hefði einfaldlega gefist upp á málinu.<sup>563</sup>



*Jónas Jónsson,  
kennur við  
Hriflu í Suður-  
Þingeyjarsýslu,  
kennslu- og  
dómismálaráðherra.*

557 *Stjórnartíðindi* 1893, bls. 38-46.

558 Höfundur ókunnur, „Hétu áður kaðlarar og netjarar“, *Ægir*, 3. tbl., 92. árg., 1999, bls. 17.

559 *Lagasafn* 1945, 31. maí 1927, lög nr. 18, d. 1855-1862.

560 *Lögréttta* 14. desember 1927, bls. 2.

561 *Alþingistíðindi* 1928, B-deild, d. 2774.

562 *Alþingistíðindi* 1928, A-deild, bls. 1218.

563 *Brautin*, 15. tbl., 1928, bls. 2. Stjórnarandstaðan hafði reyndar brugðist við þessu sleifarlagi ríkisstjórnarinnar og lagt fram frumvarp um samskóla í Reykjavík en þar var ekki gert ráð fyrir námi í netagerð. Hins vegar var þar lagt til að Vélstjórnaskólinn, Verzlunarskólinn og Iðnskólinn sameinuðust. Sigurgeir Guðjónsson, *Saga vélstjórnastéttarinnar á Íslandi*, bls. 75.



*Gagnfræðaskóli Akureyrar reistur 1943, áður var kennsla að Lundargötu 12, en það hús var smíðað af Iðnaðarmannafélagi Akureyrar.*

Á Akureyri var einnig kurr í iðnaðarmönnum á þessum árum. Allt frá upphafi aldarinnar höfðu iðnnemar getað sótt bóklegt nám í kvöldskóla á vegum Iðnaðarmannafélags Akureyrar. Skólagjöld nemenda fjármöggnuðu reksturinn að miklu leyti. Haustið 1930 var Gagnfræðaskóli Akureyrar settur á laggirnar. Þar brá hins vegar svo við að nemendur greiddu ekki skólagjöld:

naumast við því búist, að nemendur stunduðu nám hjá okkur gegn allháu gjaldi, er þeim bauðst ókeypis samskonar kennsla annarstaðar. Ennfremur hafði skólinn notið styrks nokkurs frá ríki og bæ, og mátti gera ráð fyrir að sú fjárhæð gengi ekki greiðlegar eftir en áður, þegar þessir aðilar héldu nú sjálfir svipaðan skóla í bænum upp á eigin reikning.<sup>564</sup>

Málin leystust þannig að Gagnfræðaskólinn tók að sér að sinna iðnfræðslu gegn 70 króna gjaldi á hvern nemanda. Í bréfi til Akureyrarbæjar vildi stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar halda þessu samstarfi skólanna áfram og benti á að samkvæmt iðnaðarlögum landsins „þarf hver sá er stundar iðnnám einnig að stunda nám í iðnskóla, svo hann geti hlotið full réttindi, sem iðnaðarmaður“.<sup>565</sup> Nokkur krytur var meðal netagerðarmanna um tækifæri manna til að nema iðnina.

<sup>564</sup> Hskj. Ak. Iðnráð Akureyrar, A 135 12 - / 1930-1944. Bréf dagsett 19. ágúst 1931.

<sup>565</sup> Hskj. Ak. Iðnráð Akureyrar, A 135 12 - / 1930-1944. Bréf dagsett 19. ágúst 1931.

Jónas Hallgrímsson netagerðarmaður á Akureyri var harðorður um stöðu greinarinnar í bréfi til Iðnráðs Akureyrar 3. nóvember 1936:

Hinsvegar virðist óheppilegt, að svo umfangsmikil iðngrein, sem þessi er þegar orðin, sé áfram utan við lög og rétt, og verði annað tveggja lokuð fyrir öllum öðrum en þeim einum, er ráð og hentugleika hafa til þess að læra iðnina til sveinsprófs erlendis, eða að öðrum kosti verði sama sleifarlagið haft á henni og hingað til, að allir sem að henni vinna séu réttindalausir eftir sem áður, en í báðum tilfellum er þeim, er lengst hafa að iðninni unnið og hafa af þeim sökum mesta reynslu og æfingu sem netagerðarmenn, enginn réttur tryggður umfram þá nýliða, er hlaupa á hverjum tíma inn í iðngreinina í samkeppni við þá.<sup>566</sup>

Iðnráðin í Reykjavík og á Akureyri höfðu fengið endurnýjað umboð með nýju iðnaðarlögunum 11. júní 1938.<sup>567</sup> Þetta hafði sín áhrif. Í desember 1938 sendi Nóta- og netamannafélag Akureyrar bréf til atvinnu- og samgönguráðuneytisins þar sem leitað var álits á því hvort félagið gæti talist löggilt sveinafélag. Ráðuneytið sendið bréfið áfram til Landsambands iðnaðarmanna sem bað forvígismenn fyrrnefnds félags um að útfylla iðnskýrslu fyrir hvern félagsmanna.<sup>568</sup> Þann 12. júní 1939 sendi Landsamband iðnaðarmanna frá sér eftirfarandi bréf:

Landsambandið hefir, með aðstoð Iðnráðs Akureyrar, aflað sér staðfestra iðnskýrslna frá hverjum og einum félagi á áðurnefndu félagi. Bera skýrslurnar það með sér að nokkrir af stofndum félagsins hafa ekki verið fullkomnir netagerðarmenn og ekki haft réttindi sem slíkir. Er mörgum af félögunum enn ábótavant um starfstíma til að geta öðlast iðnréttindi.<sup>569</sup>

Landsambandið hafnaði því beiðninni. Þó bar á því að einstaklingar á Akureyri höfðu nýlega bætt úr þessu og aflað sér réttinda.

Hr. Sigurður Sumarliðason skipstjóri til heimilis í Lækjargötu 14 hér á Akureyri hefur fjóra síðastliðna vetur unnið við snyrpiðiðgerð á verkstæði mínu hér. Mér er einnig kunnugt um, að hann hefur um langt skeið unnið að snyrpinótaviðiðgerð hér á Akureyri, bæði með Kristjáni Einarssyni og Aðalsteini Jörundssyni, sem voru helstu nótaviðiðgerðar-

566 *Hskj. Ak.* Iðnráð Akureyrar, A 135 12 - / 1930-1944. Bréf dagsett 3. nóv. 1936. Þess má geta að í bréfi frá Iðnráði Akureyrar 8. júní 1933 mátti sjá að engir prófnefndarmenn voru netagerðarmenn. *Hskj. Ak.* A 135 13 - / 1930-1944. Bréf dagsett 8. júní 1933. Jónas Hallgrímsson var síðan kosinn formaður Nóta- og netamannafélags Akureyrar árið 1937. *Verkamaðurinn* 16. febrúar 1937, bls. 4.


567 *Lagasafn* 1945, 11. júní 1938, lög nr. 100, d. 1861-1867.

568 Félagið var stofnað 1929 og starfaði til ársins 1941. Sumarliði Ísleifsson, *Til velfarnaðar*, bls. 31.

569 *Hskj. Ak.* (Bréf dagsett 12. júní 1939, Gögn Verkalýðsfélagsins Einingar). Óskráð.

menn hér meðan þeir lifðu. Hann gerði einnig við nætur Ottós Tuliniusar ásamt öðrum í mörg ár. Hann mun hafa byrjað árið 1913, og unnið síðan á hverjum vetri við nóta- og netaviðgerð, lengri og skemmri tíma árlega.<sup>570</sup>

*Sigurður Sumarliðason skipstjóri og herpinótaviðgerðarmaður og Ottó Tulinius útgerðarmaður á Akureyri.*



Þess má geta að það höfðu verið skiptar skoðanir meðal netagerðarmanna um það hvort starfsgreinin ætti að vera lögfest iðn. Á iðnþinginu 1938 hafði laganefndin sem þar var skipuð fengið tillögu frá Sambandi netagerðarmeistara þar sem óskað var eftir því að netagerð yrði ekki talin löggilt iðngrein en meistarar fengju hins vegar sérstök iðnréttindi, þessi málaleitan var ekki samþykkt.<sup>571</sup> Pétur Pétursson fylgdi þessu eftir í grein í *Tímariti iðnaðarmanna* árið 1939. Þar ítrekaði hann mikilvægi þess að netagerð yrði sérstök iðngrein. Hann beindi sjónum sínum sérstaklega að uppsetningu herpinóta og viðgerðum á þeim á verkstæðum og veiðistöðvum. Skrifin voru mjög afgerandi og ýttu við mönnum. Hann lagði til að:

yfir sumartímann, megi ekki vera fleiri en 3 ófaglærðir menn með hverjum einum faglærðum, þar að auki sá meistari, er hefir yfirumsjón með verkinu og framkvæmdum út á við. Það er mikið starf að annast pantanir, teikningar og fjárreiður þessa reksturs. Hann hefir því litla aðstöðu til að fylgjast með daglegum störfum á vinnustaðnum. Yrði þá þetta sem svarar 1 faglærður maður á hverja nótt, sem unnið er við til viðgerðar. Við uppsetningu vinna miklu fleiri menn, enda þá meiri þörf fagmanna. Fagmenn tel ég sveina, er öðlast hafa sveinsbréf og þá er öðlast hafa meistararéttindi. Það mun einhver segja, að það sé of dýrt að hafa svo marga fagmenn, því það þurfi að borga þeim hærra kaup og að útgerðin beri það ekki. Það er rétt að þeir verða að fá hærra kaup. En það verður

570 Hskj. Ak. Iðnráð Akureyrar, A 135 13 - / 1930 1944. Bréf dagsett 26. október 1938.

571 Höfundur ókunnur, „Lög um iðju og iðnað“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 4. töl., 12. árg., 1939, bls. 59.



útgerðinni happadrýgst, að hafa fagmenn við þetta ábyrgðarmikla starf, því eins og ég hefi áður bent á, er það aðalatriðið fyrir útgerðina að veiðarfærin séu þannig úr garði gerð, að þau veiði vel og séu sterk. Hitt eru smámunir hvort t.d. herpinót kostar 1 eða 2 hundruð krónum meira eða minna. Það hefir oft sýnt sig að öll afkoma útgerðarinnar og skipshafnar er undir því komin, hvernig þessi verk eru af hendi leyst. Öll vinnulaun við uppsetningu nýrrar nótar eru ekki meiri en 7 til 10% af kostnaðarverði hennar og sjá þá allir, að litlu munar hvort að nokkru leyti er greitt fagmannakaup eða verkamanna. Hámark vinnulauna við viðgerðir og endurbætur á eldri nótum fer sjaldan fram úr þessu hlutfalli, en liggur oftast lægra. Við þvott, þurrkun og litun á nótum og netum má auðvitað nota ófaglærða menn undir stjórn eins fagmanns.<sup>572</sup>

Greinin hafði sín áhrif. Á fimmta iðnþinginu árið 1941 var Landssamband netagerðarmanna Íslands tekið inn sem fullgilt iðnfélag.<sup>573</sup> Á hitt ber að líta að mörgum sem létu sig almennt um iðnmenntun varða fannst lítið breytast.



Ágúst Ingimarsson netagerðarmeistari.

572 Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. töl., 12. árg., 1939, bls. 93.


573 *Morgunblaðið* 18. september 1941, bls. 3.

Nokkur framför þótti þó fylgja nýju fræðslulögunum árið 1946. Samkvæmt lögunum voru börn skólaskyld til 15 ára aldurs með lögfestingu nýs skólastigs eða gagnfræðastigsins sem síðan var skipt upp í bóknáms- og verknámsdeildir. Í Vestmannaeyjum brugðust skólayfirvöld skjótt við þessu. Þar þótti heppilegt að búa verknámsnemendur Gagnfræðaskólans sem fyrst undir þátttöku í atvinnulífinu.

Eftirfarandi auglýsing birtist í *Víði* 20. ágúst 1948:

Skólanefnd Gagnfræðaskóla kaupstaðarins hefur afráðið að stofna verknámsdeild við skólann í haust samkv. nýju fræðslulögunum. Í deild þessari verður drengjum kennd netagerð, smíðar o.fl. Bóknám í verknámsdeild verður mun minna en í bóknámsdeild, en þó eins mikið í íslensku og reikningi. Gagnfræðapróf úr verknámsdeild veitir að sínu leyti sömu réttindi sem úr bóknámsdeild. Nokkurt kaup verður greitt við verknámið. Veifaræragærð Vestmannaeyja h.f. hefur tekið að sér að kenna netagerð o.a.þvíl. Foreldrar! Hvetjið drengi yðar til þess að láta skrá sig í verknámsdeildina, ef þeir eru ekki sérstaklega bókhneigðir.<sup>574</sup>

*Jón Axel Pétursson  
hafnsögumaður,  
framkvæmdastjóri  
ASÍ og Bæjarút-  
gerðar Reykjavíkur  
og bankastjóri  
Landsbankans.  
Davíð Ólafsson  
alþingismaður,  
fiskimálastjóri og  
seðlabankastjóri.*



Verknámsdeild Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum vakti mikla athygli á næstu misserum: Í *Tímanum* 3. nóvember 1950 sagði að skólinn hefði „merkilega forustu um hagnýtt nám á verklega sviðinu. Hefir Þorsteinn Víglundsson skólastjóri lagt mikla áherslu á það að koma nemendum skólans í sem lífræna samband við atvinnuvegina.“<sup>575</sup> Netagerð skólans var rekin undir umsjá Veifaræragærðarinnar í Vestmannaeyjum og var lagt upp með að nemendur fengju að

<sup>574</sup> *Víðir* 20. ágúst 1948, bls. 3.

<sup>575</sup> *Tíminn* 3. nóvember 1950, bls. 7.

hálfu leyti þá peninga er kæmu inn við vinnuna við netin. Hinn helmingurinn var síðan lagður í sjóð sem varið var til effingar á verklegu námi í skólanum.<sup>576</sup> Bæjarstjórn Reykjavíkur lét líka til sín taka um þetta leyti og undirbjó námskeið í sjóvinnu og almennri netagerð. Í undirbúningsnefndinni voru Friðrik Ólafsson skólastjóri, Ragnar Lárusson, Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Davíð Ólafsson fiskimálastjóri. Námskeiðið hófst haustið 1950 og fór fram í húsakynnum Alliance í Ánanaustum.<sup>577</sup>

Hugmyndir skólanna í Vestmannaeyjum höfðu líka áhrif á skólayfirvöld í Reykjavík. Verknámsdeild gagnfræðastigsins tók til starfa í Reykjavík haustið 1950 og þar gátu piltar á þriðja vetri (þ.e. eftir unglingspróf) tekið nokkra grunnþætti í netavinnu, eða það sem var hluti af almennri sjóvinnu í námskrá. Verknámsdeild Gagnfræðaskóla Reykjavíkur var deildaskipt og staðsett víða um bæinn. Sjóvinnudeildin var á efstu hæð Austurbæjarskólans.<sup>578</sup> Sjóvinna var í almennri í deiglu um þetta leyti. Árið 1952 gáfu Ársæll Jónasson kafari og Henrik Thorlacius rithöfundur út bók um almenna sjóvinnu fyrir sjómenn og útgerðarmenn. Fyrsta hlutinn fjallaði um vinnu við kaðla, víra og keðjur.<sup>579</sup>

Þetta átti allt sínar skýringar: Þegar nýsköpunartogararnir komu á fimmta og sjötta áratug aldarinnar þótti vit í að kenna unglingum netabætingu og netavinnu í landi

vegna þess að menn töldu að meira lægi á að fjölga netamönnum en svo að hin hefðbundna kennsluáferð nægði. Hin hefðbundna áferð hefur verið sú, að unglingarnir lærðu netavinnuna og reyndar öll önnur sjóvinnubrögð um borð í skipunum á veiðum. Þessi gamla áferð er vissulega góð og hefur reynzt okkur vel, en hún er seinleg og ýmsum annmörkum háð, ekki sízt, ef mikið liggur við að fjölga netamönnum og mönnum sem kunna almennt til verka um borð.<sup>580</sup>

Gils Guðmundsson fylgdi þessum hugmyndum eftir og lagði fram frumvarp um stofnun sérstaks sjóvinnuskóla árið 1953. Hann lagði til að skólinn byggðist upp á styttri námskeiðum og gætu meðal annars Sjómannaskólinn í Reykjavík og ýmis hús úti á landi nýst til að hýsa námskeiðin. Samkvæmt frumvarpinu áttu nemendur meðal annars að fá fræðslu um veiðarfæri, uppsetningu þeirra, viðgerðir og viðhald.<sup>581</sup> Frumvarpið náði ekki fram að ganga og ályktaði sjávarútvegsnefnd eftirfarandi:



Ársæll Jónasson lærði segla- og reiðagerð í Reykjavík og stundaði nám í björgunar- og kafarastörfum hjá björgunarfélaginu Em. Z. Svitzer í Kaupmannahöfn. Gils Guðmundsson rithöfundur og alþingismaður.

576 *Tíminn* 3. nóvember 1950, bls. 7.

577 *Morgunblaðið* 23. nóvember 1950, bls. 12.

578 *Alþýðublaðið* 23. nóvember 1950, bls. 2.

579 Höfundur ókunnur, „Verkleg sjóvinna“, *Sjómannaþingið Víkingur*, 6.-7. töl., 14. árg., 1952, bls. 159.

580 Ásgeir F. Jakobsson, „Sjóvinnukennsla, sögulegt ágríp“, *Ægir*, 3. töl., 67. árg., 1974, bls. 42.

581 *Alþingistíðindi* 1953, A-deild, bls. 480.

Í trausti þess, að Fiskifélagi Íslands verði gert kleift að halda framvegis uppi sjóvinnunámskeiðum sínum og auka þau, og enn fremur í trausti þess, að fræðslumálastjórnin vinni að því, að kennsla í sjóvinnu verði tekin upp í sem flestum verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, svo víðtæk sem við getur átt á hverjum stað.<sup>582</sup>

Þetta gekk ekki eftir og var dræm þátttaka í sjóvinnunámskeiðum í verknámsdeild Gagnfræðaskóla Reykjavíkur (Brautarholti) næstu árin.<sup>583</sup> Jafnvel mátti sjá í *Nýja tímanum* að engir nemendur voru að undirbúa sig undir sveinspróf í netagerð árið 1958.<sup>584</sup> Á næstu árum bar meira á styttri námskeiðum í netagerð á vegum ýmissa félagasamtaka.<sup>585</sup> Einnig kom til kasta Gagnfræðaskólans við Lindargötu sem undirbjó meðal annars nemendur undir nám í Stýrimannaskólunum í verknámsdeildinni sem þar var rekin á árunum 1959–1969.<sup>586</sup> Ýmislegt var kennt. „Sumir gera höfuðlínukanta á net, en flestir eru að splæsa og æfa sig að gera hina margvíslegustu hnúta.“<sup>587</sup> Eftir að kennslunni lauk í Lindargötuskólunum fannst ýmsum að eitthvað þyrfti að gera. Sumarið 1972 boðaði fræðslufulltrúi Reykjavíkurborgar fulltrúa útgerðarráðs og æskulýðsfulltrúa á fund til þess að beina verknámsnemendum gagnfræðastigsins í sjóvinnunám. Í kjölfarið lét Fiskifélag Íslands taka saman tillögur sem vinna mætti betur eftir. Í 8. grein sagði: „Skólinn gangist fyrir verklegum námskeiðum fyrir starfandi sjómenn á flotanum, vegna hinnar brýnu þarfar flotans á netamönnum.“<sup>588</sup> Tillögurnar fengu ekki brautargengi hjá fræðsluyfirvöldum í Reykjavík og olli það ólgu meðal ýmissa sem létu sig netavinnu sjómanna varða. Ásgeir F. Jakobsson var stóryrtur vegna þessa:

Ríkisreknir skólastjórar gætu reynst hættulega værukærir og ófúsir margir að taka á sig þá aukafyrirhöfn og rask á venjubundinni skólastarfsemi, sem sjóvinnudeildir gætu valdið til að byrja með. Einnig óttast margir að ef sjóvinnukennslan væri algerlega á vegum skólanna, gætu nýjungar átt erfitt uppdráttar, og eins er það, að þetta fyrirkomulag leysir ekki vanda starfandi sjómanna, en þeir eru einmitt margir einkum í línu- og netaplássunum, sem þurfa nú að kynna sér netavinnu við botnvörpu.<sup>589</sup>

582 *Alþingistíðindi* 1953, A-deild, bls. 852.

583 *Morgunblaðið* 2. febrúar 1957, bls. 8.

584 *Nýi tíminn* 13. mars 1958, bls. 5.

585 *Morgunblaðið* 29. janúar 1961, bls. 21. *Morgunblaðið* 10. desember 1963, bls. 23.

586 *Morgunblaðið* 13. nóvember 1971, bls. 8.

587 *Morgunblaðið* 20. febrúar 1965, bls. 3.

588 Höfundur ókunnur, „Gagnfræðaskóli sjómannsefna“, *Ægir*, 19. tbl., 65. árg., 1972, bls. 397.

589 Ásgeir F. Jakobsson, „Sjóvinnukennsla, sögulegt ágríp“, *Ægir*, 3. tbl., 67. árg., 1874, bls. 44.



*Lindargötuskóli, var þar fyrst starfræktur spítali fyrir franska sjómenn, síðar gagnfræðaskóli og tónlistarskóli.*

Þarna vísar Ásgeir til þeirra breytinga á íslenskum sjávarútvegi sem fylgdu skutogaravæðingunni í byrjun áttunda áratugarins. Þessu fylgdu ákafar umræður um að bæta og endurmeta allt nám netagerðarmanna til sveinsprófs. Námi í helstu þáttum sjóvinnu hafði aðallega verið ætlað að efla kunnáttu sjómanna í netabætingum og gera þá betur hæfa í þeim vinnubrögðum við upphaf sjómannsferilsins. Þarna var reginmunur á og það vissu þeir sem létu sig netagerð sem iðngrein varða. Dagana 21. júní til 24. júní 1972 var 34. iðnþing Íslendinga haldið í Vestmannaeyjum. Þingið ályktaði

að beina því til Menntamálaráðuneytisins og Iðnfræðsluráðs og meistara- og sveinafélaga í netagerð, að skipuð verði fræðslunefnd í netagerðariðn og henni falið að gera nauðsynlegar námsskrár og námsáætlanir og taka til athugunar hvort rétt sé að lengja námstímann úr 3 árum í 4 ár. Ennfremur telur þingið að gefa skuli netagerðarmönnum kost á námskeiðum til endurhæfingar í iðn sinni, eftir tillögum fræðslunefndar.<sup>590</sup>

Þessar hugmyndir fengu dræmar undirtektir. Ákveðinn millileikur kom þó upp í stöðunni til að vekja áhuga og styrkja nemendur til að stunda nám til sveinsprófs í netagerð. Haustið 1974 útvegaði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Matthías Bjarnason, Fiskifélagi Íslands fjárheimild til að ráða Hörð Þorsteins-son skipstjóra og Pétur H. Ólafsson bátsmann til að annast námskeið í sjóvinnu

590 Höfundur ókunnur, „Fræðslumál netagerðarmanna“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 3-4. tbl., 45. árg., 1972, bls. 163.

í gagnfræðaskólum úti um landið.<sup>591</sup> Eftirfarandi kom fram í fyrstu 9 liðum námskrárinnar sem þeir notuðust við:

1. 6 gerðir hnúta, þ.e. réttur hnútur, hestahnútur (skutulsbragð), pelastikk, fiskimannahnútur, netahnútur, pokahnútur.
2. Tógspæl, þ.e. augaspæl, þýskur hnútur, stuttspæl, línuspæl, langspæl, Rokkefellerspæl (þ.e. langspæl á auga).
3. Netahnýting. Riðið er netstykki sem er 35 upptökur x 16 síður.
4. Netabæting í sléttu neti. Þetta er sú námsgrein sem mestan tíma tekur, þegar nemandi getur bætt ákveðið gat á ákveðnum tíma er farið í kant-hnýtingu, þ.e. leggkant og höfuðlínukant og þeir síðan skornir í sundur og bættir á ákveðnum tíma eins og slétta netið.
5. Áttaviti. Þeir nemendur sem ætla að læra undir 30 tonna próf í siglingafræði verða að kunna vel á kompás, þ.e. að vita hvað öll strik heita, svo og að geta breytt strikum í gráður og gráðum í strik.
6. Víraspæl. 1. Augaspæl. 2. Stuttspæl. 3. Rokkefellerspæl.
7. Hjálp í viðlögum.
8. Uppsetning á fiskilínu. Þessari grein má jafnvel stinga inn áður. Það fer eftir, hvenær hún hentar fyrir viðkomandi aðila, þ.e. útgerðarmenn og kennara.
9. Netafelling. Þorskanet eða grásleppunet.<sup>592</sup>



*Kristinn G. Jóhannsson listamaður og skólastjóri á Ólafsfirði og Akureyri.*

Dæmi voru um að skólar fylgdu þessari námstillhögun eftir að eigin hætti. Gagnfræðaskólinn á Ólafsfirði var einn þessara skóla.

Með þessu erum við að reyna að tengja skólann nánar atvinnulífi staðarins, sagði Kristinn G. Jóhannsson, skólastjóri, í viðtali við *Íslending*. — En okkur hefur fundist það vilja brenna við að skólarnir væru of einangraðir í bæjarlífinu.<sup>593</sup>

591 Ásgeir F. Jakobsson, „Sjónvinnukennsla, sögulegt ágríp“ *Ægir*, 3. tbl., 67. árg., 1974, bls. 44-45.

592 Ásgeir F. Jakobsson, „Sjónvinnukennsla, sögulegt ágríp“ *Ægir*, 3. tbl., 67. árg., 1974, bls. 45-46.

593 *Íslendingur* 24. október 1974, bls. 7.

Eins og fyrr segir var þessu námi og einstökum námskeiðum fyrst og fremst ætlað að gera sjómenn betur hæfa við netabætingar þegar þeir ynnu sem hásetar. Ekki var þó allt sem sýndist. Ný iðnaðarlög voru lögfest 18. maí 1978. Lögin ollu töluverðum titringi meðal iðnlærðra netagerðarmanna eins og eftirfarandi tilvitnun í skýrslu Landssambands iðnaðarmanna frá árinu 1979 sýnir:



*Nemendur undir leiðsögn Lárusar Pálmasonar að prófa troll í læk.*

Spyrja má í þessu sambandi, hvort tilgangur frumvarpsins sé, að þessir sjómenn fái rýmri rétt til að hafa viðhald veiðarfæra með höndum heldur en netagerðarsveinar með þriggja ára bóklegt og verklegt nám að baki. Vitað er, að „netamaður“ um borð í fiskiskipi er ekki stöðugt að vinna að viðhaldi veiðarfæranna í vinnutíma sínum. Staðreyndin er raunar sú, að aðeins örlítið brot af þeirra vinnutíma fer í netavinnu, þótt vissulega sé þetta mismunandi frá einni veiðiferð til annarrar. Þá er þess að geta, að í fæstum tilvikum er um einhvern fastráðinn netamann að ræða um borð í íslenskum fiskiskipum, flestir sjómenn grípa í þennan starfa stund og stund. Algengt er og meðal sjómanna, að þeir kjósi að stunda ákveðna aðferð við veiðar umfram aðrar, og þekki tiltölulega lítið til annarra veiðiaðferða. Þannig hefur togarasjómaður, sem fengist hefur eingöngu við það að bæta troll, litla hugmynd um hvernig gera skuli við loðnunót. Sjómenn skortir því oftast alhliða kunnáttu í veiðarfæraviðgerðum. Loks skal þess getið, að sú viðgerð, sem sjómenn framkvæma á veiðarfærum úti á sjó, er venjulega aðeins lítt fagleg bráðabirgðaviðgerð. Fullnaðarviðgerð er síðan unnin af fag-

mönnum á landi. Með ofanritað í huga er því ekki unnt að koma auga á ástæðuna fyrir því, að menn, sem unnið hafa á sjó, þó um alllangt skeið sé, eigi „rétt“ til að annast viðhald veiðarfæra í landi, og þrengja sér þannig inn á hefðbundið verksvið löggiltrar iðngreinar, netagerðar. Hætt er við, að nemum í netagerð muni fækka stórlega, ef unnt væri að öðlast réttindi í iðninni án þess að leggja stund á nám í greininni. Þannig er í frumvarpinu ráðist gegn forsendum netagerðar, sem smám saman hefði í för með sér lakari þjónustu sjávarútveginum til handa. Þetta er því furðulegra sem menn eru sammála um það nú, að frekar þurfi að auka menntunarkröfur í netagerð og lengja námstímann heldur en hið gagnstæða. Það er bein afleiðing af stöðugt flóknari og fjölbreytilegri veiðarfærabúnaði íslenskra fiskiskipa. Landsamband iðnaðarmanna lýsir því andstöðu sinni gegn framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á iðnaðarlögum.<sup>594</sup>



*Kennslustofa í netagerð.*

Vísir að almennu námi í netagerð hafði þó orðið að veruleika árið 1976 þegar Guðni Þorsteinsson, einn helsti sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar í veiðarfæra-gerð, hóf að halda námskeið næstu árin í netagerð á vegum útgerðartæknibrautar Tækniskólans.<sup>595</sup> Þó ber að ítreka að áfram fór verklegt nám í netagerð fram á verkstæðum víða um landið. Jafnhliða stóð Nót, sveinafélag netagerðarmanna fyrir námskeiðum til að skilyrði um bóklegt nám yrðu uppfyllt.<sup>596</sup> Árið 1980 gaf menntamálaráðuneytið síðan út fyrir-

mæli um þriggja áfanga námskerfi á framhaldsskólastigi fyrir allar iðngreinar. Það var ákveðið svar við hinum nýju fjölbrautaskólum. Í kjölfarið var iðnfræðsluráði falið að gera tillögur um tímaskiptingu einstakra námsgreina og niðurröðun þeirra á námsstig eins og gildi um framhaldsskóla sem störfuðu eftir áfangakerfi.<sup>597</sup> Guðna Þorsteinssyni fiskifræðingi var falið að gera drög að námskrá. Þar þótti mikilvægt að allir notuðu sömu mælieiningar og teikningar væru í sömu stöðlum. Þessu fylgdu töluverðar breytingar á námsefni með tilsvarendi námsefnisgerð. Það átti við um netagerð sem og aðrar iðngreinar. Það vissi Guðni mætavel:

594 *Tímarit iðnaðarmanna, Skýrsla Landsambands iðnaðarmanna, sérrit, 52. árg., 1979, bls. 20-21.*

595 Höfundur ókunnur, „Fræðslumálin í deigluinni“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 9-10. töl., 50. árg., 1988, bls. 17.

596 Höfundur ókunnur, „Tugir nemenda í netagerð og bjartar atvinnuhorfur“ (viðtal við Lárus Pálmason), *Ægir*, 3. töl., 92. árg., 1999, bls. 38.

597 Höfundur ókunnur, „Iðnfræðslumál“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 1. töl., 54. árg., 1981, bls. 73.



Við gerð námskrárinna hefur oft komið í ljós, að námsgögn vantar alveg eða þá að vísað er í greinar eða staðla, sem ekki eru beint aðgengileg námsgögn. Því hefur mér dottið í hug, að hentugt væri að taka allt faglega efnið saman í eina bók fyrir utan það sem lýtur að veiðum og veiðarfærum, sem til er í aðgengilegu formi. Það er auðvitað ljóst, að enginn fjárhagslegur grundvöllur er fyrir því, að gefa út stóra og óhjákvæmilega dýra bók eingöngu fyrir kennslu í veiðarfæragerð (netagerð). Því hef ég hugsað mér, að þetta yrði öðrum þræði handbók, sem bæði netagerðarmenn og þeir sem versla með veiðarfæri myndu nota. Ennfremur mætti nota bókina við verklega kennslu bæði í stýrimannaskólum og grunnskólum.<sup>598</sup>



*Nokkrir nemendur ásamt kennara sínum Lárusi Pálmasyni.*

Þrátt fyrir að formlega séð væri netagerðin viðurkennd iðngrein á framhaldsskólastigi var ennþá margt óljóst varðandi skipulag námsins og lítið samræmi á milli einstakra skóla. Einnig ber að ítreka að margir iðnskólar buðu ekki upp á nám í netagerð. Skýringar á þessu mátti rekja til þess að netagerð var fámenn starfsgrein sem leiddi til þess að skólarnir áttu í erfiðleikum með að halda uppi faglegri kennslu. Líka ber að ítreka að sem fyrr voru réttindi þeirra sjómanna, „sem hafa stundað netavinnu árum saman um borð í fiskiskipum“, óljós. Óskuðu sjómenn eftir því „að sækja námskeið, sem veitti þeim einhver réttindi til að starfa við netagerð í landi“.<sup>599</sup>

598 Þ.Í. Félag járníðnadamanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 3. Bréf dagsett 18. janúar 1983.

599 Þ.Í. Félag járníðnadamanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 3. Bréf dagsett 25. júní 1984. Bréfritari var Tómas B. Ólafsson og skrifaði hann bréfið til Haraldar Guðmundssonar formanns Nótar.

Á fundi þann 20. febrúar 1985 fór fræðslunefnd í netagerð í iðnfræðsluráði fram á að nám í faginu yrði tvær annir í iðnfræðsluskóla og heildarnámstími greinarinnar yrði óbreyttur, alls 3 ár.<sup>600</sup> Guðmundur Gunnarsson hafði þegar kynnt hina nýja námskrá í netagerð á framhaldsskólastigi á aðalfundi Landsambands veiðarfæragerða í Vestmannaeyjum þann 19. janúar 1985 við góðar undirtektir fundargesta.<sup>601</sup> Menntamálaráðuneytið brást ekki við þessum hugmyndum með formlegum hætti. Hins vegar hafði ályktun Landssambands veiðarfæragerða frá landsfundi þess á Akranesi frá 23. apríl 1986 sín áhrif. Þar var skorað á þáverandi menntamálaráðherra, Sverri Hermannsson, að beita sér fyrir „aukinni menntun í netagerðariðni í iðn- og verkmenntaskólum ásamt að stuðla að námskeiðahaldi í netagerð úti á landi þar sem því verður við komið“.<sup>602</sup> Strax um haustið og næstu misseri var boðið upp á námskeið í veiðarfærateiknun, netaskurði, ýmsum útreikningum á neti, efnisfræði og fleiru. Aðalleiðbeinandi var Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur og aðstoðarmenn frá stjórn Nótar, Lárus Pálmason og Jón Sigurðsson.<sup>603</sup> En hver voru áformin um formlegt nám í netagerð á framhaldsskólastigi? Þar var breytinga að vænta.



*Fagráð netagerðar, en helsta verkefni þess er að uppfæra námskrá í netagerð. Fagráðsmenn eru frá vinstri talið: Hörður Jónsson, Lárus Pálmason, Guðmundur Gunnarsson og Gylfi Einarsson.*

Fyrsti fundur nýskipaðrar fræðslunefndar í netagerð fór fram 29. mars 1988. Í nefndinni voru Guðni Þorsteinsson ritari, Jóhannes Jóhannesson formaður og Lárus Pálmason meðstjórnandi. Nefndin átti nokkra fundi fram á árið 1989. Nefndarmenn ræddu þann möguleika að nemendur tækju tveggja anna grunnnám á heimaslóðum. Vegna þess að nemendur í netagerð voru tiltölulega fáir

600 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 3.

601 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar. Fundur í Landsambandi veiðarfæragerða, 19. janúar 1985.

602 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 9, ör 3. Bréf dagsett 23. apríl 1986.

603 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, ör 1.

voru nefndarmenn sammála um að þriðja önnin í greininni yrði kennd sameiginlega í einhverjum skóla sem hefði áhuga á að taka upp slíka kennslu. Það kom fram að Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefði áhuga á því og Andreas Færseth forstjóri Netaverkstæðis Suðurnesja væri reiðubúinn að útvega aðstöðu og kennslu fyrir verklega þætti námsins. Einnig ræddu nefndarmenn um nauðsynlegar breytingar á námskrá í netagerð, stofnun formlegs meistarskóla og mótun endurmenntunarnámskeiða fyrir netagerðarmenn sem félagsmenn hjá Nót myndu undirbúa ásamt Landssambandi veiðarfæragerða (LV).<sup>604</sup>



*Nótageymsla hjá Hampiðjunni í Neskaupstað, þarna verða loðnunætur geymdar á milli vertíða.*

Þann 14. desember 1988 fól menntamálaráðuneytið Fjölbrautaskóla Suðurnesja með formlegri tilskipun að taka að sér kennslu í netagerð og var tekið fram að nemendur lykju fyrst um helmingi almennra greina í sinni heimabyggð. Ekki féll þessi ákvörðun alls staðar í góðan jarðveg. Á aðalfundi Landssamband veiðarfæragerða á Akureyri þann 17. nóvember 1989 var eftirfarandi ályktun frá Sveinafélagi netagerðarmanna í Vestmannaeyjum (SNV) lesin upp:


1. Ef þessi ákvörðun á að taka gildi strax, hvornig verður með samninga undirritaða af meisturum og iðnnemum, sem kveða á um að námi skuli lokið frá öðrum skólum. Eru þeir samningar úr gildi fallnir?
2. Hvað með kostnaðarhlíðina, ætla verkstæðiseigendur að greiða fargjöld og uppihald þeirra nema sem ekki búa í nágrenni Keflavíkur?
3. Flestir nema vinna með skólanámi, ætla eigendur netaverkstæða að greiða það vinnutap sem óhjákvæmilega hlýst af skólagöngu fjarri heimabyggð?<sup>605</sup>

Þrátt fyrir þessi varnaðarorð voru í janúar 1990 skráðir 22 nemendur í netagerð við F.S. og þar af voru sex nemar úr Vestmannaeyjum.<sup>606</sup> Töluvert dró úr aðsókn í námið á næstu misserum og hafði það nokkur áhrif. Þann 5. febrúar 1992 héldu fund þeir hagsmunaaðilar, sem létu sig nám í netagerð varða, þ.e. fulltrúar úr

604 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Fundir í fræðslunefnd 29. mars 1988, 8. maí 1988, 24. maí 1988, 28. maí 1989 og 29. júní 1989.

605 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Fundur 17. nóvember 1989.

606 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 11. janúar 1990.



Verið að prófa botntroll í veiðarfæratanki.

fræðslunefnd netagerðar, stjórnarmenn úr Nót, Ægir Sigurðsson aðstoðarskólameistari F.S. og Magni Guðmundsson formaður Landssambands veiðarfæragerða, sem var í símasambandi frá Ísafirði. Málefni fundarins var sú óvissa sem komin var upp í kennslu í netagerð í F.S. Óstöðugleikinn stafaði af því hve fáir nemar voru skráðir í námið. Nemendur þurftu að vera 7–8 til þess að hægt væri að halda uppi fullri kennslu. Þetta olli því að margir nemar gátu ekki lokið námi fyrr en löngu eftir að námssamningur þeirra var útrunninn og

leiddi þetta af sér óþægindi fyrir nemana og vinnuveitendur.<sup>607</sup> Af þessu tilefni lagði stjórn Nótar til að faggreinar yrðu kenndar þriðju hverja önn burtséð frá nemendafjölda. „Með því móti ættu nemar auðvelt með að athuga í upphafi náms, í samráði við meistara og fjölskyldu, hvora önn þeir færu á.“<sup>608</sup>

Menntamálaráðuneytið hafði aðrar hugmyndir. „Við athugun á þessu máli í ráðuneytinu kom í ljós að próftakar í netagerð hafa verið að meðaltali 4,2 á ári sl. tíu ár og getur ráðuneytið því fallist á að faggreinakennsla í netagerð verði aðeins rekin í Fjölbautaskóla Suðurnesja og á fjögurra anna fresti eða annað hvert ár.“<sup>609</sup> Samkvæmt þessu átti næsta kennsluönn í faggreinum netagerðar að vera vorönnin 1993. Nokkur kurr skapaðist vegna þessarar afstöðu ráðuneytisins. Þann 30. maí funduðu hagsmunaaðilar aftur eða þeir Ægir Sigurðsson frá F.S., Guðni Þorsteinsson frá Hafrannsóknastofnun, Haraldur Guðmundsson frá Nót, Lárus Þór Pálmason frá Kristjáni Ó. Skagfjörð og var Magni Guðmundsson frá Netagerð Vestfjarða í símasambandi. Í fundargerð kom fram að á öllu landinu væru u.þ.b. 20 netaverkstæði og þar sem endurnýjun í greininni væri hægt væri erfitt að manna heilan bekk nema á nokkurra ára fresti.<sup>610</sup> Í kjölfarið lét Landssamband veiðarfæragerða framkvæma könnun á afstöðu aðildarfyrirtækja til þess hvort væri betra að kenna á haustönn 1992 eða vorönn 1993. Það kom fram í álitni meirihluta fyrirtækjanna að meira væri að gera eftir áramót og því heppilegra að nemar myndu sækja nám að haustinu. Annars „gæti það leitt til tekjutaps auk þess sem það torveldaði netagerðarverkstæðunum að veita útgerðinni viðeigandi þjónustu“.<sup>611</sup> En ráðuneytið hélt sig við sína niðurstöðu:

Með þessari ákvörðun sýnir menntamálaráðuneytið bersýnilega hve lítið það metur hagsmuni atvinnulífsins. Landssamband veiðarfæragerða harmar það skilningsleysi sem virðist ríkja hjá stjórnvöldum gagnvart

607 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 4, ör. 1. Bréf dagsett 5. febrúar 1992.

608 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 4, ör. 1. Bréf dagsett 17. mars 1992.

609 Þ.Í. Félag járníðnæðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 4, ör. 1. Bréf dagsett 26. mars 1992.

610 Þ.Í. Nót félag netagerðarmanna, sjá Félag járníðnæðarmanna. KA 4, ör. 1. Fundur 30. maí 1992.

611 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 15. ágúst 1992.



*Verið að koma  
löðnunótinni  
um borð í Jón  
Kjartansson SU III.*

mikilvægi iðngreinarinnar. Þó netagerð sé fámenn starfsgrein þá er hún engu að síður lífsnauðsynleg þjónustugrein við einn mikilvægasta atvinnuveg landsmanna.<sup>612</sup>

Fleira var á döfni í menntamálum á þessum árum.

Á félagsfundi þann 21. nóvember 1990 var fjallað um væntanlegt samkomulag um fræðslu og starfsmenntun í málmiðnaði. Aðildarfélög í Mál- og skipasmíðasambandinu og Vinnuveitendasambandi Íslands voru þátttakendur í samkomulaginu og undirgengust ákvæði þess.<sup>613</sup> Einn þáttur þessa var að styrkja meistarskóla iðnaðarmanna í sessi og að því áttu netagerðarmenn aðild. Menntamálaráðuneytið vann á árunum 1991–1992 að námskrá fyrir meistarskóla á grundvelli tillagna sem sendar voru í mars 1991.<sup>614</sup> Markmiðið var að bæta samkeppnishæfni og tæknistig með því að efla endurmenntun, stuðla að bættu fagnámi og stöðugri þróun starfsmenntunar. Nokkur hægagangur var á málinu innan menntamálaráðuneytisins. „Fræðslunefnd Landssambands iðnaðarmanna vill beina því til aðildarfélaganna sinna að þau taki þetta mál upp á sína arma, ýti á eftir því og vinni myndarlega að því bæði á vettvangi viðkomandi fræðslunefndar iðngreinaflokks og fagnefndar félagsins.“<sup>615</sup> Fræðslunefnd Landssambands iðnaðarmanna sendi síðan fyrstu drög að námskrá fyrir iðnsveina og voru einstök fagfélög beðin að skýra hvaða „meistaraskóli“ hentaði hverri faggrein.<sup>616</sup>

Eins og komið hefur fram var nokkur óánægja í Vestmannaeyjum með að þurfa að sækja kennslu í netagerð í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Haustið 1994 hófu 10 nemendur nám í netagerð við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og var námið sniðið eftir námskrá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

612 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 15. ágúst 1992.

613 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10 ör 3. Fundargerð Nótar, sveinafélags netagerðarmanna, 21. nóvember 1990.

614 Þ.Í. Félag járníðnaðarmanna, aðildarfélög, Nót. KA 4, ör 1. Bréf dagsett 12. mars 1991.

615 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 23. september 1992.

616 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 2. nóvember 1992.

Hallgrímur Júlíusson og Birkir Agnarsson sáu um kennslu í faggreinum netagerðar þar.<sup>617</sup> Ekki voru allir á eitt sáttir um þessa ákvörðun Vestmannaeyinga. Magni Örvar Guðmundsson formaður Félags veiðarfæragæða og Lárus Pálmason formaður Nótar og kennari í netagerð við Fjölbrautaskóla Suðurnesja minntu á ákvæði menntamálaráðuneytisins frá 26. mars 1992 þess efnis að aðeins fyrrnefndur skóli ætti að sinna kennslu í faginu, og „að við teljum það hið mesta óráð að gefa nokkurt leyfi til kennslu annars staðar á landinu, slíkt myndi skapa óróa meðal nema í greininni og öruggt er að sú festa sem komin er á kennsluna í F.S. er ekki byggð á einum degi“.<sup>618</sup> Það vakti einnig sérstaka furðu að ekki hafði verið haft samráð við fræðslunefnd ráðuneytisins, prófanefnd netagerðar eða stjórnendur F.S.<sup>619</sup> Þessi ágreiningsmál leystust með nýjum lausnum. Undir aldamótin var orðið tímabært að efla fjar-kennsluna í netagerðarnáminu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Lárus Pálmason deildarstjóri námsins nefndi að með því móti væri hægt að koma til móts við þá sem væru með fjölskyldu og ættu erfitt með að flytja tímabundið á Suðurnesin. Einnig tók hann fram að það væri mikilvægt fyrir verkstæðin sem sinntu verklega náminu að missa ekki nemana frá sér þegar mikið væri að gera.<sup>620</sup> Sú nýbreytni komst á árið 1999 að undirritaður var samningur á milli Hafrannsóknastofnunar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um kennslu í veiðarfærafræði, veiðitækni og útgerð við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna.<sup>621</sup> Í kjölfarið komu tveir nemendur á forsendum samningsins. Veturinn 2001 komu svo aftur tveir nemendur frá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Þetta samstarf var mjög dýrmætt fyrir skólann og efldi alþjóðasamskipti. Þar má nefna námskeiðahald í Suður-Afríku sem Lárus Pálmason stýrði. Einnig má nefna ráðgjafarstarf Lárusar og Víðis Sigurðssonar á Srí Lanka.<sup>622</sup>

Það var mikilvægt í almenntri kennslu og rannsóknum þegar skólinn kom sér upp tilraunatanki í veiðarfærarannsóknum í Grindavík árið 2004. Í tanknum var mögulegt að líkja eftir togi á veiðarfærum og kasti og togi snurpunótar og skoða lagnet með tilliti til mismunandi fellinga og atferlis í straumi.<sup>623</sup> Einnig skipti tölvutæknin sköpum eins og í öðrum atvinnugreinum eftir að mögulegt varð að nýta sérstök forrit til að hanna nætur og troll.<sup>624</sup>

Árið 2010 var Fisktækniskólinn stofnaður í Grindavík. Skólinn var samstarfsverkefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæjar, auk ýmissa fyrirtækja, stéttarfélaga og einstaklinga. Það fylgdi stofnuninni að Fisktækniskólinn

617 Þ.Í. Félag járníðnadmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, örsk 1. Bréf ódagsett 1994.

618 Gögn í vörslu Magna Guðmundssonar, Ísafirði. Bréf dagsett 6. júlí 1994.

619 Þ.Í. Félag járníðnadmanna, aðildarfélög, Nót. KA 10, örsk 1. Bréf dagsett 13. október 1994.

620 Höfundur ókunnur, „Tugir nemenda í netagerð og bjartar atvinnuhorfur“, (viðtal við Lárus Pálmason), *Ægir*, 3. töl., 92. árg., 1999, bls. 41.

621 *Morgunblaðið* 7. apríl 1999, (í verinu), bls. 7.

622 Viðtal höfundar við Lárus Pálmason 3. september 2020.

623 *Fiskifréttir* 29. apríl 2005.

624 Höfundur ókunnur, „Um 20 nemendur í fjarnámi í netagerð“, (viðtal við Lárus Pálmason), *Ægir*, 11. töl., 96. árg., 2003, bls. 11.

sér hér eftir um kennslu í netagerð á grundvelli samstarfssamningsins við Fjölbautaskóla Suðurnesja.<sup>625</sup> Árið 2017 urðu tímamót þegar ný námskrá í netagerð var samþykkt og námið metið sem löggilt iðngrein í menntamálaráðuneytinu. Guðmundur Gunnarsson, Gylfi Einarsson, Hörður Jónsson og Lárus Pálmason komu að námskrárvinnunni. Netagerð var komin í heimahöfn til framtíðar. Í lok árs 2019 urðu síðan þau tímamót að gildi tók ný reglugerð sem fól í sér að í stað netagerðar er löggilt heiti iðngreinarinnar veiðarfærataekni.<sup>626</sup>



*Fullt troll í úthafinu á Reykjanes hrygg.*

<sup>625</sup> *Vikurfréttir* 21. apríl 2010, bls. 15.

<sup>626</sup> *Stjórnartíðindi*, B-deild, útgáfudagur 5. desember 2019.

*Netagerð krefst þess  
að sá sem vinnur við hana  
hugsi alltaf um það sem  
hann er að gera.  
Myndir úr Hampiðjuni.  
frá árinu 2017.*







## **Stjórnir Nótar**

### *1937 eða snemma árs 1938*

**Formaður** Sigurjón Jónsson

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Ritari** Guðrún Bjarnadóttir

**Meðstjórnandi** Ingólfur Theodórsson

**Meðstjórnandi** Jóhanna Jónasdóttir

**Varamaður** Árni Jónsson

### *Stjórn kjörin 27. janúar 1938*

**Formaður** Ingólfur Theodórsson

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Meðstjórnandi** Jóhanna Jónasdóttir

**Meðstjórnandi** Björn Jónsson

### *Stjórn kjörin á stofnfundi (deildinni breytt í stéttarfélag), 14. júní 1938*

**Formaður** Árni Jónsson

**Varaformaður** Björn Jónsson

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Meðstjórnandi** Jóhanna Jónasdóttir

***Stjórn kjörin í janúar 1939***

***Formaður*** Árni Jónsson

***Varaformaður*** Björn Jónsson

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Gjaldkeri*** Sigríður Eyjólfsdóttir

***Meðstjórnandi*** Jóhanna Jónasdóttir

***Stjórn kjörin í janúar 1940***

***Formaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Björn Jónsson

***Gjaldkeri*** Sigríður Eyjólfsdóttir

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Meðstjórnandi*** Árni Jónsson

***Stjórn kosin í janúar 1941***

***Formaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Björn Jónsson

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Gjaldkeri*** Sigríður Eyjólfsdóttir

***Meðstjórnandi*** Árni Jónsson

*Stjórn kosin 1942*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Björn Jónsson

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Meðstjórnandi** Ólafía Helgadóttir

*Stjórn kosin 1943*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Björn Jónsson

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Meðstjórnandi** Ólafía Helgadóttir

*Stjórn kosin 1944*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Björn Jónsson

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** Sigríður Eyjólfsdóttir

**Meðstjórnandi** Ólafía Helgadóttir

***Stjórn kosin 1945***

***Formaður*** Sigríður Eyjólfsdóttir

***Varaformaður*** Björn Jónsson

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Meðstjórnandi*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Stjórn kosin 1946***

***Formaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Guðmundur Bjarnason

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Meðstjórnandi*** Eggert Theodórsson

***Stjórn kosin 1947***

***Formaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Guðmundur Bjarnason

***Ritari*** Bryndís Sigurðardóttir

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Meðstjórnandi*** Björn Sigurðsson

*Stjórn kosin 1948*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Meðstjórnandi** Björn Sigurðsson

*Stjórn kosin 1949*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Meðstjórnandi** Björn Sigurðsson

*Stjórn kosin 1950*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Bryndís Sigurðardóttir

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Meðstjórnandi** Björn Sigurðsson

***Stjórn kosin 1951***

***Formaður*** Guðmundur Bjarnason

***Varaformaður*** Eggert Theodórsson

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Meðstjórnandi*** Þórður U. Þorfinnsson

***Stjórn kosin 1952***

***Formaður*** Guðmundur Bjarnason

***Varaformaður*** Eggert Theodórsson

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Meðstjórnandi*** Þórður U. Þorfinnsson

***Stjórn kosin 1953***

*Kosið í fyrsta sinn eftir nýjum lögum.  
Félagið orðið landsfélag.*

***Formaður*** Guðmundur Bjarnason

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Ólafur Kristjánsson

***Stjórn kosin 1954***

***Formaður*** Guðmundur Bjarnason

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Ólafur Kristjánsson

***Stjórn kosin 1955***

***Formaður*** Guðmundur Bjarnason

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Ólafur Kristjánsson

***Stjórn kosin 1956***

*Aðalfundur ekki haldinn.*

***Formaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Ritari*** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

***Gjaldkeri*** María Guðmundsdóttir

***Varaformaður*** Georg Guðmundsson



**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Ólafur Kristjánsson

### **Stjórn 1957**

*Fundargerð aðalfundar finnst ekki, en samkvæmt skýrslu til Alþýðusambands Íslands mun aðalfundur hafa verið haldinn 8. mars 1957 og er aðalstjórn og varastjórn óbreytt.*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þorsteinn Ó.G. Kristinsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Georg Guðmundsson

**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Ólafur Kristjánsson

### **Stjórn 1958**

*Misræmis gætir milli fundargerðarinnar og skýrslunnar til ASÍ. Samkvæmt fundargerð er aðalfundur haldinn 11. október en 29. janúar samkvæmt skýrslunni.*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Georg Guðmundsson

**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Ólafur Kristjánsson

**Stjórn 1959**

*Samkvæmt skýrslu ASÍ var aðalfundur 4. apríl.*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Georg Guðmundsson

**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Ólafur Kristjánsson

**Stjórn 1960**

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Georg Guðmundsson

**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Guðmundur Bjarnason

**Stjórn 1961**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Georg Guðmundsson

**Vararitari** Þorsteinn Kristinsson

**Varagjaldkeri** Guðmundur Bjarnason

### **Stjórn kjörin 1962**

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Guðmundur Bjarnason

**Vararitari** Helgi J. Jónsson

**Varagjaldkeri** Þórður Bjarnason

### **Stjórn 1963**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Guðmundur Bjarnason

**Vararitari** Helgi J. Jónsson

**Varagjaldkeri** Þórður Bjarnason

*Stjórn kjörinn 1964*

**Formaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Þórður U. Þorfinnsson

**Gjaldkeri** María Guðmundsdóttir

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Helgi Helgason

**Varagjaldkeri** Helgi Jónsson

*Stjórn kjörin 1965*

**Formaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Halldór Einarsson

**Gjaldkeri** Þórður Bjarnason

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Helgi Jónsson

*Stjórn kjörin 1966*

**Formaður** Guðmundur Bjarnason

**Ritari** Halldór Einarsson

**Gjaldkeri** Þórður Bjarnason

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Guðmundur Guðmundsson

***Stjórn kjörin 19. febrúar 1967***

***Formaður*** Halldór Einarsson

***Ritari*** Vigfús Sigurjónsson

***Gjaldkeri*** Helgi Jónsson

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Stjórn kosin 18. febrúar 1968***

***Formaður*** Halldór Einarsson

***Ritari*** Vigfús Sigurjónsson

***Gjaldkeri*** Helgi Jónsson

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Stjórn kosin 2. mars 1969***

***Formaður*** Halldór Einarsson

***Ritari*** Vigfús Sigurjónsson

***Gjaldkeri*** Aðalsteinn Guðjónsson

***Varaformaður*** Halldóra Guðmundsdóttir

***Vararitari*** Þórður U. Þorfinnsson

***Varagjaldkeri*** Magnús Gunnlaugsson

**Stjórn 1970**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldór Einarsson

**Ritari** Vigfús Sigurjónsson

**Gjaldkeri** Aðalsteinn Guðjónsson

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Magnús Gunnlaugsson

**Stjórn 1971**

*Óvíst um þessa stjórnarskipan.*

**Formaður** Halldór Einarsson

**Ritari** Vigfús Sigurjónsson

**Gjaldkeri** Aðalsteinn Guðjónsson

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Magnús Gunnlaugsson

**Stjórn 1972**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldór Einarsson

**Ritari** Vigfús Sigurjónsson

**Gjaldkeri** Aðalsteinn Guðjónsson

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Magnús Gunnlaugsson

**Stjórn 1973**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldór Einarsson

**Ritari** Vigfús Sigurjónsson

**Gjaldkeri** Aðalsteinn Guðjónsson

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Magnús Gunnlaugsson

**Stjórn 1974**

*Aðalfundur ekki haldinn.*

**Formaður** Halldór Einarsson

**Ritari** Vigfús Sigurjónsson

**Gjaldkeri** Aðalsteinn Guðjónsson

**Varaformaður** Halldóra Guðmundsdóttir

**Vararitari** Þórður U. Þorfinnsson

**Varagjaldkeri** Magnús Gunnlaugsson

### Félagaskrá Nótar árið 1947

Ágúst Oddsson, *Framnesvegi 21*  
Árni Jónsson, *Hverfisgötu 61*  
Áslaug Einarsdóttir, *Ívarsseli, Vestmannaeyjum*  
Baldur Karlsson, *Egilsgötu 28*  
Björn Jónsson, *Bárugötu 30*  
Björn Sigurðsson, *Aðalstræti 9*  
Bryndís Sigurðardóttir, *Norðurstíg 5*  
Eggert Theodórsson  
Guðbjörg Magnúsdóttir, *Hellubraut 7, Hafnarfirði*  
Guðlaugur Gunnlaugsson, *Hamarsvegi 9, Hafnarfirði*  
Guðmundur Bjarnason, *Snorrabraut 52*  
Guðmundur Halldórsson, *Freyjugötu 32*  
Guðríður Jónsdóttir, *Skeggjagötu 17*  
Halldóra Guðmundsdóttir, *Flókagötu 3*  
Jón Bjarnason, *Leifsgötu 7*  
Jónína Magnúsdóttir, *Bjargarstíg 2*  
María Guðmundsdóttir, *Vesturgötu 56*  
Oddný Oddsdóttir, *Vesturvallagötu 3*  
Ólafía Helgadóttir, *Holtsgötu 7, Hafnarfirði*  
Óskar Sæmundsson, *Háteigsvegi 9*  
Sigurjón Jónsson, *Bakkastíg 4*  
Sigríður Eyjólfsdóttir, *Bárugötu 3*  
Sigríður Pétursdóttir, *Holtsgötu 20*  
Sigurlaug Kristjánsdóttir, *Selbrekku, Vestmannaeyjum*  
Steinn Erlendsson, *Lokastíg 20*  
Sveinborg Símonardóttir, *Bergstaðastræti 6B*  
Þórður Sigurðsson, *Vítastíg 20*



## **Stjórnir Nóta- og netamannafélags Akureyrar**

### *Stjórn 1929*

*Formaður* Björn Grímsson

*Ritari* Jóhannes Júlíusson

*Féhirðir* Aðalsteinn Jörundsson

*Varamenn* Jónas Hallgrímsson,  
Jón Friðfinnsson og Jóhann Jónsson

### *Stjórn 1930*

*Formaður* Björn Grímsson

*Ritari* Jóhannes Júlíusson

*Féhirðir* Aðalsteinn Jörundsson

*Varaformaður* Jónas Hallgrímsson

*Vararitari* Tryggvi Jónasson

*Varaféhirðir* Sigfús Baldvinsson

***Stjórn 1931***

***Formaður*** Jónas Hallgrímsson

***Ritari*** Aðalmundur Guðmundsson

***Féhirðir*** Aðalsteinn Jörundsson

***Varaformaður*** Sigfús Baldvinsson

***Vararitari*** Tryggvi Jónasson

***Varaféhirðir*** Pétur Jónatansson

***Stjórn 1932***

***Formaður*** Jónas Hallgrímsson

***Ritari*** Aðalmundur Guðmundsson

***Féhirðir*** Aðalsteinn Jörundsson

***Varaformaður*** Sigfús Baldvinsson

***Vararitari*** Björn Grímsson

***Varaféhirðir*** Pétur Jónatansson

***Stjórn 1933***

***Formaður*** Jónas Hallgrímsson

***Ritari*** Aðalmundur Guðmundsson

***Féhirðir*** Aðalsteinn Jörundsson

***Varaformaður*** Sigfús Baldvinsson

***Vararitari*** Björn Grímsson

***Varagjaldkeri*** Jóhannes Guðmundsson

***Stjórn 1934***

***Formaður*** Sigfús Baldvinsson

***Ritari*** Jóhannes Júlíusson

***Gjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Varaformaður*** Jónas Hallgrímsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Ingólfur Árnason

***Stjórn 1935***

***Formaður*** Sigfús Baldvinsson

***Ritari*** Jóhannes Júlíniússon

***Gjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Varaformaður*** Jónas Hallgrímsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Ingólfur Árnason

***Stjórn 1936***

***Formaður*** Jónas Hallgrímsson

***Ritari*** Jóhannes Júlíniússon

***Gjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Varaformaður*** Sigfús Baldvinsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Ingólfur Árnason

***Stjórn 1937***

***Formaður*** Jónas Hallgrímsson

***Ritari*** Ingólfur Árnason

***Gjaldkeri*** Tryggvi Jónasson

***Varaformaður*** Sveinn Sveinbjörnsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Stjórn 1938***

***Formaður*** Sveinn Sveinbjörnsson

***Ritari*** Ingólfur Árnason

***Gjaldkeri*** Tryggvi Jónasson

***Varaformaður*** Jónas Hallgrímsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Stjórn 1939***

***Formaður*** Sveinn Sveinbjörnsson

***Ritari*** Ingólfur Árnason

***Gjaldkeri*** Guðmundur Guðmundsson

***Varaformaður*** Jónas Hallgrímsson

***Vararitari*** Óli Konráðsson

***Varagjaldkeri*** Jóhannes Júlíusson

## Heimildaskrá

- Árni Friðriksson, „Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin“, *Náttúrufræðingurinn*, 3.–4. tbl., 2. árg., 1932, bls. 64.
- Árni Thorsteinsson, „Síld og síldveiði“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1.tbl., 4 árg., 1883, bls. 1–82.
- Ásgeir Jakobsson, „Hampiðjan 40 ára“, *Ægir*, 8. tbl., 67. árg., 1974, bls. 142–150.
- Ásgeir Jakobsson, „Sjóvinnukennsla, sögulegt ágríp“, *Ægir*, 3. tbl., 67. árg., 1974, bls. 42–47.
- Ásgeir Jakobsson, „Þorskflotvarpan“, *Ægir*, 7. tbl., 62. árg., 1969, bls. 125–130.
- Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta. Úr sögu byggðar og verkalýðsbaráttu á Siglufirði*, II bindi, Kópavogur, 1989.
- Bergsteinn Jónsson og Björn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*, Reykjavík, 1991.
- Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1900“, *Andvari*, 1. tbl., 26. árg., 1901, bls. 53–135.
- Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1905“, *Andvari*, 1. tbl., 31. árg., 1906, bls. 105–148.
- Bjarni Sæmundsson, „Fiskirannsóknir 1927–28“, *Andvari*, 1. tbl., 54. árg., 1929, bls. 42–100.
- Bjarni Sæmundsson, „Fiskveiðar útlendinga hér við land á síðustu árum“, *Andvari*, 1. tbl., 21. árg., 1896, bls. 122–147.
- Bjarni Sæmundsson, „Þorsknetaveiðar í Vestmannaeyjum“, *Ægir*, 10.–11. tbl., 12. árg., 1919, bls. 112–114.
- Björn Þorsteinsson, *Tíu þorskastríð*, Reykjavík, 1976.
- Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*, Reykjavík, 1987.
- Grágás, *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Reykjavík, 1992.
- Grímur Gíslason, „Stiklað á stóru í hartnær 60 ára sögu Veiðarfæragerðar VM“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1997, bls. 120–126.

Guðmundur Guðmundsson og Magnús Stephensen, *Magnús konferenzráð Stephensen og Guðmundur bóndi Guðmundsson í Landakoti um þorskanetin*, Reykjavík, 1892.

Guðmundur Jónsson, „Verslun og siglingar í heimsstyrjöldinni fyrri 1914–1918“, *Líftaug landsins: saga utanlandsverslunar 930–2010*, II. bindi, Reykjavík, 2017.

Guðmundur Vigfússon, „Upphaf humarveiða hér við land 1939“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1980, bls. 15–27.

Guðni Þorsteinsson, *Fiskveiðar og veiðarfæri*, Reykjavík, 1980.

Guðni Þorsteinsson, „Íslensk veiðitækni“, *Ægir*, 11. tbl., 60. árg., 1967, bls. 205–209.

Guðni Þorsteinsson, „Rækjuleit rs Hafþórs fyrir Norðurlandi í desember 1969 og febrúar 1970“, *Ægir*, 11. tbl., 63. árg., 1970, bls. 197–199.

Guðni Þorsteinsson, „Síldarnótatilraunir ms Sóleyjar 1968“, *Ægir*, 22. tbl., 61. árg., 1968, bls. 417–425.

Guðni Þorsteinsson, „Um rannsóknir og kennslu í veiðitækni“, *Ægir*, 7. tbl., 76. árg., 1983, bls. 358–361.

Gunnar Þór Bjarnason, *Þegar siðmenningin fór fjadans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*, Reykjavík, 2015.

Gunnar Magnússon, „Síðasti netaróðurinn frá Reynishöfn“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 4. tbl., 32. árg., 1970, bls. 108.

Gylfi Gröndal, *Þegar siðmenningin fór fjadans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*, Reykjavík, 1986.

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, Reykjavík, 1997.

Halldóra Guðmundsdóttir, „Kveðja til Melkorku“, *Melkorka*, 2. tbl., 10. árg., 1954, bls. 50.

*Hampiðjan 60 ára, 1934–1993. Ársskýrsla 1993*, Reykjavík, 1993.

Hannes Pálsson, „Veiðafæraiðnaður og efnahagsmál“, *Ægir*, 21. tbl., 52. árg., 1959, bls. 397–399.



Helgi Guðmundsson, *Nót, sveinafélag netagerðarmanna, 50 ára*, Reykjavík, 1988.

Helgi Skúli Kjartansson og Halldór Bjarnason, „Fríhöndlun og frelsi. Tímabilið 1830–1914“, *Líftaug landsins saga utanlandsverslunar 930–2010*, II. bindi, Reykjavík, 2017.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Reykjavík, 2002.

Hlöðver Johnsen, „Upphaf dragnótaveiða hér við land“, *Sjómannadagsblað Vestmannaeyja*, 1986, bls. 67–70.

Hreinn Ragnarsson, *Silfur hafsins. Gull Íslands. Síldarsaga Íslendinga*, I. bindi, Reykjavík, 2007.

Höfundur ókunnur, „Aukin verkefni í kolmunna og laxi“, *Ægir*, 7.–8. tbl., 96. árg., 2003, bls. 40.

Höfundur ókunnur, „Áburður á veiðarfæri og segldúk“, *Ægir*, 12. tbl., 22. árg., 1929, bls. 266.

Höfundur ókunnur, „Brautryðjendur fyrir vestan“, *Ægir*, 4. tbl., 89. árg., 1996, bls. 46–48.

Höfundur ókunnur, „Breiðfjörðsvarpan“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 1. tbl., 40. árg., 1978, bls. 31–36.

Höfundur ókunnur, „Bylting í togveiðum? Íslensk flotvarpa reynist afbragðs veiðitæki“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 4. tbl., 14. árg., 1952, bls. 106.

Höfundur ókunnur, „Engar stórbreytingar framundan“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 9.–10. tbl., 50. árg., 1988, bls. 12–16.

Höfundur ókunnur, „Fiskiping Íslands 1915“, *Ægir*, 6.–7. tbl., 8. árg., 1915, bls. 82–87.

Höfundur ókunnur, „Fiskveiðar Dana“, *Ægir*, 8. tbl., 24. árg., 1931, bls. 153–156.

Höfundur ókunnur, „Fjórðungsþing Sunnlendingafjórðungs“, *Ægir*, 6. tbl., 10. árg., 1917, bls. 73–76.

Höfundur ókunnur, „Fjórðungsþing Vestfirðinga“, *Ægir*, 4.–5. tbl., 10. árg., 1917, bls. 58–61.

Höfundur ókunnur, „Flotvarpan nýja“, *Ægir*, 4.–5. tbl., 45. árg., 1952, bls. 97–98.

Höfundur ókunnur, „Framleiðsla veiðarfæra“, *Hlín*, 1. tbl., 42 árg., 1960, bls. 150–151.

Höfundur ókunnur, „Frá sambandinu og sambandsfélögunum“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 3. tbl., 24. árg., 1951, bls. 70–72.

Höfundur ókunnur, „Fræðslumálin í deigluinni“, *Sjómannaþlaðið Víkingur*, 9.–10. tbl., 50. árg., 1988, bls. 17.

Höfundur ókunnur, „Fræðslumál netagerðarmanna“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 3.–4. tbl., 45. árg., 1972, bls. 163.

Höfundur ókunnur, „Ekki breyst, en stækkað“, *Sjómannaþlaðið Víkingur*, 9.–10. tbl., 50. árg., 1988, bls. 12–13.

Höfundur ókunnur, „Gagnfræðaskóli sjómannsefna“, *Ægir*, 19. tbl., 65. árg., 1972, bls. 396–397.

Höfundur ókunnur, „Heima, netaverkstæði Th. Thorsteinssonar“, *Ægir*, 1. tbl., 7. árg., 1914, bls. 9–11.

Höfundur ókunnur, „Hemmer T-90 þvernetstrollið frá Fjarðaneti vekur mikla athygli“, *Ægir*, 8. tbl., 101. árg., 2008, bls. 48.

Höfundur ókunnur, „Hétu áður kaðlarar og netjarar“, *Ægir*, 3. tbl., 92. árg., bls. 17.

Höfundur ókunnur, „Hnútalaus net valda byltingu“, *Ægir*, 3. tbl., 92. árg., 1999, bls. 28–29.

Höfundur ókunnur, „Iðnaðarfyrirtæki og vörusýning Sigurjóns og Einars Péturssona“, *Síndri*, 1. tbl., 1. árg., 1920, bls. 43–48.

Höfundur ókunnur, „Iðnfræðslumál“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 1. tbl., 54. árg., 1981, bls. 72–74.

Höfundur ókunnur, „Íslensk netagerð er alþjóðleg atvinnugrein“, *Ægir*, 4. tbl., 89. árg., 1996, bls. 41–44.

Höfundur ókunnur, „Í stöðugri sókn hér heima og erlendis“, *Ægir*, 3. tbl., 95. árg., 2002, bls. 42–43.

Höfundur ókunnur, „Netagerð Vestmannaeyinga“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. tbl., 11. árg., 1938, bls. 93.

- Höfundur ókunnur, „Nokkrar vangaveltur um fjölveiðibúnað“, *Ægir*, 12. tbl., 65. árg., 1972, bls. 225–228.
- Höfundur ókunnur, „Nýr innlendir iðnaður“, *Ægir*, 11. tbl., 8. árg., 1915, bls. 162.
- Höfundur ókunnur, „Nýtt iðnfyrirtæki“, *Ægir*, 8. tbl., 26. árg., 1933, bls. 192–193.
- Höfundur ókunnur, „Lög um iðju og iðnað“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 4. tbl., 12. árg., 1939, bls. 59.
- Höfundur ókunnur, „Rækjuverksmiðjan á Ísafirði“, *Ægir*, 3. tbl., 30. árg., 1937, bls. 60–62.
- Höfundur ókunnur, „Sérhæfing í veiðarfæra- og fiskeldisþjónustu“, *Ægir*, 2. tbl., 97. árg., 2004, bls. 47.
- Höfundur ókunnur, „Síldveiðitilraunir“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 1.–2. tbl., 19. árg., 1957, bls. 20–22.
- Höfundur ókunnur, „Sóknarfæri Hampiðjunnar liggja í öflugum innanlandsmarkaði og veiðarfæraútflutningi“, *Ægir*, 3. tbl., 92. árg., 1999, bls. 22–24.
- Höfundur ókunnur, „Tarcát“, *Ægir*, 4.–5. tbl., 13. árg., 1920, bls. 56.
- Höfundur ókunnur, „Tugir nemenda í netagerð og bjartar atvinnuhorfur“, *Ægir*, 3. tbl., 92. árg., 1999, bls. 38–41.
- Höfundur ókunnur, „Um 20 nemendur í fjarnámi í netagerð“, *Ægir*, 11. tbl., 96. árg., 2003, bls. 10–11.
- Höfundur ókunnur, „Vandamál íslensks veiðarfæraíðnaðar“, *Iðnaðarmál*, 5.–6. tbl., 11. árg., 1964, bls. 95.
- Höfundur ókunnur, „Verkleg sjóvinna“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 6.–7. tbl., 14. árg., 1952, bls. 159.
- Höfundur ókunnur, „Vertíðin á Suðurlandi 1. jan. – 31. mars 1937“, *Ægir*, 4. tbl., 30. árg., 1937, bls. 91–93.
- Ingi Bjarnason, Þórður Þorbjarnarson, „Frá rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, Viðhald veiðarfæra“, *Ægir*, 3. tbl., 34. árg., 1941, bls. 89–96.

Ingi Bjarnason, Þórður Þorbjarnarson, „Viðhald veiðarfæra“, *Ægir*, 2. tbl., 34. árg., 1941, bls. 50–60.

Jakob F. Ásgeirsson, *Þjóð í hafti. Þrjátíu ára saga verslunarffjötra á Íslandi*, Reykjavík, 1988.

Jón Eyjólfsson, „Verklegt sjómanna námskeið á Flateyri“, *Ægir*, 4. tbl., 22. árg., 1929, bls. 81.

Jón Hjaltason, *Undir straumhvörfum. Saga Fiskifélags Íslands í hundrað ár 1911–2011*, Akureyri, 2011.

Jón Páll Halldórsson, *Frá línuveiðum til togveiða. Þættir úr sögu útgerðar á Ísafirði 1944 til 1993*, Ísafjörður, 1999.

Jón Sigurðsson, *Lítill fiskibók með útdráttum og útskýringum handa fiskimönnum á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1859.

Jón Þ. Þór, *Ránargull*, Reykjavík, 1997.

Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Ólafur Karvel Pálsson, *Sjávarnytjar við Ísland*, Reykjavík, 1998.

Katrín Pálsdóttir, „Konan og þjóðfélagið“, *Melkorka*, 1. tbl., 2. árg., 1945, bls. 7–14.

Kristján Jónsson, „Fjórðungsþing Vestfirðinga“, *Ægir*, 11. tbl., 18. árg., 1925, bls. 203–206.

*Landsnefndin fyrri 1770–1771. Bréf frá almenningi*, I. bindi, Reykjavík, 2016.

*Landsnefndin fyrri 1770–1771. Bréf frá prestum*, II. bindi, Reykjavík, 2016.

Lárus Pálmason, *Veiðitækni, námsefni í veiðitækni ásamt verkefnum*, Reykjanesbær, 2012.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, I. bindi, Reykjavík, 1980.

Lýður Björnsson, *Íslands hlutafélag. Rekstrarsaga Innréttinganna*, Reykjavík, 1998.

Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit“, *Saga Íslands*, VIII. bindi, Reykjavík, 2006.

Matthías Þórðarson, *Síldarsaga Íslands*, Kaupmannahöfn, 1939.

Már Elísson, „Íslenskur veiðarfæraíðnaður“, *Ægir*, 20. tbl., 55. árg., 1962, bls. 366–367 og 371–372.

Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, I.–II. bindi, Reykjavík, 1964–1965.

Petrína Jakobsson, „Sömu laun fyrir sömu vinnu“, *Melkorka*, 1. tbl., 1. árg., 1944, bls. 8–9.

Pétur Pétursson, „Nóta- og netagerð“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 6. tbl., 12. árg., 1939, bls. 91–93.

Sígfús Magnússon, „Fullvinnsla nets í vörpugerð“, *Sjómannaþláðið Víkingur*, 1.–2. tbl., 23. árg., 1962, bls. 28–29.

Sígfús Magnússon, „Fyrsta árás á Hafrannsóknarstofnunina og aðra sem stjórna!“, *Sjómannaþláðið Víkingur*, 6. tbl., 31. árg., 1969, bls. 207–209.

Sólrun B. Jónsdóttir, *Ísland á bresku valdsvæði 1914–1918*, Reykjavík, 1980.

Skúli Magnússon, 1935, „Lýsing Gullbringusýslu“, *Landnám Ingólfs*, I. bindi, Reykjavík, 1983.

Smári Geirsson, „Ágrip af sögu netagerðar á Norðfirði“, *Sjómannadagsblað Neskaupstaðar*, 1986, bls. 116–127.

Smári Geirsson, „Upphaf loðnuveiða á Íslandi“, *Glettingur*, 1. tbl., 1. árg., 1991, bls. 6–9.

Sumarliði Ísleifsson, *Í samtök. Saga Alþýðusambands Íslands*, I. bindi, Reykjavík, 2013.

Sveinbjörn Egilsson, „Veiðarfæra- og kaðlaspunavélar“, *Ægir*, 5. tbl., 19. árg., 1926, bls. 76–80.

Sveinn Björnsson, „Aðstaða veiðarfæraíðnaðarins“, *Iðnaðarmál*, 2.–3. tbl., 6. árg., 1959, bls. 31–33.

Sveinn Björnsson, „Hampvinnsla“, *Iðnaðarmál*, 6. tbl., 2. árg., 1955, bls. 94–96.

Tryggvi Emilsson, *Baráttan um brauðið*, Reykjavík, 2012 [1977].

Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1940–1960*, Reykjavík, 1996.

Vilhjálmur V. Gíslason, *Sjómannasaga*, Reykjavík, 1945.

Þorleifur Friðriksson, *Gullna flugan. Saga átaka í Alþýðuflokknum og erlendrar íhlutunar um íslensk stjórnsmál í krafti fjarmagns*, Reykjavík, 1987.

Þorkell Bjarnason, „Um fiskveiðar Íslendinga og útlendinga við Ísland að fornu og nýju“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafjelags*, 1883, bls. 166–242.

Þorsteinn Jónsson, *Aldahvörf í Eyjum*, Vestmannaeyjar, 1958.

Þórður Ólafsson, „Fiskveiðar Reykvíkinga á síðari helmingi 19. aldar“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, Reykjavík, 1936.

*Alþýðublað Hafnarfjarðar*, 1930–1999, Hafnarfjörður.

*Alþýðublaðið*, 1919–1998, Reykjavík.

*Alþýðumaðurinn*, 1931–1998, Akureyri.

*Austfirðingur*, 1930–1933, Seyðisfjörður.

*Austri*, 1956–2000, Neskaupstaður.

*Brautin*, 1928–1930, Reykjavík.

*Dagur*, 1918–1996, Akureyri.

*Fiskifréttir*, 1983–2021, Reykjavík.

*Fjallkonan*, 1884–1911, Reykjavík.

*Framtíðin*, 1923–1927, Siglufjörður.

*Ísafold*, 1874–1929, Reykjavík.

*Íslendingur*, 1915–2010, Akureyri.

*Lögrétta*, 1906–1936, Reykjavík.

*Mjöllnir*, 1913–1914, Akureyri.

*Morgunblaðið*, 1913–2021, Reykjavík.

*Norðlingur*, 1872–1885, Akureyri.

*Norðurland*, 1901–1920, Akureyri.

*Nýi tíminn*, 1942–1963, Reykjavík.

*Nýja dagblaðið*, 1933–1938, Reykjavík.

*Nýja konan*, 1932–1935, Reykjavík.

*Nýtt land*, 1938–1941, Reykjavík.

*Siglfirðingur*, 1923–2005, Siglufjörður.

*Sindri*, 1920–1927, Reykjavík.

*Síldin*, 1939–1948, Siglufjörður.

*Skýrsla Fiskifélags Íslands*, 1911–1998, Reykjavík.

*Stefnir*, 1893–1905, Akureyri.

*Suðurland*, 1910–1917, Eyrarbakki.

*Sunnanfari*, 1891–1914, Kaupmannahöfn, Reykjavík.

*Tíminn*, 1917–1996, Reykjavík.

*Verkamaðurinn*, 1918–1969, Akureyri.

*Vestri*, 1901–1918, Ísafjörður.

*Vesturland*, 1923–2021, Ísafjörður.

*Víðir*, 1928–1953, Vestmannaeyjar.

*Víkurfréttir*, 1980–2021, Reykjanesbær.

*Vísir*, 1910–1981, Reykjavík.

*Þjóðólfur*, 1848–1920, Reykjavík, Eyrarbakki, Hagi og Selfoss.

*Þjóðviljinn*, 1936–1992, Reykjavík.



## Myndaskrá

Greint er frá viðfangsefni mynda, ljósmyndara ef hann er þekktur og varðveislustað. Mynd á kápu er úr safni Félags vélstjóra og málmtnæknimanna, ljósmyndari óþekktur.

- Bls. 11. Marköngull vinnumanna. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 12. Málverk af Reykjavík eftir Jón Helgason biskup. Verkið er varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS-2814.jpg.
- Bls. 12. Hampkaðall. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 14. Stytta Guðmundar frá Miðdal af Skúla fógeta. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 14. Landselur. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 15. Nesstofa, bústaður landlæknis til ársins 1834. Birt með leyfi frá Embætti landlæknis.
- Bls. 18. Úr bók Unos von Troil, *Bréffrá Íslandi*. Teikning eftir J. Cleverley.
- Bls. 19. Hafliði Eyjólfsson frá Svefneyjum. Ljósmyndasafn Íslands, Mms-28594.
- Bls. 19. Sumarliði Sumarliðason gullsmiður frá Æðey. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-6725.
- Bls. 20. Grímur Thomsen. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=171>
- Bls. 20. Halldór Kr. Friðriksson. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=223>
- Bls. 22. Netalögn. Úr kennsluritinu *Veiditækni* eftir Lárus Pálmason, birt með hans leyfi.
- Bls. 23. Valtýr Guðmundsson. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=584>
- Bls. 23. Guðmundur Guðmundsson í Landakoti. Úr einkasafni, ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 27. Arnardalur við Skutulsfjörð. Úr einkasafni, ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 28. Teikning af Peter Christian Knudtzon eftir Hornemann.
- Bls. 28. Magnús Stephensen. Úr einkasafni, ljósmyndari óþekktur.

- Bls. 28. Árni Thorsteinsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=41>
- Bls. 28. Bjarni Sæmundsson.  
<https://www.geni.com/people/Bjarni-S%C3%A6mundsson/600000000647194810>
- Bls. 29. Línuveiðarinn Fortúna. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.
- Bls. 30. Landnót. Teikning eftir Geir Hólm 2019.
- Bls. 31. Einar B. Guðmundsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=125>
- Bls. 31. Jón Sigurðsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=6>
- Bls. 32. Neðstikaupstaður, Ísafirði. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 33. Lárus Á. Snorrason. Ljósmynd úr *Sögu Ísafjarðar*, III. bindi, bls. 122.
- Bls. 33. Ásgeir Ásgeirsson. Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Ljósmyndari: Hansen Schou&Weller.
- Bls. 34. Reknet. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 35. Reknet, teikning.  
<http://www.siglo.is/is/frettir/de-seglade-fr-n-tjorn.....til-siglo.-50-myndir->
- Bls. 36. Tryggvi Gunnarsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=581>
- Bls. 36. Geir Sigurðsson skipstjóri. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 36. Thor Erlendur Tulinius.  
<https://www.geni.com/people/Thor-Erlendur-Tulinius/6000000021014019238>
- Bls. 36. Guðbrandur Benediktsson.  
<https://www.geni.com/people/BenediktGu%C3%B0brandsson/6000000019512482348>
- Bls. 38. Teikning af stauranót eftir Geir Hólm 2019.
- Bls. 39. Teikning af rambúkka eftir Geir Hólm 2019.

- Bls. 40. Líkan af Eskifirði. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 42. Árni Jónasson. Byggðasafn Fjarðarbyggðar. Ljósmynd: Jóhannes Haverslev.
- Bls. 42. Bræðurnir Friðrik og Þorgeir Klausen. Ljósmynd A. Klausen. hgard.is
- Bls. 43. Auglýsing úr tímaritinu *Stefni* 12. júlí 1900.
- Bls. 44. Vestmannaeyjar á öðrum áratug tuttugustu aldar. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.
- Bls. 45. Gísli Lárusson í Stakkagerði. [http://www.heimaslod.is/index.php/Blik\\_1972/G%C3%ADsli\\_L%C3%A0russon,\\_gullsmiður\\_%C3%AD\\_Stakkagerði](http://www.heimaslod.is/index.php/Blik_1972/G%C3%ADsli_L%C3%A0russon,_gullsmiður_%C3%AD_Stakkagerði).
- Bls. 45. Hannes Jónsson. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 45. Magnús Guðmundsson í Vesturhúsum.  
[http://heimaslod.is/index.php/Magnús\\_Guðmundsson\\_\(Vesturhúsum\)](http://heimaslod.is/index.php/Magnús_Guðmundsson_(Vesturhúsum))
- Bls. 47. Þorsteinn Jónsson frá Laufási. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.
- Bls. 47. Ísólfur Pálsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 48. Netagerðarmenn. Síldarminjasafnið, G-2152. Ljósmyndari: Kristfinnur Guðjónsson.
- Bls. 49. Vestmannaeyjar 1910. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 50. Arngrímur Friðrik Bjarnason. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 51. Jón Eyjólfur Bergsveinsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 51. Matthías Þórðarson frá Móum.  
[http://www.heimaslod.is/index.php/Sj%C3%B3mannadagsbla%C3%B0\\_Vestmannaeyja\\_2003/\\_Franskir\\_fiskimenn\\_og\\_togarar\\_%C3%A1\\_%C3%8Dslandsmi%C3%B0um](http://www.heimaslod.is/index.php/Sj%C3%B3mannadagsbla%C3%B0_Vestmannaeyja_2003/_Franskir_fiskimenn_og_togarar_%C3%A1_%C3%8Dslandsmi%C3%B0um)
- Bls. 53. Netagerð Sigurjóns Péturssonar. Myndasafn VM. Ljósmyndari ókunnur.

- Bls. 54. Frá iðnsýningunni 1920. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 418.  
Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.
- Bls. 55. Trésmiðjan Völundur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.  
Ljósmyndari: Bjarnleifur Bjarnleifsson.
- Bls. 57. Aðalvík að vetri til. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 58. Frá Netagerð Guðmundar Kristjánssonar í Vestmannaeyjum.  
Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, mynd\_30. tif. Ljósmynd: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 59. Ágúst Benediktsson. Mynd í einkaeign Guðrúnar Dagnýjar Ágústsdóttur.
- Bls. 59. Teikning eftir Pétur Pétursson, birtist í sjómannablaðinu *Víkingi*.
- Bls. 60. Netagerð á bryggjunni á Ísafirði. Ljósmyndasafn Ísafjarðar, JPH0500.  
Ljósmyndari: Jón Páll Halldórsson.
- Bls. 61. Pétur Pétursson. Úr einkasafni. Ljósmyndari: Finnur Jónsson alþingismaður.
- Bls. 63. Tómas Þorvaldsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari: Ólafur Rúnar árið 1970.
- Bls. 63. Botnvarpa. Úr kennsluritinu *Veiditækni* eftir Lárus Pálmason, birt með hans leyfi.
- Bls. 64. Skekta. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 65. Dragnót. Úr kennsluritinu *Veiditækni* eftir Lárus Pálmason, birt með hans leyfi.
- Bls. 66. Bjarni Þorkelsson skipasmiður. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 66. Árni Friðriksson fiskifræðingur. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=60306>
- Bls. 66. Gísli Johnsen konsúll.  
<https://www.geni.com/people/G%C3%ADsli-J-Johnsen/6000000002059201550>
- Bls. 68. Vestmannaeyjar 1893. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, GJJ 0065.jpg.

- Bls. 70. Höfn í Hornafirði. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, AÞÓ 001-3-3.jpg.  
Ljósmyndari: Anna Þórhallsdóttir.
- Bls. 72. Guðmundur Siggeir Guðmundsson. Mynd úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 72. Björn Ólafsson. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=88>
- Bls. 75. Aðalbjörg RE 5. Ljósmyndari: Vilmundur Kristjánsson.
- Bls. 75. Þorvaldur Guðmundsson. <https://www.vi.is/fyrrum-formenn>
- Bls. 75. Guðmundur Vigfússon. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, Guðmundur Vigfússon frá Holti, KG-mannamyndir 2632.jpg.
- Bls. 76. Karmöy ÍS 526. Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Ljósmyndari: Jón Hermannsson.
- Bls. 77. Ólafur Guðjónsson. Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Ljósmyndari: Jón Páll Halldórsson.
- Bls. 77. Símon Olsen. Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Ljósmyndari: Jón Páll Halldórsson.
- Bls. 77. Reykdal Jónsson. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, KG-mannamyndir 17039 Guðbrandur Reykdal Jónsson.jpg. Ljósmyndari: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 78. Lifrasamlagið. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, image67.JPG.  
Ljósmyndari: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 79. Netanál. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 80. Dr. Þórður Þorbjarnarson. [http://www.heimaslod.is/index.php/Sj%C3%B3mannadagsbla%C3%B0\\_Vestmannaeyja\\_1972/\\_Ranns%C3%B3knarstofnun\\_fiski%C3%B0na%C3%B0arins#/media/File:Dr.\\_%C3%9E%C3%B3r%C3%B0ur\\_%C3%9Eorbjarnarson.png](http://www.heimaslod.is/index.php/Sj%C3%B3mannadagsbla%C3%B0_Vestmannaeyja_1972/_Ranns%C3%B3knarstofnun_fiski%C3%B0na%C3%B0arins#/media/File:Dr._%C3%9E%C3%B3r%C3%B0ur_%C3%9Eorbjarnarson.png)
- Bls. 80. Unnið við grunnót. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, mynd\_5365.tif.  
Ljósmyndari: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 81. Thor Thors. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=576>

- Bls. 81. Vilhjálmur Þór. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 83. Goðanes. Ljósmyndari: Björn Björnsson.
- Bls. 84. Óli Konráðsson. Mynd frá fjölskyldu Óla, í eigu Ólu Kristínar Freysteinsdóttur.
- Bls. 84. Mynd frá Nótastöðinni á Oddeyri, í eigu Sigurgeirs Guðjónssonar.  
Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 85. Nótaflutningar. Ljósmyndasafn Neskaupstaðar. Ljósmyndari Guðmundur Sveinsson.
- Bls. 86. Netagerðin Ingólfur. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, mynd\_1095.tif.  
Ljósmyndari: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 87. Flottroll í drætti. Úr kennsluritinu *Veiditækni* eftir Lárus Pálmason, birt með hans leyfi.
- Bls. 88. Simrad-fiskileitartæki. Síldarminjasafnið á Siglufirði, nr. 2018-9-1.
- Bls. 89. Valtýr Þorsteinsson. Raufarhöfn.net
- Bls. 91. Agnar Breiðfjörð. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 91. Júlíus V.J. Nýborg. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 91. shipsnostalgia.com
- Bls. 92. Oddur Ágúst Oddsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 92. Bjarni Ingimarsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 92. Veidar með flottrolli.  
<http://www.smabatar.is/2008/02/undirskriftasofnun-gegn-flotr.shtml>
- Bls. 93. Ljósmyndasafn Ísafjarðar. Ljósmyndari: Jón Hermannsson.
- Bls. 94. Bjarni Andrésón. *Stýrimannatal*, bls. 110.

- Bls. 95. Haraldur Böðvarsson <http://ljósmyndasafn.akranes.is/myndir/mynd/?ID=51777&Nr=26&texti=haraldur+b%F6%F0varsson&cat1=&cat2=&cat=&ljósmyndari=&timabil=&PageIndex=1>
- Bls. 96. Magni Örvar Guðmundsson. Ljósmynd: Gústi, Ísafirði.
- Bls. 98. Kristján Ragnarsson og Alli ríki. Úr einkasafni. Ljósmynd: Emil Thorarensen, Eskifirði.
- Bls. 99. Jóhann Klausen, *Vélstjóratál*, bls. 1162.
- Bls. 99. Ari Kristjánsson. Úr einkasafni. Ljósmynd: Kristján Arason.
- Bls. 100. Netaverkstæði Jóhanns Klausens. Úr einkasafni. Ljósmynd í eigu Auðar Valdimarsdóttur.
- Bls. 102. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. <http://foto.vestmannaeyjar.is/fotoweb/archives/5008-Mannl%C3%ADf/Mannlif/S%C3%A6var,%20Gu%C3%B0ni%20og%20Svenni...3628.tif.info>
- Bls. 103. Hampiðjan.is
- Bls. 103. Sigfús Magnússon. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 104. Netaverkstæði Hampiðjunnar í Neskaupstað. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 106. Flottroll í viðgerð. Ljósmyndari Haraldur Guðjónsson.
- Bls. 107. Netaafskurðarvél. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, 22550.tif. Ljósmyndari Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 109. Merki Nótar. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 109. Einar Olgeirsson. <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=130>
- Bls. 109. Björn Grímsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 110. Netagerðarkonur. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. Ljósmynd: Sigurgeir Jónasson.
- Bls. 111. Sarpur Lpr/1988-13-25.
- Bls. 111. Jónas G. Halldórsson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 111. Runólfur Pétursson. Úr einkasafni. Mynd í eigu Kristínar Runólfsdóttur.
- Bls. 113. Óskar Sæmundsson. Úr einkasafni. Mynd í eigu Þórunnar Óskarsdóttur.

- Bls. 113. Úr bók Sumarliða Ísleifssonar, *Saga Alþýðusambands Íslands*.
- Bls. 114. Björn Benediktsson. Úr einkasafni. Mynd í eigu Björns Sveinssonar.
- Bls. 115. Höfðavík brennur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, RVI 299.05.jpg.  
Ljósmynd: Ragnar Vignir.
- Bls. 116. Stefán Jóhann Stefánsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=547>
- Bls. 116. Guðmundur Í. Guðmundsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=189>
- Bls. 119. Þóroddur Guðmundsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=629>
- Bls. 120. Verkalýðsdagurinn. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, EYH01-2-2.jpg.  
Ljósmynd: Eyjólfur Halldórsson.
- Bls. 122. Eggert Theodórsson og Jörgen Hólm. Ljósmyndari: Steingrímur Kristinsson.  
Úr Ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins, 12-73-0095-33.
- Bls. 123. Jón Jóhannesson netagerðarmeistari. Ljósmyndari: Steingrímur Kristinsson.  
Úr Ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins, K32-S064-21.
- Bls. 123. Kristinn Ó. Karlsson. Mynd í eigu Salóme Kristinsdóttur.
- Bls. 124. Jón Rafnsson. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, KG mannam...9 (1).jpg.
- Bls. 127. Konur í netagerð. Ljósmynd: Jón Páll Halldórsson.  
<http://myndasafn.isafjordur.is/index.phtml?action=nanar&id=3755>
- Bls. 130. Kröfuganga. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, VIG 0033 002 1-1.jpg.  
Ljósmynd: Sigurhans Vignir.
- Bls. 131. Netagerðarfólk á Siglufirði. Úr einkasafni. Ljósmyndari ókunnur.
- Bls. 134. Andreas Færseth. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 136. Grein Halldóru. Ljósmyndari: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 139. Hannibal Valdimarsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=236>
- Bls. 139. Þórður Unnar Þorfinnsson. Mynd úr einkasafni Torfa Þórðarsonar.
- Bls. 142. Netagerð Torbergs Einarssonar. Mynd úr einkasafni Torfa Þórðarsonar.



- Bls. 144. Ægir og HMS Russell. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 144. Vestmannaeyjagöngur. Ljósmyndasafn Vestmannaeyja. Ljósmynd: Sigurgeir Jónsson.
- Bls. 146. Jónas Sveinsson. Mynd úr einkasafni Emils Thorarensen.
- Bls. 148. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen. Mynd frá Stjórnarráðinu.
- Bls. 150. Óskar P. Friðriksson. Mynd úr einkasafni Óskars.
- Bls. 152. Klausturhólar. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 155. Jónas Jónsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=351>
- Bls. 156. Gagnfræðaskóli Akureyrar. Ljósmyndasafn Akureyrar, HI-323.  
Ljósmyndari: Hallgrímur Einarsson.
- Bls. 158. Sigurður Sumarliðason. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 158. Ottó Tulinius. Ljósmyndasafn Akureyrar, STÆ2-480. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 159. Ágúst Ingimarsson. Mynd frá Hampiðjunni.
- Bls. 160. Jón Axel Pétursson. Úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 160. Davíð Ólafsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=107>
- Bls. 161. Ársæll Jónsson. Mynd úr einkasafni. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 161. Gils Guðmundsson. <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=164>
- Bls. 163. Lindargötuskólinn. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.
- Bls. 164. Kristinn G. Jóhannsson. Ljósmyndasafn Akureyrar.
- Bls. 165. Nemendur. Úr ljósmyndasafni Lárusar Pálmasonar.
- Bls. 166. Kennslustofa. Úr ljósmyndsafni Lárusar Pálmasonar.
- Bls. 167. Nemendur ásamt kennara. Úr ljósmyndasafni Lárusar Pálmasonar.
- Bls. 168. Fagráð, Facebook-síða: Veifarferi og veiðitækni.
- Bls. 169. Nótageymsla. Ljósmynd: Valgeir Ómar Jónsson.

Bls. 170. Veiðarfæratankur, Facebook-síða: Veiðarfæri og veiðitækni.

Bls. 171. Loðnunót. Úr einkasafni Emils Thorarensen.

Bls. 173. Fullt troll. Úr safni VM. Ljósmyndari óþekktur.

Bls. 174. Vinna við veiðarfæri. Ljósmyndari Haraldur Guðjónsson.

Bls. 175. Vinna við veiðarfæri. Ljósmyndari Haraldur Guðjónsson.

**Nafnaskrá**

Aðalsteinn Guðjónsson, 145	Ársæll Jónasson, 161
Aðalsteinn Jörundsson, 109, 157	Ásgeir F. Jakobsson, 162, 163
Agnar Breiðfjörð, 89, 90, 91, 93, 94	Ásgeir Torfason, 62, 87, 89, 90, 94
Andreas Færseth, 135, 169	Ástráður Proppé, 90
Ari Kristjánsson, 99	Benedikt Gröndal, 89, 94
Ari Magnússon, 11	Benedikt Guðbrandsson, 36
Arngrímur Fr. Bjarnason, 50	Birkir Agnarsson, 172
Auðunn Hermannsson, 91	Birna Björnsdóttir, 74
Ágúst Benediktsson, 58, 59	Bjarni Andrésen, 94
Ármann Friðriksson, 88	Bjarni Fannberg, 139
Árni Friðriksson, 68, 88	Bjarni Ingimarsson, 91, 92
Árni Gíslason, 51	Bjarni Jónsson, 89, 90, 94
Árni Jónasson, 42, 43	Bjarni Marteinson, 70
Árni Jónsson, 12	Bjarni Pálsson, 8
Árni Jónsson, 110, 111, 112, 113, 116, 118, 125	Bjarni M. Pétursson, 123
Árni Magnússon, 6	Bjarni Sæmundsson, 26, 28, 36, 41, 42, 69
Árni Thorsteinsson, 28, 32, 34, 35	Bjarni Þorkelsson, 66
Árni Vilhjálmsson, 97	Björn Benediktsson, 55, 110, 111, 112, 113, 114, 116, 117, 123, 131
Árni Þórarinnsson, 12	

Björn Grímsson, 109

Björn Jónsson, 50

Björn Jónsson, 111, 112, 113, 118

Björn Ólafsson, 73

Björn Sigurðsson, 125

Bryndís Sigurðardóttir, 111, 112, 113, 118, 125,  
135, 139, 140

Brynjar Björgvin Ólafsson, 90

Davíð Ólafsson, 161

Dinesen, G.B., 40, 41, 42

Doodman, Thomas, 34

Duus, H.P., 55

Falck, 36

Fjóla Finnbogadóttir, 74

Friðrik Klausen, 42

Friðrik Ólafsson, 161

Frímann Hauksson, 83

Frímann Stefánsson, 95

Eggert Claessen, 113, 114, 117, 124

Eggert Laxdal, 44

Eggert H. Theodórsson, 123, 132, 133

Egill Sigurgeirsson, 123

Einar B. Guðmundsson, 30

Einar Jónsson, 25

Einar Olgeirsson, 109

Einar Sigurðsson, 74

Erlendur Pálmason, 90

Eyþrúður Loftsdóttir, 125

Geir Sigurðsson, 36, 56

Geir Thorsteinsson, 110

Georg Guðmundsson, 140

Gils Guðmundsson, 161

Gísli Johnsen, 66, 67

Gísli Lárusson, 45

Grímur Thomsen, 19

Gréta Kristjánsdóttir, 74

Guðbjörg Magnúsdóttir, 112

Guðjón L. Jónsson, 76

Guðjón Ó. Jónsson, 99

- Guðjón Marteinsson, 133
- Guðlaugur H. Gunnlaugsson, 123, 124
- Guðlaugur Þorgeirsson, 17
- Guðmundur Bjarnason, 132, 133, 134
- Guðmundur Einarsson, 21
- Guðmundur Guðmundsson, 21, 23, 24
- Guðmundur Guðmundsson, 123
- Guðmundur Í. Guðmundsson, 116
- Guðmundur S. Guðmundsson, 73
- Guðmundur Gunnarsson, 105, 168, 173
- Guðmundur Halldórsson, 112, 113, 118, 125
- Guðmundur Ólafsson, 55
- Guðmundur Sveinsson, 90, 123
- Guðmundur Vigfússon, 74, 76
- Guðni Þorsteinsson, 99, 104, 166, 168, 170
- Guðríður Jónsdóttir, 112, 125
- Guðrún Bjarnadóttir, 110
- Gunnar Böðvarsson, 88
- Gunnar Kvaran, 81
- Gunnar Magnússon, 56
- Gunnar Thoroddsen, 148
- Gunnlaugur Guðlaugsson, 123
- Gylfi Einarsson, 173
- Halldór Árnason, 99
- Halldór Kr. Friðriksson, 19
- Halldór Einarsson, 143, 144, 145, 147
- Halldóra Guðmundsdóttir, 116, 118, 121, 124, 125, 127, 129, 131, 132, 133, 134, 135, 138, 140, 147
- Hallgrímur Júlíusson, 172
- Hannes Jónsson, 45
- Hannes Pálsson, 95
- Hannibal Valdimarsson, 139
- Haraldur Böðvarsson, 95
- Haraldur Guðmundsson, 147, 153, 170
- Haraldur Jónsson, 90
- Havsteen, Chr., 40
- Helgi Guðmundsson, 152, 153
- Helgi Helgason, 123
- Helgi Sigfússon, 96

Henrik Thorlacius, 161	Jóhann Klausen, 97, 98, 99
Hermann Jónasson, 74	Jóhanna Jónasdóttir, 110, 111, 112, 117, 125
Hertwig, Knud, 45	Jóhanna Jónsdóttir, 118, 125
Hilmar Finsen, 19	Jóhannes Jóhannesson, 168
Hjemgaard, Tanke, 78	Jóhannes Júlíniusson, 109
Holt, Andreas, 5	Jón Arngrímsson, 83
Horrebow, Niels, 11	Jón Axel Pétursson, 161
Hörður Jónsson, 173	Jón Bjarnason, 113, 125
Hörður Þorsteinsson, 163	Jón Einarsson, 37
Illugi Guðmundur Einarsson, 83	Jón Einarsson, 113
Ingólfur Árnason, 125	Jón Eyjólfur Bergsveinsson, 51, 55, 56
Ingólfur Theodórsson, 86, 110, 111, 112, 113, 116	Jón Jóhannsson, 123
Ísólfur Pálsson, 49, 54	Jón Jónsson, 36
Ívar Helgason, 24	Jón Rafnsson, 124
Jens Eyjólfsson, 89	Jón Sigurðsson, 28, 29
Johannesson, Lars Pihl, 55	Jón Sigurðsson, 90
Jóhann Gíslason, 62, 89, 90, 94, 111	Jón Sigurðsson, 168
Jóhann Hafstein, 98	Jón Sæmundsson, 89
Jóhann Halldórsson, 111	Jóna Ólafsdóttir, 74

Jónas Halldórsson, 110, 112, 113	Kristján Ragnarsson, 97
Jónas Hallgrímsson, 114, 116, 157	Kristján Zoega, 90
Jónas Jónsson, 73	Larsen, Robert, 88
Jónas Jónsson, 155	Larson, K.H., 89
Jónas Valdórsson, 67, 70, 98	Lárus Pálmason, 168, 170, 172, 173
Jónína K. Magnúsdóttir, 124	Lárus Á. Snorrason, 33
Júlíus VJ. Nýborg, 89, 90, 94	Liver, Hans, 28
Katrín Pálsdóttir, 127	Magni Örvar Guðmundsson, 96, 170, 172
Kláus Níelsen, 11	Magnús Guðmundsson, 45
Kjartan Thors, 113	Magnús Guðmundsson, 62
Knudtzon, P.C., 28	Magnús Jónsson, 11
Kr. Hjaltason, 58	Magnús Magnússon, 86
Kr. Jónsson, 56, 62	Magnús Stephensen, 21, 29
Kristinn G. Jóhannsson, 164	María Guðmundsdóttir, 112, 125, 134, 135
Kristinn Ó. Karlsson, 123	Matthías Bjarnason, 163
Kristján Einarsson, 157	Matthías Þórðarson, 29, 51
Kristján Gíslason, 89, 90, 94	Már Elísson, 97
Kristján Guðmundsson, 90	Oddný Guðbjörg Oddsdóttir, 124
Kristján Jónsson, 70	Oddur Ágúst Oddsson, 91, 124

Olsen, A., 40	Petersen, Fr.B., 72
Olsen, Símon, 75, 76	Pétur H. Ólafsson, 163
Ottó, 13	Pétur Njarðvík, 62, 114
Ólafía Helgadóttir, 125	Pétur Pétursson, 61, 158
Ólafur Guðjónsson, 76	Pétur Sigurðsson, 105
Ólafur H. Einarsson, 110, 114	Ragnar Lárusson, 161
Ólafur H. Jónsson, 113	Rebekka Guðjónsdóttir, 74
Ólafur Jóhannesson, 90	Reykdal Jónsson, 76
Ólafur Olavíus, 14, 15, 28	Rósa Stefánsdóttir, 74
Ólafur Stephensen, 13	Runólfur Ólafsson, 89, 94
Ólafur Thors, 140	Runólfur Pétursson, 114
Óli Konráðsson, 83, 84, 114	Röns, 13
Óskar Jónsson, 88	Saar, 19
Óskar P. Friðriksson, 150	Schubbert, Kurt, 88
Óskar Sæmundsson, 113, 117	Sigfús Magnússon, 102, 104
Páll Einarsson, 66	Sighvatur Bjarnason, 86
Páll Vídalín, 7	Sigríður Aðalsteinsdóttir, 74
Pálmi Loftsson, 90	Sigríður Björnsdóttir, 74
Petrína Jakobsson, 127	Sigríður Eyjólfsdóttir, 110, 111, 112, 118, 122



Sigríður Magnúsdóttir, 74	Sturlaugur Böðvarsson, 95
Sigríður Pétursdóttir, 112, 125	Svava Guðnadóttir, 74
Sigríður Sigurðardóttir, 86	Sveinn Björnsson, 97
Sigríður Sigurðardóttir, 112	Sveinn Einarsson, 37
Sigurður Sumarliðason, 157	Sveinbjörn Egilsson, 55, 58
Sigurður Þórðarson, 90	Sveinbjörn Einarsson, 90
Sigurgeir Sigurjónsson, 117	Sveinn Guðmundsson, 61
Sigurjón Jónsson, 110, 112, 125	Sveinn Jónsson, 55
Sigurjón Pétursson, 51, 52, 54, 55, 56, 71, 72, 74, 112, 114	Sveinn Sveinsson, 114, 117
Sigurlaug Kristjánsdóttir, 112, 123	Sveinn Kr. Sveinsson, 62
Sigurmundur Jónsson, 112	Sverrir Hermannsson, 168
Skúli Magnússon, 11, 13, 16,	Syre, Ole G., 75
Skúli Pálsson, 72	Th. Thorsteinsson, 51
Smith, Sverrir, 90	Thor Jensen, 47
Stefanía Jónsdóttir, 74	Thor Thors, 82
Stefán Jóhann Stefánsson, 116	Tómas Þorvaldsson, 63
Steingrímur Hermannsson, 105	Tryggvi Gunnarsson, 36
Steinn Erlendsson, 125, 139	Tulinius, Ottó, 158
Stella Eyvindardóttir, 74	Tulinius, Thor E., 36

Valtýr Guðmundsson, 23

Valtýr Þorsteinsson, 89

Vilhelmína Jónasdóttir, 74

Vilhjálmur V. Gíslason, 59, 60

Vilhjálmur Þór, 82

Vilmundur Jónsson, 145, 146, 147

Víðir Sigurðsson, 172

Væver, Jens, 65

Windekilde, Thomas, 13

Þorgeir Klausen, 42

Þorkell Fjeldsted, 13

Þorsteinn Jónsson, 47, 49

Þorsteinn Loftsson, 57

Þorsteinn Pétursson, 14

Þorsteinn Víglundsson, 160

Þorvaldur Guðmundsson, 74, 75

Þórður Eiríksson, 112

Þórður Gíslason, 86

Þórður Ólafsson, 24

Þórður Sigurðsson, 125

Þórður Þorbjarnarson, 80

Þórður Þorfinnsson, 139, 147

Þórhildur Ingvarsdóttir, 74

Þóroddur Guðmundsson, 119

Ægir Sigurðsson, 170

Ziemsen, Christian, 36



## UM HÖFUNDINN

Sigurgeir Guðjónsson lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2013. Árið 2017 kom út bók hans *Saga vélstjórastéttarinnar á Íslandi*. Hann er sjálfstætt starfandi fræðimaður í Akureyrarakademíunni. Sigurgeir var áður kennari í grunn- og framhaldsskólum.









# SAGA NETAGERÐAR Á ÍSLANDI

Fiskveiðar hafa lengi skipt sköpum á Íslandi.  
Þar hefur netagerð verið mikilvæg undirstaða.

Í þessari bók er þróun í netagerð fylgt til  
nú tímans. Einstakir forvígismenn greinarinnar  
eru kynntir og þeirra framlag rakið. Einnig fylgir  
samantekt á launa- og stéttabaráttu Nótar, félags  
netagerðarmanna, sem og annarra félaga á þeim  
vettvangi. Jafnframt er því lýst hvernig reynt var að  
efla netagerð sem löggilda iðngrein innan íslensks  
skóla- og menntakerfis.

